KOLBEINN HUGI FÆR SAMVISKUBIT EF HANN SOFNAR OF SNEMMA

YFIRHEYRSLA 44

Mín Borg ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA
FRÍTT

21. febrúar 2009 — 46. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

VIÐTAL 32

Hættir hjá Keili og fer til Ástralíu

ANDABÆR 40

Harmsaga Andrésar Andar

KAFBÁTAR 26

Heimsendir geymdur um borð

HEIMILI & HÖNNUN

Pétur B. Lúthers-son sýnir í Epal

Ifö
TENGI
Mikið úrval af upphengdum salernum



Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

Í ÞOKUNNI Þokuslæðingur lá yfir höfuðborgarsvæðinu í gær en aftraði þó ekki vegfarendum frá því að fara allra sinna ferða. Hundana verður að viðra og í því er líka fólgin heilsubót. Þokan máir út hinar skörpu línur hversdagsins og það er kannski eftirsóknarvert á þessum síðustu og verstu tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrír milljarðar fóru í neyslu fæðubótarefna

Sprenging hefur orðið í neyslu fæðubótarefna hér á landi. Íslendingar eyddu um þremur milljörðum króna í fæðubótarefni í fyrra. Þá fluttu þeir inn 253 tonn af próteini og öðru fæðubótardufti. Aukningin er um 300% frá 2003.

NEYTENDAMÁL Íslendingar eyddu tveimur og hálfum til þremur milljörðum króna í fæðubótarefni í fyrra og innbyrtu um 253 tonn af dufti, sem innihélt prótein, vítamín eða önnur næringarefni til íblöndunar.

Þótt fæðubótarefni njóti æ meiri vinsælda hér á landi eru skiptar skoðanir um ágæti þeirra. „Það hefur sjaldnast verið sýnt fram á að fæðubótarefni geri eitthvert gagn. Í flestum tilfellum gera þau það ekki en þó eru undantekningar þar á," segir Magnús Jóhannsson, læknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Þessari fullyrðingu er Einar Ólafsson, lyfjafræðingur og forstjóri Medico, sem er eitt þeirra fyrirtækja sem flytur inn fæðubótarefni, ósammála.

„Sumir halda því fram að fæðubótarefni séu framandi fyrir skrokkinn á okkur en það er að sjálfsögðu ekki svo. Þetta er fæða eða hluti fæðu þar sem búið er að einangra ákveðin efni sem gera líkamanum gott," segir Einar.

Doktor Alfons Ramel, sérfræðingur á rannsóknarstofu í næringarfræði, segir fæðubótarefni geta gert gagn en þau séu ekki nauðsynleg.

Innflutningur á fæðubótardufti til íblöndunar í tonnum talið



„Fólk getur fengið öll þau næringarefni sem það vill úr hefðbundinni fæðu," segir Alfons. Magnús læknir tekur í sama streng. „Að ætla að stytta sér leið að betra lífi með einhverjum efnum er mjög hæpið auk þess sem það kostar mikla peninga."

Sprengja hefur orðið í neyslu fæðubótarefna síðustu ár. Innflutningur á þeim jókst um 300 prósent á árunum 2003 til 2008. Þá eru ótalin vítamín og steinefni sem tekin voru inn í töfluformi og orkudrykkir. Því má ætla að upphæðin sé mun hærri en þrír milljarðar.

Á átta ára tímabili voru flutt inn 1.132 tonn af fæðubótardufti. Í fyrra voru flutt inn fæðubótarefni fyrir um 1,5 milljarð en árið á undan fyrir um einn milljarð. Sé miðað við útsöluverð má ætla að sala slíkra efna hafi numið hátt í þremur milljörðum króna.

Hver Íslendingur 14 ára og eldri notaði að meðaltali um eitt kíló af fæðubótarefnum í fyrra. Meðal Íslendingur borðar um 24 kíló af lambakjöti á ári.

- kh/sjá síðu 34 og 39

Sigmundur Davíð:

Kröfuhafar eigi í bönkunum

STJÓRNMÁL „Að mínu mati er langbesta leiðin að erlendir kröfuhafar eignist hlut í bönkunum," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann segir að með því muni traust á bankakerfinu aukast.

Framsóknarflokkurinn mun kynna efnahagsáætlun sína á morgun.

- kóp / Sjá síðu 22



SPURNING DAGSINS

Ingibjörg, er þetta þitt hjartans mál?

„Já, þetta er eitt þeirra."

Ingibjörg Pálmadóttir er verndari GoRed-verkefnisins á Íslandi, sem miðar að því að vekja konur til meðvitundar um hjartasjúkdóma.

Formenn stjórnarflokkanna ræða við formenn stjórnarandstöðuflokka:

Rætt um seinkun kosninga

STJÓRNMÁL Formenn stjórnarflokkanna viðruðu möguleika á því að kjósa seinna í vor en að hefur verið stefnt til þessa á fundum með formönnum allra flokka nýverið. Þetta kom fram í máli Geirs H. Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, á fundi í Valhöll í gær.

Samkomulag hefur náðst um að kosið verði laugardaginn 25. apríl en formenn stjórnarflokkanna telja sig nú þurfa meiri tíma til að ná sínum málum í gegn fyrir kosningar, sagði Geir. Hann segist algerlega andsnúinn því að breyta dagsetningu kosninganna.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir hugmyndir um að seinka kosningum hafa komið til umræðu vegna tæknilegra erfiðleika. Verði kosið 25. apríl renni frestur til að skila inn framboðum út á föstudaginn langa. Hann reiknar hins vegar með því að þau mál verði leyst öðruvísi en með því að seinka kosningum.

TÍMA SÓAÐ Geir H. Haarde sagði dýrmætan tíma hafa glatast með valdatöku minnihlutastjórnar. Ábyrgð Framsóknarflokksins á því sé mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir flokkinn vilja halda sig við 25. apríl. Þegar skipt hafi verið um ríkisstjórn hafi verið sterk krafa um kosningar sem fyrst og við það eigi að standa.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segist hlynntur því að seinka kosningum. Stjórnvöld þurfi að fá tíma til að klára það sem þurfi að klára áður en kosið verði til þings. - bj

Slys í Þykkvabæ:

Tvær konur alvarlega slasaðar

SLYS Tvær konur voru fluttar alvarlega slasaðar með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Fossvogi eftir slys í kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ um tvöleytið í gærdag.

Samkvæmt lögreglunni á Hvolsvelli voru konurnar að vinna við að setja lok á tunnur þegar eitt lokanna þeyttist af. Konurnar fengu lokið í andlitið og hlutu við það mikla höfuðáverka. Þær munu hafa verið með skerta meðvitund þegar þyrla gæslunnar sótti þær.

Konurnar eru báðar alvarlega slasaðar og með áverkar í andliti. Þær þurfa að gangast undir aðgerð. - kg

Fyrrum stjórnarmenn í Teymi:

Misskilningur um söðaskap

VIÐSKIPTI Það er rangt og á misskilningi byggt að Teymi sé sakað um „viðskiptasóðaskap" í bréfi tveggja fyrrum stjórnarmanna félagsins, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Þetta kemur fram í nýju bréfi þeirra.

Þeir Hilmar Ragnarsson og Þórhallur Guðlaugsson sögðu sig úr stjórn Teymis 10. febrúar. Þeir segja nú upplýsingar meðal annars úr trúnaðargögnum, sem og samtölum við eigendur Teymis og tengda aðila, hafa orðið til þess að þeir hafi notað umrætt hugtak til að lýsa upplifun sinni. Í því felist engin ásökun á Teymi, Capital Plaza, IP fjarskipti, Vodafone eða Samkeppniseftirlitið. - bj

Pólskur karlmaður:

Kíló af fíkniefnum í sendingu

LÖGREGLUMÁL Pólskur karlmaður hefur setið í gæsluvarðhaldi að undanförnu, grunaður um að hafa reynt að smygla inn fíkniefnum með póstsendingu frá Póllandi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var um það bil kíló af hvítu efni í pakkanum, sem er þá líklega amfetamín eða kókaín.

Maðurinn er fæddur 1987. Hann hefur verið búsettur hér á landi í einhvern tíma. Hann var handtekinn í lok síðustu viku. Gæsluvarðhaldið rann út í gær og var beðið eftir úrskurði um farbannskröfu þegar blaðið fór í prentun.

Málið er enn í rannsókn. - jss

MÓTMÆLI

Útifundur á Austurvelli í dag

Raddir fólksins standa fyrir útifundi á Austurvelli í dag, tuttugasta laugardaginn í röð. Fundað er undir yfirskriftinni Breiðfylking gegn ástandinu. Marinó G. Njálsson ráðgjafi og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra flytja erindi.

Hótun eftir vanskil á einum gjalddaga

Avant sendi Birni Zakariasi Flohr hótun um upptöku bíls þegar gjalddagi var í vanskilum. Lýsing tók annan bíl hans og hafnaði öllum samningum og lét gera sjö hundruð þúsund króna viðgerð á átta hundruð og fimmtíu þúsund króna bíl.

EFNAHAGSMÁL Enn ganga fjármögnunarfyrirtæki hart fram gegn þeim sem eru í vanskilum og taka eignir upp í lán. Björn Zakarias Flohr er einn þeirra sem hefur átt í vandræðum með að standa í skilum; enda missti hann vinnuna fyrir nokkrum mánuðum og hefur haft stopula atvinnu síðan. Hann var að reisa sér einbýlishús þegar kreppan skall á og hefur því lent í vandræðum á fleiri vígstöðvum.

Björn er smiður að atvinnu og fékk lán fyrir vinnubílnum hjá Lýsingu. Hann tók yfir rúmlega milljón króna lán á bílnum fyrir um einu ári. Hann stóð í skilum með allar greiðslur fram í október, þegar bankarnir hrundu.

„Mér tókst einfaldlega ekki að greiða af bílnum þar sem ég missti vinnuna. Þegar ég skuldaði fjóra mánuði nú í janúar hafði ég samband við Lýsingu og bauðst til að greiða elsta gjalddagann. Ég hef fengið vinnu mánuð og mánuð í millitíðinni og ætlaði að halda mér þannig á floti; greiða alltaf elsta gjalddagann og velta hinum þremur á undan mér. Því varð hins vegar ekki við komið og þeir vildu bara fá bílinn," segir Björn.

Hann samþykkti þegar í stað að láta bílinn af hendi og kaus að mótmæla ekki þeirri kröfu. „Engu að síður er ég rukkaður um 150 þúsund í lögfræðikostnað. Fyrir hvað veit ég ekki alveg." Bíllinn var metinn á 861 þúsund þegar hér var komið sögu. Þegar til kom mat Lýsing hann hins vegar aðeins á 150 þúsund krónur. Ástæðan er viðgerð upp á 696 þúsund krónur sem fyrirtækið lét gera.

ÓSÁTTUR Björn er ósáttur við þá hörku sem fjármögnunarfyrirtæki sýna. Öllum tilraunum hans til samninga við Lýsingu var hafnað og Avant sendi honum hótum um vörslusviptingu þegar einn gjalddagi var í vanskilum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn á enn heimilisbílinn sinn en á honum hvílir lán frá Avant. Hann fékk bréf frá fyrirtækinu dagsett 21. janúar þar sem hótað var að taka bílinn upp í skuld. Bréfið var dagsett sama dag og janúargjalddaginn átti að greiðast og því var í raun bara einn gjalddagi kominn í vanskil þegar hótunin um upptöku bílsins og innheimtu lögfræðings var sett í póst. Þess ber að geta að áður hafði Björn fengið frystingu á láninu.

Birni tókst að greiða skuldina við Avant og er því með einn bíl til umráða. Hann hefur fengið stopula vinnu og á langt í land með að fjármagna húsið sem er í byggingu. Fréttablaðið mun fylgjast með Birni á næstunni og því hvernig honum reiðir af með fjármál sín. Hvorki fengust svör frá Avant né Lýsingu vegna málsins.

kolbeinn@frettabladid.is



GAMLI LANDSBANKINN Öryggisverðir stóðu vaktina á fundi skilanefndar Landsbankans með kröfuhöfum í gær.

Landsbankakabyrðin léttist:

Engum hleypt í bankagögnin

VIÐSKIPTI Líkur eru á að 72 milljarðar króna falli á íslenska ríkið og skattborgara vegna Icesave-reikninga gamla Landsbankans, gangi eignamat skilanefndar bankans eftir. Þetta er rúmlega helmingi minna en Fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir.

Staða gamla Landsbankans var kynnt kröfuhöfum í gær. Stíf öryggisgæsla var á fundinum en öryggisverðir stóðu vaktina á fundarstað frá níu að morgni til klukkan eitt.

Ekki stendur til að gera gögn af fundinum opinber eins og í tilviki hinna bankanna tveggja, samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd Landsbankans. - jab / Sjá síðu 12

Háskóladagurinn er í dag:

Námsleiðirnar mörg hundruð

NÁM Háskólar landsins kynna námsframboð sitt næsta skólaár í Ráðhúsi Reykjavíkur og Háskóla Íslands milli klukkan 11 og 16 í dag. Einnig er boðið upp á kynningu á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð í Norræna húsinu.

Um 3.000 gestir hafa sótt háskóladaginn undanfarin ár. „Það má jafnvel gera ráð fyrir fleirum í ár í ljósi niðursveiflunnar í atvinnulífinu," segir Hrund Steingrímsdóttir, verkefnastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík og einn skipuleggjenda háskóladagsins. - ve/ sjá allt

Kannaður er möguleikinn á að selja kröfuhöfum bæði nýja og gamla Kaupþing:

Salan ekki slegin út af borðinu

VIÐSKIPTI Hugmyndir um möguleg kaup kröfuhafa á Kaupþingi hafa ekki verið slegnar út af borðinu, að sögn Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Sama gildi raunar um hina bankana þótt ólíklegra sé að leiðin sé fær í þeirra tilvikum.

Gylfi ræddi málið við fulltrúa skilanefndar Kaupþings í gær. „Enn er hins vegar ekki verið að semja um neitt, heldur er hugmyndum varpað fram án þess að beinlínis sé tekin til þeirra afstaða," segir hann. „Þetta er bara ein af mörgum leiðum sem er til skoðunar."

GYLFI MAGNÚSSON

Gylfi segir þó vitanlega hafa í för með sér ákveðna kosti ef kröfuhafar kæmu að bankanum með einum eða öðrum hætti. „Hugsanlega gæti það auðveldað íslenska fjármálakerfinu að verða almennt starfhæft og gæti þá kannski líka dregið úr kröfum um framlag ríkisins til þess að byggja upp fjármálakerfið," segir hann, en telur að fara þurfi betur yfir málið.

Þá segir Gylfi ekki hafa verið skoðað sérstaklega hvort hægt væri að selja kröfuhöfum annan hvorn, eða báða hinna bankanna. „Þótt hugmyndin komi til greina hvað Kaupþing varðar er ekki alveg augljóst að hún gangi fyrir hina tvo. Til að mynda vegna samsetningar kröfuhafahópsins."

KAUPÞING Kröfuhafar hafa komið að máli við ráðherra í ríkisstjórninni, að sögn viðskiptaráðherra, sem kveður ráðuneytið reyna að miðla málum þar sem hægt sé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Möguleg sala Kaupþings til kröfuhafa hefur ekki farið inn á borð ríkisstjórnarinnar enn. - óká

Ódýr nettenging.

Prófaðu nettengingu Nova. Þú hefur 10 daga til að finna út hvort þjónustan hentar þér.

10 daga reynslutími!

Allar nánari upplýsingar á nova.is

Nettenging fyrir heimilið og/ eða sumarbústaðinn. Hentar ef fleiri en ein tölva er á heimilinu.

Nettenging fyrir fartölvuna. Fartölvan alltaf tengd netinu hvort sem þú ert heima eða á ferðinni.

3G internet

1.990 kr. /mán.

Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Það dugar flestum að nota 5 GB á mánuði. Komdu til Nova og fáðu pung eða box til að tengjast netinu. Þetta er einfaldara en það hljómar!

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði + 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkorti.
Pungur útborgun: 0 kr. Box útborgun: 4.900 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 20.02.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	113,70	114,24
Sterlingspund	162,27	163,05
Evra	143,3	144,10
Dönsk króna	19,232	19,344
Norsk króna	16,414	16,51
Sænsk króna	12,974	13,050
Japanskt jen	1,2078	1,2148
SDR	167,42	168,42

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
177,7134
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hafna tilboði almenningshlutafélags í Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins:

Tveir bítast um Morgunblaðið

VIÐSKIPTI Þremur bindandi tilboðum í Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, var skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka áður en frestur til að skila tilboðum rann út klukkan 14 í gær. Eitt tilboðið hefur þegar verið útilokað.

Tilboðin sem bárust eru frá almenningshlutafélagi um rekstur Morgunblaðsins, ástralska fjárfestinum Steve Cossers, og hópi fjárfesta sem Óskar Magnússon leiðir. Tilboðin voru opnuð í viðurvist óháðs matsaðila í gær.

Tilboð almenningshlutafélagsins var útilokað strax í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Bogi Örn Emilsson, talsmaður félagsins, vildi ekki staðfest það, en segir félagið hafa verið komið með hlutafjárloforð fyrir yfir 300 milljónir króna.

SKÝRIST Tilkynnt verður í næstu viku hver átti hagstæðasta tilboðið í Árvakur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka mun vinna úr tilboðunum á næstu dögum og tilkynna um hæstbjóðanda í næstu viku.

Fimm óbindandi tilboð bárust í félagið fyrr í mánuðinum og var fjórum bjóðendum í framhaldinu boðið að gera bindandi tilboð. Þrír skiluðu inn slíku tilboði. Fjórði hópurinn, sem í voru Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson, sem ráku eitt sinn Húsasmiðjuna, skilaði ekki inn bindandi tilboði.

Árvakur hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum og skuldar í það minnsta 4,5 milljarða króna. - bj

Saab-smiðjurnar sænsku:

Beðið um greiðslustöðvun

SVÍÞJÓÐ Stjórn sænsku bílasmiðjunnar Saab fór í gær fram á greiðslustöðvun. Áður höfðu sænsk stjórnvöld hafnað beiðni móðurfyrirtækisins, bandarísku bílarisans GM, um ábyrgðir fyrir þrautalánum til að hægt verði að bjarga Saab og selja fyrirtækið á næsta ári. GM ætlar ekki að setja meiri peninga í Saab.

Fimmtán þúsund starfsmenn Saab í Svíþjóð hafa því miklar áhyggjur af framtíð fyrirtækisins. Þeim finnst miður að sænsk stjórnvöld vilji frekar stofna framtíð fyrirtækisins í hættu en að veita nægan stuðning til að Saab lifi kreppuna af. - ghs/aa

FAGNAÐ Í SUÐUR-KÓREU Clinton sagði Norður-Kóreu að hætta hótunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Clinton í Kína:

Tilgangslítið að deila við Kína

ASÍA AP Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að deilur við kínversk stjórnvöld um mannréttindi, Tíbet og Taívan þjóni litlum tilgangi. Betra sé að einbeita sér að samstarfi á sviðum, sem auðveldara er að ná sáttum um.

„Þetta þýðir ekki að Taívan, Tíbet, mannréttindi og fjöldi annarra deilumála séu ekki á dagskránni," sagði hún í Peking í gær. „Málið er bara að við vitum nokkurn veginn hvað þeir munu segja."

Clinton er á ferðalagi um nokkur Asíuríki og hefur meðal annars átt í orðaskaki við Norður-Kóreustjórn. - gb

Barnavændi algengara en fólk heldur

Vændi barna og unglinga er algengara en fólk heldur, að mati Díönu Óskarsdóttur, ráðgjafa hjá Foreldrahúsi. Hún telur að bæði stelpur og strákar selji sig fyrir fíkniefni en að stelpurnar byrji oft yngri heldur en strákarnir.

LÖGREGLUMÁL „Upplifun okkar sem vinnum á gólfinu í Foreldrahúsi er sú að vændi barna og unglinga sé algengara en fólk heldur," segir Díana Óskarsdóttir, ráðgjafi hjá Foreldrahúsi. Hún sinnir meðal annars þeim hópi unglingsstúlkna sem leitað hafa sér aðstoðar þar vegna fíkniefnaneyslu og fylgifiska hennar.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsaki nú mál tveggja stúlkna, þrettán og fjórtán ára, vegna gruns um að þær hafi fengið fíkniefni og áfengi gegn kynlífsþjónustu. Það munu hafa verið viðkomandi skólayfirvöld sem fyrst fór að gruna að ekki væri allt með felldur um hagi stúlknanna. Rannsókn málsins er á frumstigi.

„Oftast koma þessi mál inn hjá okkur með þeim hætti að eldri stelpurnar segja okkur frá því að þegar þær voru unglingar hafi þær selt sig," segir Díana. Yngri stelpurnar ræði yfirleitt ekki mál af þessum toga fyrr en þær séu farnar að taka á sínum málum. Þá leysi þær frá skjóðunni."

Díana segir að stúlkurnar segist sumar hverjar hafa byrjað að selja sig þrettán til fjórtán ára.

„Það er alltof mikið um þetta. Mér sýnist að þetta sé það sem stelpurnar geri til þess að ná sér í fíkniefni, en þó alls ekki allar."

Spurð hvort þrettán ára börn séu orðin það háð neyslunni að þau grípi til þessa ráðs segir Díana það til í dæminu. Einnig geti ástæða vændisins verið sú að unglingurinn sé með brotna sjálfsmynd og tilheyri engum hópi. Vændið sé þá yfirleitt leið til að komast inn í hóp eldri unglinga. Heimilisaðstæður skipti þá ekki máli heldur grípi unglingurinn til þessa úrræðis til að fá að vera með.

FORELDRAHÚS Í Foreldrahúsi eru í boði viðtöl og stuðningur fyrir fjölskyldur sem lent hafa í vanda meðal annars vegna fíkniefnaneyslu. Þá er boðið upp á eftirmeðferð þegar unglingar eru farnir að viðurkenna vandann og vilja snúa við blaðinu.

> Mér sýnist að þetta sé það sem stelpurnar geri til þess að ná sér í fíkniefni, en þó alls ekki allar.
>
> **DÍANA ÓSKARSDÓTTIR**
> RÁÐGJAFI HJÁ FORELDRAHÚSI

„Þó nokkuð er um að stelpur stundi að veita mun eldri strákum kynferðislega þjónustu gegn því að fá fíkniefni og inngöngu í partí. Margar þeirra telja sér trú um að þær séu ástfangnar af þessum strákum. Það gera þær einkum til þess að afbera skömmina og réttlæta hlutina fyrir sjálfum sér."

Díana segir að strákar selji sig líka fyrir fíkniefni. Þeir sem komi í Foreldrahús séu yfirleitt eldri en stelpurnar þegar þeir byrja að stunda vændi, eða í kringum sextán ára aldurinn. Þeir nýti sér mikið stefnumótasíður til að selja sig.

jss@frettabladid.is

Höfuðborgarsvæðið:

Lögreglan hefur tekið um 1.300 kannabisplöntur

LÖGREGLUMÁL **Um 1.300 kannabisplöntur hafa verið teknar af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu frá áramótum, samkvæmt upplýsingum frá Karli Steinari Valssyni, yfirmanni fíkniefnadeildar. Þá skipta gróðurhúsalampar sem teknir hafa verið í tengslum við ræktanirnar hundruðum.**

Lögreglu hefur orðið vel ágengt við að uppræta kannabisræktun undanfarið. Plöntur hafa verið teknar um allt höfuðborgarsvæðið, allt upp í um 200 plöntur í einni ræktun. Þess má geta að árið 2008 lagði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hald á um 700 kannabisplöntur. - jss

Viðskiptanefnd Alþingis:

Bílar bankanna skoðaðir í nefnd

ALÞINGI Viðskiptanefnd Alþingis ætlar að taka bílaeign ríkisbankanna til sérstakrar skoðunar, að því er Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, greindi frá á Alþingi í gær.

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokks, kvaddi sér hljóðs undir liðnum fundarstjórn forseta og kvartaði yfir því að enn hefðu ekki borist fullnægjandi svör við fyrirspurn hennar frá því fyrir áramót um bílaeign ríkisbankanna. Einungis Glitnir hefði skilað svörum, en hvorki Kaupþing né Landsbankinn. Hún sagði það óvirðingu við Alþingi og spurði hvað bankarnir hefðu eiginlega að fela. - sh

LEIÐRÉTTING

Vestfirski fréttavefurinn sem vitnað var í heitir Bæjarins besta en ekki Bæjarins bestu eins og ritað var í grein um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum.

ÁRNASTOFNUN

Nýr forstöðumaður ráðinn

Guðrún Nordal hefur verið skipuð forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún tekur við 1. mars og er skipuð til fimm ára.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

STORMUR Í DAG
Núna fyrir hádegi verður vindur yfirleitt skaplegur af suðri eða suðvestri með rigningu víða um land. Um eða eftir hádegi en þó einkum síðdegis verður kominn vestan stormur á vesturhluta landins og seint í dag eða í kvöld gengur vindstrengurinn yfir á austanvert landið. Samfara storminum kólnar ört með éljagangi á Suður- og Vesturlandi og sumstaðar norðvestan til.



Á MORGUN
8-13 m/s austan til annars mun hægari.

MÁNUDAGUR
8-13 m/s á Vestfjörðum annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	16°
Amsterdam	7°
Basel	6°
Berlín	0°
Billund	3°
Eindhoven	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	20°
London	11°
New York	3°
Orlando	21°
Osló	1°
París	10°
Róm	12°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

OPIÐ
allan sólarhringinn
í Skeifunni
24 Skeifan

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríið?

Já 33%

Nei 67%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku og umferð kjarnorkuvopna?

Segðu skoðun þína á visir.is

Benjamin Netanyahu fær stjórnmyndunarumboð í Ísrael:

Á erfitt verk fyrir höndum

ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu hefur sex vikur til þess að mynda ríkisstjórn í Ísrael, og á í raun aðeins tvo valkosti: Annaðhvort myndar hann breiða hægristjórn með Tzipi Livni og Avigdor Lieberman, eða harðlínustjórn með Liebereman og litlu hægriflokkunum.

Þau Netanyahu, sem er leiðtogi Likudflokksins, og Livni, sem er leiðtogi Kadima, gengu í gær bæði á fund Shimon Peres, forseta Ísraels, og stuttu síðar ákvað Peres að Netanyahu fengi stjórnarmyndunarumboð.

Netanyahu byrjaði á að bjóða Livni til stjórnarsamstarfs, og hún

BENJAMIN NETANYAHU Fær sex vikna frest til að mynda ríkisstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tók því ekki illa, en á þó væntanlega eftir að koma með kröfur sem Netanyahu á erfitt með að sætta sig við. Hún vill til að mynda að þau skipti með sér forsætisráðherraembættinu, auk þess sem Likud gerir væntanlega kröfur um lykilembætti í stjórninni.

Lieberman, leiðtogi Israel Beiteinu, er ekki síður með erfiðar kröfur til Netanyahus, þar á meðal um mikilvæg ráðherraembætti. Þótt Lieberman sé þjóðernissinni vill hann síður samstarf með flokkum rétttrúaðra harðlínugyðinga, því flokkur Liebermans sækir einkum fylgi til fjölmenns hóps rússneskra innflytjenda og þar innanborðs eru margir trúleysingjar.

- gb

Tékklandsforseti um ESB:

Ólýðræðislegt elítubatterí

BRUSSEL, AP Evrópusambandið hefur umturnast í ólýðræðislegt elítubatterí, sambærilegt við einræðiskerfi kommúnista í Austur-Evrópu á tímum kalda stríðsins, þar sem gagnrýnin hugsun gagnvart ríkjandi valdaskipulagi var bönnuð. Þetta sagði Vaclav Klaus, forseti Tékklands, sem gegnir nú formennskunni í ESB, í ræðu á Evrópuþinginu.

Margir þingmenn gerðu hróp að Klaus fyrir vikið, sumir gengu úr salnum frekar en að sitja undir palladómum Klaus um ESB. Hinn litli minnihluti hægrijaðarþingmanna og öfgaþjóðernissinna klappaði hins vegar. **- aa**

ÍSLENSK-AMERÍSKA FÉLAGIÐ

AUGLÝSING UM STYRKI FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2009 – 2010

Lausir eru til umsóknar eftirfarandi styrkir:

1. Thor Thors styrkir til háskólanáms í Bandaríkjunum skólaárið 2009-2010. Umsækjendur skulu hafa lokið (eða ljúka í vor) námi til fyrstu gráðu háskólastigs (B.A., B.Sc., B.Ed. eða sambærilegri gráðu). Styrkhæft nám skal allt fara fram í Bandaríkjunum.
2. Styrkir fyrir listafólk á námskeið við Haystack Mountain School of Crafts í Maine. Tveir styrkir eru í boði , hvor að upphæð $3.000. Námskeiðin eru 1 til 3 vikur á tímabilinu júní – september 2009.
3. Styrkir á 4 vikna námskeið við Luther College í Iowa sem ætluð eru kennurum. Að þessu sinni eru veittir tveir styrkir að upphæð $3.000 hver.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu félagsins, www.iceam.is. Umsóknarfrestur um Haystack og Luther College er til 1. mars n.k. og fyrir Thor Thors til 1. apríl n.k.

Samfylkingin

PRÓFKJÖR SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK

VEGNA VALS Á FRAMBOÐSLISTA TIL ALÞINGISKOSNINGA 2009

Prófkjörið fer fram laugardaginn 14. mars 2009. Þeir sem hafa rétt til þátttöku eru félagar í Samfylkingunni sem eru kjörgengir til Alþingis og fá meðmæli minnst 30 og mest 50 flokksfélaga með lögheimili í Reykjavík.

Framboðsfrestur rennur út á hádegi laugardaginn 28. febrúar 2009. Þeir frambjóðendur sem uppfylla skilyrðin skili framboði sínu skriflega til formanns kjörstjórnar á skrifstofu Samfylkingarinnar við Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, ásamt þátttökugjaldi krónur 50.000.

Kosningarétt hafa félagar í Samfylkingarfélögunum í Reykjavík sem eru skráðir félagar þann 28. febrúar 2009 og eiga lögheimili eða hafa kosningarétt í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á samfylking.is og í síma 414 2200.

Kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík

Auglýsing þessi er með fyrirvara um óbreytt kosningalög til Alþingis. Verði lögum breytt kann að vera nauðsynlegt að endurskoða tilhögun um val á framboðslista.

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið



LANDSBANKINN Bankinn á alls 21 lúxusbifreið og eru fimmtán þeirra í geymslu en sex í notkun. Forsvarsmenn bankans íhuga að bíða með að selja þá þar til betur árar í efnahagslífinu.

Landsbankinn á enn 21 lúxusbifreið

Landsbankinn geymir 15 lúxusbíla í geymslu og hefur sex í notkun. Þrír voru seldir strax eftir bankahrunið en nú er beðið með sölu, enda markaðsaðstæður slæmar og enginn kaupir 10 til 15 milljóna bíl í dag. Ekki má mynda flotann.

RRÍKISBANKAR Nýi Landsbankinn á 21 lúxusbifreið, sem stjórnendur bankans höfðu áður til afnota. Sex þeirra eru í notkun. Hina bílana á flesta að selja við tækifæri, þegar rétt verð fæst fyrir þá, að sögn Atla Atlasonar, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs. Alls eigi bankinn um fimmtíu bifreiðar, flestar nýttar í almennan rekstur bankans, svo sem sendibílar og peningaflutningabílar.

„En ef þú ert að spá í dýrari bifreiðar fyrir stjórnendur og starfsmenn, þá er það 21 bíll sem gamli bankinn átti og flestir þeirra eru í geymslu eða til sölu," segir hann. Færri starfsmenn en áður hafi afnot af bíl sem hluta af sínum starfskjörum.

Samkvæmt heimildum blaðsins er bankastjórinn Elín Sigfúsdóttir á einum bílanna og tveir fylgdu með starfsmönnum sem eru hættir og voru hluti af starfslokasamningum þeirra. Þrír séu svo til taks vegar á landsbyggðinni.

Eftir að ríkið kom að rekstri bankanna munu þrír bílar hafa verið seldir í nokkrum fljótheitum en sala þeirra hafi síðan verið stöðvuð og nú sé farið varlega til að tryggja að bankinn fái hámarksverð fyrir eignirnar.

Til greina komi að bíða alveg með frekari sölu til betri efnahagstíðar eða að selja þá á næstunni til útlanda. Þriðji möguleikinn sé að auglýsa bílana til sölu hér heima, en það þykir ekki sérlega vænlegt til árangurs í þessu árferði. Fáir geti keypt bíla á tíu, fimmtán milljónir nú til dags. Rætt hafi verið við bílasölur og umboð en enginn sýnt kaupum á sanngjörnu verði mikinn áhuga.

Atli segir að bílarnir hafi ekki verið verðmetnir við núverandi aðstæður og hann viti ekki á hversu mikið þeir hafi verið metnir fyrir bankahrun. Hann sjái enga ástæðu til að veita blaðinu aðgang að skrá yfir bílana og ekki megi taka ljósmynd af þeim.

„En þetta eru aðallega einhverjir Land Cruiser-jeppar," segir hann.

Hafi einhver áhuga á að kaupa bílana megi sá hinn sami hins vegar líta á þá. Atli tekur fram að eignirnar skuli fara á góðu verði og að enginn óeðlilegur afsláttur verði veittur. **klemens@frettabladid.is**

Barnaskóli í Úganda var byggður fyrir söfnunarfé góðgerðarráðs Versló:

Afar stolt af „Litla-Versló"

GÓÐGERÐARMÁL „Við erum afar stolt af þessu og það er frábært að sjá loksins myndir af skólanum, rúmlega hálfu ári eftir að hann var byggður," segir Erna Hrund Hermannsdóttir, nemandi í Verslunarskóla Íslands. Erna var meðlimur í góðgerðarráði skólans á síðasta ári, en fyrir fé sem ráðið safnaði til styrktar ABC-hjálparstarfi tókst að byggja barnaskóla í Rackoko-héraði í Norður-Úganda. Skólinn ber nafnið „Litli-Versló".

Góðgerðarnefndin tók til starfa í byrjun síðasta skólaárs í þeim tilgangi að safna fé til styrktar þörfum málefnum. Ráðið stóð fyrir ýmsum uppákomum í skólanum, meðal annars góðgerðarknattspyrnuleik og góðgerðarviku þar sem nemendur þreyttu ýmsar raunir í skiptum fyrir áheit um stuðning. Einnig var leitað til fjölda fyrirtækja um stuðning og voru flest þeirra afar hjálpsöm að sögn Ernu Hrundar.

LITLI-VERSLÓ Í ÚGANDA Nemendur í Verslunarskóla Íslands styrktu byggingu barnarskóla í Norður-Úganda.

„Það söfnuðust 1,2 milljónir króna og fyrir það var hægt að byggja forskóla fyrir börn upp að sex ára aldri og leikvöll í kring. Það tókst vel til með söfnunina og sýnir það samstöðuna innan skólans. Nemendur voru fúsir til að leggja sitt af mörkum og gerðu sér grein fyrir því að safnast þegar saman kemur," segir Erna Hrund.

Góðgerðarvika stóð yfir í Verslunarskólanum í vikunni sem leið. Í ár rennur allur ágóði söfnunarinnar til mæðrastyrksnefndar. **- kg**

ENNEMM / SÍA / NM36973
KNÚS & KOSSAR
ÚRVAL AF KONUDAGSGJÖFUM
Mundu eftir að gleðja konurnar í lífi þínu með kærleiksríkum gjöfum á morgun, konudaginn. Verslanir Smáralindar eru fullar af rómantík og flottum vorvörum handa konum.
Allir sem versla í Smáralind fram að konudeginum og fylla út þátttökuseðil eiga möguleika á funheitum vinningum sem verða dregnir út á Bylgjunni 22. febrúar.
Velkomin í Smáralind!
OPIÐ Í DAG 11-18
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir þingflokksformaður Samfylkingarinnar sem ákveðið hefur að hætta á þingi?*
2. *Hvaða evrópska stjórnmálamanni býðst nú að verða framkvæmdastjóri NATO?*
3. *Með hve miklum mun töpuðu bikarmeistarar Stjörnunnar í körfubolta fyrir KR á fimmtudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Rannsókn á kynbundnum launamun úr launabókhaldi 37 fyrirtækja:

Kynbundinn munur 17 prósent

FÉLAGSMÁL Kynbundinn launamunur var sautján prósent samkvæmt rannsókn ParX úr launabókhaldi 37 fyrirtækja í september. Í sambærilegri könnun frá því í fyrra var launamunurinn átján prósent.

Þegar búið var að taka tillit til annarra skýribreyta, svo sem aldurs, menntunar, starfshlutfalls og vinnutíma stóð eftir sjö prósent launamunur, en var tólf prósent fyrir ári síðan. Helsta skýringin á því að minna hlutfall er nú óútskýrt er að tekið var tillit til fleiri breytna nú en í fyrra, svo sem vinnutíma.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, sögðu launakönnunina lið í að kortleggja betur launamun kynjanna, til að hægt sé að bregðast við honum.

Verið er að þróa jafnlaunastaðal, í samstarfi ASÍ, SA og félagsmálaráðuneytisins þar sem tekið verður tillit til atriða eins og launa og starfsþróunar. Hannes segir að faggiltar skoðunarstofur muni veita vottun um slíkan staðal.

Nefnd félagsmálaráðuneytisins á að ljúka störfum fyrir áramót, en ekki er ljóst hvenær staðallinn verður tekinn til notkunar. - ss

ÁHRIFAÞÆTTIR LAUNAMYNDUNAR

Breytur	Ótútskýrður launamunur kynja
Kyn	-17,1%
Kyn og aldur	-14,0%
Kyn, aldur og menntun	-11,0%
Kyn, aldur, menntun og starfshlutfall	-8,3%
Kyn, aldur, menntun, starfshlutfall og starfsheiti	-7,4%
Kyn, aldur, menntun, starfshlutfall, starfsheiti og fyrirtæki	-7,9
Kyn, aldur, menntun, starfshlutfall, starfsheiti, fyrirtæki og vinnustundir	-7,3%

Heimild: ParX

Kirgisistan lokar flugvelli:

Bandaríkin fá hálfs árs frest

KIRGISISTAN, AP Utanríkisráðuneytið í Kirgisistan sendi formlega tilkynningu til sendiráðs Bandaríkjanna í landinu um lokun herstöðvar Bandaríkjanna, sem hefur gegnt lykilhlutverki í flutningi hergagna til og frá Afganistan. Bandaríkjaher fær hálfs árs frest til að rýma flugstöðina.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði málinu ekki lokið. Bandaríkin hafa áður sagt að til greina komi að greiða Kirgísum meira fyrir aðstöðuna, eins og þeir hafa krafist. Að öðrum kosti þarf að finna aðstöðu fyrir hergagnaflutninga annars staðar í nágrenni við Afganistan. - gb

sköpun | snerpa | samstarf | mannauður

Sókn
á traustum grunni

Velkomin á
ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þriðjudaginn 3. mars 2009
kl. 08:30 - 10:30
Hilton Reykjavík Nordica hótel

Dagskrá

08:00 **Léttur morgunverður**

08:30 **Fundarsetning**

Ávarp
Össur Skarphéðinsson iðnaðar- og utanríkisráðherra

Nýir tímar
Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar

Nýsköpunarúrræði fyrir sprota framtíðarinnar
Sigríður Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri

Afburðaárangur í alþjóðlegu samstarfi
Ingólfur Þorbjörnsson framkvæmdastjóri

Íslenskt hugvit í norskri magnesíum framleiðslu
Guðmundur Gunnarsson fagstjóri

Sturlungar, sprotar og nýjar starfsstöðvar
Berglind Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri

Eldgos nýsköpunar og þróunar
Frosti Gíslason verkefnisstjóri

Frá mega til nano í steinsteypu
Ólafur Wallevik prófessor og forstöðumaður grunnrannsókna

Greið leið að betri götum
Pétur Pétursson forstöðumaður

Undirritun samstarfsyfirlýsingar um Greiningarstofu nýsköpunar

10:30 **Ársfundi lokið**

Fundarstjórar:
Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir handhafar Eyrarrósarinnar.

Skráning þátttöku á **frettir@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Akureyri | Egilsstöðum | Húsavík | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Sauðárkróki | Vestmannaeyjum

Óttast vald Jóhönnu yfir Seðlabankanum

Forsætisráðherra eru færð of mikil völd yfir Seðlabankanum í endurskoðuðu frumvarpi um bankann, að mati sjálfstæðismanna. Þeir tala um „Seðlabanka Jóhönnu Sigurðardóttur“. Þó sáttir við breytingar sem frumvarpið hefur tekið.

ALÞINGI „Það mætti færa rök fyrir því að sá Seðlabanki sem við stæðum uppi með eftir þessar breytingar væri Seðlabanki Jóhönnu Sigurðardóttur,“ sagði Árni Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, í umræðum um Seðlabankafrumvarp forsætisráðherra á Alþingi í gær. Sjálfstæðismenn telja að breytingarnar sem kveðið er á um í frumvarpinu færi forsætisráðherra of mikil völd yfir Seðlabankanum.

Frumvarpið um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans var til umræðu á þingi í allan gærdag, eftir að meirihluti viðskiptanefndar hafði afgreitt það með breytingum til annarrar umræðu



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Í nefndaráliti minnihlutans, sem í eru fjórir fulltrúar Sjálfstæðisflokks, segir að breytingarnar séu afar víðtækar og sanni að kastað hafi verið til höndum við samningu fyrstu draga þess. Hins vegar er það gagnrýnt að ekki hafi verið gengið mun lengra við breytingarnar. Þannig séu hæfniskröfur til bankastjóra til dæmis enn of þröngt skilgreindar.

Sjálfstæðismenn gagnrýna að samkvæmt frumvarpinu hafi forsætisráðherra skipunarvald yfir seðlabankastjóra, staðgengli hans og tveimur fulltrúum í fyrirhugaða peningastefnunefnd. Ráðherra eigi þar með að skipa fjóra af fimm fulltrúum í peningastefnunefnd, og það alla samtímis þegar og ef lögin taka gildi í núverandi mynd. Þetta veki spurningar um sjálfstæði bankans.

Þeir undrast jafnframt að ekki skuli hafa verið ráðist í endurskoðun á peningastefnu bankans, samhliða breytingum á yfirstjórn hans.

Þrátt fyrir gagnrýni sína sögðu sjálfstæðismenn þó að breytingarnar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu væru til bóta frá því sem áður var.

Meðal þess sem fram kom í máli stjórnarliða var að til greina kemur að fengnir verði sérfræðingar erlendis frá til að sitja í peningastefnunefndinni.

Málið mun að öllum líkindum vera tekið aftur upp í viðskiptanefnd á milli annarrar og þriðju umræðu á þingi. Stjórnarliðar vonast til að geta afgreitt málið sem lög frá þingi í næstu viku.

stigur@frettabladid.is

SEÐLABANKI ÍSLANDS Ríkisstjórnin hefur haft það sem eitt af sínum markmiðum að losna við núverandi seðlabankastjóra úr bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

HELSTU BREYTINGAR Á FRUMVARPINU

- Í stað þess að forsætisráðherra ráði aðeins einn seðlabankastjóra ræður hann einnig aðstoðarseðlabankastjóra, sem er staðgengill bankastjórans.
- Hæfniskröfur til bankastjóra og aðstoðarbankastjóra voru rýmkaðar. Áður var kveðið á um að þeir skyldu hafa meistaragráðu í hagfræði, en nú háskólagráðu „í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum“.
- Seðlabankastjóri setji starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins í stað bankaráðs, eins og sagði í fyrstu drögum.
- Skipunartími bankastjóra og aðstoðarbankastjóra styttur úr sjö árum í fimm, til samræmis við það sem gengur og gerist í íslenskri stjórnsýslu.
- Þriggja manna nefnd meti hæfi umsækjenda um störf bankastjóra og aðstoðarbankastjóra.
- Í fyrirhugaðri peningastefnunefnd sitji bankastjóri, aðstoðarbankastjóri, einn yfirmaður úr Seðlabankanum og tveir utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af forsætisráðherra.
- Skipunartími aðstoðarbankastjóra og sérfræðinga í peningastefnunefnd er annar við fyrstu skipan til að koma í veg fyrir að skipunartími allra renni út á sama tíma.

Forsætisráðherra Lettlands biðst lausnar í kjölfar efnahagshruns:

Brugðist við reiði almennings

LETTLAND, AP Ríkisstjórn Lettlands baðst lausnar í gær. Valdis Zatlers forseti féllst á afsagnarbeiðni Ivars Godmanis forsætisráðherra og samsteypustjórnar hans, sem skipuð var miðju-hægriflokkum.

Stjórn Godmanis hafði átt mjög undir högg að sækja síðustu mánuði vegna reiði almennings yfir meintri vanhæfni hennar til að bregðast við efnahagskreppunni; undanfarnar vikur voru mótmæli gegn stjórninni daglegt brauð í höfuðborginni Riga. Undir það síðasta naut stjórnin aðeins um fimmtungs stuðnings í viðhorfskönnunum.

VÍKUR Ivars Godmanis, fráfarandi forsætisráðherra Lettlands. NORDICPHOTOS/AFP

Godmanis tilkynnti um afsagnarbeiðni sína eftir að tveir af ríkisstjórnarflokkunum skoruðu á hann í gærmorgun að víkja. Zatlers forseti sagði að hann myndi á mánudaginn hefja viðræður við stjórnmálaleiðtoga um myndun nýrrar stjórnar.

Líkt og á Íslandi hefur alþjóðlega fjármálakreppan leitt til alvarlegrar efnahagskreppu í Lettlandi. Á síðasta ársfjórðungi nýliðins árs dróst þjóðarframleiðslan saman um tíu prósent frá sama tímabili árið áður. Norðurlöndin, Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa heitið lettneska ríkinu samtals 7,5 milljörðum evra í neyðarlán. - aa

TOYOTA

Nýr Avensis

Frumsýndur í dag

Komdu, sjáðu, upplifðu. Við kynnum Avensis 2009.
Sýning hjá söluaðilum Toyota um land allt, í dag 21. febrúar kl. 12.00-16.00.

Yfirburðagæði, framúrskarandi öryggi, fáguð hönnun.
Um leið og þú sérð nýjan Avensis áttu eftir að dást að fágaðri hönnun og glæsilegu útliti. Þegar þú sest undir stýri verður þér strax ljóst að Avensis býr yfir einstökum gæðum og frábærum aksturseiginleikum. Öryggisbúnaður í Avensis er í algjörum sérflokki og hefur nú þegar hlotið hæstu einkunnir í alþjóðlegum öryggisprófunum.

Upplifðu sanna akstursánægju – upplifðu nýjan Avensis.
Við tökum vel á móti þér í dag milli kl. 12.00 og 16.00.

TOYOTA OPTIMAL DRIVE
Minimise & Maximise

Toyota Kópavogi	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi	Toyota Austurlandi
Nýbýlavegi 4	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14	Miðási 2
Kópavogur	Akureyri	Reykjanesbær	Selfoss	Egilsstaðir
Sími: 570-5070	Sími: 460-4300	Sími: 420-6600	Sími: 480-8000	Sími: 470-5070

Kynntu þér betur hvað gefur nýjum Avensis sérstöðu á www.toyota.is

Today Tomorrow Toyota

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 44988 02/09



FYRIRFERÐARLITLIR MARKETTIR Starfsmaður dýragarðs í Sydney í Ástralíu heldur á tveimur fjögurra vikna gömlum marköttum í lófa sínum. Markettirnir fengu nöfnin Zanzibar og Nairobi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

PRÓFKJÖR

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Tryggvi Þór Herbertsson gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi.

Pétur Blöndal sækist eftir 2. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík.

DÓMSTÓLAR

Nýdæmdur fær skilorð

23 ára maður hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaði og alvarlega líkamsárás. Maðurinn var síðast dæmdur fyrir líkamsárás fyrir rúmum mánuði. Þá var ákvörðun refsingar frestað.

Vaxtaendurskoðun frestað um eitt ár

Nafni Nýja Glitnis hefur verið breytt í Íslandsbanka. Ákveðið hefur verið að fresta endurskoðun breytilegra vaxta á erlendum íbúðalánum til 1. mars 2010. Tvær leiðir koma helst til greina til aðstoðar fólki í greiðsluerfiðleikum.

SAMFÉLAGSMÁL Íslandsbanki, sem áður hét Glitnir, hefur ákveðið að fresta endurskoðun breytilegra vaxta á öllum þeim erlendu lánum sem áttu að koma til endurskoðunar á þessu ári til 1. mars árið 2010. Íslandsbanki hefur fryst og frestað afborgunum á átta þúsund lánum síðustu mánuði, að stærstum hluta eru það bílalán.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir að fyrstu frystingarnar séu að renna út og því verði að grípa til varanlegri aðgerða, frystingarnar séu aðeins lausn til skemmri tíma. Tvær leiðir séu einkum til skoðunar. Þær hafi verið unnar með hinum bönkunum og kynntar yfirvöldum.

„Við höfum að leiðarljósi að gæta sanngirni milli þeirra sem tóku erlend lán og verðtryggð lán. Hvað húsnæðislánin varðar er mikilvægt að hjálpa þeim sem veðjuðu á að taka erlend lán þannig að heimilin fari ekki í þrot en það eru líka til aðrar aðgerðir þar sem jafnræðis væri gætt," segir hún.

„Annars vegar er um það að ræða að greitt verði af lánum miðað við fasta tölu eða greiðslu á einhverjum ákveðnum tíma. Þessi tala myndi taka breytingum miðað við gengisjöfnunarvísitöluna sem var kynnt fyrir áramót," segir Birna.

„Hins vegar komi til greina að hjálpa fólki til að breyta láninu í verðtryggt lán, bera greiðslurnar af erlenda láninu saman við verðtryggt lán og gera upp mismunninn á afborgunum eða bæta þeim aftan við lánin."

BREYTNGAR KYNNTAR Birna Einarsdóttir bankastjóri kynnti nýtt nafn Glitnis á fundi í gær. Bankinn mun heita Íslandsbanki eins hann hét áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsbanki býður upp á helmingslækkun á leigugreiðslum bílasamninga í erlendri mynt og hafa fimm hundruð einstaklingar sótt um lækkun. Þá er Íslandsbanki eini bankinn sem lækkaði vexti í janúar.

Íslandsbanki hefur mildað innheimtu- og fullnustuaðgerðir sínar og fellt niður uppgreiðslugjald á húsnæðislánum.

Nafni Nýja Glitnis hefur verið breytt í Íslandsbanki. Birna segir að breytingarnar hafi verið unnar í samstarfi starfsmanna og viðskiptavina og tilkostnaði hafi verið haldið eins lágum og hægt er. Kostnaðurinn nemur 20 milljónum króna. **ghs@frettabladid.is**

PRÓFKJÖR

SAMFYLKING

Benedikt Sigurðarson sækist eftir einu af efstu sætum Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.

VINSTRI GRÆN

Friðrik Atlason gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Reykjavík.

Þorvaldur Þorvaldsson gefur kost á sér í prófkjöri Vinstri grænna í Reykjavík.

Lilja Mósesdóttir gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Reykjavík.

Einar Bergmundur Arnbjörnsson gefur kost á sér í 3. til 5. sæti á lista Vinstri grænna á Suðurlandi.

Ingunn Snædal býður sig fram í 4.-5. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi.

Áróður Umferðarstofu:

Ekki ákveðið um niðurskurð

ALÞINGI „Engin ákvörðun hefur verið tekin um að skera niður til áróðursmála," sagði Kristján Möller samgönguráðherra á Alþingi, sem svar við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar.

Kristján sagði að nefnd um umferðaröryggismál hafi fundað um málið, en engin niðurstaða hafi fengist. Skera þurfi niður til umferðarmála, en enginn forstöðumaður vilji missa spón úr sínum aski. Þá sagði Kristján að á síðustu árum hefðu um 70 milljónir farið á ári í áróðursmál. Hins vegar væri í dag hægt að fá gert fyrir um 30 milljónir það sem áður kostaði 70 milljónir. - ss

Heildararðurinn hjá Byr sparisjóði nam tæpum 39 milljónum króna 2006 en 13,5 milljörðum ári seinna:

Arðgreiðslur jukust um milljarða milli ára

VIÐSKIPTI Vorið 2007 greiddi Byr út heildararð að fjárhæð 38,9 milljónir króna fyrir árið 2006. Heildararður upp á 13,5 milljarða króna var greiddur út ári síðar. Mestan arð fengu félög á borð við Imon, Saxhól, Sund og Bygg invest í hlutfalli við eignarhlut.

Á lista yfir stærstu hluthafa kemur í ljós að Imon sem er á vegum Magnúsar Ármann, Saxhóll sem er í eigu Jóns Þorsteins Jónssonar og Sund sem er í eigu Jóns Kristjánssonar eru í hópi allra stærstu hluthafa á hluthafalista í nóvember 2007. Imon átti 8,4 prósent, Saxhóll 8,1 prósent og Sund 5,1 prósent.

Neðar á hluthafalistanum má sjá Fons sem er í eigu Pálma Haraldssonar, Haga sem eru í eigu Baugs, Kevin Stanford, fjárfesti sem hefur verið í samstarfi við Baug, og Pál Pálsson sem stóð að svokallaðri hallarbyltingu í stjórn SPH árið 2005. Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, segir að stofnfé hafi verið aukið um 24 milljarða króna árið 2007 til að undirbúa hlutafjárvæðingu og styrkja eiginfé sjóðsins. „Síðustu árin hefur alltaf verið greiddur út hámarksarður. Fyrri talan var hámark af því að stofnfé var lítið, árið eftir er stofnféð aukið um 27 milljarða," segir hann.

„Í kjölfarið skiladi sjóðurinn sínu besta rekstrarári frá stofnun og fjórum mánuðum síðar var ákveðið á aðalfundi að greiða hámarksarð eins og lög leyfa," segir Jón Þorsteinn.

Hann bendir á að ekki hafi menn verið að tæma sjóðinn þó 13 milljarðar hafi verið greiddir í arð. „Í sjóðnum eru eftir miklar fjárhæðir sem koma úr vasa stofnfjáreigenda."

- ghs

JÓKST Í 13,5 MILLJARÐA Greiddur var heildararður að fjárhæð 38,9 milljónir króna í Byr vorið 2007 fyrir árið 2006. Ári síðar var heildararðgreiðslan 13,5 milljarðar króna.

PRÓFKJÖR

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Eysteinn Jónsson gefur kost á sér í 1. til 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.

Birgir Þórarinsson gefur kost á sér í 1.-2. sæti í Suðurkjördæmi fyrir Framsóknarflokkinn.

VINSTRI GRÆN

Bergur Sigurðsson gefur kost á sér í 2. til 3. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Suðurkjördæmi.

Hrafnkell Lárusson býður sig fram í 5. til 6. sæti í prófkjöri Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi.

Andrés Ingi Jónsson býður sig fram í 3. til 4. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík.

Margrét Pétursdóttir býður sig fram í 3. sæti á lista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.

Katrín Jakobsdóttir sækist eftir að leiða lista Vinstri grænna í öðruhvoru Reykjavíkurkjördæminu.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Íris Róbertsdóttir gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

Haukur Þór Hauksson gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi.

SAMFYLKING

Ragnar Jörundsson býður sig fram í 2. til 3. sæti á lista í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvestur kjördæmi.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir gefur kost á sér í 3. til 5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Fjárhagsleg heilsa: *Með því að leggja reglubundið fyrir áttu fyrir hlutunum áður en þú kaupir þá.*

Febrúar

1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28

Konudagur **23** Bolludagur **24** Sprengidagur **25** Öskudagur

Rómantísk heilsa

Efldu rómantíkina í lífi þínu, hvort sem þú ert makalaus eða ekki og ekki bíða eftir að hún komi til þín. Settu þér það markmið að leita hana uppi. Þegar þú hefur fundið ástina í lífi þínu, skaltu leggja jafn oft inn á hana og þú tekur út af henni.

Fjárhagsleg heilsa

Hugsaðu um fjárhagslegu heilsuna.

BYR SPARISJÓÐUR

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 113 **Velta:** 348 milljóni

OMX ÍSLAND 15
284 **-3,42%**

OMX ÍSLAND 6
841 **-4,67%**

MESTA HÆKKUN
MAREL FOOD SYST. 0,10%

MESTA LÆKKUN
STRAUM.-BURÐA. 19,28%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ 10,00%
ATLANTIC PETROL. 5,56%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,25 +0,00% ... Atlantic Airways 158,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 425,00 -5,56% ... Bakkavör 1,90 -3,55% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,90 -10,00% ... Føroya Banki 101,00 -2,89% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 49,90 +0,10% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,80 -19,28% ... Össur 93,80 -1,16%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Tapið varnarsigur

Icelandair Group tapaði 7,5 milljörðum króna í fyrra eftir að hafa skilað 275 milljóna króna hagnaði árið á undan.

Flugsamstæðan fór ekki varhluta af banka- og efnahagshruninu hér í enda árs. Haft er eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, í uppgjörinu að aðstæðurnar hafi gjörbreytt rekstrarforsendum og niðurstaðan sé ákveðinn varnarsigur. Tapið á þessum síðustu þremur fjórðungum ársins nam 10,6 milljörðum króna samanborið við 780 milljóna mínus í hitteðfyrra.

Tekjur Icelandair Group voru 112,7 milljarðar króna í fyrra, sem er 78 prósenta aukning á milli ára. Tekjurnar námu 28,3 milljörðum á fjórða ársfjórðungi, sem er 85 prósenta aukning.

Eignir í árslok námu 98,8 milljörðum króna en þær námu 66,8 milljörðum í byrjun árs. Eiginfjárhlutfall var 20,3 prósent, sem er talsverð lækkun frá ársbyrjun en þá nam hún 37,5 prósentum. Handbært fé frá rekstri var 2,9 milljarðar króna í lok síðasta árs sem er fjórðungslækkun. **- jab**

HAGNAÐUR/TAP HLUTHAFA

Tímabil	Upphæð
4. ársfj. 2008	-10.570 milljónir kr.
4. ársfj. 2007	-780 milljónir kr.
Allt árið 2008	-7.468 milljónir kr.
Allt árið 2007	+257 milljónir kr.
Hagnaður/tap á hlut	
Allt árið 2008	-8,10 kr.
Allt árið 2007	+0,25 kr.

Uppstokkun í skódeild JJB

Meirihluta skóverslana undir fyrirtækjahatti bresku íþróttavörukeðjunnar JJB Sports hefur verið lokað og 438 starfsmönnum sagt upp, að ósk KPMG í Bretlandi sem stýrir greiðslustöðvun þeirra.

Undir JJB Sports heyra skóverslanirnar Original Shoe Company og Qube. Rúmum helmingi verslana Original Shoe Company af 64 hefur nú verið lokað en átta af þrettán verslunum Qube.

Tólf þúsund starfsmenn voru hjá JJB fyrir uppsagnirnar. Íslenska ríkið er einn stærsti hluthafi félagsins eftir að Kaupþing leysti til sín tæpan þriðjungshlut Exista og fyrrverandi forstjóra JJB með veðkalli í síðasta mánuði. **- jab**

HÁSKÓLA DAGURINN

ÞETTA ER SNÚIÐ – ÞITT ER VALIÐ!
HÁSKÓLADAGURINN 21. FEBRÚAR KL. 11.00–16.00

Í Ráðhúsi Reykjavíkur verður kynning á námi frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst, Háskólanum á Hólum, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Á Háskólatorgi, Gimli og Odda verður kynning á námi við Háskóla Íslands. Í Norræna húsinu verður kynning á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð.

Háskóladagurinn um allt land:
Ísafjörður: Kynning í MÍ 3. mars
Akureyri: Kynning í VMA 11. mars
Egilsstaðir: Kynning í ME 12. mars

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar á **www.haskoladagurinn.is**

KRÖFUHAFAR KVEÐJA Staða gamla Landsbankans er talsvert verri en hinna bankanna tveggja sé tekið mið af eignum og skuldum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Uppgjör gæti tekið sjö ár

Skilanefnd gamla Landsbankans telur líkur á að 72 milljarðar króna falli á íslenska ríkið vegna Icesave-innlánsreikninga Landsbankans. Allt að sjö ár getur tekið að fá endanlega mynd á stöðuna.

Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar Landsbankans, sagði að loknum kynningarfundi með kröfuhöfum bankans í gær, líkur á að talsvert lægri byrði lendi á íslenska ríkinu vegna Icesave-reikninga gamla Landsbankans en áður var talið.

Hann benti á að 144 milljarða króna munur væri á eignum bankans og forgangskröfum, samkvæmt mati skilanefndarinnar. Bankinn þurfi að greiða innistæðutryggingu upp á 20.887 evrur fyrir hvern reikning en afgangurinn muni lenda á herðum tryggingarsjóðs innistæðueigenda í hverju landi fyrir sig. Afgangurinn er 72 milljarðar króna, sem er rúmlega helmingi minni upphæð en fjármálaráðuneytið áætlaði að myndi lenda á herðum ríkisins.

Eignir bankans, samkvæmt mati skilanefndarinnar, að viðbættu skuldabréfi frá nýja bankanum vegna millifærslu eigna úr gamla bankanum í þann nýja, nema 1.195 milljörðum króna. Það er um tuttugu prósentum meira en áætlað var undir lok síðasta árs.

Á sama tíma nema heildarskuldir 3.348 milljörðum. Þar af eru forgangskröfur, innlán hér og í Bretlandi og Hollandi vegna Icesave-reikninganna.

Samkvæmt þessu vantar Landsbankann 2.153 milljarða króna til að standa við skuldbindingar sínar að fullu, sem er talsvert verri staða en hinna bankanna tveggja. Erlendir kröfuhafar kvöddu margir fundinn vonsviknir en þeir bera lítið úr býtum.

„Það er mikil óvissa um matið eins og það lítur út í dag," segir Lárus og bendir á að eignirnar felist að stærstum hluta í lánum til fyrirtækja og einstaklinga. Gera þurfi upp á lánstímanum því ekki komi til greina að selja lánasöfnin.

Hann benti enn fremur á að endanlegt uppgjör banka gæti tekið langan tíma og vísaði til þess að þegar sænska fjármálakreppan hafi riðið yfir í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar hafi það tekið sjö ár að vinda ofan af og gera upp viðskipti bankanna við einstaklinga og fyrirtæki. Þótt mikið verk sé fyrir höndum nú megi gera ráð fyrir því að niðurstaða fáist í máli gamla Landsbankans eftir þrjú til sjö ár. **jonab@markadurinn.is**

EIGNA- OG SKULDAYFIRLIT GÖMLU BANKANNA

Bankar	Eignir*	Skuldir*	Mismunur
Landsbankinn	1.195	3.348	-2.153
Glitnir	1.008	2.417	-1.409
Kaupþing	2.962	3.769	-807
Skuldabréf úr nýju bönkunum:			
Glitnir			422
Landsbankinn			284
Kaupþing			174
Samtals			**880**

** Í milljörðum króna.*

Saab í greiðslustöðvun

Stjórn sænska bílaframleiðandans Saab óskaði eftir greiðslustöðvun í gær í kjölfar þess að General Motors sagðist ætla að slíta á þann streng sem tengir fyrirtækin saman.

SAAB Framleiðsla á Saab-bílum hefur ekki skilað General Motors miklum tekjum.

Bandarískir bílaframleiðandinn, sem hefur átt við gríðarlegan rekstrarvanda að stríða, sagði í vikunni að hann ætli að endurskoða alþjóðlega starfsemi sína. Undir eignahattinum er Saab, sem hefur skilað tapi um árabil.

Fyrirtækið ætlar nú að endurskipuleggja reksturinn, svo sem með sölu hlutafjár.

Sænska ríkið ætlar að styðja sína þrátt fyrir þetta að því gefnu að ný rekstraráætlun og önnur gögn verði lögð fram, hafði Reuters-fréttastofan eftir Göran Hagglund, aðstoðariðnaðarráðherra Svíþjóðar í gær. **- jab**

AUDITIONS AND WORKSHOPS

BA (HONOURS) DANCE THEATRE

REYKJAVIK, ICELAND
7 + 8 MARCH 2009

Contact **Clara Bezanilla**
T + 44 (0)20 8691 8600
F + 44 (0)20 8691 8400
c.bezanilla@laban.org

The audition will take place at:
Klassíski Listdansskólinn
Grensásvegur 14
108 Reykjavík

Fast track specialist training also available for dancers, teachers, notators, choreographers and community artists.
Contact the administrator to join a workshop and find out more.

LABAN
we provoke...

Launch yourself into the world of professional dance, training in Contemporary Dance with a renowned teaching faculty, at Laban's unique award-winning building in London, UK.

Offering undergraduate and postgraduate programmes

LABAN
CREEKSIDE
LONDON SE8 3DZ
T 020 8691 8600
INFO@LABAN.ORG
WWW.LABAN.ORG

TRINITYLABAN conservatoire of music and dance

Programmes offered at Laban which fall within the framework for higher education qualifications in the UK are validated by City University, to whom Laban is responsible for ensuring the quality and academic standards of its undergraduate and postgraduate provision. Laban is incorporated by Trinity Laban Conservatoire of Music and Dance. Registered Charity 309998. Design **Laban 2008** Photo **Eric Richmond.**

ÓDÝRT OG GOTT

889 kr. kg
Krónu saltkjöt 1. flokkur

25% afsláttur

299 kr. kg
Krónu saltkjöt ódýrt

499 kr. kg
Goða saltkjöt ódýrt

99 kr. pk.
Gular baunir 500g

35% afsláttur

449 kr. kg
Krónu blandaðir kjúklingabitar

849 kr. kg
Goða kjötbollur frosnar

799 kr. kg
Fiskibollur forsteiktar

265 kr. pk.
Toro íslensk kjötsúpa

199 kr. pk.
Efstibær 1,5 kg kartöflur

299 kr. pk.
Gulrætur íslenskar

49 kr. kg
Laukur

179 kr. kg
Rófur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Krónan Höfða
alla daga 11-19

Krónan Lindum
virka daga 11-20
helgar 10-19

Krónan Granda
alla daga 11-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

2 stk. í pk.

599 kr. pk.

Freschetta Champion pizza

2 lítrar

129 kr. 2L

Sprite / Sprite Zero 2L

429 kr. pk.

Kelloggs múslí 500g

ALLT Í EINNI FERÐ!

2 stk. í pk.

298 kr. pk.

ÍM bollur með rjóma, súkkulaði og sultu

9 stk. í pk.

375 kr. pk.

Vatnsdeigsbollur litlar

4 stk. í pk.

455 kr. pk.

Vatnsdeigsbollur með súkkulaði

6 stk. í pk.

389 kr. pk.

Myllu bollur með súkkulaði

359 kr. stk.

Maxibon pops ískúlur 250ml

10% afsláttur

Bertozzi parmesan 4 tegundir

129 kr. pk.

Maxi popp

20% afsláttur

Palmolive sturtusápur

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Mosfellsbæ
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Hvaleyrarbraut
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Reyðarfirði
virka daga 11-19
lau. 11-19 sun.12-16

Krónan Vestmannaeyjum
alla daga 11-19

skoðun

greinar@frettabladid.is

Þingmenn hundsa almannavilja.

Nýja stjórnarskrá frá stjórnlagaþingi

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Viðbrögð við óskum um stjórnlagaþing hafa ekki látið á sér standa. Kennimenn hafa stigið fram og hvatt til þess að stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi sameinist um að boðað verði til stjórnlagaþings. Þingflokkur Framsóknar hefur lagt fram frumvarp þess efnis sem deilt er um í þingflokkum. Samstarfssamningur Vinstri grænna og Samfylkingar gerir ráð fyrir breytingum á stjórnarskrá. Róttækar tillögur hafa komið fram um breytingu á niðurröðun framboðslista sem gætu gefið kjósendum kost á vali milli frambjóðenda hvers flokks. Kerfið er í uppnámi og sýnt að alþingismenn munu ekki koma sér saman um lendingu í málinu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þegar tekið afstöðu: prófkjörin sem flokkurinn ætlar að ráðast í næstu vikur skulu ganga fyrir þeirri lýðræðislegu kröfu að kjósendur fái að raða á lista eftir einföldum reglum. Þó voru prófkjörin sett í gang á sínum tíma til að auka lýðræðið og styrkja valrétt flokksfólks til að ráða listunum. Þegar flokknum býðst að bjóða þann kost í kjörklefanum er hikað.

Allar götur frá 1948 hefur tillögum um stjórnlagaþing verið stungið undir stól. Alþingi hefur allt frá lýðveldisstofnun reynst ógerlegt að endurskoða stjórnarskrána. Hver endurskoðunarnefndin af annarri hefur reynt að ná samkomulagi í málinu. Einkahagsmundir þingmanna og flokkshagsmunir hafa reynst sá veggur sem umlukið hefur stjórnarskrána. Í hennar skjóli hefur flokkakerfið byggt upp valdastrúktúr í landinu sem hefur í tímans rás fært okkur inn í spillingarkerfi embættismannaveitinga, fjármagnssóunar og misréttis atvinnuvega og fyrirtækja.

Og sitjandi þingheimur ætlar að tryggja þessu kerfi lengri lífdaga.

Á sama tíma leggjast sérfræðingar og áhugamenn um raunverulegar breytingar á íslenskri stjórnskipan á eitt og munu raddir þeirra verða enn háværari þegar á kosningaundirbúning líður. Staða forseta Íslands er í uppnámi. Staða þingsins er hallandi gagnvart ofurvaldi ráðherra sem stýra landi og atvinnuvegum með dagskipunum. Stjórnarskráin stendur lýðræði fyrir þrifum. Það eru haldlítil rök að kostnaður komi í veg fyrir stjórnlagaþingskosningu: í tillögunum frá 1948 var gert ráð fyrir 24 fulltrúum á stjórnlagaþingi. Engin ástæða er til að hafa þá 63. Kjósa má þá í einu kjördæmi og veita því vinnutíma til eins árs til að leggja fram nýtt uppkast sem kosið yrði um í sveitarstjórnarkosningum að ári.

Það er mikill ábyrgðarhluti hjá sitjandi þingi að koma ekki til móts við þessa kröfu kennimanna og almennings. Og ættu kjósendur að líta til þess, fari fram sem horfir, hvaða þingmenn leggjast gegn þessari brýnu réttarbót samfélaginu til handa: Við þurfum róttæka endurskoðun á stjórnskipan landsins svo hér verði von um betri stjórnunarhætti og betra mannlíf.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Svekkjandi

Árni Johnsen greinir frá því í helgarblaði DV að honum hafi verið sýnd morðtilraun þegar eitrað var fyrir hann. Hann slapp, sem betur fer, en þó ekki án þess að hendur hans bólgnuðu upp og neglurnar skorpnuðu.

Árni segir að eitrinu hafi verið laumað í fæðubótarefni sem hann tók og grunar hver var að verki. Um fyrstu viðbrögð sín segir hann: „Ég bara trúði þessu ekki. Ég hugsaði með mér að þetta gæti ekki verið rétt. Þetta er svekkjandi en það þýðir ekki að velta sér upp úr þessu." Þarna talar alvöru karlmaður. Honum er sýnd morðtilraun og í staðinn fyrir að fara til lögreglu og upplýsa hvern hann grunar – þá ypptir heljarmennið öxlum, segir „þetta er svekkjandi" og fer í viðtal við DV.

Afsökunarbeiðni

Árni gerir það í viðtalinu sem sáraf-áir hafa gert; hann biðst afsökunar á kreppunni. Hann gengur lengra og skorar áGeir H. Haarde að gera slíkt hið sama. Það vita líka allir sem hafa séð myndina Frost/Nixon að manni líður mun betur eftir að hafa beðist afsökunar.

Þeir sem sjá Nixon þverskallast við að biðjast afsökunar því hann hafi ekkert gert rangt eiga erfitt með að hugsa ekki til íslenskra ráðamanna, núverandi sem fyrrverandi.

Til glöggvunar

Njósnamyndahöfundum er vandi á höndum eftir að fyrirtækið Google (sem hlýtur að heita Til glöggvunar, þar sem sögnin að gúgla hefur fengið heitið að glöggva) setti fram Google Earth-forritið. Nú geta allir skoðað minnstu smáatriði og leyndir herflugvellir Bandaríkjamanna og leyniflutningar Kínverja eru nú öllum ljósir og er búið að finna sjálfa Atlantis.

Kannski James Bond framtíðarinnar verði tölvunjörður, umkringdur flatbökukössum og tölvuskjám þysjandi inn og út á Google Earth, sér og öðrum til glöggvunar?

kolbeinn@frettabladid.is

Hví er krónan í gjörgæslu?

HJÖRLEIFUR JAKOBSSON

Í DAG | Kreppan og krónan

Í kjölfar bankahrunsins hafa margir velt vöngum yfir bágri stöðu krónunnar og orsökum hrakfara hennar. Margir vilja kenna bönkunum sálugu um. Því miður verður að grafa dýpra eftir raunverulegum ástæðum núverandi efnahagsstöðu.

Árið 2003 hófust umfangsmestu framkvæmdir Íslandssögunnar með gerð Kárahnjúkavirkjunar og byggingu álvers á Reyðarfirði. Framkvæmdirnar námu nærri þriðjungi landsframleiðslu og voru alfarið unnar með erlendu fjármagni. Við upphaf þessa mikla framkvæmdaskeiðs var ljóst að til mótvægis þyrftu stjórnvöld að draga saman í ríkisrekstri ella ylli svo stór erlend fjárfesting mikilli þenslu, ofrisi krónunnar og skekktri samkeppnisstöðu undirstöðuatvinnugreina, þ.e. sjávarútvegs og iðnaðar. Ríkið brást hins vegar í aðhaldsaðgerðum og valdi þenslutímann til að slaka á í ríkisfjármálum með lækkun tekjuskattshlutfalls, helmingun matarskatts, aflagningu ýmissa annarra skatta og hækkun lánshlutfalls íbúðarlána. Afleiðingin varð sú að frá 2003 til 2007 jókst einkaneysla um nær 40% á föstu verðlagi.

Góða veislu gjöra skal

Þegar árið 2004 brást Seðlabankinn við vaxandi verðbólguþrýstingi með vaxtahækkunum sem jafnframt styrktu gengi krónunnar. Hærra gengi vann á móti verðbólgu skamma hríð með lækkun innflutningsverðs en skapaði falskan kaupmátt sem örvaði einkaneyslu og olli miklu þjóðhagslegu ójafnvægi með viðskiptahalla er nam tugum prósenta af landsframleiðslu. Viðskiptahallinn var síðan fjármagnaður með erlendri skuldasöfnun. Nokkurt hlé varð á þessari þróun 2006 þegar krónan féll og verðbólga hækkaði í 8,5%. Margir vonuðu að hagkerfið væri að ná jafnvægi enda hillti undir lok stóriðjuframkvæmda. Reyndin varð önnur og enn var bætt á eldinn með kosningafjárlögunum 2007 sem sýndu að ríkisstjórn og Seðlabanki reru ekki í sömu átt. Bitlítið úrræði Seðlabankans var að hækka stýrivexti sem voru komnir í 13% í byrjun árs 2007. Með þátttöku okkar í EES undirgengumst við fjórfrelsið, m.a. frjálst flæði fjármagns. Háir stýrivextir vöktu athygli á krónunni og skyndilega streymdu hingað peningar úr öllum áttum til að njóta hins mikla vaxtamunar. Staða útlendinga með krónunni óx úr 100 milljörðum í 800-1000 milljarða. Þetta hjálpaði verðbólgumarkmiðum Seðlabankans um hríð; gengið hætti að veikjast og verðbólguskotið frá miðju ári 2006 gekk að mestu til baka ári síðar. Sökum hárra vaxta hérlendis töldu Íslendingar nú þjóðráð að skulda í erlendri mynt. Fyrirtækin juku erlendar skuldir um 100% og heimilin, sem áður skulduðu eingöngu í krónum, skulduðu skyndilega 100-200 milljarða í erlendum lánum. Skynsamlegt hefði verið á þessum tíma að Seðlabankinn yki gjaldeyrisvaraforðann verulega til að geta mætt flæðisbreytingum á gjaldeyrismarkaði en það var því miður ekki gert.

Blaðran springur

Í ársbyrjun 2008 lá fyrir að dæmið gengi ekki upp. Við höfðum búið við falskan kaupmátt og eytt um efni fram. Við vorum ekki svona rík, gengið var bara vitlaust. Við lifðum á lánum og veislan var á enda. Útlendingar spáðu harðri lendingu. Þeir byrjuðu að fikra sig út úr krónunni og Íslendingar einnig. Of miklu var hlaðið á þessa litlu mynt og Seðlabankinn hafði ekki mótvægisafl. Hrunið var óumflýjanlegt, bara spurning um tíma. Krónan veiktist allt árið 2008 og verðbólgan var á stöðugri uppleið. Innflutningur á varanlegum neysluvörum fraus og byggingariðnaðurinn stefndi í alkul. Við blasti grjóthörð lending íslensks efnahagslífs … og svo fraus alþjóðlegt fjármálakerfi og íslensku bankarnir urðu úti á berangri.

Það er vandasamt að starfrækja örmynt eins og krónuna og búa við frjálst flæði fjármagns. Stjórnvöld verða að sýna sérstaka aðgæslu til að missa ekki verðbólguna úr böndunum og Seðlabankinn þarf ávallt að hafa nægilegan gjaldeyrisvaraforða til að mæta snöggu flæði úr landi. Sérislensk vísitölutenging lána gerir illt verra. Ríkisstjórn og Seðlabankinn brugðust á sinni vakt og þess vegna býr íslenska þjóðin nú við gjaldeyrishöft.

Íslenskri þjóð og viðskiptalífi er nauðsyn að losa um gjaldeyrishöftin. Þau eru myllusteinn um háls atvinnulífsins og útiloka allar tilraunir um að endurvekja traust á krónuna. Semja verður við erlenda fjárfesta, sem eiga krónur í kerfinu, um greiðslu í erlendri mynt nú eða seinna. Jafnframt er fullreynt að íslenska krónan sé okkar framtíðargjaldmiðill. Evran og ESB er nærtækasta leiðin en skoða þarf fleiri kosti. Það hjálpar hins vegar í þeirri vinnu að auðveldara er að eiga við krónuna á krepputímum en þenslutímum.

Höfundur er forstjóri Kjalars hf.

Skilyrðislaus uppgjöf

UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um stjórnmál

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Það var smáfrétt í vikunni að Jón Magnússon, sem kosinn var á þing 2007 fyrir Frjálslynda flokkinn, hefði loksins ratað aftur heim til íhaldsins. Það eina sem sætir tíðindum við þetta er tímasetningin. Gleymd er öll gagnrýni á Sjálfstæðisflokkinn út af gjafakvótum, og annarri kerfislægri spillingu sem hefur eitrað útfrá sér um allt þjóðfélagið í skjóli Eimreiðarklíkunnar eftir að hún náði völdum í flokki og landi. Þessi misserin eru Íslendingar einmitt að upplifa afleiðingarnar af valdatöku og valdbeitingu þessa hóps sl. átján ár.

Listinn lítur svona út: Gjaldmiðillinn er hruninn. Fjármálakerfið er hrunið. Um 70% fyrirtækjanna í landinu eru tæknilega gjaldþrota. Himinháir stýrivextir munu ganga frá þeim fyrirtækjum sem enn hanga uppi á næstu mánuðum eða misserum að óbreyttu. Fréttir dagsins frá innheimtulögfræðingum, kollegum Jóns, eru þær að 10 fyrirtæki muni verða gjaldþrota á dag út þetta árið. Atvinnuleysingjar teljast nú 15.000. Það er eini þjóðfélagshópurinn sem er í örum vexti. Erlendar skuldir heimilanna hafa tvöfaldast á sama tíma og íbúðarverð er í frjálsu falli. Skuldugasti hópurinn – unga fólkið – er í biðröð í atvinnuleit í útlöndum. Landflótti í stórum stíl er fyrirsjáanlegur. Þeirra sem ætla að reyna að þrauka bíður að bera níðþunga skatta á næstu árum um leið og velferðarkerfið verður skorið inn að beini. Loks hefur þjóðin glatað því eina sem hún átti og mölur og ryð fær ekki grandað – nefnilega mannorðinu.

Þetta er viðskilnaður Sjálfstæðisflokksins eftir átján ára samfelldan valdaferil. Sagði ekki Jón Magnússon einhvers staðar að það væru átján ár frá því að hann villtist að heiman frá íhaldinu? Það eru þessi sömu átján ár, ekki satt? Hvort skyldi nú Jón vera að umbuna íhaldinu fyrir frammistöðuna eða er aumingjagæska Jóns komin á svo hátt stig að hann telji þetta rétta augnablikið til að snúa heim og rétta þeim sáttfúsa hjálparhönd?

Höfundur var einu sinni formaður Alþýðuflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

HÚSGAGNAHÖLLIN

TILBOÐIN GILDA AÐEINS!
19.-21. FEBRÚAR

HELGAR SPRENGJA

TUNGUSÓFI
50%
AFSLÁTTUR

ANNARAE tungusófi
B:235 D:93/160 H:90 cm.
Ljósbrúnn. Fæst einnig í vínrauðu áklæði.

94.990
VERÐ ÁÐUR: 189.980

BARSTÓLL
40%
AFSLÁTTUR

Dallas barstóll leður

12.980
VERÐ ÁÐUR: 21.980

BORÐ
30%
AFSLÁTTUR

GALAXY borðstofuborð
B:115 L:190/290 H:74 cm, hvítt háglans. Fæst einnig svart.

119.980
VERÐ ÁÐUR: 179.980

STÓLL
30%
AFSLÁTTUR

Andrew borðstofustóll leður

13.980
VERÐ ÁÐUR: 19.980

EXPO • www.expo.is

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

OPIÐ: Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga LOKAÐ

Hið grimma auðvald

UMRÆÐAN
Jóhann J. Ólafsson skrifar um frelsi og ábyrgð

JÓHANN J. ÓLAFSSON

Við lestur greinar Matthíasar Johannessen í Lesbókinni 21. janúar sl. varð mér hugsað til skilgreininga á orðum, sem eru í greininni. Það sem mér finnst vanta í skoðanaskipti á Íslandi eru greinargóðar skilgreiningar á því hvað orð merkja, svo menn viti hvort þeir eru að tala um sömu hlutina eða ekki.

Mig langar að minnast á þrjú orð, frelsi, frjálshyggja og markaður.

Þetta stendur í orðabókinni:

1. Frelsi: sjálfstæði, frjálsræði.

2. Frjálshyggja: 1 fríhyggja, trúleysi. 2 líberalismi – nýfrjálshyggja.

3. Markaður: sölutorg, sölusvæði o.fl.

Um 1. Samkvæmt mínum skilningi er frelsi óhugsandi án ábyrgðar. Að vera frjáls er að vera tilbúinn til að bera ábyrgð á frelsi sínu. Maðurinn ber ábyrgð. Þess vegna er hann frjáls. Frelsi án ábyrgðar er þverstæða. Frelsi á kostnað annara er falskt frelsi. Menn bera ábyrgð á frelsi sínu samkvæmt lögum og siðum þjóðfélagsins og skyldum við meðbræður sína. Því miður er þetta oft túlkað þveröfugt, sem ábyrgðarleysi og hömluleysi. Frelsi galdramannsins, sem getur gert hvað sem honum sýnist, án ábyrgðar.

Um 2. Ég geri mér ekki vel grein fyrir því hvað orðið frjálshyggja þýðir í núverandi umræðu. Það kom á sínum tíma til skjalanna sem andstæða við skipulagshyggju, sem lengi réð ríkjum hér á landi þegar menn vildu stjórna starfi og athöfnum manna með reglugerðum um alla skapaða hluti, og merkti þá nánast hið sama og frjálslyndi.

Nú orðið hefur orðið frjálshyggja eiginlega öðlast merkingu ábyrgðarleysis og hömluleysis og er notað til að koma óorði á frelsið.

Hömlulaust vald. Draumur glæpamannsins.

Um 3. Markaður er orð sem mikið er notað nú á dögum en merking þess er umdeild og óskýr. Guðmundur Magnússon, áður prófessor í hagfræði og rektor Háskóla Íslands, taldi orðið vera: Frjáls viðskipti frjálsra manna til að finna rétt verð. Í umræðu dagsins hafa menn hins vegar gert markaðinn að einhvers konar skrímsli og tala um miskunnarlaus lögmál hans og lögmál frumskógarins.

Bankahrunið var ekkert slys. Orsök þess var kæruleysi, vanhæfi og þróttleysi. Allir sem sjá vildu gerðu sér ljóst að bankakerfið var eins og drekkhlaðið skip, sem engin veður þoldi. Svo kom stormur og skipið sökk. Þjóðfélag okkar, siðferði og réttarkerfi ræður ekki við háar fjárhæðir.

Ég skrapp inn til Hilmars vinar míns í Morkinskinnu. Ég greiddi 10 krónur í stöðumælinn við dyrnar fyrir 8 mínútur, því ég ætlaði að vera fljótur. Þegar ég kom út aftur eftir 10 mínútur var stöðumælavörður að skrifa bílinn minn upp. Hvers vegna vinnur þessi kona ekki hjá Fjármálaeftirlitinu hugsaði ég? Vörðurinn, sem líklega hefur verið hagsýn húsmóðir, mildaði málið og bauð mér að ljúka því með að greiða viðbót í mælinn.

Ef ég greiði ekki stöðumælasekt má gera bifreið mína upptæka hvar sem hún finnst og selja hana á opinberu uppboði. Ef menn hins vegar fara í kring um reglur Seðlabankans og gera hann gjaldþrota hafa þeir ekki brotið nein lög og verða ekki gerðir ábyrgir.

Almennir skattgreiðendur fá reikninginn þótt þeir séu blóðsaklausir af öllu þessu. Almennir skattgreiðendur eru alltaf sekir og aðgengilegir.

Ég hefi oft líkt fjármálakerfinu við ferðafrelsi og vegakerfið. Hérlendis ríkir algjört ferðafrelsi. Menn geta stigið upp í bifreið og ekið hvert á land sem er, nær þeim sýnist og í hvaða tilgangi eða tilgangsleysi sem þeim hentar. Engra spurninga er spurt. En samt ríkir ábyrgð og regla. Menn verða að fara að umferðarlögum, aka réttum megin á vegunum, á löglegum hraða, ódrukknir og virða takmarkanir um öxulþunga. Eftirlit með þessu hefur umferðalögregla, sem áminnir menn, sektar og sviptir ökuleyfi, allt eftir atvikum hverju sinni sbr. stöðumælinn hér að ofan. Tilgangurinn er að forða slysum og tjóni og greiða götu manna sem allra best. Á sama hátt er banka- og fjármálakerfið. Það á að miðast við almannaheill og skapa mönnum öryggi gegn tjóni og virka undir eftirliti. Allir sjá nú hver skaðinn getur orðið ef út af er brugðið.

Höfundur er stórkaupmaður.

Gorenje

ísskápur

***
A+ Orkunýtni

Gorenje ísskápur
RK60355DE

Ryðfrítt stál.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Bráðnunartími við straumrof: 18 klst.
Frystigeta: 4 kg/dag.
Mál (BxHxD): 180 x 60 x64 cm.

Tilboð 115.900

PIPAR • SÍA • 90265

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Hversu íslenskt er íslenskt?

UMRÆÐAN
Björn Jónsson skrifar um íslenska framleiðslu

BJÖRN JÓNSSON

Stöð 2 gerði nýlega „misíslenskri“ framleiðslu ítarleg skil í fréttaskýringu sem birtist í Íslandi í dag (11. feb. sl.). Áhorfendum sjónvarpsstöðvarinnar er skref fyrir skref leitt fyrir sjónir, hvernig íslenskum framleiðendum hefur tekist að ná allt að 50% söluaukningu með því að beita fyrir sig markaðsbrellunni „íslensk framleiðsla“ og eru ýmsar vörur tíndar til því til stuðnings.

Umrædd fréttaskýring gerir ágætlega grein fyrir því, að sú vara er vandfundin sem er sannanlega alíslensk. Hver varan á fætur annarri fellur á „íslenskuprófinu“, meira að segja íslenska mjólkin, þar sem hún er m.a. seld í innfluttum umbúðum. Öðru máli virðist þó gegna um íslensku lopapeysuna og má af fréttaskýringunni skilja að íslenska ullin komist næst því að vera alíslensk framleiðsla.

Þá er ekki síður athyglisvert, á hvaða forsendum vörur rata í óíslenska gabbflokkinn, eins og þegar Minna mál Ágústu Johnson er afgreitt sem enn ein brellan. Umrædd vara, sem er framleidd og pökkuð í Þýskalandi, reynist þó vera merkt hvorki fánalitunum né slagorðum íslenskrar framleiðslu heldur Dr. Karg Original fyrir Mylluna. Þessi vara er enda ekki markaðssett sem íslensk framleiðsla, heldur sem lífrænn hollustubiti frá viðurkenndum framleiðanda á því sviði. Sem er jafnframt ástæða þess að Ágústa Johnson leggur nafn sitt við vöruna. Hver er blekkingin?

Þrátt fyrir lofsvert framtak, nær fréttastofa Stöðvar 2 því miður ekki kjarna þessa mikilvæga máls og virðist meira lagt í afþreyingargildi fréttaskýringarinnar og dramatískt ívaf en vönduð vinnubrögð. Kjarni málsins snýst um þann virðisauka og um leið þau störf sem íslensk framleiðsla skapar. Hlutur erlendra aðfanga í framleiðslukostnaði er því afar villandi mælikvarði á „íslenskuna“ í íslenskri framleiðslu sem styðst undantekningarlaust við „eitthvað innflutt“ á einhverju stigi framleiðslunnar. Þá geta það vart talist fagleg vinnubrögð að taka sem dæmi um óheiðarlega markaðsbrellu, innflutta vöru, sem er ekki verið að selja sem íslenska framleiðslu. Aðhald fjölmiðla er mikilvægt, en svo að það sé virkt, verða vinnubrögð þeirra að vera fagleg.

Höfundur er framkvæmdastjóri hjá Myllunni.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

„Vera með fræðslu fyrir almenning“

Karlmaður, 52 ára.

Frá því í nóvember höfum við kallað eftir skoðunum viðskiptavina í útibúum og á heimasíðu okkar um það hvernig þeir vilji að nýr banki starfi. Við notum þessar ábendingar til að móta nýjan banka.

Verk að vinna

UMRÆÐAN
Finnur Sveinbjörnsson skrifar um nýju bankana

FINNUR SVEINBJÖRNSSON

Eru nýju bankarnir ekki að standa sig? Svo mætti stundum ætla af þeim ummælum sem heyrst hafa að undanförnu, hvort heldur er frá aðilum atvinnulífsins eða stjórnmála. Það er ljóst að nýju bankanna bíður verulega krefjandi verkefni að reisa við fjármálakerfi landsins eftir að það hrundi með áður óþekktum hætti á einni viku í október. Það verður að hafa í huga að allir sem að þessari endurreisn koma eru að feta sig áfram, einnig erlendir sérfræðingar sem fengnir hafa verið til landsins. Þótt unnt sé að styðjast að einhverju leyti við reynslu af svipuðum atburðum annars staðar, þá er umfang vandans og mikil erlend skuldsetning heimila og fyrirtækja ólíkt því sem aðrar þjóðir hafa glímt við. Á þeim rétt rúmlega 100 dögum sem liðnir eru síðan Nýja Kaupþing var stofnað tel ég að okkur hafi tekist mjög vel til miðað við erfiðar aðstæður.

Margt af því sem við í Nýja Kaupþingi höfum gert frá stofnun bankans hefur gengið betur en við áttum von á. Til dæmis hefur ekki komið til neinna truflana á greiðslumiðlunarkerfinu hér innanlands, uppgjör sjóða í vörslu bankans hefur komið vel út og breyting á yfirstjórn bankans hefur gengið fumlaust fyrir sig. Annað hefur tekið lengri tíma. Til dæmis er gerð stofnefnahagsreiknings bankans ekki lokið og ríkið hefur ekki látið af hendi hlutafé. Þetta þýðir meðal annars að nýju bankarnir vita ekki á hvaða kjörum þeir kaupa eignir af gömlu bönkunum eða hvaða vaxtakjör verða á skuldabréfi sem þeir borga þessar eignir með. Þetta þýðir að töluverð óvissa ríkir um verðlagningu á þjónustu bankans.

Útlán ekki réttur mælikvarði

Stjórnmálamenn, viðskiptalíf og almenningur spyrja sig hvernig stendur á því að bankarnir veita ekki fleiri lán? Ástæðan er tvíþætt, a.m.k. hér í Kaupþingi. Annars vegar hefur eftirspurn eftir lánum dregist verulega saman, vegna þess að horfur í efnahagsmálum eru mjög óvissar, bæði hér heima fyrir og erlendis. Til viðbótar kemur óvissa í stjórnmálum og átök milli ríkisstjórnar og seðlabankastjóra. Fyrirtæki eru síður í stakk búin til að ráðast í frekari fjárfestingar þar sem veruleg óvissa er uppi um raunverulega skuldastöðu margra þeirra þar sem gengi krónunnar er ekki enn tekið að fljóta og því veit enginn hvað raunverulegt gengi hennar er. Óvissa er einnig meiri en áður í hagkerfinu sem gerir allar framtíðaráætlanir torveldari. Og alþekkt er að á óvissutímum halda heimili að sér höndum, fresta útgjöldum, greiða niður skuldir og

Þegar menn meta störf nýju bankanna er ekki rétt að bera þá saman við hvernig hlutirnir gengu fyrir sig á veisluárunum í gömlu bönkunum.

safna innlánum. Hin ástæðan er sú að framboð af lánsfé í bankakerfinu hefur dregist verulega saman. Ísland fór frá því á innan við ári að vera með besta mögulega lánshæfismat frá Moody's í það að vera með eitt lægsta lánshæfismatið í Evrópu. Þótt það dragi úr framboði lánsfjár alls staðar í heiminum munu áhrifin verða meiri hér en annars staðar. Aukning útlána er því ekki réttur mælikvarði á árangur banka í dag, heldur er sá vandi sem við eigum við að etja miklu frekar afleiðing af of auðveldu aðgengi að lánsfé á fyrri árum. Það sem við hjá Kaupþingi teljum réttan mælikvarða á árangur okkar er hvernig okkur tekst að hjálpa fyrirtækjum og heimilum að laga sig að breyttum aðstæðum.

Gagnsæi í fyrirrúmi

Kaupþing afgreiðir daglega tugi beiðna frá einstaklingum og fyrirtækjum um greiðsluaðlögun. Sú vinna hefur gengið vel. Því til viðbótar veitir bankinn töluvert af nýjum lánum enn, þótt eins og gefi að skilja sé meginhersla an um þessir mundir að gera viðskiptavinum okkur kleift að greiða niður lán. Bankinn hefur kynnt ýmsar nýjungar að undanförnu til að styðja við bakið á heimilunum.

Má þar nefna fjármálaráðgjöf á netinu sem felst í stöðumati, heimilisbókhaldi, netdreifingu og viðtölum við þjónusturáðgjafa. Nú þegar hafa þúsundir viðskiptavina okkar nýtt sér þessa nýju þjónustu. Þessu til viðbótar tilkynntum við nýverið um aðgerðir til að liðka um fyrir fasteignamarkaðinum. Annars vegar hefur félögum í Vexti, sem er samþætt fjármálaþjónusta, verið heimiluð yfirtaka áhvílandi fasteignalána bankans á upphaflegum vöxtum við kaup, ef þeir standast greiðslumat. Hins vegar hefur verið veittur tímabundinn helmingsafsláttur á uppgreiðslugjöldum íbúðalána bankans.

Í tilfelli fyrirtækja,vinnur bankinn hörðum höndum við að aðstoða þá viðskiptavini sem eiga í tímabundnum rekstrarerfiðleikum og gengur það starf vel. Til að auka á gagnsæi hefur bankinn birt verkalagsreglur um úrlausn á útlánavanda fyrirtækja á netinu og stjórn bankans hefur ráðið umboðsmann viðskiptavina til að tryggja jafnræði og gagnsæi í hvívetna. Í þeim tilfellum þegar bankinn þarf að leysa til sín stærri eignir verður það gert í tveimur aðskildum eignarhaldsfélögum. Stærri fasteignir í útleigu verða í fasteignafélaginu Landfestum en fyrirtæki í eignarhaldsfélaginu Eignaseli. Bankanum hefur tekist að fá til liðs við sig hóp af reynslumiklu en óháðu fólki til að taka að sér stjórnarsetu í þessum félögum og tryggja þannig fagleg vinnubrögð og ákveðna fjarlægð frá bankanum.

Það eru rétt rúmir 100 dagar liðnir síðan að sá einstæði atburður í veraldarsögunni átti sér stað hér á landi að fjármálakerfi heils lands hrundi á einni viku. Hverjar sem nákvæmar ástæður hrunsins voru er ljóst að mikið ójafnvægi hafði byggst upp í íslenska fjármálakerfinu. Þegar menn meta störf nýju bankanna er ekki rétt að bera þá saman við hvernig hlutirnir gengu fyrir sig á veisluárunum í gömlu bönkunum. Lausn á of mikilli skuldsetningu er ekki aukning útlána. Mikilvægasta verkefni bankanna, stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er að stuðla að stöðugleika á Íslandi svo við vinnum bug á verðbólgunni, vextir lækki og gengi krónunnar styrkist. Þannig eflum við hag heimila og fyrirtækja.

Höfundur er bankastjóri Nýja Kaupþings banka.

Evrópa er brýnasta verkefnið

UMRÆÐAN
Valgerður Bjarnadóttir skrifar um Evrópumál

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Ætli það sé einfaldlega þannig að við, á ég þá við okkur Íslendinga, kunnum ekki að vera frjáls? Ætli við séum bara best geymd í gjaldeyrishöftum, vísitölutryggingum og verðlagsnefndum? Ef sú er raunin þá erum við á góðri leið inn í óskalandið.

Þeir eru til sem treysta okkur ekki til að vera frjáls og sjálfstæð, berandi höfuðið hátt í samfélagi og samstarfi við aðrar þjóðir. Þeir eru þeirrar skoðunar að við verðum borin ofurliði, auðlindinni verði stolið frá okkur og við munum standa uppi slypp og snauð. Einver gæti haldið að þeir væru útlendingar, en svo er ekki. Þeir sem treysta okkur svona vel – eða hitt þó heldur – í samfélagi þjóðanna, í samfélagi við annað fólk, eru góðir og gegnir Íslendingar. Þeir mega auðvitað hafa þessa skoðun, en þeir mega ekki halda að þessar skoðanir geri þá að betri Íslendingum en okkur hin sem erum á annarri skoðun.

Merkasta pólitíska tilraunin

Enginn er eyland. Ég held að það séu mikil sannindi. Engin getur farið alein í gegnum lífið. Hversu sjálfstæð, sjálfum sér nóg og sjálfbjarga sem hún er. Það sama held ég að eigi við um þjóðir. Ekki síður eftir að fjarlægðir hættu í rauninni að vera til og urðu bara eitt símtal eða skeyti í tölvunni. Þjóðir þurfa á öðrum þjóðum að halda. Ekki bara til að verja sig þegar heimurinn á í köldu stríði heldur líka til að styðja hver við aðra og eflast saman í sameiginlegu átaki á friðartímum.

Þjóðir í Vestur-Evrópu hafa átt með sér náið efnahagslegt samstarf í meira en hálfa öld. Til samstarfsins var stofnað til að tryggja frið í álfunni. Nágrannar höfðu átt í stríði í aldir. Á rétt rúmlega fjörutíu árum voru tvö stríð – tvær heimsstyrjaldir – háð, mest á litlum bletti heimsins, sem nefnist Evrópa. Þá datt framsýnum mönnum í hug að binda þjóðirnar þeim böndum sem erfitt yrði að slíta, nefnilega efnahagslegum böndum. Í fyrstu vildu ekki allir vera með. Það er ekki nema eðlilegt. En samstarfið hafði ekki varað í hálfan áratug þegar fyrst var bankað upp á, þó það tæki nokkuð lengri tíma að nokkrum væri hleypt inn.

Stofnun Efnahagsbandalagsins á sínum tíma var ábyggilega ein merkilegasta póitíska tilraun sem nokkurn tíma hefur verið gerð. Það er kannski enn merkilegra að núna meira en fimmtíu árum síðar vitum við ekki hvort hún tókst. Af hverju vitum við það ekki, spyr kannski einhver. Svarið er einfalt. Tilrauninni er ekki lokið. – Hingað til hefur hún þó heppnast betur en nokkur þorði að vona. Það þori ég að fullyrða.

Við, Noregur og Liechtenstein

Einn kafli í tilrauninni var Evrópska efnahagssvæðið. Það var stutt í blóma, vegna þess að Berlínarmúrinn féll. Heimsmyndin breyttist, kalda stríðinu lauk. Þjóðir sem höfðu verið hlutlausar, Svíar og Austurríkismenn, gátu skyndilega verið í nánu félagi með nágrönnum sínum. Finnar voru því fegnastir að fá skjól, ef rússneski björninn skyldi nú ranka við sér á ný. Svisslendingar vildu ekki einu sinni vera í Sameinuðu þjóðunum. Norðmenn þurfa á engum að halda því þeir eiga fullt af olíu, svo þeir sögðu nei. Þar með töldu íslenskir stjórnmálamenn sig ekki þurfa að hugsa um þetta meir. Eftir urðum við með Norðmönnum og Liechtenstein í EES.

Ekki EES að kenna

EES-samningurinn hefur reynst okkur vel. Honum er ekki um að kenna að við erum á hausnum. Vissulega er það rétt að samningurinn leyfði að bindiskylda bankanna yrði lækkuð. Vissulega er það rétt að ef bindiskylda íslensku bankanna hefði ekki verið lækkuð, þá hefði bindiskylda þeirra verið hærri en einhverra annarra banka í Evrópu. Heimildarákvæði eru ekki dagskipanir. Heimildarákvæði eru rammi um það sem má gera. Ef Seðlabankanum þótti óskynsamlegt að leyfa íslenskum bönkum að hafa jafn lága bindiskyldu og einhverjir aðrir bankar í öðrum löndum höfðu, þá átti hann ekki að lækka bindiskylduna. Það skiptir engu máli að hann mátti lækka hana skv. EES-reglum. Ef útivistartími barna er til klukkan tíu, þá þýðir það ekki að foreldrar verði að leyfa börnum að vera úti til klukkan tíu. Foreldrar þurfa ekki einu sinni að leyfa krökkum að fara út á kvöldin, ef þau halda að börnin fari sér að voða.

Þetta er það sem ég á við þegar ég velti því fyrir mér hvort við kunnum ekki að vera frjáls. Velti því fyrir mér hvort við kjósum frekar boð og bönn en olnboga- og andrými. Hvernig viljum við hafa þetta: að það sé leyft sem ekki er bannað, eða að það sé bannað sem ekki er leyft. Ég vel fyrri leiðina og tel þess vegna brýnasta verkefnið að koma okkur í Evrópusambandið.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Fjármálanámskeið á vegum Íslandsbanka og Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík

Undanfarið hafa margir viðskiptavinir Íslandsbanka lýst þeirri skoðun sinni að bankinn eigi að bjóða upp á fjármálafræðslu fyrir almenning. Þess vegna býður Íslandsbanki nú upp á fjármálanámskeið í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík. Leiðbeinandi verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum, ásamt ráðgjöfum frá Íslandsbanka.

Markmið námskeiðsins er að veita ráðleggingar um flest sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar. Þátttakendur verða fræddir um sparnað, lán, efnahagsreikning heimilisins, heimilisbókhald, fjárfestingar, lífeyrissparnað og margt fleira.

Námskeiðin fara fram í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, og eru öllum opin. Hvert námskeið stendur í 3 klst. og þátttökukostnaður er 1.000 kr. eða 1.000 punktar í Vildarklúbbi Íslandsbanka.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is/fjarmalanamskeid

Námskeiðin verða:

- Laugardaginn 28. febrúar Kl. 10.00–13.00
- Miðvikudaginn 4. mars Kl. 17.15–20.15
- Laugardaginn 7. mars Kl. 10.00–13.00
- Miðvikudaginn 11. mars Kl. 17.15–20.15
- Laugardaginn 14. mars Kl. 10.00–13.00

Skráning á www.opnihaskolinn.is eða í síma 599 6394.

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki

Gullið tækifæri fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair!

Dublin

þar sem hjörtun slá hraðar

9. – 13. apríl, páskar og 30. apríl – 4. maí

Verð fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair:

Frá aðeins 39.900 kr.*
og 50.000 Vildarpunktar
á manninn m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 4 nætur
(verð án Vildarpunkta: 69.000 kr.).

Söngvarnir í Dublin búa enn yfir seiðmagni, ástríðu, skaphita og smitandi fjöri. Mannlífið dafnar og fer sínar eigin sjarmerandi leiðir inni á kránum. Kastaníutrén eru að blómgast og hlýlegar sveitirnar og þorpin í grenndinni máta sumarbúninginn.

Gott fólk 60+

Ferð um sveitir Írlands 9. - 13. apríl
Dublin - Galway - Kilkenny
Verð frá 64.400 kr.* + 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli með 5.000 kr. klúbbafslætti fyrir félaga í Gott fólk 60+
(verð án Vildarpunkta 94.900 kr.* með klúbbafslætti).

* Innifalið: Flug, gisting m. hálfu fæði, akstur, aðgangseyrir, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Golf - glæsileg nýjung!

4 nætur og 5 golfdagar á Knightsbrook Golf Resort.
Nýtt 4 stjörnu hótel, skemmtilegur 18 holu völlur.
Verð frá 89.500 kr.* + 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli í 4 nætur
(verð án Vildarpunkta 119.500 kr.*).

Innifalið: Flug, flugvallarskattur, akstur til og frá flugvelli erlendis, ótakmarkað golf, morgun- og kvöldverður, fararstjórn.

Við bjóðum gistingu á fjórum hótelum Dublin:

Burlington
Verð: 49.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli (verð án Vildarpunkta 79.900 kr.*).

Ballsbridge
Verð: 49.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli á Ballsbridge
(verð án Vildarpunkta 79.900 kr.*).

Camden Court
Verð: 39.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli (verð án Vildarpunkta 69.900 kr.*).

Temple Bar
Verð: 54.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli á Temple Bar
(verð án Vildarpunkta er 84.900 kr.*).

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, morgunverður og íslensk fararstjórn.

Við bjóðum gistingu á þremur hótelum í San Sebastián:

Hótel MARIA CRISTINA ★★★★★
Stórglæsilegt hótel með framúrskarandi þjónustu í hjarta borgarinnar, í gamla miðbænum.
Verð 114.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli (verð án Vildarpunkta 144.900 kr.*).

Hótel ASTORIA7 ★★★★
Stílhreint, nýuppgert og vel búið hótel í í u.þ.b 25 mín göngufjarlægð frá gamla miðbænum.
Verð 79.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli (verð án Vildarpunkta er 109.900 kr.*).

Hótel PALACIO DE AIETE ★★★★
Fallegt hótel í rólegu hverfi ofarlega í bænum. 5 mínútna akstur niður á strönd og í gamla miðbæinn.
Verð 74.900 kr.*
+ 50.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli (verð án Vildarpunkta er 104.900 kr.*).

Missið ekki af einstökum tilboðum!
Pantið á www.VITA.is eða hafið samband í síma 570 4444.

Þessar ferðir þarf að greiða með VISA kreditkorti.

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Safnaðu Vildarpunktum | VISA | ICELANDAIR | Vildarkorts

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 44962 02/09

Ferðaskrifstofan VITA og VISA kynna

Spánn

San Sebastián

Rio norðursins

4 nátta helgarferð 29. apríl til 3. maí

Sól, lífsgleði, náttúrufegurð, menning og saga
San Sebastián er heillandi borg í Baskalandi Spánar, rétt við landamæri Frakklands, þar sem öldur Biskæjaflóa gæla við ströndina og að baki rísa tignarlegir fjallgarðar.

Mekka spænskrar matarmenningar
Hvergi í veröldinni eru jafnmargir Michelin-staðir á jafnlitlu svæði og í San Seabastián og nærliggjandi bæjum.

Úrvalsgisting á glæsilegum hótelum
Við bjóðum gistingu á þremur hótelum í mismunandi verðflokkum en þau eru öll með fyrsta flokks þjónustu og frábærri aðstöðu.

Ferðatihögun
Flogið er með beinu leigufugi með Icelandair, frá Keflavík að morgni 29. apríl og komið heim aftur að kvöldi 3. maí.

Verð fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair:

Frá aðeins 74.900 kr.*
og 50.000 Vildarpunktar
á manninn m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 4 nætur
(Verð án Vildarpunkta: 104.900 kr.).

Greiðsla með Vildarpunktum
50.000 Vildarpunktar = 30.000 kr.
30.000 Vildarpunktar = 18.000 kr.
15.000 Vildarpunktar = 10.000 kr.

Golf í San Sebastian

„Ég er nýkominn heim frá San Sebastian og er heillaður. Basozabal golfvöllurinn er frábær – það má enginn missa af þessu tækifæri!"

Peter Salmon,
fararstjóri fyrir golfhópinn

3 hringir með golfbíl eða rafmagnskerru á 18 holu golfvelli hönnuðum af Olazábal

Verð: 34.900 kr.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í ferðaklúbbinn á VITA.is

Beint flug með Icelandair

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

Nánast neikvætt að eiga peninga

Framsóknarflokkurinn hefur sótt í sig veðrið á þeim mánuði síðan **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** var kjörinn formaður. Í samtali við ***Bergstein Sigurðsson*** segir Sigmundur Davíð að honum þyki ríkisstjórnin sem hann ver vantrausti ætla sér of mikið en mikið þurfi að gerast til að Framsókn hverfi frá hlutleysi sínu. Hann telur uppstillingu í Reykjavík heppilegri leið til að ná fram endurnýjun í flokknum en prófkjör og á í ágætu sambandi við Guðna Ágústsson.

VILL AÐ ERLENDIR KRÖFUHAFAR EIGNIST HLUT Í BÖNKUNUM Sigmundur Davíð telur að best sé að erlendir kröfuhafar eignist hlut í bönkunum. Framsóknarflokkurinn mun kynna efnahagstillögur sínar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eitt af þínum fyrstu verkum sem formaður var að taka þátt í að mynda nýja ríkisstjórn, sem Framsóknarflokkurinn ver vantrausti. Hvernig finnst þér ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri græns hafa staðið sig? Hvað er vel gert og hverju er ábótavant?

„Það sem helst vantar upp á eru útfærslurnar í þeim málum sem við erum sammála um. Það vantar líka kannski upp á að ríkisstjórnin einbeiti sér að fáum, afmörkuðum verkefnum. Það var þannig sem ég sá fyrir mér ríkisstjórnina starfa; sem bráðabirgðastjórn með afmarkað umboð. En hún er að reyna að hugsa um of margt í einu, ætla sér um of og taka á hlutum sem er ekki eðlilegt að bráðabirgðastjórn taki að sér.“

Hvað viltu sjá að hún geri?

„Ég vil sjá útlistaðar leiðir í efnahagsmálum varðandi stöðu heimilanna og atvinnulífsins. Og svo er það stjórnlagaþingið, það er að almenningur geti haft eitthvað með það að segja hvernig stjórnarskráin lítur út, því ef við ætlum að fara í endurskoðun á öllu stjórnkerfinu, allri pólitíkinni, þá verður að byrja þar. Ef almenningur fær ekki á tilfinninguna að hann fái að taka þátt í því máli, þá myndast vantraust úti um allt. Þannig að þetta þarf að vera alveg á hreinu.

Þá finnst mér ríkisstjórnin þurfa að útlista hvernig eigi að gera hluti sem menn eru jafnvel byrjaðir að kynna, til dæmis Tónlistarhúsið. Það geta allir verið sammála um það að þarf að klára þetta hús en ég hefði viljað sjá nánari útfærslu á því hvernig þetta verður fjármagnað. Við megum ekki lenda í því að það verði sett þarna eitthvað inn í einn eða tvo mánuði en svo strax eftir kosningar komi í ljós að það hafi ekki verið hægt því bankinn hafi ekki átt þessa peninga til.“

Sérðu fyrir þér að ríkisstjórnin muni gera eða ekki gera eitthvað sem getur valdið því að Framsókn hverfi frá hlutleysi sínu?

„Það væri mjög erfitt að þurfa að gera slíkt. Það þyrfti að vera mjög brýn ástæða fyrir því, væntanlega útilokun á einhverjum af þeim meginskilyrðum sem við settum í upphafi.“

Efnahagsáætlun

Sjálfur sagðir þú eftir að þú varst kjörinn formaður að eitt af þínum fyrstu verkum væri að setja fram efnahagsáætlun. Hvar er hún?

„Fljótlega eftir kjör mitt var mynduð ný ríkisstjórn og við töldum að þar sem Framsóknarflokkurinn væri ekki aðili að henni væri rétt að gefa henni tækifæri til að leggja fram slíka áætlun. En nú er ekki hægt að bíða lengur eftir þeirri útlistun og ég geri ráð fyrir að við munum kynna heildaraðgerðapakka á sunnudaginn.

Útgangspunkturinn verður sá að við leggjum til nokkrar aðgerðir um hvernig megi koma atvinnulífi og bönkunum aftur af stað, þannig að fjármagn fari að streyma um hagkerfið til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi haldi áfram að aukast. Það er frumskilyrði, en svo erum við með nánari útfærslur á því hvað er hægt að gera varðandi skuldir heimilanna.“

Geturðu nefnt dæmi?

„Ég lofaði að tjá mig ekki um það fyrr en á fréttamannafundi á sunnudaginn.“

Hvað viltu sjá verða um bankana?

„Að mínu mati er langbesta leiðin að erlendir kröfuhafar eignist hlut í bönkunum. Fyrir því eru nokkrar ástæður, helst þær að með því öðlast bankakerfið aukið traust – því miður er traust á íslenskum stjórnvöldum og bankakerfi ákaflega lítið. Þá dregur það úr þeirri hættu að þau mistök sem voru gerð endurtaki sig. Ef bankarnir fara í eigu erlendu kröfuhafanna þá hafa þeir ríka ástæðu til að bönkunum gangi vel og halda þeim gangandi. En til að þetta megi verða þarf að tryggja stöðu þeirra sem skulda bönkunum að því leyti að ekki verði gengið að þeim og íslenskt efnahagslíf lagt í rúst. Sé það tryggt þá er þetta besta leiðin. En við munum kynna útfærslur á tillögum í þá átt á sunnudag.“

Evrópumál

Flokksþing Framsóknarflokksins, þar sem þú varst kjörinn formaður, samþykkti auk þess með afgerandi hætti að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Síðan þá hefur ekkert bólað á Evrópuumræðunni. Hverju sætir það?

„Efasemdir mínar um Evrópuumræðuna hjá síðustu ríkisstjórn snerust fyrst og fremst um að hugur fylgdi ekki máli og hún væri notuð til þess að drepa málum á dreif. En það kom mér mjög á óvart hvernig umræðan gufaði upp. Mín kenning er sú að þetta sé eitt af þeim málum sem núverandi stjórnarflokkar hafi ekki getað komið sér saman um og hafi þar af leiðandi sammælst um að ræða ekki í bili?“

Telur þú að unnt sé að endurreisa íslenskt efnahagslíf með krónunni?

„Þetta hefur verið erfiðasta spurningin í efnahagsumræðunni allri. Ég er tilbúinn til þess að skoða einhliða upptöku annars gjaldmiðils; ég er ekki endilega fylgjandi því en ég er hræddur um að við gætum lent í þeirri stöðu að við neyðumst til að skoða það.“

Eigum við að kanna einhliða upptöku annars gjaldmiðils áður en við hefjum aðildarviðræður við ESB?

„Þetta tvennt getur vel farið saman. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að menn telji að aðildarumsókn ein og sér leysi gjaldmiðilsmál okkar. Nú eru til dæmis Tékkar að sækja um upptöku evru en eru þó komnir mun lengra en við og þegar orðnir aðilar að ESB, en gera sér vonir um að geta tekið upp evru árið 2015. Hvað sem við gerum þurfum við að huga að bráðabirgðalausn, því það er ómögulegt að búa við gjaldeyrishöft. Peningastefnan er meðal þeirra mála sem aðgerðaáætlun okkar tekur til og við kynnum á sunnudag.“

Okkar heimildir herma að frá því þú varðst formaður hafi tekist gott samband milli þín og Guðna Ágústssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins. Er það rétt?

„Ja, ég hef lagt mig eftir því að kynnast fyrrverandi formönnum og stjórnarmönnum í flokknum og læra af reynslu þeirra. Og það er alveg rétt að ég hef hitt Guðna. Ég verð að segja að það kom mér á óvart hvað fyrrverandi formenn og þeir sem hafa starfað lengi í flokknum hafa verið tilbúnir til að taka mér strax opnum örmum. Þegar maður kemur nýr inn einhvers staðar tekur oft tíma til að það myndist sátt, ef svo má segja, en það hefur ekki verið vandamál. Hins vegar er alltaf verið að reyna – að ég tel í pólitískum tilgangi – að tengja mig mönnum sem hafa verið nefndir í tengslum við bankaumræðuna; menn eins og Ólaf Ólafsson og Finn Ingólfsson, en þá þekki ég ekki neitt.

Fjármálin

Reglur Framsóknarflokksins kveða á um að kjörnir fulltrúar upplýsi um fjármál sín. Ætlar þú að gera það?

„Já, það er ekkert mál. Ég er reyndar hræddur um að mönnum þyki þau tiltölulega óspennandi. Ég á bara hlutabréf í einu fyrirtæki, félagi sem ég stofnaði ásamt öðrum um heimildarmyndagerð. En það eru engin umsvif í kringum það.“

Kona þín er vel stæð og sumir vilja meina að fjármál hennar ættu líka að vera uppi á borðum. Finnst þér ástæða til þess?

„Hún svo sem ræður því sjálf hvernig hún hagar því. Það er ekkert launungarmál að fjölskylda hennar rak P. Samúelsson. Hún seldi sinn hlut í því og var mjög hörð á því á sínum tíma að gefa alla upphæðina upp til skatts og fara ekki í neinar æfingar með það. Hún er ofurvarfærin, allt um það mál liggur fyrir og í rauninni ekkert meira um það að segja.

Hins vegar hef ég orðið var við það að þetta hefur verið notað til að reyna að gera mig tortryggilegan og þá komum við aftur að netumræðunni sem virðist afar vel skipulögð af vissum hópi.“

Hvaða hópi?

„Samfylkingunni.

Vegna þess hvernig tíðarandinn er þykir það nánast neikvætt að eiga einhverja peninga. Það að geta tengt mig við fólk sem á peninga, til dæmis konuna mína, þykir vera nóg til að koma á mig höggi. En mér þykir þetta í sjálfu sér í allt í lagi. Þetta fyrirtæki sem fjölskyldan rak var byggt upp á 40 árum. Ég held að það sé óhætt að segja að þetta hafi verið vel rekið fyrirtæki, sem snerist um að gera hlutina vel og byggjast upp smátt og smátt, ekki hluti af þessu loftbóluhagkerfinu. Konan mín á að vera stolt af þessu frekar en hitt.

Hvað mig varðar þá er þetta líka ágætt. Ég er í ágætu skjóli svo lengi sem konan mín gefst ekki upp á mér, ég fæ þá að borða og menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að það sé hægt að ná til mín með fyrirgreiðslu eða ég þurfi að setja mig í þá stöðu að ég skuldi mönnum greiða. Ég er því frjáls til að fylgja eingöngu skoðunum mínum og beita mér jafnvel hart fyrir þeim.“

En er það ekki skiljanlegt að sumir kunni að efast um hvort þú skiljir þá neyð sem blasir við mörgum?

„Já, ég get vel skilið að fólk sé tortryggið hvað slíkt varðar. Á móti verð ég bara að biðja fólk að trúa því að ég sé í pólitík til að láta gott af mér leiða. Ég ætlaði aldrei að fara út í stjórnmál, en ástæðan fyrir því að ég ákvað að taka slaginn núna var sú að ég var farinn að fá á tilfinninguna að mjög víða liði fólki illa. Ég held að þannig sé raunin núna og eflaust mun það aukast.

Ég hugsaði með mér að ef ég teldi mig hafa eitthvað til málanna að leggja væri það skylda mín að reyna að gera það. Ef það misheppnast, ef mér tekst ekki að láta fólki líða betur þá á ég ekkert erindi í pólitík. Og þá geta menn hafnað mér. En ég vona að menn hafni mér ekki fyrirfram þó að konan mín sé vel sett. Í rauninni má segja að í þessari umræðu þá ættu menn kannski frekar að velta fyrir sér skuldum manna en eignum; það er það sem setur mann í erfiða stöðu.“

Valið á lista

Hvers vegna var ákveðið að stilla upp á lista Framsóknar í Reykjavík í stað þess að halda prófkjör?

„Það verður farin þessi forvalsleið, það er að segja það verða lagðar fram tillögur að nöfnum sem kosið verður um á kjördæmisþingi. Við reyndum að finna leið sem gæfi nýju fólki tækifæri til að koma inn í stjórnmálin.

Stjórnmál hafa verið gagnrýnd fyrir það að vera lokaðir klúbbar, þar komist enginn nýr að vegna þess að pólitíkusar færist einfaldlega smátt og smátt upp eftir flokkspýramídanum. Þetta er hugsað sem leið til að opna á það að nýtt fólk komist inn. Það er í samræmi við þá kröfu í samfélaginu um endurnýjun og að flokkarnir opni sig. Með þessu vonumst við til að geta blandað saman þeim sem hafa verið öflugir í starfinu fyrir flokkinn og einhverjum nýjum utanaðkomandi, mönnum sem eru vel í stakk búnir til að taka á þessu ástandi sem við erum að fara í gegnum núna.“

En þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt fyrir hið gagnstæða, það er að loka á nýja frambjóðendur. Hefði það ekki verið lýðræðislegra og í meira samræmi við kröfuna um endurnýjun að halda prófkjör?

„Prófkjör er dýrari aðferð sem menn ráðast ekki í í óvissu. Hugsunin er sú að við viljum fá fólk úr grasrótinni en líka fólk utan grasrótarinnar; fólk sem er kannski að störfum í háskólum, atvinnulífi eða einhverju öðru en getur hentað mjög vel núna í þessu árferði, að það hafi tækifæri. Við viljum auðvitað að sem flestir gefi kost á sér. Á endanum verður kosið um þetta. Það er rétt að taka fram að það getur hver sem er boðið sig fram í hvaða sæti sem er: þetta er bara til þess gert að reyna að fá fleira af nýju fólki.“

Þú tilkynntir á fimmtudag að þú myndir bjóða þig fram í Reykjavíkurkjördæmi norður. Ég hef heimildir fyrir því að þú hugðist bjóða þig fram í Suðurkjördæmi og hafir verið búinn að tilkynna trúnaðarmönnum flokksins það. Hvað breyttist?

„Fólki úr grasrót flokksins á landsbyggðinni, upphafsmenn að framboði mínu, vildi að ég færi fram í landsbyggðarkjördæmi. Það var hugsað til þess að styrkja tengsl mín við landsbyggðina. Ég hefði haft mjög gaman að því og hugleiddi alvarlega að fara fram í annaðhvort Norðvestur- eða Suðurkjördæmi. Ég var síðan búinn að ákveða að fara fram í Suðurkjördæmi, í þriðja sæti. Ég ræddi það við trúnaðarmenn flokksins. En þá var orðið ljóst að menn í Reykjavík vildu að ég færi fram þar og rök þeirra voru þau að ég myndi nýtast landsbyggðinni betur í Reykjavík.“

Hefði framboð þitt í landsbyggðarkjördæmi ekki líka verið til marks um að þú værir ekki bjartsýnn á gengi flokksins í Reykjavík?

„Það hefði kannski mátt túlka það þannig. Hefðu menn haft áhyggjur af því hefðu það verið rök í málinu. En ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki leitt hugann að þessum fleti á málinu fyrr en það var nefnt við mig, því ég geri ráð fyrir að við fáum að minnsta kosti tvö menn í báðum Reykjavíkurkjördæmum.“

Hvernig meturðu stöðu Framsóknar í komandi kosningum?

„Ég var mjög ánægður með síðustu skoðanakönnun sem sýndi fimmtán prósent fylgi. Ég var feginn að sjá þær niðurstöður og held að við munum bæta við okkur fram að kosningum.“

Stykkishólmur, sigling

LEITA

Nýtt já.is

Sæferðir ehf.

Smiðjustíg 3 - 340 Stykkishólmi
Sími 438 1450
Fax 438 1050
www.saeferdir.is | saeferdir@saeferdir.is

Ævintýraheimur Hafsins - Sæferðir bjóða upp á daglegar ævintýrasiglingar frá Snæfellsnesi. ...

SJÁ NÁNAR

Sækja vCard

Prenta

já - er svarið

118 ja.is Símaskráin

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 44440 02/09 Ljósmynd: Frank Bedford

Helgarfjör í BYKO!

Breyttu og bættu með BYKO!

BYKO Breidd
Sýningareintök á enn lægra verði!

SELJUM ÓSÓTTAR PANTANIR OG SÝNINGAREINTÖK Á GRÍÐARLEGA LÆKKUÐU VERÐI!

Eldhús- og baðinnréttingar, speglaskápar, hurðir og borðplötur gas- og keramikhelluborð, ofnar, ísskápar, kaffivélar, örbylgjuofnar, hornbaðkör, nuddbaðkör, sturtuhurðir og sturtuhorn og úrval af handlaugum ofl. ofl.

Afgangasala á flísum og parketi!

Fyrstur kemur fyrstur fær!

Nú á allt að seljast!

Viðarrimlagardínur
Verð frá **3.000 kr.**

Rjómabolla og kaffi 99 kr.

BYKO Breidd
laugardag og sunnudag!
Hámark tvær bollur á mann.

BYKO Kauptúni
laugardag!
Hámark tvær bollur á mann.

Gildir meðan birgðir endast!

Kynningar í BYKO Kauptúni

Laugardaginn 13-16 verður kynning frá Málningu á tjöruhreinsi/dekkjahreinsi og fleiri íslenskum vörum frá Málningu.

SONAX
Kynning á SONAX á bílahreinsivörum verður á **laugardag kl.13-15.**

30% kynningarafsáttur af BUZILhreinsiefnum í BYKO Breidd!

Í BYKO Breidd verður kynning á BUZIL hreinsefnum fyrir heimilið, 30% kynningarafsláttur, **laugardag 12-15.**

Málningarráðgjöf frá málarameistara BYKO

Fáðu ráðgjöf við val á málningu í dag í BYKO Granda!

Gildir frá 19. febrúar – 1. mars

10 daga verðsprengja

Ljós á fáránlegu verði

30% afsláttur

af öllum ljósum*

* gildir ekki með öðrum tilboðum

BYKO



Heimsendir geymdur um borð

Tveir kjarnorkukafbátar rákust á í Atlantshafi 4. febrúar. Atvikið hefur vakið athygli hér á landi, ekki síst fyrir þær sakir að sérfræðingar telja að legið hafi við stórfelldu kjarnorkuslysi sem hefði haft ófyrirséðar afleiðingar í för með sér fyrir náttúru og efnahag margra landa. Bátarnir eru risavaxnir og bera gríðarlega öflug vopn, eins og *Svavar Hávarðsson* komst að.

Skemmdirnar á breska bátnum benda til þess að litlu hafi munað að hér yrði stórslys af óþekktri stærðargráðu," er haft eftir Kate Hudson, stjórnarformanni Samtaka um kjarnorkuafvopnun (CND), á vef bandarísku fréttastofunnar CNN. „Við vorum nærri því að upplifa martröð."

Hinn 4. febrúar síðastliðinn rákust tveir kjarnorkukafbátar á í N-Atlantshafi. Bátarnir, annar breskur en hinn franskur, eru báðir knúnir af eigin kjarnaofni (kjarnorkuveri) og bera kjarnorkuvopn. Í fyrstu neituðu stjórnvöld beggja landa að viðurkenna að áreksturinn hefði átt sér stað en gáfu sig um síðir. Talsmenn varnarmálaráðuneytanna í Lundúnum og París, sem hafa hafnað því að gefa upp nákvæma staðsetningu atviksins, tóku þó sérstaklega fram að engin hætta hefði verið á kjarnorkuslysi. Áreksturinn var engu að síður svo harður að draga varð breska kafbátinn, Vanguard að nafni, til hafnar í Faslane í Skotlandi. Franska kafbátnum, Le Triumphant, var siglt til hafnar í Brest í Norðvestur-Frakklandi í fylgd freigátu. Samtals voru um 240 menn í áhöfn beggja kafbátanna. Um borð í bátunum voru um 100 kjarnaoddar að talið er. Sprengikraftur hvers kjarnaodds er mörgþúsundfaldur, borinn saman við sprengikraft kjarnorkusprengjanna sem notaðar voru í árásum Bandaríkjamanna á Japan í síðari heimsstyrjöldinni.

Risar undirdjúpanna

Það er erfitt að gera sér stærð kjarnorkukafbáts í hugarlund. Til þess að gera sér betur grein fyrir því hvers kyns farartæki er hér um að ræða er nærtækt að bera saman kafbát og stóran skuttogara sem flestir þekkja í sjón. Stór kjarnorkuknúinn kafbátur er 130 til 170 metra langur en skuttogari er hins vegar yfirleitt 100 metrum styttri, sem nemur tæplega lengd fótboltavallar. Rúmtak slíks kafbáts er allt að 24.000 lestir á meðan rúmtak skuttogarans er 24 sinnum minna. Þeir sem ekki þekkja togara í sjón geta haft hugfast að Brúarfoss, gámaflutningaskip Eimskips, er tæplega 8.000 lestir að stærð. Afl kjarnorkuknúins kafbáts sem kemur frá kjarnaofni bátsins er á bilinu 40 til 90 megavött, en getur orðið allt að 200 megavött, sem nálgast framleiðslugetu Búrfellsvirkjunar.

Bretland

Tegund: Vanguard
Nafn: HMS Vanguard
Fjöldi: 4
Stærð: 15.980 lestir
Lengd: 150 metrar
Breidd: 12,80 metrar
Vopn: 16 eldflaugar (allt að 128 kjarnaoddar); tundurskeyti
Áhöfn: 135

Frakkland

Tegund: Triomphant
Nafn: Triomphant
Fjöldi: 4
Stærð: 12.640 lestir
Lengd: 138 metrar
Breidd: 12,50 metrar
Vopn: 16 eldflaugar(48-80 kjarnaoddar); tundurskeyti
Kjarnaofn: 150 megavött
Áhöfn: 111

Leynd um fjölda

Óvíst er nákvæmlega hve mörg skip og kafbátar eru knúin kjarnorku í dag. Ljóst er þó að bæði Rússar og Bandaríkjamenn eiga yfir 100 kjarnorkukafbáta hvor þjóð. Þá eiga Bretar og Frakkar innan við tuttugu hvor þjóð og Kínverjar sex. Indverjar vinna að hönnun kjarnorkukafbáts og orðrómur er uppi um að þeir leigi tvo af Rússum nú þegar. Bandaríkjamenn ráða yfir ellefu kjarnorkuknúnum flugmóðurskipum og Frakkar einu. Rússar eiga átta kjarnorknúna ísbrjóta og nokkur herskip einnig, en óljóst er hve mörg.

Þegar litið er til stærstu bátanna sem bera langdrægar kjarnorkueldflaugar innanborðs eiga Bandaríkjamenn 18 slíka af Ohio-gerð en Rússar 14 af Borei-gerð.

Gjöreyðingarmáttur í lestunum

Í einum kafbáti geta verið 200-300 kjarnaoddar sem hver um sig hefur nokkra tugi kílóa af hreinsuðu úrani eða plútoni. Í kjarnaofni kafbáta eru nokkrir tugir eða hundruð kílóa af hreinsuðu úrani og verulegt magn geislavirkra aukaefna sem myndast við kjarnaklofnun. Litlar líkur eru taldar á því að slys komi af stað kjarnorkusprengingu í oddunum þó það sé ekki útilokað, og því er mengunarhættan sem stafar af kjarnorkuvopnum kafbáta einkum fólgin í dreifingu óklofins úrans og hugsanlega plútons út í umhverfið. Plúton er mjög hættulegt efni, en mengunarhætta af völdum úrans er ekki talin eins mikil. Hins vegar eru geislavirk efni, sem myndast við kjarnaklofnun í kjarnorkuvél bátanna, mörg hver gríðarlega mengandi.

Kjarnorkuver kafbáta eru talin öruggari en kjarnorkuver á landi. Þar á móti kemur að kjarnorkuknúnir kafbátar eru hlaðnir vopnum og sprengiefni og eldsneyti fyrir eldflaugar. Ekki er erfitt að ímynda sér að mistök eða alvarleg bilun við flugtak langdrægrar eldflaugar frá kafbáti geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Til viðbótar eru allar aðrar hættur sem höfin geyma, eins og dæmin sanna.

Þegar kjarnorkuslys verður á landi sjá veður og vindar til þess að hættulegasta geislunin dvínar tiltölulega hratt. Mengun af völdum kjarnorkuslysa á höfunum er staðbundnari og jafnframt sterkari á því svæði sem hún nær til. Við þetta má bæta að við kjarnorkuslysi í hafinu er nánast ekkert hægt að gera. Engir möguleikar eru á að hreinsa upp mengunina. Hún verður einfaldlega að dreifast með straumum og dvína með tímanum. Er í þessu samhengi nauðsynlegt að geta þess að hönnun og smíði bátanna, sem og vopnanna sem þeir bera, er með þeim hætti að hættan á alvarlegu slysi er talin hverfandi.

Trident flugskeyti:

Voru hönnuð árið **1989**.
13,42 metrar á lengd og **2,11** m í þvermál.
59 tonn.
Drægni: 8.000 kílómetrar.
Nota **W76** kjarnaodda-100 kílótonn eða **W88** kjarnaodda sem **475** kílótonn.

Hvíti Kalkúninn

Konudagstilboð
Ferskar kalkúnabringur

1.890 kr/kg

Verð áður 3.039 kr/kg

Auðveld uppskrift að ljúffengri máltíð

Ofnbökuð kalkúnabringa með maissósu:
Fyrir 4-5 manns

1 kg kalkúnabringa
2 msk olia
1 tsk rósmarínnálar
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
Salt og nýmalaður pipar

Penslið bringuna með olíu og kryddið með rósmaríni, hvítlauk, salti og pipar. Setjið kjötið í ofnskúffu og bakið í 180°C heitum ofni í 60 mín eða þangað til kjarnhiti sýnir 70°C. Berið fram með maissósu og t.d. steiktum kartöflum og blönduðu grænmeti.

Maissósa

150 g maiskorn frosið
3 dl Rjómi
30 g smjör
Salt og nýmalaður pipar

Setjið maiskornið og rjóma í pott og sjóðið við vægan hita í 5 mín. Hellið þá úr pottinum í blandara eða matvinnsluvél og maukið vel ásamt smjörinu og smakkið til með salti og pipar.

Grafíka 09

ÍSFUGL

FK FJARÐARKAUP
Gæður Kostur fyrir þig!
Þín verslun SPAR Bæjarlind
netto
HLÍÐARKAUP
Þín verslun Kassinn
VEÓ Verslunin Einar Ólafsson ehf.
Melabúðin Þín verslun
KASKO
HAGKAUP Ein ferð betra verð
Þín verslun Seljabraut

Fésbók engu betri en Hafnarfjörður

Guðrún Helgadóttir komst að því að hálfur bærinn vissi að hún væri á fá börnin sín í mat. Það fréttist í gegnum fésbók. **Braga Valdimar** finnst líklegt að hann verði búinn að borga upp íbúðarlánið sitt árið 2412. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** ræddi um brauðvélar, vini og barnastjörnur við Rökstólapar vikunnar.

SKULDARINN OG SÚ SKULDLAUSA. Guðrún upplifði í sumar sem leið að vera skuldlaus í fyrsta skipti á ævinni. Bragi Valdimar er eins og flestir af hans kynslóð með íbúðalán. Hann á brauðvél sem Guðrúnu finnst afar sniðugt og ætlar að fá sér eins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nefnið þrjú atriði um hvort annað sem þið vitið ekki hvort eru sönn eður ei en gætuð engu að síður trúað að væru það?

Bragi: Hún Guðrún gæti haldið dagbók. Hún drekkur kaffi á morgnana. Og hún hengir viðurkenningarskjölin sín upp á vegg... afskaplega snobbuð hún Guðrún. Nei, ég held hún sé nefnilega afskaplega lítið snobbuð.

Guðrún: Jú, ég held ég sé dálítið snobbuð, á ákveðinn hátt. Þegar ég var krakki þá kvaldi ekkert mig meira en ljótleiki af öllu tagi. Í Hafnarfirði á þeim tíma var bókstaflega ekkert að sjá nema njóla og moldarflög í kringum vistarverur mannanna. Og ég var óskaplega glöð þegar ég fór að rækta í kringum húsið heima. En þetta kvaldi mig. Það er eitt var að vera fátækur eða peningalaus en fátæktinni fylgir oft ljótleiki sem fólk gefst upp fyrir. Það er það andstyggilega við fátækt, að menn láta hana fara að stjórna sér. Það kostar ekki mikið að kveikja á kertum þótt maður sé fátækur, en menn hætta því bara. En hvað mér finnst um þig Bragi? Þú kemur mér mikið á óvart! Manni finnst stundum að þessir krakkar sem eru í poppinu, séu óttalegir rugludallar. Mér líkar illa að sletta, en geri það þó núna - ég held þú sért frekar „streit“ karakter.

Bragi: Ferkantaður?

Guðrún: Nei, þú þarft ekkert að vera það endilega. Mér líkar þetta nefnilega að mörgu leiti vel. Ég er kannski svolítið bóhem í mér en ég vil nú samt hafa fæturna á jörðinni. Ég myndi giska að að þú værir fjölskyldufaðir, giftur konunni þinni og ættir jafnvel barn. Og reyndir að hafa stjórn á fjárhagsstöðu heimilisins. Traustur og áreiðanlegur - er það ekki?

Bragi: Jú, segjum það bara. Þetta er nokkuð vel af sér vikið hjá þér.

Konur á vagúmpakkningar

Nú hefur íslenskur matur mikið verið í fréttum og virðist eitt af því fáa sem útlendingar vilja sækja hingað þessa dagana. Hvaða íslenski mat haldið þið að við ættum alls ekki að markaðssetja fyrir túristana og hvaða mat ættum við að útnefna sem „þjóðarréttinn“?

Guðrún: Að minnsta kosti ekki heit svið. Vegna bragðs og ljótleika.

Bragi: Nei, þau eru ekki frýnileg. Ég held það sé líka mjög erfitt að útskýra súran hval. Út frá næringargildi og mannúðarsjónarmiðum. Ég myndi allavega ekki bjóða mig fram í að koma því á framfæri. Ég hugsa hinsvegar að pulsa með öllu komi vel til greina sem þjóðarréttur. Það er eitthvað svo dásamlegt við það að steiktur laukur, remúlaði og sinnep geti lifað hamingjusömu lífi saman.

Guðrún: Góð lambasteik myndi ekki bregðast þar heldur.

Bragi: Hófí er hið fullkomna andlit Íslands. Það væri hægt að dubba hana upp á pakkningarnar.

Guðrún: Já, bíddu nú við. Mér dettur nú bara í hug sjálfur forsetinn okkar fyrrverandi, Vigdís Finnbogadóttir.

Bragi: Þær saman, ég styð það, þær yrðu guðdómlegar.

Lifa ekki án internetsins

Segjum svo að hér á landi verði verulegur vöruskortur og þið fáið að hamstra þrjár vörutegundir fyrir ykkur prívat og persónulega, hvað verður fyrir valinu?

Bragi: Ég veit að dóttir mín yrði mjög sár ef það yrðu ekki til súkkulaðirúsínur á laugardögum. Þjóðin komst nú líka ágætlega langt á því að eiga kindur og sæmilega skóflu.

Guðrún: Ég myndi nú sakna þess að eiga ekki Nivea-kremið mitt. Nei ekki þetta í bláu dollunni - ég er nú orðin aðeins forframaðari, ég er farin að kaupa þetta í túpunum. Svo yrði ég að hafa ost, skratti myndi ég vera slæm ef ég hefði ekki ost. Og það þriðja, drottinn minn dýri, ég myndi nú segja tölvan mín!

Bragi: Já, almáttugur, internetið!

Guðrún: Jú, ég nota það nú líka en er þó ekki með Facebook eða hvað það heitir. Ég er allt of mikil prívatmanneskja til þess. Það fer svolítið í taugarnar á mér að fólk er að frétta það í gegnum facebook að ég hafi boðið börnunum mínum í mat eitthvert kvöldið og það veit það allt í einu hálfur bærinn. Eitthver af þessum ættmennum mínum eru dottin í þetta.

Bragi: Það er búið að troða sálarlausa borgarlífinu inn í smábæinn aftur með þessu. Allir með nefið ofan í hvers manns koppi.

Guðrún: Nákvæmlega, þetta er engu betra en í Hafnarfirði í gamla daga. Þetta er nákvæmlega þannig.

Bragi: Einmitt. Fólk er búið að berjast við að losna úr smábæjarslúðrinu í gegnum árin og svo kemur þetta allt aftan að okkur þarna.

Guðrún: Svo áttu einhverja 1400 vini sem þú þarft aldrei að hitta. Ég veit ekki hvað ég á - ég á kannski svona fjóra vini - í mesta lagi. En mér þykir voðalega gaman að hitta þá.

„Facebook-kjaftæði“

Hemmi Gunn á einmitt 5000 vini á Facebook. Nefnið mér annan Íslending sem þið gætuð trúað að ætti svo marga vini.

Bragi: Hver gæti átt svona marga vini?

Guðrún: Ég hef umgengist svo mikið af stjórnmálamönnum í lífinu að ég get alveg afskrifað að þeir eigi þann fjölda vina.

Bragi: En fimmþúsund vinir? Þetta er alveg óskaplegt magn ef maður ætlar að eiga þá í alvörunni. Og sinna þeim. Á einhverjum tímapunkti hlýtur einhver þeirra að breytast í kunningja. Eða hreinlega óvin.

Guðrún: Og það er líka kannski eitthvað sem maður vill gera og það er að velja sér sjálfur vini sína. Það gerir maður náttúrulega ekki á þessu Facebook-kjaftæði.

Í dag er talað um að fólk sem keyrir um á Range Rover líði eins og glæpamönnum. Hvaða aðra hluti er „erfitt“ haldiði að eiga í dag - án þess að lenda í fordómum?

Guðrún: Ja, mig langar reyndar svolítið í flatskjá. Ég er svo eldhrædd og mér er sagt að það kvikni ekki í flatskjám.

Bragi: Þú getur náttúrlega bara sagað aftan af túbusjónvarpinu þínu. Annars held ég að það sé svolítið erfitt að eiga Hummer-limmósínu.

Guðrún: Ég hugsa að það séu smá fordómar gegn einkaþotum í þjóðfélaginu.

Bragi: Líka erfitt að eiga banka örugglega. Ég náði hinsvegar ekki að kaupa mér flatskjá í góðærinu. Algjör bömmer.

Guðrún: Ég náttúrulega lærði dálítið á kreppunni sem var hér árið 1983. Þegar ég keypti þessa íbúð hér. Það tók mig tuttugu ár að telja smáaura til að halda henni og það gerðist ekki fyrr en í sumar sem leið að þau merkilegu tímamót urðu í lífi mínu að ég varð skuldlaus. Það var mikið frelsi. Skuldlaus í fyrsta skipti síðan ég varð stúdent en þá sló ég mitt fyrsta lán til að kaupa mér stúdentsdragt því það var enginn peningur til heima hjá mér fyrir svoleiðis löguðu. Enda átti ég níu yngri systkini. Svoleiðis að ég ætla aldrei það sem ég á eftir ólifað að slá lán. Ég fer hvort sem er ekki í búð nema ég viti hvað mig vantar, mér finnst ekkert sport að rápa í Kringlunni.

Bragi: Sem minnir mig á það. Ég á náttúrulega einn góðærishlut. Lán. Sem ég verð sennilega búin að borga upp árið 2412. Og svo keyptum við brauðvél.

Guðrún: Það er nú bara sparnaður. Já, veistu ég er hugsa um að gera það líka! Ég hefði nú átt að vita þetta þegar ég var spurð að því hvernig maður þú værir. Þú ert nefnilega akkúrat maðurinn sem gæti átt brauðvél.

> **Guðrún:** Ja, mig langar reyndar svolítið í flatskjá. Ég er svo eldhrædd og mér er sagt að það kvikni ekki í flatskjám. **Bragi:** Þú getur náttúrlega bara sagað aftan af túbusjónvarpinu þínu. Annars held ég að það sé svolítið erfitt að eiga Hummer-limmósínu í dag.

Þjakaður Jón Bjarni

Jóhanna Guðrún, söngkona íslenska Eurovison-lagsins í ár, er fyrrum barnastjarna. Hvaða núlifandi Íslendingur haldið þið að hafi verið einstaklega skemmtilegur krakki?

Bragi: Ég held að Ómar Ragnarsson hafi verið skemmtilegt barn.

Guðrún: Já, hann gæti sko alveg hafa verið það.

Bragi: Hugsið ykkur bara Magnús Scheving og Ómar Ragnarsson saman, úff, maður hefði nú ekki hleypt þeim nálægt nýbyggingarsvæðum. Með Davíð Oddsson í matrósarfötum á kantinum að hvetja þá áfram. En eru ekki börn almennt ágæt. Er ekki ljótt að segja að einhver hafi verið leiðinlegt barn?

Að lokum. Ef þið fengjuð að bæta spurningu í viðtalið - handa hvort öðru - hver yrði spurningin og hvert yrði svarið?

Guðrún: Segðu mér Bragi; Hvernig gengur þér að framfleyta þér á þinni list?

Bragi: Ég framfleyti mér barasta ekki neitt á minni list. Ég vinn á auglýsingastofu. Þá spyr ég þig Guðrún: Hvað er að frétta af honum Jóni Bjarna?

Guðrún: Eini Jón Bjarninn sem ég hef heyrt af lengi er héraðslæknir í Hafnarfirði sem bölvar í sand og ösku þessari kerlingu sem bjó til þá bræður. Annar hver sjúklingur sem hringir í hann segir: Er þetta ekki Jón Oddur? Og hann er orðinn ægilega leiður á þessu, elsku Jón Bjarni.

➜ VISSIR ÞÚ AÐ

...Guðrún var 20 ár á Alþingi, 4 ár í borgarstjórn, 10 ár hjá Tryggingastofnun Ríkisins og 10 ár í Menntaskólanum við Reykjavík.

...Bragi hefur verið.... hefur starfað á leiksóla, kennt við HÍ, verið í hljómsveitinni Klamidíu X, unnið á Árnastofnun og í fatahengi Þjóðarbókhlöðunnar, setið fundi um samevrópskan málningargrunn í Brussel, samið Snjallræðissögur fyrir börn, gefið út barnaplötu og rekið hugbúnaðarverkfræðistofu.

...Guðrún Helgadóttir telur að ef fólkið sem hefur vinnu myndi taka til í skápunum hjá sér, gæti það klætt börn alls atvinnulausa fólksins.

...Bragi hefur verulega áhyggjur af öllu skápaplássinu sem þá færi til spillis

...ef Bragi ætti að semja texta við viðlag Eurovisionlagsins yrði hann í formi hæku: Elsku Evrópa. Okkar þykir það mjög leitt, Við borgum ekki.

Elsku Evrópa - okkur finnst það leiðinlegt - við borgum ekki.

...ef Guðrún ætti að semja viðlagið myndu hún koma því á framfæri í textanum að víst væri Evrópa góð, en Norðurlöndin þó betri.

ALLTAF BETRA VERÐ

SJÁÐU ÖLL NÝJUSTU TILBOÐIN Á www.intersport.is

NIKE DÖMU ÆFINGASKÓR
8.990
(fullt verð 10.990)

NIKE WMN´S AIR STEADY LEATHER
Dömu æfingaskór með loftpúðum.
Litur: Svartir. Stærðir: 36-42.

NIKE INNANHÚSSSKÓR
7.490
(fullt verð 8.990)

NIKE MULTICOURT
Innanhússíþróttaskór. Litur: Svartir. Stærðir: 38[1/2]-45.

NIKE KÖRFUBOLTASKÓR
10.990
(fullt verð 13.990)

NIKE AIR CLENZ
Körfuboltaskór með loftpúðum.
Litur: Hvítir. Stærðir: 38[1/2]-47[1/2].

2.690
ENERGETICS PUSH UP GRIP
Handföng fyrir armbeygjur.

4.990 (fullt verð: 5.990)
PUMA FOUNDATION
Íþróttataska.

3.690 (fullt verð 4.290)
ENERGETICS GYMBALL SET Æfingabolti á fæti með teygjum. Leiðbeiningar með góðum æfingum fylgja.

INTERSPORT

PÓSTVERSLUN – SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLINNI **SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
INTERSPORT SMÁRALIND **SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
INTERSPORT LINDIR **SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18

CLUB INTERSPORT

Þú velur þína bita beint úr kjötborðinu!

NÓATÚN

Einfaldlega allt fyrir

SPRENGIDAGINN!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KÍKTU Á HEIMASÍÐU NÓATÚNS: www.noatun.is

NÓATÚN

www.noatun.is

Mikið úrval af ljúffengum bollum!

Myllu bollur með súkkulaði
499 kr. pk.

Myllu vatnsdeigs-bollur, litlar
448 kr. pk.

Myllu vatnsdeigs-bollur m/ súkkulaði
499 kr. pk.

Síríus Konsum suðusúkkulaði
285 kr. pk.

20% afsláttur

Þeytitoppur sprauturjómi
278 ~~348~~ kr. stk.

Mömmu sultur
20% afsláttur

Tilda hrísgrjón suðupokar
289 kr. pk.

Prins Polo XXL 4x52 g
299 kr. pk.

Sítrónutoppur 2 L
99 kr. 2L

Trópí 1 L
229 kr. stk.

Frón Sóló súkkulaðikex
229 kr. pk.

KEA skyrdrykkur
15% afsláttur

ÍM fiskibollur frosnar
698 kr. kg

Swiss Miss Marshmallows
549 ~~649~~ kr. stk.

Lux fljótandi sápa
20% afsláttur

NÓATÚN HAMRABORG
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-19:00
Sun. 11:00-19:00

NÓATÚN AUSTURVERI
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-19:00
Sun. 11:00-19:00

NÓATÚN GRAFAHOLTI
Mán - Fös 10:00-21:00
Lau. 11:00-20:00
Sun. 11:00-20:00

NÓATÚN NÓATÚNI 17
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-19:00
Sun. 11:00-19:00

NÓATÚN HRINGBRAUT
Mán - Fös 10:00-21:00
Lau. 11:00-20:00
Sun. 11:00-20:00

NÓATÚN SELFOSSI
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-19:00
Sun. 11:00-19:00

NÓATÚN

Hef lært að þekkja mín takmörk

Runólfur Ágústsson ætlar að aka einn þvert yfir Ástralíu. Hann hættir brátt sem framkvæmdastjóri hjá Keili, frumkvöðlastarfi hans þar er lokið. Öðrum fer betur að búa til verkferla og skipurit, segir hann í samtali við *Sigríði Björgu Tómasdóttur*.

Runólfur er fljótur að hugsa og fljótur að tala, það þekkja þeir sem hafa unnið með honum og reynt að fylgja honum eftir, hlaupa með honum eins og hann orðar það sjálfur. Þegar blaðamaður mætir á umsamdan stað, kaffihúsið Prikið í Bankastræti, er hann í símanum með tölvuna opna. Símtalinu er slitið fljótt eftir að Runólfur kemur auga á blaðamann og kaffihúsaspjall á hinni óformlegu skrifstofu hans hefst.

„Hingað kem ég mjög oft, þetta er eiginlega skrifstofan mín þegar ég er í bænum," segir Runólfur sem undanfarin rúm tvö ár hefur verið framkvæmdastjóri hjá Keili, háskólasetrinu á Miðnesheiðinni, þar sem bandarískri herinn hafði sína bækistöð um árabil.

Nú er því tímabili að ljúka, hann hættir 3. mars, hvers vegna skyldi það vera? „Ég hef lært að þekkja mín takmörk, nú hef ég verið þarna í uppbyggingarstarfi, ég er góður í því. En það hentar mér ekki að vera á skrifstofunni frá níu til fimm. Ég er ekki góður í að búa til skipurit og verkferla, það er kominn tími til að einhver annar taki við verkinu."

Ætlar þvert yfir Ástralíu

Það sem tekur við á næstunni er ævintýralegt. „Ég er að fara til Ástralíu, ætla að aka þvert yfir landið, frá Perth til Sydney og taka sex vikur í túrinn," segir Runólfur sem hlakkar til. Stefnt er að því að ferðalagið endi í ferðabók, um það hafa tekist samningar Runólfs og ónefnds útgefanda. „Þetta verður verkefnið mitt fram á sumar, svo bara sé ég til, það hlýtur einhver að vilja mig í vinnu," segir Runólfur sem segist gera lítið af því að skipuleggja hlutina í þaula fram í tímann. „Ég hugsa svona fram í næstu viku sirka."

Að takast á hendur ferðalag einsamall er ögrandi segir Runólfur. „Maður upplifir hlutina öðruvísi og myndar öðruvísi tengsl við fólk. Ég gerði þetta líka í fyrra, fór í fimm vikur til Kyrrahafseyja, dvaldi meðal annars þrjár á Jólaeyju, þar sem sjö þúsund manns búa, lifa á fisk og kókoshnetum og lífið snýst um að afla sér matar. Þar var ekki símasamband og þá ekki netsamband, ég eyddi dögunum í rólegheitum með sjálfum mér og í spjalli við heimamenn," segir Runólfur sem sér fram á langar gæðastundir með sjálfum sér í væntanlegri Ástralíuferð. „Ég mun aka mörg hundruð kílómetra eftir slóða í eyðimörkinni, í fimmtíu stiga hita. Þetta verður áskorun."

Kennsla frekar en lögfræði

Runólfur er fæddur og uppalinn í Fljótshlíðinni á bænum Teigi. Hann flutti að heiman sextán ára gamall eins og sveitakrakkar gerðu hefðu þau áhuga á að mennta sig. Hann tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og dvaldi svo sem skiptinemi í Bandaríkjunum. Kominn heim vann hann sem leikhúsritari Leikfélags Reykjavíkur í tvö ár. Svo tók við lögfræðinám og starf sem sýslufulltrúi í Borgarfirði. Þaðan lá leiðin í stundakennslu í Bifröst og brátt átti kennslan hug hans allan. „Mér fannst kennslan miklu skemmtilegri en lögmennskan," segir Runólfur.

Rektorstíð Runólfs á Bifröst einkenndist af mikilli uppbyggingu , nemendum fjölgaði úr 100 í 800. Námsframboð var aukið og uppbyggingin var ævintýraleg. Viðskilnaður hans við háskólann var kannski með öðrum hætti en hann hafði séð fyrir, en deilur urðu um starf hans og í kjölfarið sagði hann því lausu. Runólfur segir að hann hafi lært af þeirri reynslu.

„Ég var of lengi á Bifröst, ég var rektor í átta ár, ætlaði að vera eitt ár í viðbót, en svo kom þetta mál upp og ég hætti. Ég var þá kominn með miklar áætlanir um stækkun háskólans þar enn frekar, en þær hugmyndir hlutu ekki stuðning starfsfólks. Vinur minn, Gunnar Ólafur Haraldsson, þá kennari háskólans og núverandi stjórnarformaður FME, sagði síðar við mig að það að koma fram með þessar áætlanir hefði verið eins og ég hefði sagt við fólk sem ég hefði fengið til að hlaupa 5.000 metra hlaup með mér að við værum að hlaupa maraþon, í miðju hlaupi. Fólk var ekki tilbúið í það."

Skammaður fyrir klæðaburð

Runólfur er ör maður og krefjandi stjórnandi að eigin sögn. „Ég hringi í fólk klukkan ellefu á kvöldin ef því er að skipta. En ég lít ekki stórt á mig og hef aldrei gert. Ég lít líka á fólkið sem vinnur með mér sem samstarfsmenn, ekki undirmenn. Það kann ég ekki, ég kem bara fram við fólk eins og fólk og vil fá þannig viðmót á móti."

Runólfur segir skondið að hugsa til þess er stjórn starfsmannafélags Bifrastar kallaði hann á fund og benti honum á að rektor háskóla ætti ekki að klæða sig í gallabuxur og köflótta skyrtu. „En ég hugsa ekki svoleiðis og hef aldrei upplifað það þannig að ég ætti að vera í einhverjum sérstökum fötum í starfinu, ég tala heldur ekki við nemendur eða starfsfólk af einhverjum stalli, heldur eins og jafningja." Þetta hefur skilað góðu sambandi Runólfs við marga fyrrverandi nemendur sem hann segir einkar gaman að fylgjast með í starfi og leik hér heima og erlendis.

Frábær tækifæri

Runólfur er stoltur af starfi sínu á Bifröst. „Það má kannski segja að Bifröst hafi verið ævistarfið mitt, já og Keilir líka. Ég er mjög þakklátur yfir því að hafa fengið þessi tvö frábæru tækifæri," segir Runólfur sem hefur ekki eytt tímanum í að velta sér upp úr því hvernig Bifrastarævintýrinu lauk. „Það hefur ekkert upp á sig, ég lærði af því og það eru engin sárindi milli mín og fyrrum samstarfsmanna þar. Margir þeirra voru og eru vinir mínir."

Skömmu eftir að starfi Runólfs á Bifröst lauk var honum boðið að taka Keili að sér. „Fyrstu mánuðirnir fóru í að safna hlutafé, auk þess að skipuleggja hvernig háskólinn ætti að starfa." Það er skemmst frá því að segja að hlutafjársöfnun gekk vel og skynsamleg ávöxtun á því fé hefur gert það að verkum að fjárhagslega stendur Keilir mjög vel, nokkuð sem Runólfur er stoltur af. Hann er sömuleiðis mjög ánægður hvernig til hefur tekist í uppbyggingu námsins. „Það eru margir í svokallaðri háskólabrú hjá okkur, en hún miðar að því að búa fólk undir háskólanám. Svo höfum við markvisst einbeitt okkur að sviðum þar sem námsframboð var takmarkað, til dæmis tæknínámi, auk þess sem við gerum út á nálægðina við flugvöllinn."

Runólfur er hrifinn af Suðurnesjunum sem samfélagi, segir það dýnamískt og skemmtilegt. „Ég er sannfærður um að Suðurnesin verði fyrst upp úr kreppunni þó að atvinnuleysið sé mest þar núna, meðal annars vegna nálægðarinnar við flugvöllinn og álversuppbyggingar. Það hefur verið frábært að vinna á Suðurnesjum, samskipti við sveitarfélög eru mjög lipur og ákvarðanataka hröð."

Ekki efni í þingmann

Ástralíuferðalagi Runólfs lýkur rétt fyrir kosningar. Hann hefur stundum verið orðaður við framboð á vegum síns flokks, Samfylkingarinnar, en segist hafa gert upp hug sinn í því máli. „Ég er ekki fyrir langar fundasetur, ég held að þingmennska ætti ekki við mig. Auk þess held ég að það verði bara alveg nógu mikið framboð af miðaldra karlmönnum, það þarf fjölbreyttari einstaklinga. Ég hins vegar hringdi í góða konu, Sigríði Ingibjörgu [fyrrum stjórnarmann í Seðlabankanum], þá einu úr stjórnkerfinu sem axlaði ábyrgð í bankahruninu vel að merkja, og hvatti hana til framboðs. Gladdi mig mjög að hún steig það skref. Þar fer heiðarleg og einbeitt kona með stórt hjarta. Slíkt fólk þurfum við í stjórnmálin."

Umpólun í samfélaginu

Þar með víkur tali okkar að efnahagshruninu og kreppunni. „Ég var einn þeirra sem áttu eignarhaldsfélag og tapaði miklum peningum í hruninu. En ég vorkenni mér ekki neitt og ekki þeim sem svipað er komið fyrir, peningar eru bara peningar, það á enginn að lifa fyrir peninga. Ég hins vegar finn til með þeim sem eru atvinnulausir og finnst að stjórnvöld ættu að gera það að meginmarkmiði að sporna gegn atvinnuleysi, meðal annars með sköpun nýrra starfa á vegum ríkisins. Svo verður að gera það fýsilegan kost fyrir atvinnulausa að fara í nám. Það voru fjölmargir umsækjendur nú um áramót sem hættu við það hjá okkur vegna þess að atvinnuleysisbætur eru hærri en námslán. Slíkt er fráleitt rugl."

Kreppunni fylgja tækifæri að mati Runólfs, tækifæri til þess að gera eitthvað nýtt. „Kreppan felur í sér tækifæri og ég held að það verði umpólun í samfélaginu. Nýtt fólk kemur fram með nýjar og spennandi hugmyndir sem verða grundvöllur framtíðar okkar."

RUNÓLFUR Á Prikinu, skrifstofunni þegar hann er í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

➜ RUNÓLFUR Í HNOTSKURN

Fæddur: Hinn 9. apríl árið 1963.

Uppalinn: Fæddur uppi á lofti á Teigi í Fljótshlíð í hjónaherberginu hvar faðir minn beið eftir syni sínum á meðan ljósmóðir sveitarinnar græjaði málin með heitu vatni og hreinum handklæðum – mamma hafði fyrir mér þá sem ætíð síðar.

Nám: Barnaskóli Fljótshlíðarhrepps að Goðalandi, Gagnfræðaskóli Selfoss, Menntaskólinn í Hamrahlíð, lagadeild Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóli. Ég er ekki viss um að gæði námsins hafi verið í þessari röð – mögulega í öfugri röð.

Maki: Enginn nú um stundir.

Börn: Skarphéðinn Án, nemandi í stjórnmálafræði við HÍ, Stefán Bjartur, nemandi við Fjölbrautaskólann við Ármúla, og Eyvindur Ágúst, nemandi við Hagaskóla.

Mesta afrek: Að reyna að vera ærlegur maður frá ærsku til aldurs.

Uppáhaldsbókin: Breytist vikulega, núna er ég að lesa „Hægláta Ameríkumanninn" eftir Graham Greene.

Fyrsta starfið: Vinnumaður hjá Árna fóstra mínum í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð.

Uppáhaldsnámsgreinin í æsku: Náttúrufræði sem eru hin dásamlegu fræði um allt hið lifandi í kringum okkur. Í þá daga tíndi ég egg og veiddi hornsíli.

Fallegasta landið: Afríka. Þeir sem þangað koma fara þaðan í raun aldrei aftur. Mig langar annaðhvort að deyja í Afríku eða í íslenskri sveit, líklega þó frekar í Afríku, þar er hlýrra.

Draumaríkisstjórn eftir kosningar: Ríkisstjórn jafnréttis, frelsis og velferðar.

Draumaforsætisráðherra: Þeirri sem nú er í því starfi treysti ég best.

NÝIR LEIKUR

XBOX 360 & PS3
7.999,-

PC
4.999,-

Einnig fáanleg í sérútgáfu, full af góðgæti aðeins 9.499 kr.

...Á BETRA VERÐI Í KRINGLUNNI OG Á SELFOSSI

PS3 & XBOX 360
8.999,-

XBOX 360, PS3 & PC
8.999,-

PS3 & XBOX 360
7.999,-

XBOX 360
7.999,-

PS3 & XBOX 360
6.999,-

KILLZONE OPNUN
Í KRINGLUNNI OG Á SELFOSSI

Opið til kl 21.00!

ÞRIÐJUDAGINN 24. FEB!
SALA HEFST KL. 20:00

Sérstakt verð aðeins þetta eina kvöld: 7.950 krónur ásamt geggjuðum kaupauka!

PS3
7.950,-

3 FYRIR 2 *Á ÖLLUM SPILUÐUM XBOX360 LEIKJUM*
AÐEINS ÞESSA HELGI!



3 FYRIR 2

GAMESTÖÐIN

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA

SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN

1. KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA
2. SKIPTU ÞEIM UPP Í..
3. KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

KRINGLAN & SELFOSS · 553 0377

Íslenska fæðubótarþjóðin

Íslendingar eyddu um þremur milljörðum króna í slík efni og fluttu inn á þriðja hundrað tonn í fyrra. Innflutningur hefur aukist um 300 prósent á sex árum. Ekki verið sýnt fram á að fæðubótarefni geri gagn, segir prófessor í líflyfjafræði. Absúrd fullyrðingar, segir lyfjafræðingur sem flytur inn slík efni. *Kristján Hjálmarsson* kynnti sér umfang fæðubótarmarkaðarins.

LÍKAMSRÆKT Sprenging hefur orðið í neyslu fæðubótarefna á síðustu árum. Ástæðan er líklega sú að fólk hugsar meira um heilsuna en áður en ekki eru allir á eitt sáttir um hvort fæðubótarefnin geri gagn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ég er viss um að við borgum marga milljarða á ári fyrir fæðubótarefni. Það hafa verið gerðar kannanir á sölu slíkra efna víða erlendis sem hafa leitt í ljós að almenningur borgar álíka mikið fyrir náttúru- og fæðubótarefni og hann borgar fyrir lyf. Slík könnun hefur ekki verið gerð hér á landi en ég gæti trúað að upphæðin hlaupi á nokkrum milljörðum," segir Magnús Jóhannsson, læknir og prófessor við Háskóla Íslands.

256 tonn af fæðubótarefnum

Eins og sést á töflunni hér til hliðar hefur orðið gríðarleg aukning á innflutningi á drykkjarvöruefnum sem innihalda prótein, vítamín eða önnur næringarefni. Árið 2003 var um 81 tonn af slíkum vörum flutt til landsins en í fyrra voru flutt inn 256 tonn. Magnús skellir upp úr þegar hann heyrir þessar tölur nefndar og segir að prótein og amínósýrur séu efni sem fólk geti fengið úr hefðbundinni fæðu, til dæmis kjöti eða fiski.

„Það hlýtur að vera dýrara að borða próteinduft en kjöt eða fisk. Fólk fær að minnsta kosti ekki meira úr duftinu en venjulegri fæðu," segir Magnús og bætir við að fæðubótarefnin séu ansi misjöfn að gæðum. „Þótt sumir framleiðendur standi sig vel þá eru margir sem gera það ekki. Sumar vörur innihalda minna af efnunum sem sagt er til um á umbúðunum og sumar vörur innihalda efnin bara alls ekki. Auk þess er alls konar mengun sem fylgir svona fæðubótarefnum – þungmálmar, skordýraeitur og önnur efni. Svo er jafnvel lyfjum blandað í efnin til að auka áhrifin."

Efni sem gera lítið gagn

Magnús hefur um langt skeið fylgst með innflutningi og þróun fæðubótarefna og starfaði hjá Lyfjastofnun, á þeim árum sem stofnunin sá um eftirlit með slíkum vörum. Hann efast um gagnsemi flestra fæðubótarefna. „Það hefur sjaldnast verið sýnt fram á að fæðubótarefni geri eitthvert gagn. Í flestum tilfellum gera þau það ekki en þó eru undantekningar þar á. Það hefur til dæmis verið sýnt fram á að neysla kreatíns hefur aukið skammtímaárangur en á móti kemur að enginn veit hvaða langtímaáhrif efnið hefur. Það er eitthvað sem á eftir að rannsaka."

> Fólk fær að minnsta kosti ekki meira úr duftinu en en venjulegri fæðu.

Fæðubótarefni fyrir milljarða

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fluttu Íslendingar inn fæðubótarefni fyrir um einn og hálfan milljarð á síðasta ári og fyrir tæpan milljarð árið á undan. Þessar tölur ná þó ekki yfir öll þau fæðubótarefni sem flutt voru inn – ná til að mynda ekki yfir súkkulaðihúðaðar fæðubótarstangir, tilreidd drykkjarvöruefni úr ginsengkjörnum, blönduðum öðrum efnisþáttum, svo sem glúkósa eða laktósa, vítamín og steinefni í töfluformi eða tilbúna orkudrykki. Ætla má því að Íslendingar hafi keypt fæðubótarefni fyrir að minnsta kosti 2,5 til 3 milljarða á síðasta ári.

Jafn stór og lyfjamarkaðurinn

Á heimasíðum framleiðenda fæðubótarefnanna, á vörunum sjálfum eða auglýsingum þeim tengdum, er oft vísað í rannsóknir sem eiga að sanna ágæti efnanna. Magnús efast um niðurstöður slíkra rannsókna og segir að í mörgum tilfellum sé um hrein ósannindi að ræða.

„Það er alveg eins líklegt að það séu engar rannsóknir þar að baki eða að verið sé að vísa í ómerkilegar rannsóknir sem segja akkúrat ekki neitt. Stundum stendur á vörunum að læknar mæli með þeim en það er kannski einhver einn læknir sem hefur fengið greitt fyrir að samþykkja það. Þetta eru oft óheiðarlegar fullyrðingar – fullyrðingar um verkun sem ekki stenst," segir Magnús. „Oft er talað um hvað lyfjafyrirtækin séu stór og rík og að þau selji lyfin svo dýrt. Fæðubótarefnamarkaðurinn er álíka stór og lyfjamarkaðurinn í peningum talið. Og þegar þú hugsar um það hversu miklir peningar eru í þessu þá er það ávísun á vafasaman bisness og spillingu. Menn freistast kannski til að setja eitthvað á umbúðirnar sem er ekki rétt. Ef við tökum próteindrykkina sem dæmi er þar að finna hreinsuð prótein. Í kjöti og fiski eru líka prótein og þar færðu líka góðar fitusýrur, vítamín og annað. Það er engin hollusta í þessum próteindrykkjum. Fjölbreytt hollusta er allt af best."

MAGNÚS JÓHANNSSON Hann segir erlendar kannanir sýna að veltan á fæðubótarmarkaðinum sé álíka og á lyfjamarkaðinum.

Fæðubót sem tískufyrirbrigði

Magnús segir fæðubótarefni vera tískufyrirbæri. „Þau eru sögð hafa ákveðin áhrif á líkamann sem sumt fólk virðist sækjast eftir en þá þarf það að fá að vita hvort þau virki í raun og veru á þann hátt. Og til að komast að slíku þarf að gera vandaðar rannsóknir sem oft er ábótavant í þessum geira. „Það er kannski ekki hægt að vefengja það þótt einstakir menn telji sig hafa gagn af slíkum efnum. En það er heldur ekki hægt að draga neinar almennar ályktanir af því," segir Magnús og minnir á hina gullnu reglu, það er að borða mátulega af hollu og fjölbreyttu fæði og hreyfa sig nógu mikið. „Að ætla að stytta sér leið að betra lífi með einhverjum efnum er mjög hæpið auk þess sem það kostar mikla peninga."

Innflutningur á fæðubótardufti til íblöndunar í tonnum talið



FRAMHALD Á SÍÐU 39

➜ FÆÐUBÓTAREFNI BÆTIR SAMSETNINGU FÆÐUNNAR

„Skýringin á aukinni neyslu fæðubótarefna er einfaldlega sú að það er orðin mun meiri áhersla á hollt líferni, hreyfingu og líkamlegt atgervi auk þess sem fólk neytir nú fjölbreyttari og betur samsettri fæðu en áður," segir Einar Ólafsson, lyfjafræðingur og forstjóri Medico, sem er eitt margra fyrirtækja á Íslandi sem flytur inn fæðubótarefni.

„Aðferðafræðin varðandi megrun beinist fyrst og fremst að því að brenna fitu og viðhalda vöðvavef. Í þessu samhengi er ákaflega mikilvægt að halda próteinþættinum í fæðu okkar óskertum en skera niður fitu og einföld kolvetni auk hreyfingar."

Einar segir að mataræði á Vesturlöndum sé almennt ekki nógu próteinríkt, sér í lagi hjá íþróttafólki eða þeim sem stunda líkamsrækt. Hann segir að heildarmagn próteins í fæðu sé einungis um tíu prósent en þyrfti að vera 15-20 prósent. „Það er ástæðan fyrir því að fólk eykur próteininntöku með fæðubótarefnum," segir Einar. „Ef við tökum hundrað gramma kjúklingabringu sem dæmi þá inniheldur hún ekki nema 23 grömm af próteini. Fólk tekur inn fæðubótarefni til að bæta samsetningu fæðunnar, svo við verðum sem orkumest og með hátt vöðvahlutfall og þar með sem minnsta fitu. Hollusta fæðu er að sjálfsögðu geysilega misjöfn, neysluvenjur okkar Íslendinga eru að breytast til mikils batnaðar, feitmeti svo sem franskar kartöflur, kokkteilsósa og brauðtertur eru allt dæmi um fæðu sem eru smám saman á leiðinni út en hins vegar hafa vinsældir magurra mjólkurafurða (með hærra próteinmagni), kjúklings, grænmetis og trefjaríkrar fæðu aukist verulega."

EINAR ÓLAFSSON lyfjafræðingur

Einar segir að eftir því sem almenn þekking á hollu mataræði hafi aukist, með batnandi efnahag og auknum frítíma, hafi krafan um holla fæðu og fæðubótarefni aukist.

Krafa um hollt mataræði er sammerkt með Vesturlöndum enda hefur aukning á neyslu fæðubótarefna aukist jafnt og þétt innan svæðisins.

Einar er ekki í vafa um ágæti fæðubótarefna. „Sumir halda því fram að fæðubótarefni séu framandi fyrir skrokkinn á okkur en það er að sjálfsögðu ekki svo. Þetta er fæða eða hluti fæðu þar sem búið er að einangra ákveðin efni sem gera líkamanum gott." Og hann blæs á allar staðhæfingar um að fæðubótarefni séu gagnslaus. „Svo dæmi sé tekið þá eru nánast allir sammála um að vítamín og steinefni geri okkur gott. Vítamín flokkast sem fæðubótarefni, svo einfalt er það. Þetta eru leifar af gömlum hugmyndum um að fæðubótarefni séu eitthvað framandi fyrir líkamann. Fæðubótarefni eru hluti af fæðunni og ef menn segja að hollt mataræði hafi ekkert að segja, þá eru þeir á villigötum. Þetta snýst einfaldlega um að bæta samsetninguna á fæðunni og hafa hollustu að leiðarljósi."

Spurður út í markaðssetningu fæðubótarefna segir Einar að það sé miður hvernig sumir framleiðendur skrumskæli ágæti þeirra. „Þetta er að sjálfsögðu algjör óþarfi þar sem í langflestum tilfellum eru til ítarlegar og mjög góðar klínískar rannsóknir á viðkomandi grunnefnum og því ákaflega auðvelt að vitna í slíkar rannsóknir," segir Einar. „Auglýsingar sem byggja á myndum „fyrir og eftir" eru ekki tölfræðilega marktækar og eru miður. Það sem er svo jákvætt er að almennt heilbrigði og langlífi er upp á við og vissulega eru fæðubótarefnin einn liður í þessari góðu þróun."

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR

BARCELONA
frá 17.300 kr.
Blár himinn, svalandi haf og heitar nætur

MINNEAPOLIS
frá 29.720 kr.
Rjómaís með „raspberry-chocolate chip“ á heitum sumardegi

Borgarlukkuleikurinn
TAKTU ÞÁTT!
ÞÚ GETUR UNNIÐ FLUGFERÐ FYRIR TVO

HVER VANN SÍÐAST?
Nafn vinningshafa síðustu helgar er birt í þessu blaði

GEYMIÐ BLAÐIÐ

Vildarklúbbur

Flug til Minneapolis gefur
4.000–12.800 Vildarpunkta.

MÍN MINNEAPOLIS

■ Land hinna himinbláu vatna

Minnesota er svo sannarlega eftirsóknarverður staður fyrir þá sem langar til að ferðast um á bílaleigubíl. Ríkið er víðlent og landshættir fjölbreytilegir en mestan svip á landið setja þó stöðuvötnin sem sögð eru vera 11.842 ef allt er talið.
Í Minnesota gefst kjörið tækifæri til að kynnast þeirri hlið á Bandaríkjunum sem sjaldnast ber mikið á í kvikmyndum eða æsifrásögnum fjölmiðla. Þar má ferðast um skógi vaxnar óbyggðir og grónar sveitir, heimsækja hlýlega smábæi, njóta veðursældar og stytta sér stundir við hvers konar leiki og íþróttir á vötnum eða landi á heillandi útivistarsvæðum.

■ Miðvötnin – Central Lakes

Norður og vestur af „Tvíburaborgunum“ Minneapolis-St.Paul er landsvæði með aragrúa stöðuvatna sem oft er kallað „Miðvötnin“ eða „the Central Lakes“. Þetta eru vinsælar ferðamanna- og útivistarslóðir með fjölmörgum gistimöguleikum, hvort sem fólk vill sofa í tjaldi, hjólhýsi, sumarhúsi eða á hóteli. Heimamenn hafa mikinn áhuga á að róa um vötnin eða renna fyrir fisk en margt annað er í boði. Þarna eru víða skemmtilegir göngu- og hjólreiðastígar, golfvellir, söfn, leiktækjagarðar o.fl. Þetta er því kjörlendi fyrir fólk sem vill fara í útilegu og njóta þess að leika sér úti í náttúrunni.

Fyrir börn og foreldra

Valleyfair

Þetta er vinsælasti skemmtigarðurinn í Minnesota. Ég bjó í Minneapolis-St. Paul þar til ég var fimm ára og hef farið í heimsókn þangað flest sumur eftir það. Ég reyni alltaf að komast í Valleyfair þegar ég er þar. Þar er mikið úrval af leiktækjum, t.d. rússíbanar, fallturn, klessubílar, stórar rólur og tæki fyrir þau yngstu. Síðan eru nokkrir veitingastaðir og einnig er hægt að sjá skemmtiatriði. Í lokin er sniðugt að kæla sig niður í vatnsrennibrautagarðinum.

Linden Hills

Mjög skemmtilegt hverfi. Aðeins lengra frá er Lake Harriet. Umhverfis vatnið er göngustígur þar sem frábært er að fara á línuskauta sem hægt er að leigja þar og einnig er hægt að leigja sér bát. Á sumrin eru líka oft tónleikar við vatnið. Wild Rumpus er skemmtileg bókabúð sem ég fór oft í þegar ég var lítill en þar eru allskonar dýr á rölti sem koma manni stundum á óvart.

Science Museum

Vísindasafnið er meira fyrir eldri krakkana. Margt hægt að sjá og læra þar.

Sebastian Joe's

Uppáhalds ísstaðurinn minn. Það er ekkert betra en að fara þangað og fá sér „raspberry chocolate chip“ á heitum sumardegi. Sebastian Joe's er í Linden Hills og líka annars staðar í borginni.

Mall of America

Stærsta verslunarmiðstöðin í Ameríku. Fyrir þá sem elska að versla er ekki hægt að sleppa því að fara þangað. Þar er einnig skemmtigarður með rússíbönum og öllum pakkanum.

Como Zoo

Frábær dýragarður fyrir yngri krakkana sem hefur mikið upp á að bjóða, t.d. selinn Sparky sem er uppáhaldsstjarnan í vinsælasta atriði dýragarðsins. Como Zoo er á stóru svæði og þarna er einnig er tívolí og mini-golf sem er líka mjög vinsælt meðal gesta.

Minnesota Children's Museum

Skemmtilegt safn fyrir litlu krakkana. Ég fór þangað oft þegar ég var lítill. Mikið af skemmtilegum hlutum og alls konar fjöri.

Flug og gisting
í 3 nætur
frá 63.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Holiday Inn Bloomington Mall of America *** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.*

Gunnar Francis, grunnskólanemi

■ Willmar

Willmar er líflegur bær þar sem er t.d. sérstakt listasafn, The Buffalo Fish Gallery með verkum eftir listamenn úr sveitinni. Áhugamenn um traktora og bíla geta litið inn á Schwanke-safnið. Í norður frá Willmar liggur sérmerkt ökuleið, „The Glacial Ridge Trail“, og þræðir á milli hálsa og vatna til bæjarins Alexandria.

Fyrsti bærinn meðfram þessari sérmerktu leið er Spicer áströnd Green Lake. Milli Spicer og New London er 27 holu golfvöllur hjá Little Crow Country Club. Fyrir þá sem langar til að hjóla má nefna að á milli New London, Spicer og Willmar liggur um 20 km langur hjólastígur. Á sumrin stendur fólki til boða að snæða kvöldverð á meðan siglt er um Green Lake um borð í Spicer Castle Belle.

■ Elk River

Suðaustur af St. Cloud er Elk River, í norðvesturjaðrinum á höfuðborgarsvæðinu. Hér er t.d. Oliver Kelley Farm, landbúnaðarsafn á sveitabýli sem er enn í fullum rekstri. Þar fá gestir að kynnast búnaðarháttum eins og þeir voru á þessum slóðum fyrir einni og hálfri öld. Milli Elk River og St. Cloud er friðlandið Sherburne National Wildlife Refuge, paradís fyrir fuglaskoðara.

■ Sérmerktar ökuleiðir

Scenic Byways
Í Minnesota hafa verið sérmerktar 22 ökuleiðir fyrir ferðamenn sem hafa hug á að kynnast landinu betur, íbúunum, mannlífinu og ekki síst náttúrufegurð og útivistarmöguleikum fjarri hraðbrautum og umferðardyn. Leiðirnar heita hver sínu nafni og spanna um 4.500 km. Hin stysta þeirra er aðeins um 14 km og hin lengsta, Mississippi River Route, er um 900 km. Sérhver ökuleið hefur sín auðkenni, hvort sem þar er um sérkenni náttúrunnar að ræða, sérstakt andrúmsloft í þorpum og bæjum eða sérstaka menningararfleifð. Hægt er að fá bækling um hverja leið með korti af leiðinni, helstu upplýsingar um það sem fyrir augu ber og ábendingar um heppilega næturstaði og veitingastaði. Prófið eitthvað nýtt og kynnið ykkur málið á *www.exploreminnesota.com/experiences/byways/drives.aspx*

Reykjavík – Minneapolis
frá 29.720 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 6 sinnum í viku.

FLUG OG BÍLL

Vegir til allra átta

Hertz

Við mælum eindregið með flugi og bíl í samstarfi við Hertz til áfangastaða Icelandair í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Pantið bílaleigubíl um leið og þið gangið frá pöntun á flugfari á *www.icelandair.is* Bíllinn bíður síðan eftir ykkur þegar þið lendið á áfangastað.

Green Mill

Rosalega góður veitingastaður. Mæli eindregið með „Deep dish“ pizzunum þeirra. Staðurinn er á mörgum stöðum í borginni.

Minnesota Twins

Aðal hafnaboltaliðið í Minnesota. Þeir eru að opna nýjan heimavöll sem er ekki yfirbyggður. Það er alltaf mikill atgangur í stuðningsmönnum á leikjunum. Ég fór á einn leik í fyrra og ég skemmti mér rosavel.

Grand Avenue

„Laugavegurinn“ í Minneapolis-St. Paul. Mikið af búðum og kaffihúsum. Veitingastaðurinn/kaffihúsið Café Latte er mjög flottur staður og líka mjög vinsæll. Þeir selja frábærar samlokur og ótrúlegar kökur ásamt mörgu öðru. Síðan er það Creative Kids dótabúðin; frábært úrval af sniðugum leikföngum.

■ Til Íslendingabyggða í Kanada

Frá Minneapolis er um átta stunda akstur að kanadísku landamærunum og þá er ekki svo ýkja langt að fara á slóðir Vestur-Íslendinga við Winnipegvatn. Fyrir þá sem hafa hug á að heimsækja slóðir Vestur-Íslendinga í Suður-Kanada getur því verið álitlegur kostur að taka beint flug til Minneapolis og bílaleigubílinn þaðan.

■ Golf í Minnesota

Golf nýtur mikilla vinsælda í Minnesota. Þar eru um 450 golfvellir. Það er því freistandi fyrir golfara að taka með sér kylfurnar þegar haldið er til Minneapolis-St. Paul. Þar má í grenndinni víða leika golf á afbragðsvöllum og heita má að golfvöllur sé innan seilingar hvar sem er í ríkinu.

ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

FEBRÚAR 2009

Vistvænn lúxus

Glænýtt heilsulindarhótel á partí-eyjunni Ibiza

BLS 2



Í tilefni af tískuviku

Þrennt sem þú verður að gera í París

BLS 6

Sumarbæklingur
Heimsferða
er kominn út

2009

www.heimsferdir.is

AÐ ANDA AÐ SÉR BÚTAN

Þetta litla ríki í Himalajafjöllunum hefur verið kallað Konungsríki þrumudrekans. *Viktor Sveinsson* segir frá ferðalagi sínu til þessa afskekkta lands.



Ég er á leið til Bútan. Það eru ekki margar leiðir sem liggja þangað því enn er þetta ríki, sem liggur klemmt á milli stórveldanna tveggja, Kína í norðri og Indlands í suðri, eitt það einangraðasta í heimi. Ég flýg frá heimalandi mínu Taílandi þar sem ríkisflugfélag Bútan, Druk Air, hefur lent annarri af tveimur flugvélum sínum til að sækja mig, nokkra Bútana og Bangladessa. Ég uppgötva þegar ég innrita mig að ég hef aldrei áður hitt Bútana. Ætli þeir séu ekki vandfundnari en Íslendingar? Ég hef svo lengi beðið þess að komast til Bútan að ég er ögn uppnuminn, líkt og að hitta poppstjörnu. Áberandi myndarlegur og karlmannlegur stöðvarstjórinn er mættur til að fylgjast með því að innritun gangi rétt fyrir sig. Minn fyrsti Bútani. Smjörþefur af karlmennsku Bútans. Beinvaxinn, dökkleitur, sterklegur og með friðsæld Himalajafjalla í augunum. Seinna á ég eftir að hitta munka og bændur sem eru myndrænni en heimsfræg módel og kvikmyndastjörnur.

Hverjir eru skyldleikarnir við Ísland?

Í Bútan, þessu síðasta konungsríki Himalajafjalla, eru samkvæmt opinberum upplýsingum, um 600.000 þegnar en til flugvélaflotans teljast tvær flugvélar sem

FRAMHALD Á BLS. 4

Vetrarfrí á Akureyri

Skíði, menning, skemmtun!

Brostu með hjartanu!

www.visitakureyri.is

MIÐBAUGUR *ÞAÐ HEITASTA Í ...*
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

AÐ NÆRA ANDANN

Flest okkar ferðast með þá skammtímahugsjón að skemmta sér, borða góðan mat, sleikja sólina og njóta lífsins. Minnistæðustu ferðalög margra eru þó af öðrum toga, ferðalög til fjarlægra staða þar sem fólk lifir í sárri veraldlegri fátækt en býr að ríkulegri andlegri fæðu. Viss vakning virðist vera um þessar mundir um að leita meira inn á við, margir eru að uppgötva jóga, hugleiðslu og andlega rækt í stað þess veraldlega kapphlaups sem hefur ásótt okkur Íslendinga sem aðra undanfarin ár. En hvað er það sem gerir einn áfangastað ríkari fyrir andann en einhvern annan? Stórbrotin náttúra hlýtur alltaf að tengja manninn við það sem er stærra en hann en svo getur líka vel verið að ákveðnir punktar á jarðkringlunni búi yfir ákveðnum kynngimögnuðum krafti. Margir slíkir staðir koma upp í hugann: Egyptaland, Macchu Picchu í Perú, Navajo-hérað í Arizona, Vatíkanið í Róm, Góa á Indlandi, Jerúsalemborg og Mekka í Sádi-Arabíu sem dæmi. Einn frægasti „andlegi áfangastaðurinn“ er væntanlega Himalajafjöllin í löndum eins og Tíbet, Bútan, Nepal og Indlandi. Þar finnast fjölmargir helgistaðir búddista, klaustur, hellar og bæir. Í Ferðalögum marsmánaðar segir Elín Kjartansdóttir okkur frá „Litlu-Tíbet“ sem er hérað á Norður-Indlandi þar sem margir búddamunkar hafa sest að af því að Kínverjar hafa flæmt þá burt frá föðurlandinu. Dalaí Lama sjálfur býr á þessum slóðum, í borginni Daramsalah. „Það minnistæðasta sem ég upplifði í ferðinni var að kynnast þessu yndislega, friðsæla fólki sem býr þarna í fjöllunum við ótrúlega kröpp kjör. Hús eru nánast óeinangruð, rennandi vatn og rafmagn hvergi að finna og á veturna er frost allt að 50 stig með miklu fannfergi sem lokar fólk inni í afskekktum fjallahéruðum svo mánuðum skiptir,“ segir Elín um héraðið og tekur fram að hlýjan og gæðin hafi skinið úr veðurbörnum andlitum heimamanna. Það er okkur öllum hollt að ferðast á áfangastaði þar sem fólk býr við veraldlega kröpp kjör, jafnvel þó það sé til þess eins að við skiljum hversu gott við höfum það í raun og veru. Og þegar slíkt fólk lifir í sátt við sjálft sig, guð og alheiminn er það líka góð áminning fyrir okkur að líta inn í okkar eigin hjörtu þar sem hina raunverulegu lífshamingju er að finna.

ferðalög kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
Útlit Silja Ástþórsdóttir
Forsíðumynd Búddamunkur í Bútan
Pennar Viktor Sveinsson
Ljósmyndir Fréttablaðið, Getty Images
Auglýsingar Benedikt Freyr Jóhannson Benediktj@365.is



Himneskt hótel Öll herbergi eru með stórum gluggum og svölum með útsýni yfir miðjarðarhafið.

HEILNÆMUR HAFSJÓR

Ný heilsulind á eyjunni Ibiza frá hótelkeðjunni Design Hotels opnar nú í marsmánuði.

Spænska partíeyjan Ibiza er kannski ekki þekkt fyrir heilsu og heilnæman lifnað. Hinn fyrsta mars næstkomandi opnar þar hins vegar himneskt hótel og heilsulind er nefnist Aguas de Ibiza Lifestyle & Spa. Það er hannað af arkitektum frá Barcelona sem kalla sig Triade Studio en þeir hafa skapað vel heppnaða blöndu af hefðbundnu spænsku hefðarsetri og nýtískulegu hóteli. Aguas de Ibiza er einnig eitt af hinum svokölluðu „eco-luxury“ hótelum, sem þýðir vistvænn lúxus en hótelið notar 35 prósent minni orku en hefðbundin hótel. Á þaki hótelsins er stórfengleg sundlaug með útsýni yfir hafið en þar er einnig hægt að gæða sér á kokkteilum og tapas, en stærri máltíðir má nálgast á veitingastaðnum Le Sal þar sem hefðbundnir spænskir réttir eru framreiddir á nútímalegan máta. Rúsínan í pylsuendanum er svo hin glæsilega heilsulind sem er tileinkuð heilnæmum áhrifum sjávarins. Þar er notast við leir frá Formentera, sjávarsölt, náttúrulegar olíur og þara til þess að veita líkamanum aukna orku og bæta almenna líðan og útlit. - amb

Glæsileg heilsulind **Leir, sjávarsalt og þari.**

Aguas de Ibiza, Salvador Camacho no9, Ibiza, Spánn. www.designhotels.com/aguasdeibiza

NÝIR ÁFANGASTAÐIR Í EVRÓPU

Það er alltaf gaman þegar nýir áfangastaðir bætast í hóp þeirra sem flogið er til frá litla Íslandi. Nú í sumar hefur Iceland Express flug til Bologna á Ítalíu, Kraká í Póllandi, Genf í Sviss og Álaborgar í Danmörku. Allar eru borgirnar sérlega skemmtilegar og eiga það einnig sameiginlegt að vera einstaklega vel í sveit settar og tengdar fyrir þá sem vilja halda áfram ferð sinni. Álaborg er ein af þessum dásamlegu dönsku borgum þar sem ríkir ró og spekt og veðursæld. Kraká er þekkt fyrir einstaka fegurð en þar er að finna stórfenglegar miðaldabyggingar sem sluppu undan sprengjuregni seinni heimstyrjaldarinnar. Bologna er vel staðsett miðsvæðis á Ítalíu og er einstök menningarborg. Þess má einnig geta að matargerð Bolognabúa er heimsfræg og hver þekkir ekki réttinn klassíska Spaghetti Bolognese. Genf er fögur svissnesk borg rétt hjá Ítölsku ölpunum. Það er skemmtilegt að ferðast yfir Genfarvatn til þess að komast á milli borgarhluta en Genf er einnig sérlega skemmtileg verslunarborg þar sem hægt er að finna öll helstu alþjóðlegu tískumerkin ásamt svissneskum úra- og súkkulaðiverslunum að sjálfsögðu. Það er um að gera að stökkva yfir á meginlandið í sumar og skoða alla þá spennandi möguleika sem þar eru í boði.

Svissnesk heimsborg **Genf er sérlega falleg og býður upp á skemmtilegar verslanir.**

www.icelandexpress.is

HVERJIR ERU BESTU VINIR OKKAR?

“ Tað eru Foröyingar”

LAUNUM ÞEIM VINARGREIÐANN

SIGLUM GLÖÐ OG FRJÁLS MEÐ

NORRÆNU

“Mær dámar alt væl um borð Norrönu”

Heimsæktu Færeyjar í sumar, þeir eru skemmtilegir heim að sækja “Föroyingar eru teir stuttligastu”

Norrænu er í eigu margra hluthafa og Færeysku þjóðarinnar. Norræna brúar Atlandshafið og opnar íslendingum möguleika á að taka bílinn með í sumarfríið ásamt ótal öðrum ferðamöguleikum.

Ódýrar vorferðir með Norrænu

DANMÖRK

22.200

Verð frá kr. 22.200 á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Verð frá kr. 48.450 m.v. einn í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Fyrir aðeins frá 15.200 er hægt að taka kerru með og þú mátt taka eins mikinn farangur með þér og plássið leyfir.

FÆREYJAR

16.650

Verð frá kr. 16.650 á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Verð frá kr. 33.575 m.v. einn í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Fyrir aðeins frá 14.400 er hægt að taka kerru með og þú mátt taka eins mikinn farangur með þér og plássið leyfir.

BETRI STOFAN

EVRÓPA

AKTU Á ÞÍNUM EIGIN BÍL FRÁ DANMÖRKU

Breytt áætlun Norrænu
-styttri siglingartími
-góðar fréttir fyrir íslendinga
-sjá www.smyril-line.is

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Norræna FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is

EINANGRUNIN ROFIN

Árið 1974 opnaðist Bútan umheiminum þegar fjórði konungur ríkjandi konungsættar var krýndur. Af því tilefni var tignum erlendum gestum boðið auk fjölda blaðamanna. Hótel voru byggð af því tilefni sem enn eru helstu hótel landsins og upphaf ferðaþjónustu varð til. Sama ár kemur fyrsti hópur ferðamanna til Bútans en fram að því höfðu einungis opinberir gestir og vísindamenn fengið vegabréfsáritun til landsins. Strax var tekin upp sérstök stefna í ferðamálum. Í fyrsta lagi þarf að gefa út vegabréfsáritun fyrirfram samkvæmt ákveðnum skilyrðum. Í öðru lagi var ákveðið fast lágmarksgjald sem hver ferðamaður verður að greiða fyrir hvern dag í landinu. Í þriðja lagi var einungis takmörkuðum fjölda ferðamanna hleypt inn hvert ár. Árið 2007 komu 21.094 ferðamenn til Bútan en fram til ársins 2000 höfðu aldrei komið fleiri en um sjö þúsund á ári. Þessar takmarkanir og gjaldskylda byggjast á þremur meginástæðum: 1. Til að vernda náttúru, menningu og lífsstíl fólks og forðast að gera vægi ferðaþjónustu of mikið. 2. Til að auka ekki álag á viðkvæmt samgöngukerfi og náttúru landsins. 3. Til að tryggja viðunandi tekjur af hverjum ferðamanni.

Sevilla

23.-26. apríl

Hin glæsta höfuðborg Andalúsíu!

Frábært sértilboð - mjög fá sæti í boði!

Heimsferðir bjóða nú frábæra helgarferð, á sumardaginn fyrsta til Sevilla höfuðborgar hins einstaka Andalúsíuhéraðs á Spáni. Sevilla er einstaklega fögur borg, rík af sögu og stórfenglegum byggingum, s.s. Dómkirkjunni með Giraldaturninn þeirri þriðju stærstu í heimi. Í miborginni og hinum eldri hlutum borgarinnar er einstök stemmning, þröngar götur, veitinga- og kaffihús og heillandi torg. Auk þess er óendanlegt úrval verslana í borginni. Vorið bregður Sevilla í sinn fegursta búning og hún skartar öllu sem hún hefur til að bera. Bjóðum frábært sértilboð á góðri gistingu, Suites Vega del Rey. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í einstaka helgarferð þar sem tíminn nýtist einstalega vel, en flogið er út að morgni fimmtudags (sumardagsins fyrsta) og komið heim að kvöldi sunnudags (aðeins einn vinnudagur).

Beint morgunflug
- á sumardaginn fyrsta

Frá kr. **69.990**
Netverð á mann. Sértilboð. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Suites Vega del Rey með morgunverði í 3 nætur. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 5.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.200.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

fljúga einungis á þrjá áfangastaði; til Nepals, Indlands og Bangladess/Taílands. Það er ekkert innanlandsflug og engar einkaflugvélar til í landinu. Fyrst fljúgum við til Dakka, höfuðborgar Bangladess, og þar sem ég virði fyrir mér flugfreyjurnar sem eru jafn fallegar og nánast eins karlmannlegar og stöðvarstjórinn byrja ég að velta fyrir mér tölfræði Íslands og Bútan. Til hve margra áfangastaða í Evrópu og Ameríku er flogið frá Íslandi? Hversu margar flugvélar eigum við og hversu margar einkaflugvélar var að finna á Reykjavíkurflugvelli fram að flótta útrásarvíkinganna? Við erum 300 þúsund og Bútanar 600 þúsund. Alla ferðina á ég eftir að bera Ísland og Bútan saman í huganum. Það er ekki annað hægt. Svo margt keimlíkt. Svo margt sameiginlegt en annað gerólíkt. Gestgjafi minn, Tshering Tashi, var ekki síður áhugasamur og ákafur í samanburðarleiknum. Hann hafði kynnt sér Ísland vel áður en ég kom og hafði stuttu áður en ég lagði í ferðina tilkynnt mér að á síðasta ári (2007) hefðu sjö Íslendingar komið til Bútan. Að hans sögn voru það fyrstu Íslendingarnir sem stigu þar niður fæti.

Fyrr á þessu ári var þjóðin hálfneydd af konunginum til að ganga til fyrstu lýðræðislegu kosninganna því konungurinn hafði ekki bara sagt af sér og sett elsta son sinn yfir ríkið heldur hafði hann líka krafist þess að þjóðin tæki sín mál í eigin hendur. Hvar gerist það í heiminum að einvaldur kýs að deila völdum með þjóð sinni? Bara í Bútan.

Einvaldur án einkaflugvélar. Ekki nóg með það heldur kaus konungurinn að sinna öllum málefnum ríkisins frá sínum valdastóli. Eftir þrjár opinberar heimsóknir til útlanda, meðal annars á þing Sameinuðu þjóðanna sá hann að kokkteilboð, uppstilltar myndatökur og hátíðarræður gerðu ekkert fyrir Bútan og þar með hætti konungur að ferðast utan Bútans. Hann taldi farareyri sínum betur varið í uppbyggingu heima fyrir. Innanlands ferðast konungur sem aðrir eftir torfærum fjallavegum þar sem meðalhraðinn er 25 km/klst. Já það er ekkert innanlandsflug í Bútan. Það er ekki bara að erfitt sé að byggja flugvelli í bröttum dölunum og ekki á færi allra flugstjóra að ráða við uppstreymi Himalajafjalla, ástæðan er líka sú að Bútanar vilja ekki auðvelda aðgengið. Engin jarðgöng, engir uppsprengdir hnífbeinir vegir sem hafa brotið náttúruna undir sig eða himinháar brýr. Bútanar virða sín fjöll og dýrka. Ég hafði velt því fyrir mér af hverju konungurinn ætti ekki þyrlu. Vinur minn á Íslandi á þrjár og hann er pípari og grósser. En ég veit af hverju konungurinn á ekki þyrlu. Ef hann ætti þyrlu myndi hann missa virðingu fyrir fjöllunum, öðlast rangt sjónarhorn á sveitirnar og dalbúana og komast alltof hratt yfir. Eftir að hringvegurinn um Ísland varð svo fullkominn að ferðamenn gátu „klárað“ Ísland á viku hættu þeir að beygja út af leiðinni. Enginn nennti lengur að fara á Vestfirði og túrinn út á Snæfellsnes varð óþarfa útúrdúr.

Karlmenn í pilsum

Þegar við lentum í bænum Paró andaði ég glaður að mér fersku og þunnu háfjallaloftinu. Þvílík viðbrigði frá þungu og röku lofti Bangkok. Ekki spillti það gleði minni að hver einasti karlmaður á vellinum var klæddur pilsi. Ég hef alltaf verið veikur fyrir að ganga í pilsi og gat vart beðið þess að kaupa mér gú-pils, draga upp hnésokkana og láta fjallaloftið leika um ber lærin. Mér flaug Tinni í hug. Tinni var í Tíbet og það er næsti bær. Tinni gekk í hnébuxum og ég ímyndaði mér alltaf að hann væri í gljáfægðum skóm eins og Bútanar.

Heima á Fróni og víðast hvar í heiminum er þjóðbúningur eitthvað hallærislegt fyrirbrigði sem fólk neyðist til að klæðast af tilgerð á viðhafnarstundum. En þess er vænst að allir Bútanar klæðist þjóðbúningi sínum við vinnu, á mannamótum og við hátíðlega atburði. Mér verður hugsað til Balí. Þar þykir enn sjálfsagt að klæðast hefðbundnum búningum. Þar get ég líka klæðast pilsi án þess að fólk stríði mér. Það er margt sem mér finnst tengja Balí og Bútan. Fólkið er svipað. Hávaxið og myndarlegt, dökkt og svipmikið. Stolt af uppruna sínum og hefðum án hroka og áráttu til yfirgangs og útrásar. En það sem sterkast tengir þessar tvær þjóðir er trúrækni. Hversu djúpstæð trúin er í þeirra daglega lífi. Hvorki má merkja hjá Balíbúum eða Bútönum nokkurt trúarofstæki. Að trúa á guð og stunda bænir hvern dag er einfaldlega sjálfsagt. Það spyr enginn hvort þú sért trúaður í Bútan – ekki frekar en á Balí. Það væri eins og að spyrja Íslending hvort hann borði.

Þetta er Bútan. Allir í þjóðbúningum og allir heittrúaðir en allir í stuði. Skopskyn þeirra er kalt og stríðið. Í Taílandi, þar sem ég bý, þykja prumpubrandarar og trúðagrín mesta skemmtun og því tók mig ákveðinn tíma að kveikja á kaldhæðninni og stríðninni. Fimmaurabrandarar Taílendinga höfðu náð tökum á mér.

Kynóður spámaður

Drukpa Kinley er frægasta sögupersóna Bútans. Skáld, heimspekingur, trúboði og leiðtogi. Bútan speglast vel í þessum karakter.

Búddamunkar Fólk í Bútan er hávaxið, myndarlegt og svipmikið.

ÍSLENSKT Í EPAL

Húsgagna- og innanhússhönnuðurinn Pétur B. Lúthersson sýnir bæði ný og eldri verk í versluninni Epal í Skeifunni 6.

BLS. 7

ÁST OG UMHYGGJA

Nokkrar skemmtilegar hugmyndir að gjöfum sem hitta beint í hjartastað á konudaginn.

BLS. 6

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 21. FEBRÚAR 2009

DULÚÐUGT DILL

Í Norræna húsinu hefur verið opnaður nýr veitingastaður

BLS. 4

HEIMILISHALD
HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

Minni kvenna og karla

Góa er á næsta leiti, fimmti mánuður ársins samkvæmt norræna tímatalinu. Mikilvægara er þó að muna að fyrsti dagur Góu er konudagurinn. KONUDAGURINN ER Á MORGUN!

Ástæðan fyrir stóru stöfunum og upphrópunarmerkinu er sú að margir herramenn eiga það til að gleyma konudeginum og sama hvað sumar konur segja þá er það svekkjandi. Fyrir utan afmælisdaga þá er þetta eini dagur ársins sem muna þarf eftir. Merkilegt er þó hve erfitt er að festa sér daginn í minni. Hér eru nokkur ráð til þess.

1. Fáið ykkur dagbók. Oftar en ekki er búið að merkja inn daginn fyrirfram en til öryggis má strika undir eða skrifa sjálfur inn. Hugsanlega væri hægt að líma inn mynd af flottum bíl, feitum fiski eða öðru því sem hugur karlangans þráir til að vekja upp áhuga.

2. Setjið daginn í skipuleggjarann í símanum svo hann pípi á konudaginn. Einnig má setja nýja hringingu í símann sem hljómar einhvern veginn eins og jóla jóla-tónninn nema í staðinn er sungið kona, kona, kona! Ef það eruð lítt gefnir fyrir þá tækni má biðja mömmu að hringja í sig. Verið samt ekkert að segja frá því.

Til dæmis má setja skóna á náttborðið, svitalyktareyðinn í rassvasann, líma dömubindi á peningaveskið og fleira.

3. Oft er það svo að þrátt fyrir að menn hafi jafnvel munað eftir konudeginum allt árið þá vill minnið bregðast þegar dagur upp rennur. Ef dagurinn stendur ykkur ljóslifandi fyrir hugskotssjónum í dag setjið þá hluti á undarlega staði til að minna ykkur á að á morgun þurfið þið að gera eitthvað sérstakt. Til dæmis má setja skóna á náttborðið, svitalyktareyðinn í rassvasann, líma dömubindi á peningaveskið og fleira. Fyrir þá allra gleymnustu er hægt að tússa „konudagur“ á ennið á sér. Ef ykkur láist að líta í spegil þá mun örugglega einhver minna ykkur á það.

Ekki er nóg að muna eftir hinum mæta konudegi heldur þarf líka að skipuleggja eitthvað huggulegt fyrir sína heittelskuðu eða gefa henni fallega gjöf. Í guðanna bænum ekki keyra með konuna í næstu búð og segja eitthvað á þessa leið: „Jæja, viltu ekki fara inn og kaupa buxurnar sem þig vantaði?“ Sýnið smá rómantíska tilburði og leggið ykkur fram við að sýna viljann í verki. Þar sem konur eru jafn ólíkar og þær eru margar þá legg ég í ykkar hendur að komast að því hvað hentar best. Lesbísku pörin verða vonandi ekki í vandræðum þar sem þær eiga báðar daginn góða og spennan því meiri þar á bæ. Mikilvægast er að njóta dagsins saman. Ég meina, einn dagur á ári!



● **SKÚLPTÚRAR FRANK PLANTS** Frank Plant er bandarískur myndhöggvari sem býr og starfar í Barcelona. Hann hóf að vinna með stál árið 1993, í raun má segja að hann teikni með stáli. Hann flutti til Barcelona árið 1999 og fór að nota fjölbreytilegri efni í verk sín, ljósmyndir, mótora, hljóð og tónlist.

Tímamót í hönnun á Íslandi

● Hönnunarsjóður Auroru er fyrsti íslenski sjóðurinn sem styrkir hönnuði og markar stofnun hans því tímamót. Hann tengist velgerðarsjóðnum Auroru sem stofnaður var árið 2007.

Stofnun Hönnunarsjóðs Auroru markar tímamót í hönnun á Íslandi því þetta er í fyrsta sinn sem stofnaður er hér sérstakur sjóður sem styrkir hönnuði. „Aurora velgerðarsjóðurinn hefur verið til frá árinu 2007 en 13. febrúar, veitti sjóðurinn 25 milljónum til þriggja ára í Hönnunarsjóð Auroru á Íslandi,“ segir Hlín Helga Guðlaugsdóttir, vöruhönnuður og framkvæmdastjóri Hönnunarsjóðs Auroru.

Markmið sjóðsins er að styrkja íslenska hönnuði til að koma sjálfum sér, hugmyndum sínum, vörum og verkefnum á framfæri innanlands sem utan, og aðstoða við vöruþróun. „Við veitum einnig faglega ráðgjöf og er verkefnið tilraunaverkefni til þriggja ára. Sjóðurinn er opinn öllum fagmenntuðum hönnuðum og tekið er á móti umsóknum allt árið og úthlutað nokkrum sinnum á ári. Sjóðurinn verður því sveigjanlegur og getur brugðist skjótt við ef verkefnin kalla á það,“ segir Hlín Helga og bendir á heimasíðu sjóðsins, honnunarsjodur.is.

Í rökstuðningi stjórnar Auroru segir meðal annars að þörf sé á sérstökum hönnunarsjóði á Íslandi til að styðja við efnilega hönnuði en ekki síður til að efla grasrótarstarf í hönnun og vera vettvangur hugmynda og skapandi hugsunar í greininni. „Vonir standa til að sjóðurinn renni enn faglegri stoðum undir greinina. Stjórn Auroru vonar að nýi sjóðurinn stuðli að því að íslensk hönnun verði ein af stoðunum sem skotið verði undir atvinnulífið við endurreisn þess,“ segir Hlín Helga og bætir við að ekki sé síst mikilvægt að koma á fót sjóði sem þessum nú. „Sköpunarkraftur og frjó hugsun hafa blómstrað nú á erfiðari tímum og hönnuðir sjá ýmis tækifæri til að leggja sitt af mörkum í endurreisnarstarfinu. Sjóðurinn mun vonandi auðvelda það starf,“ segir hún. - hs

Hlín Helga Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarsjóðs Auroru, við kynningu á sjóðnum í B5 í Bankastræti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók mynd á veitingastaðnum Dill í Norræna Húsinu **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Ekta íslenskur matur í íslenskri náttúru

Verið hjartanlega velkomin á Gullfoss café
Gullfoss Café er hlýr og heimilislegur veitingastaður í aðeins nokkra skrefa fjarlægð frá hinum kyngimagnaða fossi Gullfoss, um það bil 120 km fjarlægð frá Reykjavík. Opið er frá kl. 9 til 6 alla daga, allt árið í kring.

Við bjóðum upp á ekta íslenska kjötsúpu, samlokur, heimabakaðar kökur, frábæra espresso kaffi drykki og frískandi salat.

Gullfoss café er einnig með minjagripaverslun með gott úrval af ullarvörum, hágæða útivistarklæðnað frá Cintamani og 66°N og íslenskt handverk.

Gullfoss CAFÉ

801 Bláskógabyggð · Tel: (+354) 486 6500 · Mobile: (+354) 899 3014 · www.gullfoss.is · gullfoss@gullfoss.is

eitt.is - auglýsingastofa

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

"Ég nýt þess að búa til hollan og góðan mat.
Ég hreyfi mig reglulega
og nota Slendertone til að fá stinnari líkama.
Ég nota beltið á morgnana
á meðan ég tek mig til fyrir daginn,
þegar ég fer út að ganga,
þegar ég er að elda matinn, vinn við tölvuna
eða bara þegar mér hentar.
Frábært að geta nýtt tímann svona vel.
Tækið er ótrúlega einfalt , þægilegt í notkun
og nákvæmlega engin fyrirhöfn.
Gaman að sjá glæsilegan árangur
eftir aðeins nokkrar vikur".

Sigríður Arnardóttir, Sirrý
fjölmiðlakona og ráðgjafi í almannatengslum

Kíktu á heimasíðuna www.sirry.is
og fáðu upplýsingar um námskeið og fl.

Eitt stjórntæki með hleðslurafhlöðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

DÖMUPAKKI 1
Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

DÖMUPAKKI 2
Belti + buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 39.900.-

DÖMUPAKKI 3
Belti + buxur + armar
þjálfar kviðvöðva, rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 46.900.-

HERRAPAKKI 1
Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

SLENDERTONE System

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending
fyrir utan höfuðborgarsvæðið

KORTER.IS - Ljósmynd Jón Páll Vilhelmsson

Séð inn í eldhúsið úr veitingasal Dills. Takið eftir hitalömpum eldhússins sem eru eins og þeir sem hanga yfir borðum í sal, eftir Alvar Aalto.

Mögnuð stemning í rökkurbirtu mýrar

● Það hvílir hátíðleiki og dulúð yfir Norræna húsinu í Vatnsmýrinni. Húsið er eitt af perlum höfuðstaðarins og friðað í fegurð sinni, en svipmót nútíðar ljær húsinu svip sinn líka.

„Norræna húsið er listaverk í sjálfu sér og skemmtilegt að nú er verið að virkja það meira fyrir mannamót og viðburði. Áður var alltaf lokað á kvöldin en nú er hægt að njóta þar veitinga í kvöldrökkrinu og ótrúlega mögnuð stemning að horfa yfir mýrina innan úr notalegri lampalýsingu Alvars Aalto," segir Jóhanna Kristín Ólafsdóttir, arkitekt hjá AVH-arkitektum, en hún á heiðurinn að einstaklega fagurri hönnun veitingastaðarins Dills, sem opnaði á dögunum í gömlu kaffistofu Norræna hússins.

Það var finnski arkitektinn Alvar Aalto sem teiknaði hvert smáatriði Norræna hússins innanhúss sem utan. Húsið er menningarstofnun, rekin af Norrænu ráðherranefndinni og var opnað fyrir almenningi í ágúst 1968.

„Húsið er friðað og þurfti samþykki Alvars Aalto-nefndarinnar í Helsinki fyrir breytingunum. Því mátti ekki hrófla við neinu af hönnun Alvars, en upprunalegu útliti kaffiteríu hans hafði áður verið breytt. Eftir stóð umgjörð hans í gluggum, lofti, gólfi og veggjum, og endurtók ég form hans í rimlum sem eru áberandi í húsinu í mismunandi breiddum. Þannig held-

Jóhanna Kristín Ólafsdóttir arkitekt á heiður að breytingum veitingahúss í Norræna húsinu. Hér undir mynd af kollega sínum Alvari Aalto og frægum standlampa hans.

ur sér afgreiðslulúga milli eldhúss og veitingasalar, en í hana setti ég gler svo horfa megi á kokkinn matbúa og skapar lifandi stemningu meðal gesta, ásamt hvítum rimlavegg með hliðsjón af rimlum Alvars í loftinu," segir Jóhanna Kristín sem útbjó aukið geymslurými fyrir leirtau og vínkæla í hvítum skúffum neðan við eldhúslúguna, þar sem borðið ofan á er úr hvítum steini.

„Hvíti liturinn varð ofan á, því tréverk í húsinu er orðið fjörutíu ára gamalt og erfitt að ná sömu áhrifum með nýjum viði. Allir munir Alvars Aalto, eins og borðbúnaður, lampar, brauðbretti og karöflur sem hann hannaði fyrir Ittala, sem og stólar hans og borð, njóta sín enda mjög vel með hvíta litnum. Útkoman er því töfrandi og norræn, þar sem skapara hússins er gert hátt undir höfði." - þlg

ÖSKUPOKAR og bolluvendir verða viðfangsefnin á fjölskyldunámskeiði sem Gerðuberg býður upp á í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands á morgun frá klukkan 14 til 16. Aðgangur er ókeypis og allt efni er á staðnum.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

frá 69.650 kr.*

Perla Miðjarðarhafsins!

Mallorca

Frábærir gistivalkostir í boði!

Frábært verð frá 79.650

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku með á Sorrento, 26. maí, 23. júní og 25. ágúst.

Frábært verð frá 79.950

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Club Cala d'Or Park 26. maí, 23. júní og 25. ágúst.

Club Martha's Aparthotel ☼☼☼+
– glæsilegur nýr gistivalkostur

Nánari upplýsingar og bókanir á www.heimsferdir.is

Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálasjóðs

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM48691

*) Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í viku. Sólarsmellstilboð á völdum brottförum til viðkomandi áfangastaðar.

Darri Freyr Helgason, verkfræðinemi og trommari verkfræðihljómsveitarinnar Whatever. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Trommaði fyrir dansi á rokkabillí- og svingballi

Darri Freyr Helgason, verkfræðinemi og trommari í hljómsveitinni Whatever, verður upptekinn um helgina. Fyrir utan að spila á rokkabillíballi á Oliver í gær afgreiðir hann á bar og lærir heima.

„Við erum fimm í hljómsveitinni og erum allir annaðhvort nemar í verkfræði eða nýbúnir að klára verkfræðina," segir Darri Freyr Helgason, verkfræðinemi og trommari, sem spilaði ásamt hljómsveit sinni Whatever á rokkabillí- og svingballi á Oliver í gærkvöldi.

„Við byrjuðum sem lítið skemmtiatriði á árshátíð verkfræðinema fyrir tveimur árum," segir Darri en hljómsveitin hefur troðið upp nokkrum sinnum síðan. „Við spiluðum á kvennakvöldi Fram í fyrra, á árshátíð læknanema, á halloweenballi á English Pub og á útihátíðinni Hallgeirsey sem er útihátíð sem verkfræðinemar standa fyrir," segir Darri og lýsir Whatever sem týpísku ballbandi sem spili tónlist eftir aðra, allt frá Elvis Presley til Rage against the Machine. „Svo eru íslensk lög í bland eins og Stuðmenn sem við spilum mikið," segir Darri.

En hvernig vaknaði hugmyndin um rokkabillíball?

„Söngvarinn okkar var í háskóladansinum og vinkona okkar og vinur voru bæði að kenna þar. Þess vegna datt okkur í hug að tengja þetta eitthvað saman og úr varð hugmyndin um rokkabillí- og svingball," segir Darri sem sjálfur kann vel að meta rokkabillítónlist. Darri telur að hiklaust verði stefnt að fleiri slíkum böllum. „Dansararnir eru mjög hrifnir af þessari hugmynd og ég hef heyrt marga tala um að það vanti svona böll," segir Darri sem mun afgreiða á barnum á English Pub í kvöld þar sem kunningjar hans í Tríó munu spila en þeir eru þrír af meðlimum hljómsveitarinnar Árstíðirnar. Hann segir starf barþjónsins ótrúlega líflegt en hann hefur starfað við það í mörg ár með námi.

Darri stefnir á að klára verkfræðina í vor og því nóg að læra. Hann gefur sér þó yfirleitt frí eftir skóla á föstudögum og á laugardögum en sunnudagurinn er tileinkaður lærdómi enda næg verkefni sem bíða úrlausna. *solveig@frettabladid.is*

INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur

30%

EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM

OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

www.friform.is

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANS verður haldinn hátíðlegur víða í dag. Á Húsavík verður til dæmis boðið til veglegra tónleika klukkan 15 í sal Borgarhólsskóla þar sem nemendur tónlistarskólans koma fram ásamt öðrum.

teg. 3347 - BH mjúkur og mjög fallegur, samt haldgóður í CD skálum á kr. 3.850,- teg. 3348 - boxerbuxur í stíl í S,M,L,XL á kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 40 - 47
Verð: 11.500.- 12.450.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Í dag geta áhugasamir fengið haldgóðar upplýsingar um fjölda námsleiða og þegið persónulega ráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um 3.000 gestir hafa sótt háskóladaginn undanfarin ár og á Hrund jafnvel von á því að þeir verði fleiri í ár.

Ólíkir háskólar opna dyr

Háskólar landsins kynna námsframboð sitt í Háskóla Íslands og Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Auk þess fer fram kynning á erlendum háskólum í Norræna húsinu. Skólarnir bjóða upp á meira en 500 námsleiðir.

Háskólar landsins kynna námsframboð sitt á næsta skólaári í Ráðhúsi Reykjavíkur og Háskóla Íslands milli 11 og 16 í dag. Á sama tíma er boðið upp á kynningu á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð í Norræna húsinu.

Í Ráðhúsinu eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands með bása en námsframboð Háskóla Íslands er kynnt á Háskólatorgi, í Gimli og í Odda.

„Þetta eru skólar með ólíkar áherslur sem spanna allt frá hrossarækt og myndlist yfir í viðskipta- og lögfræði," segir Hrund Steingrímsdóttir verkefnastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík og einn skipuleggjenda háskóladagsins. „Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."

Dagurinn er byggður þannig upp að hver skóli er með kynningarbás þar sem fólki gefst kostur á að kynna sér mismunandi námsleiðir og þiggja persónulega ráðgjöf, en skólarnir bjóða samanlagt upp á yfir fimm hundruð námsleiðir. „Upplýsingar um háskólana og námsleiðir þeirra má finna á netinu en þarna getur fólk hitt nemendur, kennara og námsráðgjafa og fengið haldgóðar upplýsingar og persónulega ráðgjöf.

Hrund á von á að minnsta kosti 3.000 gestum en svipaður fjöldi hefur sótt háskóladaginn undanfarin ár. „Það má jafnvel gera ráð fyrir fleirum í ljósi niðursveiflunnar í atvinnulífinu. Ég myndi halda að margir hefðu áhuga á því að kynna sér mastersnám en það verður, auk grunnáms, kynnt í Ráðhúsinu og í Norræna húsinu."

vera@frettabladid.is

Húmor&Amor á aðalsafni Borgarbókasafns Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, sunnudaginn 22. febrúar

Rómantík í tilefni konudagsins og sprelllifandi dagskrá fyrir börn

Lögreglukórinn syngur mansöngva
Arngrímur Vídalín flytur konum ástarljóð
Jóakim sirkusdýr leikur listir sínar
Listasmiðja
Rómantískar ljósmyndir
Munir tengdir ástarlífi þjóðarinnar

Dagskráin byrjar kl. 14.00
Allir eru hjartanlega velkomnir

Húmor&Amor - spennandi dagskrá allt árið
Sjá nánar á www.borgarbokasafn.is

5. - 12. apríl

Seefeld í Tíról

Tírol og Alparnir í allri sinni dýrð. Gist verður 5 nætur í Seefeld í Tírol á glæsilegu hóteli. Ferðin hefst á flugi til Frankfurt, þaðan verður ekið til Ulm og gist fyrstu nóttina. Á leið okkar til Seefeld skoðum við ævintýrahöllina, Neuschwanstein í Füssen. Frá Seefeld verður farið í skemmtilegar skoðunarferðir, t.d. að Achenseee sem er með fallegustu vötnum Tíróls og að Gramai-Alm, en þar er upplagt að fá sér léttan hádegisverð í osta- og pylsuseli frá 16. Öld. Ekin falleg leið yfir Brennerskarðið til Brixen í Suður-Tíról á Ítalíu. Ferðinni lýkur í Würzburg þar sem gist er eina nótt áður en flogið er heim.

Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir
Verð: 152.500 kr. á mann í tvíbýli
Innifalið: Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

Sjá fr - Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

„...fyrst á visir.is"

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Ólöf fjallar um trúarlegar tilvísanir í eigin verkum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Trú og tákn

Á sunnudaginn verður Ólöf Nordal með umfjöllun um trúarlegar tilvísanir í list sinni.

Ólöf Nordal myndlistarkona verður með umfjöllun um trúarlegar tilvísanir og táknmyndir í eigin list á fræðslumorgni í suðursal Hallgrímskirkju næsta sunnudag, 22. febrúar, klukkan 10.

„Í raun er svolítið skrítið fyrir mig að halda svona fyrirlestur um trúarleg málefni þar sem ég er í sjálfu sér ekki trúarlegur listamaður, í þeim skilningi orðsins, en vissulega eru trúarleg minni í mínum verkum. Kemur það til af því að ég nota myndlistina mikið sem rannsóknartæki og skoða hluti sem vefjast fyrir mér á einhvern hátt og trúin vefst stundum fyrir mér þar sem ég er efasemdarmanneskja," segir Ólöf einlæg en viðurkennir að flestir Íslendingar hafi einhverja trúarþörf og í raun sé hún að rannsaka þá þörf. Ólöf er með sýningu í Start art gallerí á Laugaveginum og heitir sú sýning Þrjú lömb og kálfur.

Allir eru velkomnir í Hallgrímskirkju og heitt á könnunni. Að fyrirlestri loknum verður gengið til kirkju þar sem sunnudagsmessan tekur við. Klukkan tvö er síðan ensk messa. *- hs*

Ástarsöngvar til kvenna

Góa hefst á morgun og er dagurinn tileinkaður konum. Karlmönnum er þá gjarnan uppálagt að dekra við konur á ýmsan hátt og ætlar Karlakórinn Þrestir ekki að láta sitt eftir liggja.

Karlakórinn Þrestir býður konum sérstaklega á tónleika á konudaginn klukkan 15 í Hásölum í Hafnarfirði. Á dagskránni verða ljúfir söngvar til kvenna. „Konur fá frítt inn á tónleikana, karlar eru velkomnir en þeir þurfa að greiða 1.000 krónur," segir Kristján Ragnarsson, formaður Þrasta.

Spurður hvað hafi komið þessari hugmynd af stað hjá kórnum segir Kristján konur í dag eiga allt gott skilið. „Konan er þungamiðjan í þjóðfélaginu eins og ástandið er í samfélaginu í dag, hvort sem það er á vinnustaðnum eða á heimilinu. Við vildum sýna að við metum við þær hvað þær eru að gera í þjóðfélaginu og dekra svolítið við þær einn dag."

Kristján Ragnarsson, kórstjóri karlakórsins Þrasta, ætlar að syngja með félögum sínum til kvenna á konudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Söngdagskráin verður sérstaklega tileinkuð konum og að sögn Kristjáns verða ástarljóð sungin og lög eftir Elton John og Magnús Þór Sigmundsson. Á söngskránni verða einnig hefðbundin karlakórslög, sem kórinn hefur æft frá áramótum. Karlakórinn fagnaði 97 ára starfsafmæli á fimmtudaginn var svo tónleikarnir eru líka í tilefni af því. Fram undan er fjölbreytt starf hjá kórnum, meðal annars æfingabúðir í Logalandi í Borgarfirði og tónleikaröð í Hafnarfirði og Reykjavík sem endar í vor í Skálholti.

En eru karlarnir í kórnum rómantískir á konudaginn? „Ég reyni að gefa konunni allt af blóm á konudaginn. En ef það gleymist þá fyrirgefa þær okkur það nú ef við syngjum fyrir þær og gefum þeim kökur en við bjóðum upp á kökuhlaðborð í hléinu á tónleikunum."

Þegar Kristján er inntur eftir því hvort kórfélagar hafi sjálfir staðið í bakstri fyrir hlaðborðið viðurkennir hann að eiginkonurnar hafi bakað. Þegar blaðamanni finnst það skjóta skökku við svarar Kristján hlæjandi: „Já, það eru kannski einhverjir hnökrar á þessu hjá okkur en svona eru konur, þær styðja alltaf við bakið á okkur og þegar allt kemur til alls þá eru það þær sem sjá um allt. Hvort sem það er á heimilinu eða utan þess."

heida@frettabladid.is

Rómantísk dagskrá verður í Borgarbókasafninu á konudaginn.

Húmor og Amor

Mansöngvar, ástarljóð og sprellifandi barnadagskrá er meðal þesss sem verður í boði í Borgarbókasafninu á konudaginn.

Skemmtileg dagskrá verður í aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi á morgun frá klukkan 14 í tilefni af konudeginum. Lögreglukórinn syngur mansöngva, ljóðskáldið Arngrímur Vídalín flytur konum ástarljóð og allar konur sem koma í safnið fá blóm. Sýning verður á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Árbæjarsafn sýnir nokkra muni sem tengjast ástarlífi þjóðarinnar um aldirnar. Ástarsögur af ólíku tagi verða í öndvegi og gestir geta fengið lánaðar innpakkaðar bækur sem starfsfólk safnsins hefur valið í tilefni dagsins.

Dagskráin markar upphaf og er hluti af verkefninu Húmor&Amor sem er á vegum menningarstofnana Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Ungmennaráðs Miðborgar og Hlíða, Alþjóðahúss og Hins hússins.

Einnig verður hugsað vel um þau börn sem heimsækja safnið á morgun en klukkan 14.30 hefst listasmiðja þar sem búnar verða til grímur og föndrað með hjörtu undir leiðsögn Kristínar Arngrímsdóttur myndlistarmanns. Jóakim sirkusdýr mætir svo á svæðið klukkan 15 og leikur ýmsar listir.

- eö

Skoða skipti?
Fallegt fjarkahús við Torrevija til sölu. Tvö svefnh. tvö baðh., þaksvalir, sundlaugagarður ofl. Bílastæði á lóð.
Sjá, http://suninvestmentsl.com/search.php?op=mi&id=291

Góð staðsetning. Skoða skiptiá eign á höfuðborgarsvæðinu, annars gott staðgr. verð.

Uppl. í síma 6975445.

Nýttu tímann
námskeið • fyrirlestrar • samverur

Dagskrá

2. mars	Skapandi skrif
4. mars	Opið hús - súpa og söngur
9. mars	Skapandi skrif
11. mars	Skattaskýrslugerð
16. mars	Prjón og hekl 1 - tvö skipti
18. mars	Prjón og hekl 2
23. mars	Hreyfing 1 - Tai chi og jóga - fjögur skipti
25. mars	Fatasaumur 1 - fjögur skipti
30. mars	Hreyfing 2 - Tai chi og jóga
1. apríl	Fatasaumur 2
6. apríl	Hreyfing 3 - Tai chi og jóga
8. apríl	Fatasaumur 3
15. apríl	Hreyfing 4 - Tai chi og jóga
20. apríl	Fatasaumur 4
22. apríl	Opið hús - súpa og söngur
27. apríl	Ræktun kryddjurta
29. apríl	Nýsköpun
4. maí	Taflkennsla
6. maí	Briddskennsla
11. maí	Ljósmyndakennsla
13. maí	GPSkennsla - kennsla á GPS-tæki

Viðburðirnir eru á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 10 - 13 og eru fyrst og fremst ætlaðir atvinnulausum og þeim sem hafa þurft að minnka við sig vinnu, þeim að kostnaðarlausu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða á www.raudikrossinn.is/kopavogur

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626, kopavogur@redcross.is

TOPPSKÓR Á RUGLVERÐI
40% afsláttur af öllum Ecco skóm

Ancona
E-8005400101
Litir: Svart og brúnt
40% *Afsláttur*

Neofusion Exprésso
E-4890411192
Litir: Brúnt
40% *Afsláttur*

Livorino
E-8051452569
Litir: Svart og brúnt
40% *Afsláttur*

Traverso
E-1771400101
Litir: Svart
40% *Afsláttur*

Traverso
E-1779451707
Litir: Svart og brúnt
40% *Afsláttur*

DownTown
E-4430451375
Litir: Svart
40% *Afsláttur*

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ MÁN.-FÖS. 11 - 18 · LAU. 11 - 16 · SUN. 12 - 16

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is

HYUNDAI SANTA FE V6. Árgerð 2006, ekinn 21 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.480.000. tilboðsverð 2680 þús

M.BENZ M ML350 100 % LÁN. Árgerð 2003, ekinn 113 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. áhvíl erl lán 2.7 millj.

M.BENZ S430. Árgerð 2001, ekinn 124 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Tilboð 2390 þús



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DÍSEL . Árgerð 2007, ekinn 35 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 8.950.000.

BMW X5 SPORT. Árgerð 2004, ekinn 100 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.990.000. TIlboðsverð 2.9 millj

JAGUAR X TYPE 4X4. Árgerð 2003, ekinn 64 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. tilboðsverð 1590 þús verð áður 2690 þús

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

STAÐGREIÐSLA Í BOÐI.
Óskum eftir að kaupa Toyota Corolla árg.'93 - '01 ,ásamt fleiri tegundun af sömu árgerð. Upplýsingar í síma.562-1717 og 8673769 hjá Bílalíf,Kletthálsi 2. bilalif@bilalif.is

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

Höfðabílar óska eftir bifreiðum á verðbilinu 250 þús.- 500 þús. á söluskrá okkar. Einnig frá 1 millj. - 2millj. Ath skráningin er frí! Skráðu bílinn þinn á www.hofdabilar.is eða renndu við í kaffi.

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

TOYOTA COROLLA VERSO 7 MANNA. Árgerð 2004, ekinn aðeins 64 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.930 þús TilboðVerð 1.550. þús Góð sumar og vetrardekk. Rnr.127301

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

100bilar.is

PORSCHE CAYENNE TURBO S 520 HÖ, árg 2006, ek.17þús.km, Einn með öllu og hlaðinn aukabúnaði!! Flottasti Turbo S á landinu!! Ásett verð 14900 þús.kr, Tilboð staðgreitt!!!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Þjónusta

AFL BINDING ehf.
JÁRNABINDINGAFÉLAG

Pantað í dag – *afgreitt á morgun*

Klippum og beygjum kambstál.
Framleiðum bita, körfur og súlur eftir teikningum

S. 692-8027 / 660-6150 • skrifstofa@aflbinding.is

Bílar til sölu

Ford F350 árg. 11/05. Ek. 80 þús. km. Umboðsbíll. Til sölu vegna jarðakaupa. Fæst gegn yfirtöku á ísl. láni frá tryggingamiðstöðinni. cirka 2.7 m. Uppl. í s. 844 5428.

Til sölu Passat 4x4 '99 1800 ek. 150 þús. sk. Bíll í góðu standi og vel útlítandi. Listaverð 750þ. fæst á 420 þ.strg. S. 615 0888 & 615 3252.

Til sölu Benz 320C árg. '98 ek. 211 þús. Mjög fallegur og góður bíll. V. 600 þús. S. 615 0888 & 615 3252.

M. Benz CL500 árg. 2003 Einn með öllu og vel það. Innfluttur 11/2007. Skoða ýmis skipti s.844-4425

Til sölu Toyota Avensis 08/99 2.0l 5 gíra. ek. 160þ. Verð 490þ. uppl. s. 6648363

Til sölu Toyota Yaris 06/2001 VVti 5 gíra. ek. 150þ. Verð 420þ. uppl. s. 6648363

100% ísl lán!!
Ford Excape Limited ek. 35 þús.mílur, árg '04. S. 893 1087

VW Transporter 4x4 '00 ek. 94 þús. Hugsanleg skipti á ódýrari. Mjög góður bíll. S. 892 8511.

BMW 318 árg. '98 bsk., ek. 181þ. Nýtt í bremsum, álfelgur. V. 680þ. S. 868 4281.

Opel Safira '00 ek. 160 þús. ssk. vél 1.8. V. 380 þ. S. 866 9238.

Nissan Double Cap diesel. Ek. 186 þús. sk. '10 beinsk., þakgluggi. Bíll í topp standi. Ásett v. 750 þús. Uppl. í s. 863 6060 & 554 7225.

Toyota Prius Hybrid EXE, árg.09/2006,e-kin 34.700km. verð 2.300 þús.Uppl. 820 8483.

Subaru Impreza WRX túrbó '02 Ek.75þkm 220hö, ný dekk. Staðgr. 1,5millj. S: 8977050. Árni

Landrover freelander ágúst '07 ekin 26þús Dísel 200HÖ verð 3,3mill staðgreitt Fjórhjól Suzuki Kingquad 700 skráð apríl 98ekið 400km verð 950þús Uppl. í síma 896-2005

PATROL 35" árg. 1999. Ný dekk, leðursæti, tölva ofl. Ek aðeins138 þús. Ásett verð 1.600 þús. Tilboð 1.100 þús. stgr! s. 825-3505

Til sölu Ford Escort '87 ek. 175.000 km. í mjög góðu lagi er með skoðun fram í okt. '09. Verð 70.000. kr. Uppl. í s. 615 0210.

Man-1993 með sturtu. sk-09. Skipti á þjöppu eða öðru? uppl. 8640950.

Skiptum á bílum! Þú færð minn í DK (Peugeot 307, 2006 módel) og ég fæ þinn á Íslandi. Áhugasamir sendi póst á skiptum.a.bil@gmail.com & s. *690 9068.* >

SSANGYONG MUSSO Árgerð 1997 Ekinn 146 þ.km. 4 cyl bensín. Nýskoðaður, einn eigandi frá upphafi. Ný dekk. Gott eintak. Verð 475 þús. S. 848 4490

Mini cooper árg 05 ekin 55þús topplúga leður og fl. Fæst með yfirtöku á láni ca 2millj afb ca 45þ uppl 8999008.

Tilboð óskast VW Transborter árg 2000 ekinn 103000 9 manna þarfnast aðhlynningar á body. uppl 8999008



Honda Accord árgerð 2004. Ekinn 54 km. Verð 1150 þ. Ekkert lán. S. 692 2214.

Til sölu BMW 316 árg. '84 hálfuppgerður, nýtt lakk og mikið af nýjum varahlutum. Uppl. í s. 892 0781.

M. Benz 200E '93 ek. 120þ. Dökkgrár, ssk., nýsk. V. 600þ. stgr. S. 825 1018.

Toyota Carina E árg. '93 V. 150 þús. Góður bíll. Ford Focus árg. '00 V. 300 þús. Vel með farinn. Chevrolet Blacer. V. 50 þús. S. 896 8350.

Til sölu Nissan Sunny '93 Ágætis bíll. V. 100 þús. Er til í að taka uppí nýrri bilaðann bíl. S. 865 0407.

Japanskar Vélar Varahlutasala
Heima er bezt tímarit
Fróðlegt og skemmtilegt mánaðarrit. Nýtt hefti á sölustöðum. Áskrift s. 553 8200 - www.heimaerbezt.net

Óskast keypt

Evrur óskast
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.
Regent Accounts Ltd Uppl. gefur Sverris í s. 618 7001.

Kaupum gull 10k, 12k, 14k, 18k, 22k, 24k gull
Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu Hringa, hálsfesta, eyrnalokka, armbönd, styttur o.fl , Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! . Uppl í s. 661 7000.

Kaupum ýmislegt gamalt dót
30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl.
Fríða frænka, Vesturgata 3,

Opið mánud - föstudaga 12-18

og laugard 12-14.

S. 551 4730 & 864 2223.

Óska eftir að kaupa gibs plötur/12 mm krossvið / grindarefni 34x70 / innihurðir / eldvarnarhurðir / borðplötur / rafmagnsrör og víra / vaska / salerni / sturtuhausa / blöndunartæki/loftljós / iðnaðar eldhúsvörur og fl. Uppl . í s. 663 4521 eða valdi@trailiceland.com

Vantar felgur undir Hondu CRV. Uppl. í s. 895 8973 Valur

Terhi-bátur stærri gerð helst með vagni og mótor óskast. Staðgreiðsla. Sími 565-6401, 618-5401

Óskum eftir langborðum og/eða hringborðum í 100 manna veislusal. Uppl.s: 897-5246, 421-4242.

Sambyggð trésm.vél óskast keypt t.d Robland eða samsvararandi. Uppl. í s. 897 0800.

Veitingarekstur
Óska eftir notuðum tækjum og tólum fyrir veitingarekstur. T.d. eldavél, kæli og frysti frístandandi / skáp, uppþvottavél, vask, háf, hrærivél, blandara, vinnuborði, pottum og ALLT. S. 821 7909

Gullskartgripir-Gull
Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000.

Hljóðfæri

Harmonikur í úrvali. Harmonikukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

Fallegur flygill af minni gerð til sölu. Tegund: Geyer. Um 30 ára gamall, sáralítið notaður. Sími 696 2189.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Til sölu eru þessar tvær borvélar báðar í mjög góðu standi. Verð 200.000 stykkið. Uppl. í síma 821 9222, Hrafn.

Þjónusta

Þjónusta

Til sölu lítið notuð golfþvottavél IPC CT40 BT55 yfir 2000 fm/klst. Hafið samband: 694-6337

Til bygginga

Óskum eftir Topec 180x180 og Manto 330. Uppl. í s. 898 2601 & 899 5901.

Verslun

Komnar með til leigu í stærðum 1 árs upp í stórar herrastærðir, Ísl. hátíðarfötin smoking, kjólföt og Sjaket, Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju Faxafeni 9 S. 567-0990

Allir öskudagsbúningar á 2.000 kall! Mikið úrval. Partýbúðin, Faxafeni 11.



HEILSA

Heilsuvörur

Ert þú með þurrar og/eða sprungnar hendur/fætur ?
O'Keeffe's viðgerðarkremin eru lausnin.

Kremin fást í flestum verslunum Lyfju, Apótekinu, Árbæjarapóteki, Lyfjaveri Suðurlandsbraut Lyfjavali í Mjódd, Laugarnesapóteki, Snyrtistofunni Laufið í Reykjanesbæ, Snyrtistofan Þema Hafnafirði og Snyrtistofu Grafarvogs.
Ís - Undur ehf.

www.isundur.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Heilnudd Heilnudd. Uppl. í s. 616 7232.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Þjónusta

Neglur
Hvergerðingar og Selfyssingar ath! Nú er hægt að fá glæsilegar neglur á sanngjörnu verði. Hendur + Fætur á 6þús. í febrúar. Uppl. í s. 892 5869.

Ýmislegt

Jóga með Kristbjörgu
Gerðuberg 17.15 - 18.30 mánu og miðvikudaga Elliðavatn 12.00 - 13.15 Hugleiðsla 18.40 - 19.40 mánudaga Blómadropaþerapistanám hefst í mars Nánar í 861 1373

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Nú er tækifæri til að læra að prjóna! Ódýrt dagnámskeið, er í Grafarvogi. Sól - s. 821 6410.

Mósaik námskeiðin eru að byrja aftur. Tvö samliggjandi kvöld. Verð kr. 7000,- og allt efni er innifalið. Uppl. í síma 891-7102 e.kl. 16.00

AM/PM ! INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 16/3. & 10-11:30 AM start 13/4. Level II: 4 w Md-Frd; 10-11:30 AM & 7w: 20-21:30; start 16/3 Level III: 10w: Tsd/Thsd: 20-21:30: 28/4. Level IV:10w: Sat 14-16: 13/3. Ármúli 5, s.588 1169 - www.icetrans.is/ice

Kennsla

Píanókennsla. Tek að mér að kenna fólki á öllum aldri á píanó. Hef ágætis reynslu, menntun og aðstöðu. S:691-5787. orvar1982@hotmail.com

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Heimsendingar á 4500.kr* Sótt í Reykjavík og keyrt heim að dyrum á póstnr. 810,800,310,300,260,230 Tómas ehf S:820-3880

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyring.is S. 897 5484 & 897 3327.

Barnagæsla

Auglýsi eftir liðveislu fyrir 12 ára dóttur mína á daginn, þrjá daga vikunnar. Áhugasamir hafi samband í síma; 842 5664/565 89 36. Eða sendi tölvupóst á: brb3@hi.is

Dýrahald

Dýragarðurinn

Dýragarðurinn
Sjávarbúradagur! Live rock 1.500kr. kg. Aðrar sjávarvörur á 15% afsl. Dýragarðurinn Síðumúla 10 S:517-6525

Járnbúr og grindur í mörgun stærðum.
Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.
www.dyrabaer.is

English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í s. 894 0735.

Tveir 12 vikna chihuahua blendingar fást á 15.000 kr ef rétta heimilið er í boði. Uppl í síma: 6618669

Þjónusta

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Byssur

www.skyttan.is Eigum Cooper riffla, Berger riffilkúlur, IOR sjónauka og fleira. S: 842 2666

Fyrir veiðimenn

LAXMENN
FLEKKA
Örfá veiðileyfi laus í Flekkudalsá upplýsingar gefa:
Jón Ingi s. 897 5394
Logi s. 898 9717

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Herbergi í 101!
Til leigu fullbúið herbergi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði,eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax. Á Besta stað í bænum. Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.

www.leiguherbergi.is
Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

www.heimkynni.is
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

húsaleiga.is
Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www.LMH.is. Sími 517 0150.

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími: 520 5788 - Veffang: www.buseti.is
BÚSETI
Öryggi til framtíðar, hvíld þegar þér hentar

Er eignin þín ekki örugglega skráð hjá okkur?
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Vinsælasta leigumiðlun landsins*
sími 615-4422
*skv. modernus

3 herbergja íbúð til leigu á annari hæð í lyftuhúsi í Engihjalla. Nýmáluð og nýtt parket. Leiga 95 þús. Laus. S. 899 9600

Til leigu 2ja herbergja útsýnisíbúð í Grafarholti. Langtímaleiga frá 1. mars nk. Upplýsingar í síma 898-4261

Til leigu 5 herb. íb. í Kóngsbakka 109 R. Nýmáluð, björt og fín. Laus S.896 2878

EINBÝLI Á EINNI HÆÐ MEÐ EÐA ÁN BÍLSKÚRS Á GÓÐUM STAÐ Í GRAFARVOGI. STOFA, SÓLSTOFA, 3 GÓÐ HERB. LAUST 1.3. UPPL. 822-4850.

Herb.í til leigu í Unufelli m/ húsg. Internet, þvotta- og baðherb. V. 30þ. S. 845 6154 & 557 7945.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hf. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

Einbýlishús í Vogum Vatnsleysuströnd. Húsið er 145 fm. með bílskúr.Leigist á 100 þús. fyrir utan hita og rafmagn. Leiga í gegnum greiðsluþjónustu.uppl. í síma 8954151

City centar - miðbær
Room all incl. no internet. Herb. með öllu. Uppl. í s. 619 0067.

Glæsileg 3-4herb. íbúð í Erluás Hfj. Sér inng.1.hæð til leigu.120þ. á mán. + rafmagn. Helga s. 692 4731.

60.fm 2.herb íbúð í Hlíðunum á 1.hæð,95þ+hússj. 2650 og rafm&hiti. simi:6604526

Laugarneshverfi 105 Rv
3 herb. risíbúð með húsg. Leiga 110 þús. á mán. Uppl. í s. 699 5252.

80fm 3 herb. íbúð til leigu 7 hæð, Ársölum 5. Bílastæði í bílakjallara. S. 863 7298.

TIL LEIGU HÚS Á BESTA STAÐ Í HAFNARFIRÐI 5-7 herb, bílskúr ofl. Verð: TILBOÐ. Sími 896 4557.

81fm íbúð til leigu á sv. 111. Laus 1 mars 2009. Leiga 90þús. m/öllu. Uppl. í s. 897 7689 & 566 7589.

til leigu 2 herbergi 22fm með sjónvarp. ísskáp.eldunaraðstöðu. langtímaleiga í boði.við Ásvallagötu upl.s.6933699

300 fm einbýlishús við Erluás í Hafnarfirði til leigu. Fráær staðsetning, flott útsýni,. Fullbúið hús með heitum potti. Tilboð óskast. Uppl. hjá Eiríki í s. 862 3377

Excellent 4 room,90sq.m.apartament in excellent place 108 Rvk.Separate entrance. Everything incl.(furniture,fridge,laundry,internet...) 130.000. Tel.8204344

Ný og falleg 3. herb. íbúð á völlonum í Hfj. Langtíma leiga, laus 1. mars. Uppl í s. 864 1717.

Falleg 120 fm íbúð í Garðabæ 2 svefnherb og 2 stofur kr. 130.000 á mán. 20 fm bílsk. getur leigst með. Uppl. 862 0022

Til leigu mjög góð 3 herb kj. íbúð í laugardalnum. Laus strax. Ísskápur og uppþvottavél geta fylgt. Verð. 120 þús. S:8940990.

Til leigu á Spáni
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

Geymið auglýsinguna!

Frábær eign í Breiðholti til leigu
5 herb. íbúð öll nýuppgerð. Leiga aðeins 130þ. á mán. Uppl. í s. 586 2702 & 690 2602.

Glæsileg 132 fm íbúð í miðbæ Hafnarfjarðar Svalir, sólpallur og öll þjónusta í göngufæri. Uppl. 8961488.

SALAHVERFI, KÓP. Til leigu góð 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðum palli. 130.000 á mánuði, allt innifalið. Upplýsingar 693 1814 Ásdís.

4 herb. 97 fm íbúð til leigu í Breiðholti. Verður laus 15.3 leiga 110 þús. á mán. innif. hiti og hús. Uppl. í s. 895 0306.

4 herb. 75 fm íbúð á 2.h í 101 verð 120 þúsund + rafm. og hiti. Langtímaleiga. Sími 899 2230.

Notaleg 74fm. 2-3 herb. íb. á jarðhæð m/ palli í Hfj. til leigu. V. 105þ. S. 899 9477.

Til leigu 4ja herbergja íbúð við Svöluás. Frábært útsýni. Uppl. gefnar í s. 694 1800.

96 fm - 4 herbergja íbúð neðst á Skólavörðustíg. Eitt sérherbergi á gangi sem auðveldlega er hægt að sameina íbúð. Gæti hentað sem vinnuherbergi. Leiga 130 þús. á mánuði. Áhugasamir sendi á skolavordustigur@visir.is

Rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 30 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Glæsileg íbúð í Grundarhverfi á Kjalanesi. Húsgögn geta fylgt. Uppl. í s. 899 5436 & 482 1061.

Einb. til leigu í DK. 25 mín f/ utan Køben. 3 svefnh, 2 badh, gardur. Uppl 8988069

ÓDÝR STÓR OG FULLB.HERB.MEÐ ADSL SAMEIGINL. ELDUNAR BAÐ OG ÞVOTTAAÐST. SJÁ HOTELFLOKI.IS BJARNI S.869-7799

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Vantar litla íbúð um mánaðarmót á bilinu 40-50þ. Uppl. ib08@visir.is

Einstaklingur óskar eftir 2-3 herb. íbúð á sanngj. verði á höfugb.sv. S. 699 3965, Björn.

Óska eftir 4 herb. íbúð frá 1. april í Hfj. eða Kóp. Uppl. í s. 868 9345 & 697 6567.

Reglusamt reyklaust par með 2 börn á grunnskólaaldri óskar eftir 4-5 herb. íbúð í Vesturbænum. Skilvísum gr. heitið. S. 698 6706 & 661 6654.

Snyrtileg 2ja herb. íbúð með sérinng. og geymslu óskast helst á svæði 108/110. Önnur svæði kæmu þó til greina. Gr.geta 70-90 þús. S. 699 4210, 6994210@internet.is

Leiguíbúð óskast fyrir þriggja manna fjölskyldu nálægt HÍ. Gsm. 696 7868.

Par óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu í Kóp. Uppl. í s. 696 6621 Einar.

Sjálfstæð móðir með 2 börn óskar eftir 3 herb. íbúð á sv. 201, 202 eða 203. Greiðslugeta um 100 þús kr. á mán. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 847 4396.

Óska eftir húsnæði á Spáni, gefins (yfirtaka láns). Allt kemur til greina.

Uppl. 866 5192 / gorozpe666@hotmail.com

Kona með lítið barn óskar eftir ódýri litlili íbúð helst í Grafarvogi. Uppl. í s. 690 7151, Eva

Óska eftir íbúð á höfuðb.sv. Greiðslugeta hámark 65þ. Uppl. í s. 841 8199.

Húsnæði til sölu

Hús til sölu í Hrísey. V. 1 milj. og yfirtaka á láni. Skoða önnur skipti anvirði 1 milj. S. 896 2888.

Sumarbústaðir

Til sölu 70m2 sumarhús á Stokkseyri til flutnings.Húsið er fullbúið að utan og innan. Verð 12 millj. Uppl. í S:8679690

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 100-200 fm verslunarhúsnæði í bæjarlind 14-16 á fyrstu hæð, ódýr leiga. Upplýsingar í s:840-4485.

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax.

S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

Iðnaðarbil til leigu í Hafnarfirði, stærðir frá 85 ferm. Hagstæð leiga. Uppl. 8224200

Til leigu mjög gott verslunarpláss á besta stað við laugaveginn. 45 fm. Uppl. í s. 898 0227 & 861 6016.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Bílskúr

Bílskúr til sölu. Upplýsingar í síma 694 9440.

Nýr 30m² bílskúr til leigu á Hagamel, 30 þús. á mán. með hita+rafm.; S.6609960

Gisting

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

ATVINNA

Atvinna í boði

Starfsmaður í pökkun
Óska eftir starfsmanni í pökkun. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 30 ára. Ástundun og vinnusemi skilyrði. Umsóknir liggja fyrir á skrifstofu Búr, Bæjarflöt 2, 112 Rvk. Upplýsingar gefnar í síma 896 2836.

Ræsting
Viljum ráða hressan, jákvæðan og stundvísan starfsmann með reynslu. Hlutastarf í boði. Aðeins íslenskumælandi umsækjendur koma til greina. Umsóknir verða að vera skriflegar.
Umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is

Óskum eftir starfsmanni með meirapróf og vinnuvélaréttindi. Umsókn sendist á: gustii@internet.is fyrir 23. feb.

Kvöld og helgarvinna. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa við úthringingar! Upplýsingar í síma 550 3600 milli kl 13 og 18 virka daga

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur. Góðir tekjumöguleikar. Nánar á www.raudatorgid.is (atvinna).

Framtíðaratvinna !
Við leitum að duglegu, gjarnan vel menntuðu fólki. Sem er tilbúið að takast á við krefjandi verkefni, og skapa sér góðar og vaxandi tekjur til framtíðar. Upplýsingar í síma www.vinnaheima.is hrafn@masstadir.is

Óskum eftir barþjónum og dyravörðum í hlutastarf. Áhugasamir sendið mail á punkholm@gmail.com með mynd og ferilskrá.

Atvinna óskast

Vanur sjómaður óskar eftir plássi, er með 200 tonna skipstjórnarréttindi. Uppl. í s. 869 3282.

2 strákar óska eftir vinnu, helst á kvöldin og um helgar. S. 866 1943.

SVEIT!!! 2 ódýrir vanir menn óska að komast í sveit. Getum einnig séð um viðhald á vélum og Husnæði 8495035/8940509

32 ára kk. vantar vinnu fyrripart dags. Er með einkaþjálfara réttindi og meirapróf ef það hjálpar. S. 848 8842.

Vanur verkstjóri óskar e/ vinnu m. meirapróf og vanur öllum vélum. S. 893 6022.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Viðskiptatækifæri

Hársnyrtistofa á góðum stað í Hafnarfirði til sölu á hagstæðu verði vegna barneigna. Uppl. í S. 868 5722 eða eyglo83@hotmail.com.

Aðalsjoppan Vogum til sölu. Frábært tækifæri sem fjölskyldufyrirtæki. Miklir möguleikar. Upplýs. í síma 898 6714.

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 6666. opið allan sólarhringinn

Ný upptaka!
Það var ný upptaka að detta inn hjá Sögum Rauða Torgsins, eldheit, mjög innileg og afar blátt áfram! Njóttu hennar í einrúmi! Símar 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8248.

SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Mig langar að eignast símavinkonu á aldrinum 55-65 ára. Má vera djörf og ræða allt. Uppl. í s. 820 3247.

Karlmaður 65 ára vill kynnast konu. Svar til fb merkt 10691.

Tilbreyting á Rauða Torginu!
Nú er töluvert af nýjum og spennandi auglýsingum á Rauða Torginu Stefnumót frá konum sem leita tilbreytingar. Þrjár mjög áhugaverðar auglýsingar eru með númerin 8259, 8154 og 8616. Síminn er 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

Tapað - Fundið



Chihuahua hvolpur er Týndur
Hann heitir Dropi hans er sárt saknað af 8 ára stelpu og fjölskyldu. Vinsamlegast hafið samband ef þið hafið séð hann. Með fyrirfram þökk Ólína s. 848 1301.

Fasteignir

Ársalir - fasteignamiðlun • Ársalir - fasteignamiðlun

OPIÐ HÚS Í DAG, HAGAMELUR 15

Til sölu efri hæð og ris í þessu virðulega og fallega húsi. Hæðin er skráð 108 fm. og skiptist í Hol, (svalir út frá holi) tvær samliggjandi stofur, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Risið er skráð 54,7 fm. (gólfflötur stærri), og skiptist í hol, 4 herbergi, baðherbergi og geymslu. Mikil lofthæð á aðalhæð eða um 2,7m. Tveir inngangar eru að íbúðinni, frá öðrum þeirra er gengið uppí rishæð, mögulegt að innrétta þar sér íbúð. Sameiginlegt þvottahús í kjallara og sameiginleg ræktuð lóð. Íbúðin þarfnast endurnýjunar að öllu leyti. Kjörið tækifæri fyrir iðnaðarmann eða handlagin. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

OPIÐ HÚS LAUGARD. KL. 13-14

Frekari upplýsingar veitir Ingvi Rúnar í síma 896 0421 eða ingvi@arsalir.is

Ársalir ehf – fasteignamiðlun
533 4200 og 892 0667
Engjateigi 5, 105 Rvk

Björgvin Björgvinsson, löggiltur fasteignasali

Stórhús
sérhæfð fasteignamiðlun
Sigurbergur Guðjónsson, hdl og lögg.fasts. Sími: 534-2000
Hrafnhildur Bridde, lögg.fasts. Sími: 821-4400
Svava Hólmarsdóttir, sölufulltrúi. Sími: 898-3023



LAUS VIÐ KAUPSAMNING ! ENGJASEL, SELJAHVERFI
Vel skipulögð 5.herb. íbúð, 113,4 fm, á 1.hæð í góðu fjölbýlishúsi, ásamt bílskýli. ATH ! eitt herbergið er í kjallara. Nýl.endurnýjað eldhús. Húsið stendur á besta stað. **Verð 23 millj.**
ATH ! Íbúðalsj. lánar 18,4 millj. mv/uppsett verð.

LAUS STRAX ! ÁSAKÓR 1, KÓP. EFSTA HÆÐ, 5.HÆÐ.
5.HERB. + BÍLSKÚR. EIN SÚ FLOTTASTA Í DAG !
Íbúðin er 166,9 fm og bílskúrinn 24,9 fm. Fjögur mjög rúmgóð svefnherb. Stór stofa m/suður svölum og stórkostlegu útsýni. Eikarparket og innréttingar. **ATH ! MÖGULEG SKIPTI Á MINNI EIGN ! Verð 37,9 millj. Íbúðalsj. lánar 20.millj.**

Bæjarlind 4 • 201 Kópavogi • sími 534 2000

Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166
Í kvöld spilar hljómsveitin
Feðgarnir
Boltinn í beinni!
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ittala brauðbretti með frægu munstri Alvars Aalto og Ittala-vatnskönnur.

Íslenskt grjót í kertaglasi gefur sjarmerandi birtu yfir borðhaldi.

Dill tekur um fjörutíu manns í sæti. Vinalegur ys og þys fylgir matseld kokkanna á bak við glervegginn. Stólar og borð Alvars Aalto hafa fylgt matsalnum frá því 1968.

Það er friðsælt að horfa út á Tjörnina og Vatnsmýrina úr róandi umhverfi Dills.

Smjör, borið fram á íslensku grjóti, er hugmynd veitinga-manna Dills.

Bláar Ittala-karöflur ríma vel við hvíta litinn í tréverki Dills.

● **Í BRENNIDEPLI** Hönnunardagar, eða HönnunarMars, verða dagana 26. til 29. mars. Þeir eru til þess fallnir að vekja athygli almennings, fjölmiðla og stjórnvalda á íslenskri hönnun. Í ár verður boðið upp á fyrirlestraröð um hönnun og arkitektúr, hönnunarsýningar, stórsýningu á íslenskri fatahönnun og margt fleira. Reykjavík verður iðandi af lífi og hvarvetna verður hönnun í brennidepli.

Kleopatra Kristbjörg

Brot úr bókinni
Hermikrákuheimur

Það eru tvennskonar öfl sem berjast og hafa alltaf barist um völdin í heiminum, ég kýs að kalla þau ljós og myrkur. Þessi öfl eru líka innra með okkur og þar er vandinn mestur því ef þau væru ekki hið innra með okkur þá væru engin ill öfl til í heiminum. Heimurinn versnandi fer og það hratt, mjög hratt! Heimskan er svo gífurleg og nautnasýkin er algjör hjá fólki í dag og stjórnar för! Það batnar ekki, ónei, það versnar! Í dag snýst allt um peninga og kynlíf! Já, þess vegna er fólk alltaf óhamingjusamara og óhamingjusamara, týndara og tómara!

Því meira sem það veitir sér fyrir peningana, því tómara verður það þegar upp er staðið og hefur týnt sjálfu sér! Samt heldur fólk áfram í heimsku sinni að hugsa um peninga og keppa um peninga og heldur að hamingju sé hægt að kaupa fyrir peninga!

Mundu mig ég man þig

● Konudagurinn er til þess fallinn að sýna ást og umhyggju. Það má vissulega gera með blómum en einnig með hugulsömum gjörðum og smágjöfum.

1. Rómantískur ilmur. Í Bodyshop fæst úrval af fallegum ilmolíum og -brennurum. Með því að setja nokkra dropa af olíu í skálina og kveikja á kerti undir fyllist loftið af höfugum ilmi.

2. Morgunmatur í rúmið. Fátt er jafn hugulsamt og morgunmatur í rúmið. Þá þarf einnig lítið að kosta til. Góður kaffibolli og ristað brauð með osti kveikir ást í brjósti margra kvenna.

3. Súkkulaði í hjartalaga formi hittir beint í hjartastað. Í Vínberinu á Laugavegi fæst súkkulaði af ýmsum gerðum í fallegum umbúðum.

4. Ást í bolla. Amore Mio heitir þessi sæti bolli frá Ritzenhoff sem fæst í versluninni Casa á 3.700 krónur. Tilvalinn á bakkann með morgunverðinum sem færður er ástinni að morgni í rúmið.

5. Ást í skjóli regnhlífar. Þessi fallega regnhlíf með hjartamunstri fæst í Tiger á 800 krónur. Hvað er rómantískara en að kyssast í rigningu undir verndarvæng fallegrar regnhlífar?

Blómin segja allt sem þarf

Konudagur er heiti á fyrsta degi góu og fór heitið á deginum að breiðast út eftir miðja 19. öld. Um 1900 var heitið orðið þekkt um allt land og 1927 var það tekið upp í Almanaki Þjóðvinafélagsins segir í upplýsingum á Vísindavefnum. Á fjórða áratugnum tóku kaupmenn að auglýsa sérstakan mat fyrir konudaginn og sumar stúkur Góðtemplarareglunnar auglýstu kvöldskemmtanir á þessum degi um 1940.

Það var svo um miðjan sjötta áratuginn sem blómasalar fóru að auglýsa konudagsblóm en fyrsta blaðaauglýsing sem fundist hefur frá Félagi garðyrkjubænda og blómaverslana er frá 1957.

Rauðar rósir eru hefðbundnar en svo er líka gaman að breyta til og gefa óvenjuleg blóm. Blómasalar geta vafalaust gefið góð ráð varðandi val á blómum.

Í dag er enginn maður með mönnum nema hann færi konunni blóm á konudaginn enda fegra blóm umhverfið og lífga upp á andann.

Nanna Björg Viðarsdóttir hjá Breiðholtsblómum setti saman tvo íðilfagra vendi fyrir lesendur Fréttablaðsins. Annan hefðbundinn með rauðum rósum og hinn óvenjulegan en ekki síður fallegan. - sg

Íslenskt ekki lengur púkó

● Pétur B. Lúthersson, húsgagna- og innanhússhönnuður, sýnir bæði ný og eldri verk í versluninni Epal í Skeifunni 6.

„Þetta hófst nú með því að við Eyjólfur (Pálsson) vorum að ræða um að gera einhverjar bjartsýnishræringar í skammdeginu sem ríkir. Hann hafði verið með til sölu sófa eftir mig í Epal, sem eru framleiddir í Slóvakíu, og okkur datt í hug að sýna verk frá mér sem hafa verið framleidd á Íslandi," segir Pétur B. Lúthersson, húsgagna- og innanhússhönnuður, sem sýnir nú í versluninni Epal í Skeifunni 6 undir yfirskriftinni Gagnlegt á góunni.

„Menn hafa svolítið vanmetið það sem hér er gert, en ef það er selt úti í löndum þykir það strax betra," segir Pétur B. Lúthersson sem sýnir nú í Epal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skápur úr smiðju Péturs.

„Þarna eru ýmis ný húsgögn. Meðal annars stólar úr áli og stáli, sem eru raunverulegar frumgerðir, framleiddir hjá Stáliðjunni ehf. sem verður vonandi hægt að selja á hagstæðu verði. Líka nýir stólar sem ég er að vinna fyrir norskt fyrirtæki og eru sérstakir fyrir þær sakir að þar sem seta og bak mætast er brotið inn en við það myndast sterkara horn. Svo má nefna borðstofuskápa, skenk og skáp undir glös og þess háttar, sem voru sérstaklega hannaðir fyrir sýninguna og verður vonandi hægt að bjóða áfram í Epal ef þeir hljóta góðar viðtökur," bendir Pétur á.

Einnig eru til sýnis eldri verk, svo sem STACCO-stólinn sem Pétur hannaði árið 1980 og hefur verið á markaði allar götur síðan. Hátt í 300.000 eintök hafa selst af honum til þessa og virðist lítið lát ætla að verða á vinsældum stólsins sem var framleiddur um tíu ára skeið í Danmörku og nú hjá Stáliðjunni.

„Ætlunin með sýningunni er meðal annars að vekja athygli á að íslensk framleiðsla stenst fyllilega samanburð við þá erlendu," segir Pétur. „Fyrir utan Stáliðjuna á ég meðal annars í samstarfi við Smíðastofu Sigurðar R. Ólafssonar, Trésmiðjuna Grein ehf. og Sólóhúsgögn."

Um íslenska framleiðslu segir Pétur að hvorki hafi skort verkþekkingu né gæði heldur hafi smæð markaðarins verið til trafala. „Að skrifstofuhúsgögnum undanskildum hefur reynst erfitt að framleiða húsgögn í einhverju magni og því erfitt að halda verði niðri. Það breyttist við gengishrun. Nú getum við keppt við innflutt húsgögn bæði hvað verð og gæði varðar. Vandinn er líka sá að íslensk húsgögn hafa þótt örlítið púkó, því frægð og frami kemur alltaf utan frá. Menn hafa svolítið vanmetið það sem hér er gert, en ef það er selt úti í löndum þykir það strax betra." - rve

hönnun



● **MARTIN MÚLDÝR**
Múlasninn Martin er ekki aðeins fallegur, hann hefur einnig mikið notagildi. Óteljandi hillur eru um asnann allan og á bakinu ber hann rúmgóðan skáp. Sjá www.ibride.fr.

● **LEIKIÐ MEÐ MAT**
Matarandlit eða Foodface kallast þessi diskur sem á er mynd af sköllóttum karli. Börnin geta skreytt karlinn með matnum um leið og þau borða. Sjá www.worldwidefred.com

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali
10 ár í Mosfellsbæ
Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is
TIL SÖLU - Hlín Blómahús í Mosfellsbæ.

Um er að ræða eina vinsælustu blómabúð landsins. Búðin hefur verið rekin af sömu aðilum í Mosfellsbæ sl. 16 ár við góðan orðstýr. Þetta er flott tækifæri fyrir t.d. tvo samhenta aðila sem vilja fara í skemmtilegan rekstur með góða sögu.
Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll, fasteignasali hjá Eignamiðlun í Mosfellsbæ í síma 899-5159 og 586-8080.

Bakkabraut 2 – Kópavogi
TIL LEIGU 480 FM IÐNAÐAR- OG GEYMSLUHÚSNÆÐI
Til leigu mjög gott ca. 480 fm iðnaðar- og geymsluhúsnæði við Bakkabraut í Kópavogi.
Allar nánari upplýsingar gefur Jón Gretar í síma 617-1800.
Í boði er:
• Mjög góðri lofthæð rúm 6,5m
• Stór innkeyrsluhurð.
• Góð skrifstofu- og salernisaðstaða
• Góð aðkoma og stórt malbikað útisvæði
• Góð staðsetning
• Hagstæð leigukjör.
HÚSAKAUP
Jón Gretar Jónsson, Sölumaður, GSM. 617-1800
Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali
Farsæl miðlun fasteigna

Vallarhús 49
112 Reykjavík
Mjög falleg 4-5 herb. endaraðhús
Stærð: 130 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1990
Brunabótamat: 25.350.000

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 16:00 - 16:30
Verð: 31.900.000
LÆKKAÐ VERÐ - FRÁBÆR KAUP! Mjög fallegt og vel skipulagt 4-5 herbergja endarahús við Vallarhús í Grafarvogi. Eignin er á tveimur hæðum. Neðri hæð: Forstofa, gestasalerni, eldhús, þvottahús/geymsla, stofa og borðstofa. Efri hæð: þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og baðkeri, risloft sem auðvelt er að breyta í herbergi. Frábær eign á góðum stað.
RE/MAX Lind

Þórarinn Jónsson
Sölufulltrúi
thorarinn@remax.is

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
822 3702
gv@remax.is
RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar
Mýrarás 4, Árbær
Einbýlishús á einni hæð

Mjög fallegt og vel skipulagt ca 224 fm einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum (32 fm) innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni, byggt árið 1984 og skiptist í rúmgóða forstofu, sjónvarpsstofu, rúmgóða stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur rúmgóð svefnherbergi, fataherbergi og tvö baðherbergi. Annað baðherbergið er inn af hjónaherbergi. Eignin er öll björt og skemmtileg með suðurverönd og skjólveggjum. Verð 67 millj.
Nánari upplýsingar veita Reynir Björnsson í s. 895-8321 og Elías Haraldsson í s. 898-2007.
HÚSAVÍK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is

SILFUR Í NÝJU LJÓSI Hönnunarkeppnin Beyond Silver, sem er haldin á vegum vöruhönnunarvefsíðunnar designboom.com, fór nýverið fram en 3.566 hönnuðir frá 89 löndum tóku þátt. Eins og nafnið gefur til kynna er þátttakendum ætlað að ganga skrefinu lengra í silfursmíði og bar bandaríski hönnuðurinn Heather Bayless sigur úr býtum með sínum sveppalaga kryddstaukum. Þegar sveppirnir eru hristir fellur kryddið, sem er í höttunum, til jarðar eins og sveppagró. Caroline Pipos og Jonathan Krawczuk frá Bretlandi buðu upp á öllu hefðbundnari kryddbauka en þó með nýstárlegu ívafi enda skreyttir ósviknum silfurkórónum.

Ætlunin með hönnuninni er að fá fólk til að klára af diskinum sínum.

Hver dropi skiptir máli

Súpuskálin Every drop counts, eða Hver dropi skiptir máli, var hluti af mastersverkefni listakonunnar Aydu Anlagan.

Súpuskálarnar eru margvíslegar en allar með sama lagi. Botn þeirra hallar örlítið þannig að súpan safnast meira fyrir öðrum megin. Á botni skálanna er annaðhvort texti eða mynd og er ætlunin að fá fólk til að klára af diskum sínum enda sést ekki lokaorðið eða öll myndin nema allt sé farið af diskinum.

Í mastersritgerð Aydu hafði hún það að markmiði að athuga leiðir til að minnka þann ósið að henda mat sem hefur verið áberandi, sérstaklega í hinum vestræna heimi.

Sjá www.aydaanlagan.com. *- sg*

Tillögurnar eiga að efla miðbæinn með „mótun yfirbragðs sem virðir, viðheldur og styrkir þau gæði sem gera Akureyri að einstökum stað“. MYND/AKUREYRARBÆR

Kynning á nýju deiliskipulagi

Akureyrarbær býður til kynningar og samráðs um nýtt deiliskipulag í Amtsbókasafninu í dag klukkan 14.

Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs munu ásamt hönnuðum frá Graeme Massie Architects og skipulagsstjóra gera grein fyrir skipulagshugmyndunum og svara fyrirspurnum, en Akureyrarbær og Graeme Massie Architects hafa unnið að því að móta verðlaunahugmyndir úr hugmyndasamkeppni Akureyrar í öndvegi.

Nú liggur fyrir tillaga að nýju deiliskipulagi og er óskað eftir viðbrögðum íbúa og atvinnurekenda við þeim.

Tillögum og athugasemdum við deiliskipulagstillöguna má skila á netfangið midbaer@akureyri.is fyrir 5. mars 2009 en búist er við að hefjast handa um fyrstu breytingar í miðbænum í sumar. *- rat*

N&N
NOTAÐ & NÝTT

FYRIRTÆKJAEIGENDUR

Tökum á móti vörum í umboðssölu:

> Skrifstofuhúsgögnum
> Lagerum
> Innréttingum

VEGNA GRÍÐARLEGRAR EFTIRSPURNAR VANTAR OKKUR SKRIFBORÐSSTÓLA

Opnunartími:
Virka daga ***11-18***
Laugardaga ***11-16***
Sunnudaga ***13-16***

>> *Tökum á móti vörum utan opnunartíma, upplýsingar í síma* **517-2030**

Notað og Nýtt > Mörkinni 1 > sími: 517 2030

Fagurt skraut Minnismerki um fallna hermenn í Bútan.

Drukpa Kinley var drykkfelldur munkur og djarfur kvennabósi. Hvernig fer það saman og hvernig getur eina búddíska ríkið í heimi haft þvílíka fígúru sem sinn merkasta postula? Svarið liggur í skopskyni, látleysi og víðsýni Bútana. Skyldi það auka víðsýni að búa svona hátt yfir öllum öðrum þjóðum?

Drukpa Kinley er nefndur Hinn himneski vitfirringur. Með kynærslum, klámvísum og drykkjuskap reið hann um dali og fjöll í viðleitni sinni til að fullnægja fýsnum sínum og frelsa fólk undan bókstafstrú og kreddum. Hans trúboð var endurskoðun, sjálfstæð og persónuleg nálgun við guð. Með gríni, hneykslanlegum uppátækjum og kjánaskap fangaði hann athygli fólks og ungra meyja. Eftir honum var haft:

Guðirnir, þeir eru tómleiki hugans. Með fögrum orðum eða klúrum eru bænir mínar þær sömu.
Hugleiðsla mín er ungar stúlkur og vín,

Hefur verg þjóðarhamingja Íslendinga verið mæld? Nei, líklegast ekki og þrátt fyrir að Íslendingar hafi mælst ein hamingjusamasta þjóð í heimi er hætta á að sá sess sé í hættu núna. Bútanar leggja áherslu á verga þjóðarhamingju íbúanna. Eins konar mótvægi við verga þjóðarframleiðslu. Að sjálfsögðu er þetta ekki mælanlegt, í það minnsta ekki á sama hátt og þjóðarframleiðsla, en í þessu felst ákveðin áminning til þjóðarinnar og er um leið hálfgert slagorð Bútans.

Ég tel það vera einn af höfuðkostum Bútans sem áfangastað ferðafólks að þeirra bíður ekki listi yfir staði sem þeir verða að sjá. Þarna er engin gullslegin konungshöll, sneisafullt þjóðminjasafn eða Gullfoss og Geysir. Bútan er einfaldlega mögnuð upplifun frá fyrstu stundu til þeirra síðustu fyrir þá sem hafa áhuga á fólki og náttúru. Bútan er land sem þarf að anda djúpt að sér.

Það er ekki í eðli fólks í Himalajafjöllunum að klífa sín tignarlegu fjöll. Þess í stað tilbiður það fjöll sem helga vætti og ber um leið óttablandna virðingu fyrir þeim. Það eru fyrst og fremst kokhraustir Vesturlandabúar sem standast ekki mátið að klífa fjöllin. Í Bútan stendur hæsta ókleifa fjall heims og ef Bútanar fá sínu framgengt verður það aldrei klifið því lagt hefur verið bann við öllum frekari tilraunum til að klífa það eftir að síðasti leiðangur varð fyrir mannfalli.

Dagatalið hafði skriðið yfir á septembermánuð þegar ég yfirgaf Bútan. Bútanar voru að hefja lokaundirbúning fyrir krýningu nýs konungs, hins unga og glæsilega Jigme Khesar Nagyel Wangchuck, sem 28 ára tók við af föður sínum Jigme Dorji Wangchuck sem er þó einungis 52 ára. Hinn 6. nóvember krýndi faðir son sinn hinum forna hrafnshatti sem hefur fylgt ættinni frá 1907 þegar forfaðir þeirra var kosinn til konungsdóms.

Ævintýrið er magnað í Bútan. Landið er ekki allra og Bútanar ætla sér ekki að landið verði einhver miðstöð – hvað þá stoppistöð. Bútanar segjast vilja nútímavæðast en það þýðir ekki að þeir viljið vesturvæðast. Þeir vilja alveg hamborgara en þurfa samt ekki McDonalds.

Ég er viss um að guð muni blessa þessa þjóð og hef því engar áhyggur af henni. Bútanar geta litið til systurþjóðar sinnar í norðri og lært af okkur. Það er örugglega góð lexía fyrir smáþjóð á breytingatímum.

Viktor Sveinsson rekur The Oriental Travel og býr í Hua Hin í Taílandi.

ÞRÍR HLUTIR TIL AÐ GERA Í PARÍS

Tískuvikan er að bresta á og upplagt að skella sér til fegurstu borgar heims.

1. Fetaðu í fótspor rithöfundanna

Í kirkjugarðinum Cimetière du Montparnasse getur þú heimsótt grafir heimspekinganna Jean-Paul Sartre og Simone de Beauvoir, Baudelaire, Beckett og Guy de Montparnasse. Í hverfinu St.Germain-des-Pres á vinstri bakkanum eru öll frægu kaffihúsin þar sem hugsuðirnir og rithöfundarnir héngu yfir kaffi og absint. Þar má

Pompidou safnið **Skemmtilegur veitingastaður á efstu hæð.**

meðal annars finna Café de Flore, Les Deux Magots og Les Editeurs. Ef þú hefur áhuga á að fjárfesta í fallegum bókum skaltu endilega kíkja í búðirnar La Hune eða Galignani eða hina svölu Librarie 7L sem býður upp á frábært úrval af lista- og ljósmyndabókum.

2. Fáðu þér ís við Notre Dame

Gotneska meistarastykki Parísarborgar er Notre Dame-dómkirkjan sem var byggð á milli 1163 og 1334. Kíktu inn fyrir til að dást að stórfenglegum arkitektúr og list, og það er sérstaklega gaman að skoða ufsagrýlurnar sem áttu að halda illum öflum í burtu. Skáhallt á móti kirkjunni er besti ís Parísarborgar, Berthillon, sem hefur boðið upp á dásamlegan lúxusís allt frá árinu 1954.

3. Maxaðu kreditkortið í Marais

Þetta skemmtilega hverfi á hægri bakkanum var fyrst þekkt sem aðsetur gyðinga og samkynhneigðra en telst í dag vera besta verslunarhverfi borgarinnar. Hér er meðal annars að finna búð nýstirnisins Gaspard Yurklevich, hönnun Luellu Bartley og hinar víðfrægu gallabuxur Earl Jeans. Kíktu líka á Les Belles Images sem selur svöl „sixtís“ föt og Antik Batik sem er frægt fyrir hippalegar og fagrar flíkur. *- amb*

Háfjallaloft **Búddamunkar leiðbeina ferðalöngum í Ladakh.**

FERÐALAGIÐ MITT

▸ Ladakh og Zanskar í Litlu-Tíbet

ELÍN KJARTANSDÓTTIR ARKITEKT

EIN EFTIRMINNILEGASTA FERÐ SEM ÉG HEF FARIÐ Í VAR TIL …

Elín Kjartansdóttir.

Norður Indlands – upp til Ladakh og Zanskar í Himalajafjöllunum. Þessi héruð eru oft kölluð Litla-Tíbet sökum þess að þarna búa margir tíbetskir búddistar sem flúið hafa Tíbet eftir að Kínverjar hertóku landið og sest að í fjöllum N-Indlands (sbr. Dalai Lahma sjálfur sem býr á þessu slóðum (Daramsahla).

FERÐIN VAR SKIPULÖGÐ AF

Khandro Thrinlay Chodon sem er stofnandi samtaka sem heita Khacholding http://www.khachodling.org. Hún helgar líf sitt búddísku flóttafólki og hefur ferðast víða um heim til að safna fé til að byggja nunnuklaustur í Zanskar og einnig til að fræða, styðja og styrkja fólk sitt. Við íslensku konurnar ferðuðumst með Iceland Air til London og þaðan flugum við með Virgin Airlines til Delí. Í fyrri hluti ferðarinnar var ferðast á jeppum frá Delí til nyrsstu héraða Indlands sem liggja að landamærum Tíbets. Það tók um viku að komast upp til Ladakh eftir ævitýralegum vegum, yfir ár, gljúfur og fjallaskörð í gegnum þorp og bæi sem ýmist voru á svæðum hindúa, múslima eða búddista. Í Leh, sem er stærsta borg Ladakh, var tveggja daga stopp og síðan farið með rútu og gist í tjöldum upp til fjallahéraða Zanskar. Í Zanskar eru margir helgir staðir búddista, klaustur, bæir og hellar, þar sem búddistar hafa dvalið við ótrúlega bág kjör um áraraðir.

ÞAÐ MINNISTÆÐASTA SEM ÉG UPPLIFÐI Í FERÐINNI VAR …

að kynnast þessu yndislega friðsæla fólki sem býr þarna í fjöllunum við ótrúlega kröpp kjör og aðstæður sem minna helst á aðstæður Íslendinga á landnámsöld. Hús eru nánast óeinangruð, víða moldargólf og upphitunin eru ofnar þar sem brennt er jakuxataði. Rennandi vatn og rafmagn er nánast hvergi að finna, nema í bæjum og borgum og þá skammtað, þannig að fólk fær rafmagn kannski 2-4 tíma á dag. Á þessu svæði er vetur 8-9 mánuði á ári með frosti allt að 50 gráðum og miklu fannfergi sem lokar fólk inni í afskekktum fjallahéruðum svo mánuðum skiptir. Læknisþjónusta er nánast engin og ferðast þarf í nokkra daga til að leita sér aðstoðar ef um slys eða veikindi er að ræða. Þeir rækta bygg og hafra þessa 3-4 mánuði sem snjólaust er og nýta mjólk og kjöt af jakuxum, geitum og kindum. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tók þetta fallega fólk okkur opnum örmum og vildi allt fyrir okkur gera. Hlýjan og gæðin lýstu af veðurbörðum andlitum þeirra.Með okkur í för voru þrír læknar sem tóku að sér að sinna veiku fólki sem varð á vegi okkar og gefa lyf, ef þörf var á.

ÉG MÆLI SÉRSTAKLEGA MEÐ AÐ HEIMSÆKJA … Manali og Leh sem eru mjög fallegir bæir í Himalajafjöllunum. Manali er í um 2.500 m hæð. Þar minnir margt á Sviss eða Austurríki, skógivaxnar hlíðar, ár og fossar. Það tekur um 2-3 daga að keyra frá Delí norður til Manali. Leh liggur hins vegar í um 4.000 m hæð og er gróður þar meira í líkingu við hálendi Íslands, en þó mikið þurrara.Í Leh er flugvöllur og það er hægt að fljúga þangað beint frá Delí. Þar sem Leh liggur í 4.000 m hæð yfir sjávarmáli, þarf fólk sem vill fljúga þangað beint að reikna með nokkrum dögum í að jafna sig vegna háloftaóþæginda sem geta gert vart við sig.

Mannlíf **Ys og þys á götum Ladakh.**

Skráðu þig inn – drífðu þig út

Ferðafélag Íslands

www.fi.is | fi@fi.is | sími 568 2533

Hildur Hlín Jónsdóttir / hildur@dv.is

BORGIN MÍN

▸ Hera Björk Þórhallsdóttir *söngkona*

KAUPMANNAHÖFN

HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR MORGUNMAT? Á kaffi Sommersko i Kronprinsensgade. Gott kaffi og góður morgunverður, sérstaklega um helgar.

BESTI SKYNDIBITINN? Sushi á Nørresushi, Nørregade - Í alla staði japanskur og minn uppáhalds sushistaður enn sem komið er.

BESTA KAFFIÐ? Hvar sem er, það er félagsskapurinn sem skiptir mestu máli.

RÓMÓ/FÍNT ÚT AÐ BORÐA? Það er staður sem lætur ekki mikið yfir sér fyrir ofan Hvide Lamb á Kultorvet og heitir M.R. og er í eigu danska meistarakokksins Mads Reflund. Þessi staður er í dýrari kantinum en algerlega dýrðlegur, hverrar krónu virði og bragðlaukarnir dansa af unaði.

LÍKAMSRÆKT? Göngutúr í Kongens Have og hjólatúr niður á Amagerstrand.

UPPÁHALDSVERSLUNIN? Indiska og flestar dúllubúðirnar á Strædet.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ? Hvide Lamb á Kultorvet og Nørresush.

BEST VIÐ BORGINA? Hjólamenningin og regnfatatískan.

BEST AÐ EYÐA DEGINUM? Í góðu veðri uppi á þaki heima hjá mér með bók og sítrónuvatn. Í vondu veðri ráfandi um borgina vel klædd með góðan vin/vinkonu upp á arminn.

Gefðu gjafakort – gefðu vellíðan

Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna.Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja. Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Opið
Mánud.–fimmtd. 6:00–21:00
Föstudaga 6:00–20:00
Laugardaga 9:00–18:00
Sunnudaga 10:00–16:00

NORDICASPA

GÖTUMARKAÐUR

50-70% afsláttur

Fatnaður · skór · fylgihlutir

Opið í dag 11-17 og á morgun sunnudag 13-17

Nýtt kortatímabil

galleri laugavegi 91

FATÓ gs skór galleri sautján www.ntc.is

Vildarklúbbur

Flug til Barcelona
gefur 3.000–9.600 Vildarpunkta.

Morguninn í Barcelona

01 **RA**
Ég veit ekkert betra en að byrja daginn á rótsterkum „café cortado“ og „croissant“ með. Þessi staður, fyrir aftan matarmarkaðinn la Boquería á Römblunni, er alveg tilvalinn til þess.

02 **La Boquería**
Eftir kaffið er gaman að rölta um á markaðnum þar sem má sjá alla heimsins liti og finna ótrúleg afbrigði af alls konar lykt. Ávöxtunum er raðað upp eins og fyrir myndatöku og fjölbreytnin í kjöti og fiski er hreint út sagt lygileg.

03 **Mercat Del Encants, Glories**
Markaður í Barcelona þar sem bæði er hægt að finna notað og nýtt, allt frá algjöru rusli til freistandi antíkhluta. Markaðurinn er aðeins opinn mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga kl. 9:00–14:00. Það er gott að koma snemma því að þarna er oft margt um manninn.

04 **La Barceloneta**
Eitt af því góða við Barcelona er að borgin er við strönd. Það er yndislegt að labba úr miðbænum og niður í Barceloneta, sem er hverfi niðri við höfnina, ganga fram hjá smábátahöfninni og enda á ströndinni. Á Jónsmessunótt (San Juan) fyllist ströndin af fólki og glaumurinn og gleðin ríkir langt fram undir morgun; flugeldar, varðeldar og allt tilheyrandi.

05 **Club Natació Barcelona**
Líkamræktarstöð á ströndinni í Barceloneta. Þetta er frábær staður til að byrja daginn, fara og hreyfa sig smávegis með öllum fastakúnnunum sem hafa stundað þennan stað í mörg ár og búa flestir í hverfinu. Síðan má taka sundsprett í útilauginni og sóla sig í smástund í góðu veðri.

Dagurinn í Barcelona

01 **Organic**
Grænmetisstaður í Raval-hverfinu þar sem er hægt að fá góðan og næringarríkan mat, allt frá salathlaðborði upp í heita rétti, á hádegisverðartímabilinu sem er kl. 14:00–17:00.

02 **Bilbo Berria**
Þetta er staður sem allir verða að prófa. Hægt er að fá ekta „Baskatapas“ sem eru allskyns smáréttir sem maður getur skoðað áður en maður velur sér. Þessi staður er á torginu við dómkirkjuna í miðbænum, Plaça Catedral.

03 **La Champañeria**
Oft kallað „Cavabarinn“, í hverfinu Barceloneta rétt hjá aðalpósthúsinu. Þarna er hægt að fá „geggjaðar“ samlokur og skola þeim niður með „cava“ (spænsku kampavíni). Ódýrt og gott. Þessi staður er algjör upplifun.

04 **Parc de la Ciutadella**
Garðurinn er við Borne-hverfið. Um helgar er notalegt að sitja í garðinum og njóta dagsins við slátt frá bongótrommum.

05 **MACBA og CCCB**
Tvö góð söfn þar sem eru yfirleitt áhugaverðar og góðar sýningar í gangi allan ársins hring. Þau eru nánast hlið við hlið í Raval-hverfinu svo það er gott að slá tvær flugur í einu höggi. MACBA-byggingin er einnig vel þess virði að fara að sjá hana sjálfa, fá sér sæti á torginu fyrir framan og fylgjast með gangandi fólki og hjólabrettasnillingum.

06 **Carrer dels Banys Nous**
Uppáhaldsgatan mín í Barcelona. Í þessarri götu er fullt af antíkbúðum sem eru ekki aðeins með húsgögn heldur helling af flottum fatnaði og skarti. Margar aðrar skemmtilegar búðir sem eru þess virði að fara inn í og skoða. Í götunni er gömul „xurrería“ þar sem hægt er að fá „xurros“ sem allir verða að smakka; bragðast líkt og pönnukökur með sykri en líta allt öðruvísi út.

Besta verðið okkar*

Amsterdam ..... frá 17.300 kr.
Bergen ..... frá 14.900 kr.
Barcelona ..... frá 17.300 kr.
Berlín ..... frá 17.300 kr.
Boston ..... frá 29.720 kr.
Düsseldorf ..... frá 17.300 kr.
Frankfurt ..... frá 17.300 kr.
Glasgow ..... frá 14.900 kr.
Halifax ..... frá 25.400 kr.
Helsinki ..... frá 17.300 kr.
Kaupmannahöfn ..... frá 14.900 kr.
London ..... frá 14.900 kr.
Madrid ..... frá 17.300 kr.
Manchester ..... frá 14.900 kr.
Milano ..... frá 17.300 kr.
Minneapolis ..... frá 29.720 kr.
München ..... frá 17.300 kr.
New York ..... frá 29.720 kr.
Orlando ..... frá 31.220 kr.
Osló ..... frá 14.900 kr.
París ..... frá 17.300 kr.
Stavanger ..... frá 14.900 kr.
Stokkhólmur ..... frá 14.900 kr.
Toronto ..... frá 25.400 kr.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.

ARCELONA

Sirrý Sæmundsdóttir, hönnuður

Flug og gisting í 3 nætur frá 56.900 kr.
*á mann í tvíbýli á NH Numancia ***
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.

Reykjavík – Barcelona frá 17.300 kr.
Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 2 sinnum í viku.

Kvöldið í Barcelona

01 **Los Torreros**
Ekta spænskur tapas og frábært að fara í hóp þangað. Þegar menn panta hópmatseðil fyllist borðið af tapas svo að sést ekki í borðplötuna. Verður að borða beint af diskunum, sem tapasið er borið fram á, því að á borðinu er ekkert pláss fyrir aðra diska. Skolað niður með ekta sangría.

02 **Gauchos**
Ekta, argentínskt veitingahús í Gotic-hverfinu. Meiriháttar nautasteikur á hóflegu verði.

03 **Milk**
Staðurinn til að fara á til að fá sér drykk fyrir og eða eftir mat. Þarna er alltaf „happy hour“ fyrir hanastél á milli kl. 19:00 og 21:00; einnig hægt að fá sé mat á góðu verði. Þægilegur, rólegur staður og geggjaður „brunch“ matseðill um helgar.

04 **Gimlet**
Flottur kokteilbar í Borne-hverfinu. Það er varla að sjá frá götunni að þetta sé bar. Þegar inn er komið er þetta lítill staður með viðarinnréttingum, þjónarnir mjög vel til hafðir, eitt barborð og nokkrir háir stólar. Enginn listi yfir kokteila heldur geturðu valið þér undistöðuna í kokteilnum og þjónarnir blanda nánast hvaða kokteil sem er fyrir þig.

05 **Pepino**
Nýr staður á Carrer Nou de la Rambla, matur og kokteilar á boðstólum á góðu verði. „Topp“ plötusnúðar sem spila rokk, popp og elektróbít alla daga vikunnar. Vikan endar svo á sunnudögum með sýningum á hinum og þessum heimildarmyndum. „Kósý“ og „næs“ staður með skemmtilegri stemningu.

06 **El Reloj**
Þetta er staðurinn til að fá sér að borða á eftir næturbröltið. Honum er lokað klukkan 3 á nóttunni en er opnaður aftur tveimur tímum seinna sem er mjög hentugt fyrir þá sem eru seint á ferð um helgar. Alltaf nóg af áhugaverðu fólki á þeim tíma sólarhrings og hægt að fá góðan spænskan mat, heitan og kaldan.

TIL HAMINGJU MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Guðrún Dalía Salómonsdóttir var vinningshafi í Borgarlukkuleiknum í Mín borg um síðustu helgi. Hún fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Guðrún Dalía er píanóleikari. Hana langar einna mest að fara til Parísar og segir að besti ferðafélaginn sé að sjálfsögðu maðurinn sinn.

Saga og menning

Í LONDON

Spennandi ferð til London frá 23.–26. apríl n.k. með Björgu Árnadóttur sem búið hefur í Bretlandi í 37 ár og starfað þar við leiklist og leikstjórn. Hún mun leiða hópinn um þessa skemmtilegu borg og fræða fólk um leið um þá staði sem heimsóttir verða. Björg mun taka á móti farþegum á flugvellinum í London og fylgja hópnum í rútu á hótelið. Daginn eftir er farið í hálfs dags gönguferð meðfram suður-bakka Thames. Þar verða helstu kennileiti skoðuð og Björg mun fara yfir söguna á leiðinni. Það sem mun m.a. verða á vegi fólks í gönguferðinni er: Millennium Bridge, City, Shakespeare´s Globe leikhúsið, Tate Modern listasafnið, Gabriels Wharf, National Theatre, Royal Festival Hall, Queen Elisabeth Hall, London Eye, Oxo Tower, London Aquarium og margt fleira. Mögulega verður farið í skoðunarferð baksviðs í öðru hvoru leikhúsinu.

Verð á mann í tvíbýli frá 67.900 kr.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Park Inn Hyde Park ***, morgunarverður, íslensk fararstjórn, rúta til og frá fugvelli erlendis.*

UPPLIFÐU PARÍS

með Laufeyju Helgadóttur

Einstaklega áhugaverð 3ja nátta sérferð til Parísar frá 21.–24. maí 2009. Laufey Helgadóttir fararstjóri okkar í París um árabil mun leiða hópinn um króka og kima Parísarborgar.

Meðal þess sem boðið verður upp á er þriggja klukkustunda skoðunarferð um Parísarborg með rútu þar sem allir helstu merkisstaðir borgarinnar verða skoðaðir. Ef tími gefst þann dag verður farið inn í Notre Dame kirkjuna. Seinni tvo dagana verður farið í gönguferðir, annars vegar um Montmartre hverfið og hins vegar um Mýrina.

Verð á mann í tvíbýli 96.900 kr.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði, íslensk fararstjórn og íslensk leiðsögn, skoðunarferð um borgina, gönguferð um Mýrina og Montmartre hverfið, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis.

Nánari upplýsingar um þessar ferðir og margar aðrar er að finna á heimasíðu okkar www.icelandair.is

Verslaðu
YFIR ATLANTS-HAFINU

Saga Shop er ein af vinsælustu verslunum landsins og alveg örugglega sú sem fer víðast. Sífellt fleiri hafa líka nýtt sér netverslun Saga Shop, www.sagashop.is, til að kaupa vörur sem fást afhentar þegar það flýgur með Icelandair eða biður vini eða fjölskyldu um að taka með sér í næstu ferð.

MEIRI ÞÆGINDI

nýtt afþreyingarkerfi

Farþegar Icelandair geta nú látið fara vel um sig í nýjum, leðurklæddum sætum á öllum farrýmum. Að auki hefur verið fækkað um eina sætaröð í öllum vélum Icelandair svo að hver farþegi hefur meira pláss út af fyrir sig. Allir hafa aðgang að nýju afþreyingarkerfi á sínum eigin skjá á sætisbakinu fyrir framan sig; fjölbreytt efni í boði án endurgjalds, kvikmyndir, sjónvarpsþættir, tónlist, tölvuleikir o.fl.

ICELANDAIR GOLFERS

Icelandair Golfers er sérstakur klúbbur fyrir kylfinga, stofnaður í þeim tilgangi að auðvelda þeim að leggja stund á íþrótt sína á völlum erlendis. Félagar í klúbbnum greiða hóflegt árgjald en á móti kemur að verður auðveldara að ferðast með golfsettin.

Klúbbfélagar eru lausir við umstangið sem fylgir sérstakri innritun fyrir golfsettið og innheimtu á gjaldi fyrir yfirvigt, og spara sér þannig innritunartíma og aukaútgjöld. Hægt er að sækja um inngöngu í Icelandairs Golfers á heimasíðu okkar, *www.icelandairgolfers.is*

NÝJAR REGLUR

um komu til Bandaríkjanna

Ef þú ert á leið til Bandaríkjanna skaltu hafa í huga að ferðamönnum er nú skylt að sækja um rafræna ferðaheimild. Það er á ábyrgð farþega að sækja um ESTA skráningu fyrir brottför og er æskilegt að sótt sé um ferðaheimildina á vefnum minnst þremur sólarhringum (72 klst.) fyrir brottför. Leyfið gildir í tvö ár en fyrir hverja ferð þarf að uppfæra ferðaupplýsingar. Nánari upplýsingar er að finna á *www.icelandair.is* og *www.usa.is*

TRAUSTUR *íslenskur* FERÐAFÉLAGI

Árið 1948 fengu Loftleiðir heimild til að hefja áætlunarflug milli Íslands og Bandaríkjanna. Fyrsta ferðin var farin 25. ágúst það ár og vakti mikla athygli báðum megin hafsins. Fulltrúar borgarstjóra New York tóku á móti áhöfn Geysis og stjórnendum Loftleiða þegar lent var í fyrsta skipti.

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á fluáætlun og verði. Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45138 02/09

BORGARLUKKUPOTTUR

VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum.
Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 25. feb.
2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

Icelandair
Mín borg/spurningaleikur
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík

Skilafrestur er til og með 25. febrúar
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 26. febrúar, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 28. febrúar).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

1. **Hvað eru Minnesota Twins?**
   - ☐ Frægir loftfimleikamenn í Bandaríkjunum
   - ☐ Eitt frægasta hafnaboltaliðið í Minnesota
   - ☐ Stór tvinnaverksmiðja í Minneapolis
2. **Hvað gera menn í Club Natació Barcelona?**
   - ☐ Stunda líkamsrækt
   - ☐ Fá tilsögn í umönnun ungbarna
   - ☐ Spila golf
3. **Hvaða snillinga má sjá framan við MACBA_safnið í Barcelona?**
   - ☐ Algjöra snillinga
   - ☐ Myndlistarsnillinga
   - ☐ Hjólabrettasnillinga

FRAMHALD AF SÍÐU 34

Auglýsingaskrum eða heilsubót?

Á heimasíðum fyrirtækja sem flytja inn eða selja fæðubótarefni má finna ýmsar staðhæfingar um ágæti efnanna. Fréttablaðið tók dæmi af nokkrum slíkum heimasíðum og bar þau undir Magnús lækni.

Cell-Tech Hardcore – fitness-sport.is

Einfaldlega langöflugasta kreatín sem komið hefur á markað […] Inniheldur sérstakt insúlín flutningskerfi sem lætur líkamann nýta hvert einasta gramm af kreatíninu og kolvetnunum fyrir hámarks styrk og úthald.

Magnús: *Ég trúi þessu ekki. Kreatín er kreatín. Það er ekkert eitt betra en annað en ef þeir eru að meina að varan sé betri en aðrar þá veit ég ekki hvað skal segja. Ég myndi allavega vilja sjá niðurstöður þeirrar rannsóknar sem þetta byggist á. Þeir sem hafa skoðað kreatín hafa séð vissan skammtímaárangur en ekki mikinn, auk þess sem það er lítið vitað um langtímaáhrifin.*

Nitro-Tech – body.is

Nitro-Tech hefur verið kallað próteinduft nýrrar aldar og talað er um að það hafi gert mysuprótein eins og við þekkjum það úrelt á einni nóttu. Það sem gerir Nitro-Tech einstakt er svo kallað „Nitrogen Delivery technology" sem sér um það að skutla amínósýrum inn í vöðvafrumurnar og auka þannig nýtingu próteinsins sem aftur hraðar á vöðvavextinum […] Nitro-Tech inniheldur líka „97% Whey isolates" sem er hreinasta mysuprótein sem fáanlegt er…

Magnús: *Segja þeir ekki að þetta prótein hefði gert mysuprótein úrelt á einni nóttu? Samt á þetta að vera hreinasta mysuprótein sem fáanlegt er. Þessi texti er kjaftæði, bara bull. Þú skutlar ekki amínósýrum inn í vöðvafrumurnar. Það er ekki til nein aðferð til að gera það. Þetta er auglýsingaskrum, það er orðið sem ég hef yfir þetta. Það sem einkennir þennan markað svolítið mikið eru svona fullyrðingar sem standast ekki – allavega ekki nema að lágmarki og sumt fólk gleypir við þessu.*

Hydroxycut – fitnesssport.is/body.is

Vinsælasta fitubrennsluefni í heiminum og ekki að ástæðulausu! Það hreinlega virkar alveg gríðarlega vel þegar ætlunin er að tálga af sér aukakílóin. Hydroxycut eykur hitastig líkamans og örvar þannig grunnbrennslu hans. Með öðrum orðum: Þú brennir fitu allan daginn. Ekki bara á meðan þú æfir […] Virkar bæði með æfingum og án.

Magnús: *Ef þetta væri satt þá væri þarna komin endanleg lausn á offituvanda heimsins. Það er ekkert til sem heitir fitubrennsluefni. Það er bara bull og skrum. Ef það er eitthvað til í þessu hlýtur þetta að innihalda einhver ólögleg efni því eins og þessu er lýst er verið að tala um hreina lyfjaverkun, það er að vísu ekki til neitt nothæft lyf sem gerir þetta nema fyrirtækið hafi fundið það upp.*

Mass Factor – eas.is

Í hverjum skammti af Mass Factor eru 615 orkuríkar, gæða hitaeiningar – og einungis 2,9 grömm af fitu – til að útvega líkamanum þínum alla þá orku sem hann þarf til að stækka […] Mysuprótein hefur marga kosti, þ.á m. frásogast það mjög hratt og byrjar því snöggt að gera við vöðvavef og það er líka auðugast allra próteina af BCAA amínósýrum. Mysuprótein er því frábært prótein til að taka eftir æfingu, þar sem BCAA amínósýrur eru um 1/3 af vöðvavef og eru fyrstu amínósýrurnar sem er fórnað við stífar æfingar.

Magnús: *Þetta er bara svona blablabla. Sumt af þessu er rétt en annað ekki. Þetta byrjar til dæmis ekki mjög vel, gæðahitaeiningar og þar að auki orkuríkar?! Hitaeining er hitaeining og þær eru hvorki misgóðar né mis orkuríkar. Þetta er auglýsingaskrum frá upphafi til enda.*

➜ RISTAÐ BRAUÐ OG MJÓLK GERIR SAMA GAGN

„Yfirleitt er mikið próteinmagn í fæðunni sem við borðum. Kjöt, fiskur og mjólkurvörur eru til dæmis mjög próteinrík fæða og gæði próteinanna í þeim eru mikil," segir doktor Alfons Ramel, sérfræðingur á rannsóknarstofu í næringarfræði. „Spurningin er alltaf hvort prótein sé gagnlegt. Það er gott að borða eftir æfingar en sumir eru kannski ekki mjög svangir þá. Þá getur verið einfaldara að fá sér booztdrykki, próteinstykki eða skyr."

Alfons segir fæðubótarefni geta verið hjálpleg en þau séu ekki nauðsynleg. „Fólk getur fengið öll þau næringarefni sem það vill úr hefðbundinni fæðu. Og hvað uppbyggingu varðar er það ekki bara próteinmagn sem skiptir máli. Venjulegur maður þarf kannski 2.500 hitaeiningar á dag en hann þarf að borða umfram þá þörf ef hann ætlar að byggja upp vöðvamassa. Tímasetning neyslu og orkuneysla skiptir almennt meira máli."

Að sögn Alfons hefur ekki verið sýnt fram á að prótein úr fæðubótarefnum sé betra eða verra en annað prótein. „Þetta eru oftast sojaprótein eða mysuprótein og gæðin líklega ekkert betri en í venjulegu fæðupróteini."

Algengur skammtur sem fólk fær sér eftir æfingar er, að sögn Alfons, um tuttugu grömm af próteini og tuttugu af kolvetni. „Þetta er ekki stór skammtur og þú getur auðveldlega fengið hann með því að borða ristað brauð og drekka glas af fjörmjólk."

Alfons segir að mengun sé frekar algeng í fæðubótarefnum og vísar í sex ára gamla rannsókn sem framkvæmd var í Þýskalandi sem sýndi að hormónamengun var í 15 prósent allra fæðubótarefna.

„Það eru mörg fyrirtæki sem framleiða fæðubótarefni og framleiða líka hormón. Samkvæmt rannsókninni virtist sem þrifin á milli framleiðslu efnanna væru ekki nægileg því það mældist hormónamengun í fæðubótarefnunum – ekki hættulega mikið magn en það kom engu að síður á óvart að það væri mengun," segir Alfons.

Spurður hvort hann neyti sjálfur fæðubótarefna segir Alfons: „Nei, en ég tek mitt lýsi. Það er svo skilgreiningaratriði hvort það sé fæðubótarefni eða ekki." En ef hann væri að reyna að byggja upp vöðvamassa myndi hann þá fá sér próteindrykki eða önnur fæðubótarefni? „Nei, það er mjög einfalt svar því ég veit að ég gæti fengið nóg af próteinum ef ég fengi mér bara góða máltíð eftir æfingu."

ALFONS RAMEL Hann segir að ekki hafi verið sýnt fram á að prótein úr fæðubótarefnum sé betra eða verra en annað prótein.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónlistaratriði

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi
opnar dagskrána og setur fundinn.

Ingibjörg Pálmadóttir, verndari GoRed.
– „Hjartveik kelling"

Vilborg Sigurðardóttir, hjartalæknir
og formaður stjórnar GoRed.
– GoRed átakið á Íslandi

Karl Andersen, hjartalæknir.
– Áhættumat og einkenni kransæðasjúkdóms

Albert Páll Sigurðsson, taugalæknir.
– „Konur ætlið þið að láta SLAG standa,
eða gera eitthvað í málinu?"

Tískusýning:
RAUÐIR KJÓLAR – **Íslenskir hönnuðir**
Anderson & Lauth kynna vorlínuna

Sigrún Hjartardóttir, kven- og
fæðingarlæknir.
– Háþrýstingur á meðgöngu – og hvað svo?

Umræður

Allar konur leystar út með gjöfum
Krem frá Elisbeth Arden
Blóm frá Blómaval
Berg Topp frá Vífilfelli
7 daga gestakort frá Hreyfingu heilsulind

GoRed fyrir konur
HJARTAVERND

Reykjavíkurborg · Orkuveita Reykjavíkur · Andersen & Lauth · Elizabeth Arden · sena · Hreyfing · Blue Lagoon · MSD · Vífilfell · Skeljungur · Ölgerðin · blómaval

PLÁNETAN

Harmsaga Andrésar andar

Hver hefði trúað því að fortíð og uppruni **Andrésar andar** og fjölskyldu hans væri harmi þrungin og flókin örlagasaga. Að baksviðs hnjóti maður um mannshvörf, afbrýðisemi og óuppgerðar fjölskyldusakir. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** rýndi í ættartré Andrésar andar og komst að raun um af hverju Andrés Önd hefur ágætis ástæðu fyrir því að vera ekki alltaf í jafnvægi.

Teiknarinn Carl Barks á heiðurinn að Andabæjarheiminum.

Barks teiknaði og skrifaði allar fyrstu sögurnar um lífið í Andabæ. Sú fyrsta kom út árið 1944 en þess ber þó að geta að Andrés önd átti þá tíu ára afmæli, birtist fyrst á hvíta tjaldinu árið 1934. Sögurnar úr Andabæ eiga því 65 ára afmæli í ár. Þótt reglur Walt Disney-fyrirtækisins kvæðu skýrt á um að allar myndasögur skyldu vera eignaðar Disney-fyrirtækinu tóku gagnrýnendur snemma eftir því að fyrstu Andabæjarsögurnar höfðu allar sömu blæbrigði og sama stíl og varð því ljóst að þarna væri á ferðinni einn maður en ekki heill her manna. Andabær hefur því alltaf verið talið sköpunarverk Barks en ekki Disneys.

Barks lagði mikið á sig við teikna upp ættartré og skrifa sögu Andabæjar frá grunni og var alla ævi sína að bæta við smáatriðum og útskýra betur óljós atriði. Hann tengdi meðal annars sögu bæjarins við raunverulega viðburði úr mannheimum og gerði bæinn því áþreifanlegan. Á korti er Andabær á svipuðum stað og Pittsburg. Barks hélt sínum ættartrjám fyrir sig en þau hafa síðar meir verið teiknuð af grúskurum sem hafa legið yfir sögum Barks frá Andabæ.

Sá sem tók við keflinu af Barks sem aðalteiknari og höfundur Andabæjarsagna heitir Don Rosa og hann reyndi að halda í allar hefðir sem hann erfði frá Barks. Rosa gerði sín ættartré út frá bréfum Barks en þau hafa tekið margvíslegum breytingum í gegnum tíðina. Seinni tíma fræðimenn rífast reglulega um ætterni og frændskap aðalpersóna í Andabæ en nokkrar staðreyndir eru á hreinu og verður hér skýrt frá þeim.

Fékk bræðina í vöggugjöf

Lengi vel var því haldið leyndu hverjir foreldrar þessa frægasta sonar Andabæjar væru. Í gömlum ættartrjám sem finna má á Netinu eru andlit þeirra hulin og nöfn þeirra dulkóðuð. Ekki eru svo mörg ár liðin síðan þau voru dregin fram í dagsljósið, sem er vel, því saga Andrésar er ansi hreint mögnuð.

Andrés getur rakið ættir sínar aftur til Kornelíusar Blesandar en Kornelíus þessi stofnaði Andabæ (og er afi Ömmu andar). Foreldrar Andrésar eru Hortensía, systir Jóakims aðalandar, og Daggi Önd, sonur Ömmu andar. Fáir vita að hann á tvíburasystur sem heitir Della Telma önd. Hún hvarf sporlaust ásamt eiginmanni sínum fyrir mörgum árum. Nánar er fjallað um það í kaflanum um Ripp, Rapp og Rupp.

Pabbi Andrésar og mamma áttu það sameiginlegt að vera skaphundar miklir og fljótfær. Andrés fékk því bræðina í vöggugjöf. Daggi vann um skamma hríð hjá Jóakim mági sínum og sá um rekstur fyrirtækisins á meðan Jóakim þeyttist um heiminn á höttunum eftir meira gulli.

Dagga og Hortensíu lentu illa saman við Jóakim sem varð til þess að þau hættu bæði að vinna hjá honum og fluttu úr Andabæ. Þó er ekki vitað hvort Andrés hafi flutt með þeim, sumir halda því fram að honum hafi verið komið í fóstur hjá Ömmu önd, aðrir telja að hann hafi flutt burt frá Andabæ með foreldrum sínum og systur. Andrés sneri hins vegar aftur til Andabæjar og hefur unnið, með nokkrum hléum, hjá Jóakim. Þessi forsaga ætti að skýra af hverju það er stundum stirt á milli þeirra Jóakims og Andrésar. Og sé litið til þess sem Andrés hefur mátt þola er auðvelt að fyrirgefa honum flest hans bræðiskröst.

Lukkuriddarinn Hábeinn

Samkvæmt fyrstu sögum af Hábeini heppna var hann ættleiddur af systur Jóakims, Matthildi, eftir að foreldrar hans höfðu dáið úr ofáti í lautarferð. Þessu var síðar breytt og Hábeinn gerður að syni Dagnýjar og eiginmans hennar, Gústafs. Dagný er dóttir Ömmu andar og því eru erkifjendurnir Hábeinn og Andrés systkinabörn sem skýrir kannski af hverju slagsmálin milli þeirra um hylli Andrésínu geta oft verið ansi blóðug; frændur eru jú frændum verstir.

Ríkasta önd Jarðar

Jóakim aðalönd er af bæði skoskum og írskum ættum. Samkvæmt heimildum er hann fæddur árið 1867 í Skotlandi. Faðir Jóakims var Skotinn Fergus McDuck en móðir hans, Downy O'Drake, var írsk. Downy þótti mikil húsmóðir og ól manni sínum þrjú börn; Jóakim, Matthildi og Hortensíu.

Jóakim hefur hvorki eignast konu né börn. Á sínum yngri árum, þegar hann leitaði eftir gulli í villta vestrinu í Bandaríkjunum, átti Jóakim þó vingott við hina fögru Gullveigu sem dansaði á bar einum. Blossinn brann þó fljótt út enda hafði Jóakim sett markið hátt og hafði engan tíma fyrir hefðbundið fjölskyldulíf.

Stóra ástin í lífi Andrésar

Andrésína var í fyrstu talin vera alls óskyld öllum aðalpersónum í Andabæ. Sumir Andabæjarfræðingar hafa hins vegar gert því skóna að hún sé föðursystir þeirra Ripps, Rapps og Rupps. Þetta gæti útskýrt ástúð hennar og umhyggju gagnvart bræðrunum og af hverju þeir kalla hana stundum „frænku" sína. Aðrir fræðimenn hafa haldið því fram að Andrésína og Andrés séu í raun fjarskyld og hafa meðal annars bent á „Duck"-nafnið sem þau bera bæði í enskri útgáfu. Einn helsti höfundur Andabæjar, Don Rosa, hefur hins vegar alltaf vísað því á bug og segir „Duck" nafnið vera álíka jafn algengt og Smith í mannheimum. Annars hefur lítið verið skrifað um ættir Andrésínu og fortíð hennar því nokkuð á huldu.

Föðurlausir grallarar

Saga Ripps, Rapps og Rupps er ekki síður döpur en saga stóra frænda og forráðamanns þeirra. Í raun veit enginn hver raunverulegur faðir þeirra er. Ein sagan er sú að hann hafi verið bróðir Andrésínu. Móðir bræðranna óstýrilátu er hins vegar Della Telma, tvíburasystir Andrésar. Sagan segir að þeir bræður hafi stórslasað föður sinn og hann lent á spítala. Kínverjar ku tengjast þeirri uppákomu.

Svo illa reyndist faðir þeirra vera lemstraður og brenndur að ekki reyndist unnt að sinna honum í Andabæ. Hann var því fluttur á háþróað sjúkrahús erlendis. Á meðan voru þeir látnir dúsa hjá móðurbróður sínum, Andrési önd, og ekkert heyrist frá pabbanum.

Þegar Dellu fór að leiðast þófið ákvað hún að reyna að hafa uppi á manni sínum. Della sneri aldrei aftur úr þeirri för sinni og því eru báðir foreldrar unganna taldir af. Þeir Ripp, Rapp og Rupp urðu því bæði föður- og móðurlausir ungir að árum og hefur Andrés neyðst til að gegna foreldrarhlutverkinu á bænum með dyggri aðstoð Andrésínu og Ömmu andar.

Ættmóðirin í Andabæ

Amma önd, eins og hún er oftast kölluð, er barnabarn Kornelíusar, þess sem stofnaði Andabæ. Hún er dóttir Geirþrúðar og Gylfa en Gylfi er sonur Kornelíusar. Amma kynntist honum Humperdink ung að árum og eignaðist með honum þrjú börn; Dagnýju, móður Hábeins, Dagga, pabba Andrésar og Eið. Amma hefur öll sín ár búið á sveitabæ sínum og stundað þar búskap auk þess að liðsinna sínum nánustu ættingjum í hversdagslegum vandræðum þeirra.

➜ HVERS VEGNA HEITIR ANDRÉS ANDRÉS?

Andrés önd er aðalpersónan í Andabæ og nafn hans er svo samofið karakternum að enska nafnið sem hann ber, Donald Duck, hljómar framandi, sem er þó hans upprunalega nafn. Andrésblöðin voru lengi vel aðeins fáanleg á dönsku hér á landi og þess vegna draga íslensk nöfn hetjanna dám af því, annað hefði væntanlega ekki verið tekið í mál af íslenskum unnendum Andrésar. Hér er yfirlit yfir nöfn persónanna í Andabæ á ensku og dönsku:

Andrés önd: Heitir Anders And á dönsku en Donald Duck á ensku.

Andrésína: Heitir Andersine á dönsku en Daisy Duck á ensku.

Jóakim aðalönd: Heitir Joakim von And á dönsku en Uncle Scrooge McDuck á ensku.

Ripp, Rapp og Rupp: Heita Rip, Rap og Rup á dönsku, en Huey, Dewey og Louie á ensku.

Hábeinn frændi: Fætter Højben heitir hann á dönsku en á ensku Gladstone Gander.

Amma önd: Heitir Bedstemor And á dönsku en Grandma Duck á ensku.

Andabær: Heimabær Andrésar heitir Andeby á dönsku en Duckburg á ensku.

Ástarlíf

ÁSTIR, KAUPÆÐI & FJÁRMÁLAFRÉTTIR!

Fyrsta myndin um kaupalkann og fjármálablaðakonuna Rebekku er væntanleg í bíó og þú getur nælt þér í miða á sérstaka forsýningu í Kringlunni á konudaginn.

Með fyrstu seldu eintökum af bókunum um Rebekku í Eymundsson suður-Kringlu fylgja bíómiðar á myndina „Confessions of a Shopaholic“, sunnudaginn 22. febrúar.

1.500 krónur

TILBOÐIN GILDA TIL 8. MARS

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Fáið hugmynd**ir!**
sjáið skreytt veislu**borð**
fyrir ferminguna.

Áprentun á servíettur
á sama verði og í fyrra!

20% afsláttur af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

Í dag laugardaginn 21. febrúar og á morgun sunnudaginn 22. febrúar

Fermingarsýning í Blómavali Skútuvogi

Fjörið byrjar kl.13:00 í Skútuvogi

Vagg og Velta sýnir handgert hárskraut.

Tískusýning
frá Galleri sautján
og Retro
kl. 14:00

Allt fyrir ferminguna á einum stað!
Merktar sálmabækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti, hanskar og margt **fl**eira.

ÍS á 10kr
Í Blómavali

Fjörleg fermingartilboð í Skútuvogi um helgina

Laugardagur kl.13:00 - 17:00

Galleri sautján og Retro: **Tískusýning á fermingarfatnaði, kl. 14:00**
Lýður Geir ljósmyndari: Kynning á fjölskyldu og fermingarmyndatökum.
Snyrtistofan Mist: Kynning á snyrtingu, gervinöglum, skartgripum.
Einnig verður boðið upp á húðgreiningu og gefnar verða prufur.
Salon Veh: Sýna það nýjasta í fermingargreiðslum.
Vagg og Velta: Sýna handgert hárskraut.
Halldór Kr. Sigurðsson, konditormeistari: Kynnir og gefur smakk af kransaköku. kl. 13:00 - 15:00

Sunnudagur kl.13:00 - 17:00

Lýður Geir ljósmyndari: Kynning á fjölskyldu og fermingarmyndatökum.
Snyrtistofan Mist: Kynning á snyrtingu, gervinöglum, skartgripum.
Einnig verður boðið upp á húðgreiningu og gefnar verða prufur.
Tískusýning kl: 14:00

Kaffi Garður

Rjómabolla aðeins 99kr

11:30 - 14:00



Kjötsúpa 190kr
à la Kaffi Garður.

mist snyrtistofa · verslun
REDKEN 5TH AVENUE NYC SALON VEH REYKJAVÍK
galleri sautján
retro
LÝÐUR JÓSMYNDAVER
Kökuhornið

Konudagsvöndur og maskari
2.990

Blómaval styður Go red átakið gegn hjartasjúkdómum kvenna. Hluti af söluandvirði Konudagsvandarins rennur til Go Red á Íslandi.

Konudagurinn er á morgun

10stk túlípanar 999

2 fyrir 1
Gegn framvísun miðans fást tveir miðar á verði eins á
he's just not that into you
í þeim kvikmyndahúsum þar sem myndin er sýnd

2fyrir1 í bíó
Meðan birgðir endast

Með hverjum keyptum blómvendi í Blómavali á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ fylgir 2 fyrir 1 bíómiði á hina frábæru rómantísku gamanmynd HE´S JUST NOT THAT INTO YOU . Bókin sem myndin byggir á er komin út á íslensku og er núna á tilboði í öllum verslunum Blómavals.
Meðan birgðir endast

Bókin 1.790

Öllum blómum fylgir 2 fyrir 1 í litun og plokkun hjá Snyrtistofunni Mist
Meðan birgðir endast

orkídeur 1199

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbæ - Kringlan - Smáralind

Samviskubit ef ég sofna of snemma

Hljómsveitin Skátar gefur út 7“ plötuna Goth báðum megin um helgina. *Anna Margrét Björnsson* tók gítarleikarann **Kolbein Huga Höskuldsson** í þriðju gráðu yfirheyrslu og fékk nokkur mikilvæg atriði á hreint.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KOLLI, GÍTARLEIKARI SKÁTA Uppáhaldslistamaðurinn minn er Harry Houdini. Hann var andlegt og líkamlegt ofurmenni.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Kolbeinn Hugi Höskuldsson

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Ýmis launuð störf. Þar á meðal sjómennska á trillu, leikskólakennari, tæknimaður, skannari, starfsmaður á sambýli, hamborgaraflipp en hef ásamt þessu verið myndlistar- og tónlistarmaður. Langaði samt alltaf að verða pizzasendill en þeir draumar hafa ekki ennþá ræst.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1979, árið sem Pac-Man kom út. Hann er eiginmaður Mrs. Pac-Man

Hvenær varstu hamingjusamastur? Þegar ég átti 11 ára afmæli. Það var frábær dagur sem ég ætla ekki að þreyta lesendur með að segja frá.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera? Dáinn úr eyðni… eða myndlistarmaður.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Úff… Tölva?

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Vilt þú leitast við af fremsta megni að hafa Jesú Krist að leiðtoga lífsins?

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa? Oakland hugsanlega. Einhverjum heitum, sveittum stað.

Uppáhaldslistamaður allra tíma og af hverju? Harry Houdini. Hann var andlegt og líkamlegt ofurmenni.

Draumahelgin þín í einni setningu? LAN-partí með John Carmack, John Romero og „crewinu“.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Starfsmaður í efnalauginni Fönn. Það sökkaði. Það var talað um hvort yfirmaðurinn hefði farið á hestbak um helgina í kaffitímunum…

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Auschwitz, USA.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag? Öll tónlist hefur áhrif á mig, en ég er ekki mikið fyrir tónlist sem byggist mikið á textanum. Í dag er ég búinn að vera að hlusta mikið á „Jean Michel Jarre Laser Show“ eftir DJ-Musician. Hann sendi mér það áðan mér til mikillar ánægju. Takk, Pétur.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Nei, en stundum fæ ég samt samviskubit ef ég sofna of snemma.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Ég get ekki svarað þessari spurningu, allavega ekki á neinn vitrænan máta.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Þegar ég var að horfa á japanskt klósettglens rétt áðan.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Nei. Það er eiginlega allt uppi á borði.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Dýrin, sem Arnaldur bróðir minn gaf mér í jólagjöf.

Uppáhaldsorðið þitt? „Ristruflanir“, „safa-rífari“ kemur þar beint á eftir.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Að svifbretti eins og í Aftur til Framtíðar 2 væru til í alvöru.

Hvaða einu lagi verður þú að taka „cover“ af áður en þú deyrð? Langar mikið til að taka „Killed by Death“ rétt áður en ég dey…

Hvað er næst á dagskrá? Tvær stórar myndlistarsýningar sem ég verð með í sumar og haust. Er akkúrat núna loksins að mixa fyrstu Retron-breiðskífuna sem kemur út í sumar með Vidda úr Trabant. Hún verður klelluð. Og svo má ekki gleyma því að 7” platan „Goth báðum megin“ með Skátum kemur í búðir á föstudaginn eftir erfiða fæðingu. Kaupið hana, því það er goth að elska.

MÆLISTIKAN

■ **Á uppleið**

Blómamynstur Litaglaðir gleðjist: Flíkur með blómamynstri eru inni núna og um að gera að hressa upp á fataskápinn með vorlegri blómaflík þó að vorið sé kannski ekki á leiðinni alveg strax.

Át það er útgefin stefna næstu viku að borða á sig gat, bolludagur á mánudag, sprengidagur á þriðjudag. Um að gera að hefja leikinn á morgun með sunnudagskaffi og bollum að hætti fjölskyldunnar. Leggjast í ævintýramennsku á mánudaginn og prófa öðruvísi bollur en venjan er á heimilinu. Taka svo á því í saltkjötsáti á sprengidag.

Geirmundur Valtýsson Sveiflukóngurinn hefur í nógu að snúast, spilar á þorrablóti á Prikinu á föstudagskvöldi, kominn norður í land á laugardegi. Engin lognmolla þar á ferð og gott að einhver heldur uppi sönnu Íslandslagastuði.

■ **Á niðurleið**

Spilamennska Það er að minnsta kosti eins gott að hringja ekki í vinina og ræða síðasta spilakvöld. Orðið ás gæti bara misskilist ef einhver heyrði á tal manns.

Öskupokar Eftir að reykvísk börn tóku upp sið þeirra norðlensku og hófu að syngja fyrir nammi á öskudag hættu þau að nenna að hengja öskupoka á fólk. Enda virðist hálf tilgangslaust að sitja heima og sauma poka til að næla í náungann þegar sælgæti er á næsta leiti.

Kreditkort Það er svo 2007 að flagga gullkortinu í tíma og ótíma. Nú er málið að vera með seðlavöndul í veski eða telja aura upp úr buddu. Reiðufé skal það vera í ár, þá eyðir maður líka síður um efni fram.

ÓDÝR HEIMILISTÆKI

EINFÖLD, TRAUST OG ENDINGARGÓÐ TÆKI

BARKAÞURRKARI

Euroline T3048
Einfaldur 6kg ÞURRKARI með barka, 2 hitastigum og galvaniseraðri tromlu. Orkunýting C.

TILBOÐ **49.995**

FULLT VERÐ 64.995

85sm FRYSTISKÁPUR

Scancool SFS100
85sm og 85 lítra FRYSTISKÁPUR með 4 skúffum og 6kg frystigetu á sólarhring. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 85x50,4x51,4sm.

TILBOÐ **49.995**

FULLT VERÐ 56.995

60sm ELDAVÉL

Euroline EU1628
60sm ELDAVÉL án blásturs með 4 steyptum hellum, 58 lítra ofni sem auðvelt er að þrífa, yfir- og undirhita, grilli, geymsluskúffu og barnalæsingu á ofnhurð. Mál (hxbxd): 85-90x60x60 sm.

TILBOÐ **59.995**

FULLT VERÐ 69.995

1000sn ÞVOTTAVÉL

Euroline WME1000
5kg ÞVOTTAVÉL með 500 og 1000 snúninga vindingu, 30-90° hitastilli, 30sm hurðaropnun, ullarkerfi, skolstoppi og hraðkerfi. Þvotthæfni A, orkunýtni A og vinduhæfni C. Mál (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ **64.995**

FULLT VERÐ 74.995

BARKALAUS ÞURRKARI

Euroline TK4042
Barkalaus 6kg ÞURRKARI með krumpuvörn og barnaöryggi. Orkunýting C.

TILBOÐ **69.995**

FULLT VERÐ 79.995

UPPÞVOTTAVÉL

Beko DUN1300
60sm UPPÞVOTTAVÉL með 3 kerfum; skolun, 50° og 60°. Forþvottur. Vatnsflæðivörn. Þurrkar með hita frá elementum.Lætur vita ef gljáefni vantar.Þvottahæfni A. Orkunýtni A. Þurrkgeta B. Utanmál(hxbxd): 82x60x55sm.

TILBOÐ **74.995**

FULLT VERÐ 84.995

144sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKF220
144sm KÆLISKÁPUR með frysti og 5 glerhillum í kæli. 167 lítra kælir og 45 lítra frystir. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ **74.995**

FULLT VERÐ 79.995

Euroline C340
186sm KÆLISKÁPUR með frysti, 214 lítra kæli, 90 lítra frysti og glerhillum. Orkunýting A. Mál (hxbxd) 186,5x59,5x60sm.

TILBOÐ **89.995**

FULLT VERÐ 99.995

EUROLINE

scan domestic

BEKO

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ósk Ingibjörg Eiríksdóttir
Hamraborg 18, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 2. mars kl.13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í síma 543 1159.

Unnur Hjartardóttir
Þorvaldur P. Böðvarsson
Böðvar Már Böðvarsson
Bergþór Grétar Böðvarsson
Jón Bjarni Bjarnason
Jenný Jóna Sveinsdóttir
Shirly Moralde
ömmubörn og langömmubörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Guðbjörg Pálsdóttir
Dvalarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 13. febrúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

Páll Þór Jónsson
Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir
Guðrún Pálsdóttir
Vilhelm Gauti Bergsveinsson
Hákon Pálsson
Auður Guðbjörg Pálsdóttir
Hildur Briem
Árni Briem
Sigrún Inga Briem
Gunnar Ingi Briem
Hallfríður Helgadóttir
og barnabarnabörn.

Okkar bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ásu Torfadóttur
Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Alúðarþakkir færum við öllu starfsfólki Grundar, en þó sérstaklega þeim sem starfa á deild A-2, fyrir frábæra umönnun og elskulegt viðmót.

Katrín Árnadóttir
Hermann Árnason
Torfi Árnason
Kjell Friberg
Guðríður Friðfinnsdóttir
Ingibjörg Pálsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

Albert Leonardsson
Hjallalundi 18, Akureyri,

lést mánudaginn 16. febrúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.30.

Ásthildur Albertsdóttir
Ásta Albertsdóttir
Karoline Leonardsson
Halldór G. Guðjónsson
Björgvin Leonardsson
Guðrún Lóa Leonardsdóttir
Said Hasan
Ólafur Friðfinnsson
Ulla-Brit Guðjónsson
Natsha Yfnova
Birgir Stefánsson
og barnabörn.

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Sveinbjörg Ágústa Jónsdóttir
húsmóðir, Drápuhlíð 44, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 12. febrúar, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. febrúar kl. 15.00. Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði.

Jón Jósefsson
Anna Guðrún Jósefsdóttir
Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Ingibjörg Jónsdóttir
Kristín Gísladóttir
Guðjón Hilmarsson

Sendum okkar alúðarþakkir þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför, elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, sonar og bróður,

Þorvaldar Ólafssonar
Iðalind 1, Kópavogi.

Sendum einnig góðar þakkir til þeirra sem komu að veikindum hans.

Sigríður Kjartansdóttir
Kristbjörg E. Þorvaldsdóttir
Andrea Sif Þorvaldsdóttir
Ásdís Björk Þorvaldsdóttir
Sigurjón Fjeldsted
Bjarni R. Garðarsson
Björn K. Sigurþórsson
Sara Björk, Þorvaldur Máni, Kjartan Freyr, Baltasar Þór
Erna Gunnarsdóttir, Karl E. Ólafsson og Gunnþóra Ólafsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Magnúsdóttir
Fellsmúla 22,

lést þann 16. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

Björn Sigurður Benediktsson
Haraldur Benediktsson
og aðrir ástvinir.
Margrét Kristín Finnbogadóttir
Brynjar Halldórsdóttir

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Valgerður Sóley Ólafsdóttir
frá Jörfa,

sem lést sunnudaginn 8. febrúar verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. febrúar kl.13.00.

F.h. ættingja og vina,
Sigurður Viggósson
Eiríkur Viggósson
Alda Viggósdóttir
Björg Viggósdóttir
Ólafur Viggósson
Soffía G. Sveinsdóttir
Sigrún Ársælsdóttir
Jóhanna Hauksdóttir
Sigurður P. Sigurjónsson
Theódóra Þorsteinsdóttir

Elskuleg eiginkona mín, móðir og amma,

Lilja Brynjólfsdóttir,
frá Króki Norðurárdal, síðast til heimilis á Hrafnistu Reykjavík,

lést þriðjudaginn 3. febrúar, útför hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólks H1-deildar Hrafnistu í Reykjavík fyrir frábæra umönnun og hlýju.

Lárus Sigurgeirsson
Gunnar Lárusson
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, Bryndís Gunnarsdóttir

NINA SIMONE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1933.

„Ég held að hinir ríku muni á endanum þurfa að láta undan vegna þess að umheimurinn mun ekki umbera það að Bandaríkin verði á toppnum að eilífu.“

Bandaríska söngkonan, píanóleikarinn og mannréttindasinninn Nina Simone gaf út 40 breiðskífur á ferlinum með lögum á borð við My Baby Just Cares for Me og I Put a Spell on You.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÁSDÍS Í GERÐARSAFNI Yfirlitssýningin Þverskurður stendur sem hæst í Gerðarsafni en þar gefur að líta verk félagskvenna, heiðursfélaga og verk fjögurra kvenna frá síðustu öld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TEXTÍLFÉLAGIÐ: FAGNAR 35 ÁRUM

Íslensk þráðlist í brennidepli

Textílfélagið er 35 ára og verður árið að vonum viðburðaríkt. Yfirlitssýningin Þverskurður stendur sem hæst í Gerðarsafni en auk þess standa opnun textílverkstæðis og vinnustofu á Korpúlfsstöðum og afmælissýning fyrir dyrum.

„Markmið félagsins hefur frá upphafi verið að gæta hagsmuna félagsmanna og kynna verk þeirra á innlendum og erlendum vettvangi,“ segir Ásdís Birgisdóttir, formaður félagsins og framkvæmdastjóri Textílseturs Íslands á Blönduósi, en með því að stofna formleg samtök opnuðust dyr fyrir félagsmenn til þátttöku í stórum sýningum á erlendri grund sem þeir hafa verið duglegir að sækja. Félagsmenn, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi, bæði sjálfstætt, fyrir aðra eða við kennslu, eru auk þess iðnir við að halda sýningar heima á Fróni og á fimm ára fresti eru haldnar sérstakar afmælissýningar. Félagið fagnar 35 ára afmælinu á tímum sem einkennast af endurmati á gildum og verðmætum þjóðarinnar.

„Sjaldan hefur verið jafn mikið prjónað og á þessum síðustu tímum dalandi hagsældar og er ánægjan af því að skapa, nýta og njóta viðurkennd og almenn. Á árum áður var textíllinn, eða þráðlistin, okkur Íslendingum lífsnauðsyn. Um miðja síðustu öld ófu konur veggteppi og gerðu ýmsa nytjahluti. Í dag eru verkin fjölbreyttari og má jafnvel sjá plasti, vír og öðrum tilbúnum efnum bregða fyrir. Það sem þó einkennir textílverk, hvort sem um er að ræða myndverk, óhlutbundin eða hlutbundin verk, er tilfinningin fyrir efninu hvað varðar dýpt, uppbyggingu, áferð og yfirborð,“ segir Ásdís.

Yfirlitssýningin í Gerðarsafni, sem er þrískipt, spannar ríflega 60 ár í textílsögunni. Á henni getur að líta nýleg verk félagskvenna, verk heiðursfélaga og verk fjögurra kvenna sem á síðustu öld vörðuðu vegferð íslenskrar þráðlistar inn í nútímann. Sýningin, sem stendur til 8. mars, hefur að sögn Ásdísar verið vel sótt og bjóða félagskonur og heiðursfélagar upp á leiðsögn alla sunnudaga.

Textílfélagið er um þessar mundir að ganga til samstarfs við sjónlistarmiðstöð sem rekur Korpúlfsstaði. Þar stendur til að opna vinnustofur og stórt verkstæði sem mun sinna þörfum félagsmanna og annarra og vera vettvangur fyrir námskeið, endurmenntun, sýningar, málþing, fyrirlestra og fleira. „Þar ætlum við að halda afmælissýningu í lok árs og gefst öllum félagsmönnum kostur á að taka þátt.“

vera@frettabladid.is

NÝJAR DÚNDURKILJUR!

„Besta bók Yrsu.“

★ ★ ★ ★

– Páll Baldvin Baldvinsson

„Besta bók Grishams um langt árabil.“

– New York Times

Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum
– bæði innbundin og í kilju!



Mest selda og „besta ævisaga ársins 2008.“

„Mögnuð Magnea.“
– Sigríður Arnardóttir, sirry.is

Veröld
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr.kg. MERKT VERÐ 2220 KR.KG.

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
419 kr.kg. MERKT VERÐ 698 KR.KG.

KJARNASULTUR 400ML **198 kr.**
Jarðarberja-Bláberja-Blönduð berjasulta.

BÓNUS VATNSDEIGSBOLLUR
14 stk 398 kr.

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g **179 kr.**

BÓNUS FETAOSTUR 250g **259 kr.**

NF FORSTEIKTAR FISKIBOLLUR
579 kr./kg.

KARTÖFLUR PREMIER
2 KG Á **198 kr.**

HOLLT & GOTT: GARÐASALAT
20% AFSLÁTTUR 200g **239 kr.**

BÓNUS BOLLUGLASSÚR
280G **179 kr.kg.**
Frábært á bollurnar.

BÓNUS ÍSSÓSUR
435g **298 kr.**

BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
Grænir & Gulir **198 kr.**

KJARNAFÆÐI BACON
1079 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.

SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
100g 75 kr.

PEPSI, PEPSI MAX, COKE ZERO **2 ltr. 129 kr.**
TOPPUR **2 ltr. 98 kr.**

BÓNUS ÍS 2 ltr. **198 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

US BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝBAKAÐAR RJÓMABOLLUR Í BÓNUS

298

2 stk 298 kr.
(m/rjóma, súkkulaði og sultu)

Rjómi frá Mjólku 400ml

10.000 dósir í boði

30% afsl.

LAMBASALTKJÖT 20% - 40% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

K.A ÓDÝRT LAMBASALTKJÖT
298 kr.kg. MERKT VERÐ 499 KR.KG.
Þokkalegir bitar.

20% AFSLÁTTUR

KF LAMBASALTKJÖT 1.FLOKKUR
959 kr.kg. MERKT VERÐ 1198 KR.KG.

20% AFSLÁTTUR

KF LAMBASALTKJÖT BLANDAÐ
447 kr.kg. MERKT VERÐ 559 KR.KG.

20% AFSLÁTTUR

KF VALIÐ LAMBASALTKJÖT
1439 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

299

ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
299 kr.kg.

359

BÚRFELLS BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
MERKT VERÐ 448 KR.KG **359 kr.kg.**

VISA

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

EFLING
STÉTTARFÉ HF

Efling – stéttarfélag
Félagsfundur

Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn 24. febrúar 2009. Fundurinn verður haldinn í sal Ferðafélags Íslands að Mörkinni 6 í Reykjavík og hefst kl. 18.00.

Dagskrá:

1. Félagsmál
2. Staða efnahagsmála og kjarasamninga
3. Staða atvinnumála. Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, er gestur fundarins
4. Önnur mál

Félagar. Mætum vel og stundvíslega.

Stjórn - Eflingar stéttarfélags

KEILUGRANDI 2
OPIÐ HÚS Á MORGUN - SUNNUDAG.

ÍBÚÐIN ER TIL SÝNIS Á MORGUN, SUNNUDAG - GUÐRÚN OG ÞORSTEINN TAKA Á MÓTI GESTUM MILLI KL. 14:00 OG 15:00.

Glæsileg 5 herbergja 114 fm íbúð (501) á tveimur hæðum ásamt stæði í bílskýli í mjög góðu fjölbýlishúsi. Stórar stofur með suðvestur svölum, 3-4 svefnherbergi, vandað eldhús, baðherbergi og gestasnyrting. Parket á gólfum. Frábært útsýni.

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Kvíði ég konudegi ein kvenna

Konudagurinn langþráði rennur upp á morgun. Þá eiga karlarnir að stjana við konurnar sem aldrei fyrr, hlaða á þær blómum og gefa þeim gott að borða. Á bóndadaginn var það öfugt og hver kona kepptist við að gleðja mann sinn.

Það er misjafnt hversu alvarlega fólk tekur þessa daga og hvað það leggur á sig til að gleðja maka sinn. Þó þvottadrengurinn sé laus við rómantík flesta daga ársins hef ég ekki þurft að kvarta þegar kemur að konudeginum. Drengurinn leggur yfirleitt fádæma metnað í hann, fer mikinn í gjöfum og snýst í kringum mig til kvölds. Hann hefur þó ekki vanið sig á að gefa mér blóm, finnst víst illa farið aurinn þar.

Ég vildi því auðvitað gera vel við drenginn þegar dagur bóndans rann upp og eftir að hafa íhugað vandlega hvað myndi gleðja hann mest dreif ég mig í búð og keypti hnausþykka nautalund. Splæsti svo í eina skúffuköku úr brauðhillunni til að bjóða upp á eftir matinn. Mér fannst ég hafa staðið mig vel og hlakkaði til að stjana við drenginn. Þegar ég kom heim kom hann mér hins vegar á óvart með gjöf handa mér sem mig hafði lengi langað í. Þreif svo af mér innkaupapokana og eldaði steikina sjálfur, sauð kartöflur og stappaði og hrærði upp piparsósu með. Skellti kökunni á borðið eftir matinn, hitaði handa mér kaffi og vaskaði síðan upp. Hlutverkin höfðu algjörlega snúist við og ég sat orðlaus meðan þvottadrengurinn stal senunni á bóndadaginn. Nú kvíði ég konudeginum. Veit hreinlega ekki til hvers verður ætlast af mér.

myndasögur

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

María Built
Petra
Ólöf
Sigrún
Hulda
Kata
Gunna
Elska Elín
Ariana
Kæra Svanhvít
Harpa
KONUDAGSLEIKUR
FRÉTTABLAÐSINS
Konudagurinn er á morgun
Af því tilefni býður Fréttablaðið konum í bíó. Fyrstu 100
konurnar sem mæta í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24
í dag á milli kl. 14 og 15 fá að gjöf bíókort Sambíóanna (5 miða).
SAMBÍÓIN
Sambíóin kynna spennandi myndir fyrir konurnar.
then she found me
Elegy
Væntanleg
Væntanleg
Frumsýnd 27. feb.
Væntanleg
Væntanleg
FRÉTTABLAÐIÐ

kl. 20
Óperuperlur í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Sviðsetning Stefáns Baldurssonar á öðrum tug atriða úr ýmsum óperum: Söngvarar í sýningunni eru Ágúst Ólafsson, Bjarni Thor Kristinsson, Sigríður Aðalsteinsdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir. Undirleik annast Antonía Hevesi.

menning

menning@frettabladid.is

Yfirvofandi í Útvarpsleikhúsinu

Útvarpsleikhúsið frumflytur útvarpsleikgerð höfundarins Sigtryggs Magnasonar á leikritinu Yfirvofandi á sunnudag kl. 14. Leikritið hlaut mikla athygli þegar það var frumsýnt á Listahátíð 2007 og sýnt á heimili skáldsins. Sigtryggur var tilnefndur sem leikskáld ársins á Grímunni 2008 fyrir Yfirvofandi. Í útvarpsgerðinni er flutt ný tónlist eftir Úlf Eldjárn. Með hlutverk hjónanna fara Ingvar E. Sigurðsson og Edda Arnljótsdóttir og soninn, sem dó, leikur Jörundur Ragnarsson. Hljóðvinnslu annaðist Einar Sigurðsson og leikstjóri er Bergur Þór Ingólfsson.

Hjón eru ofurseld harmi, glæp úr fortíðinni. „Ég er yfirvofandi," segir drengurinn sem kafnaði undir kodda daginn sem 36 ár eru liðin frá því að kjarnorkusprengjan féll á Nagasaki. „Ég er yfirvofandi. Ég er barnið sem dó. Sprengjan sem féll."

LEIKLIST Sigtryggur Magnason

> Ekki missa af...

Stórsveit Reykjavíkur endurtekur vegna fjölda áskorana magnaða klúbbstemningu frá tónleikum í nóvember sl. Tónleikarnir fara fram á Café Rosenberg, Klapparstíg 25, á sunnudag og mánudag kl. 21. Flutt verður breytileg dagskrá úr nótnabók Thads Jones (1923-86), eins helsta meistara bigband-tónlistar síðustu áratuga. Tvennir sambærilegir tónleikar fóru fram um síðustu helgi fyrir fullu húsi og glimrandi viðtökum. Stjórnandi Stórsveitar Reykjavíkur á þessum tónleikum er Sigurður Flosason.

Bellmania á Engjateigi

Á sunnudag efna aðdáendur sænska tónsnillingsins og söngvaskáldsins Carls Michael Bellman til tónleika í sal Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar á Engjateigi 1, kl. 15.

Meginefni dagskrárinnar er flutningur á Bellmanslögum úr Pistlum og Söngvum Fredmans. Inn í dagskrána verður skotið fróðleik um það svið sem söngljóðin eru sprottin úr en öll eru þau samin og sviðsett í Stokkhólmi seint á 18. öld. Kynnt verður útbreiðsla þeirra utan Svíþjóðar en megináhersla þó á kynni Íslendinga af Bellmanssöngvum. Með söngvunum verður brugðið upp myndum af listaverkum sem orðið hafa til undir áhrifum af ljóðum Bellmans.

Við undirbúning dagskrárinnar hefur Tónskólinn notið aðstoðar þeirra Árna Björnssonar og Gunnars Guttormssonar, og eru þeir meðal flytjenda ásamt þeim Ævari Kjartanssyni, Maríu Cederborg, Guðna Franzsyni, Þorvaldi Þorvaldssyni, Sigrúnu Valgerði Gestsdóttur, Ásgeiri Böðvarssyni, Sigursveini Magnússyni, Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur og nemendum hennar. Kynnir er Erlingur Gíslason.

Sigursveinn og John Speight hafa gert nýjar útsetningar við sönglögin. Í upphafi dagskrár verður fluttur forleikur sem John Speight hefur samið gagngert af þessu tilefni. – Stjórn tónlistarflutnings er í höndum Guðna Franzsonar.

Forsala aðgöngumiða er í síma 568 5828.

pbb@frettabladid.is

Gradualekór með tónleika

Gradualekór Langholtskirkju heldur tónleika í kirkjunni á sunnudag kl. 20. Þar verður flutt verk Johns Høybye, Von. Einsöngvarar í verkinu eru kórfélagar sem komnir eru áleiðis í söngnámi, Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir, Kristín Einarsdóttir Mäntylä, Kristín Sveinsdóttir og Sigrún Ósk Jóhannesdóttir.

Verkið er samið fyrir kór, einsöngvara, orgel, píanó, altsaxófón, bassa og slagverk. Það er í 8 köflum sem fjalla um síðustu daga Krists frá ýmsum sjónarhornum. Komið er við í Getsemanegarðinum, á Golgatahæðinni, konunum fylgt að gröfinni sem reynist tóm og upprisunni fagnað.

Einvala lið hljóðfæraleikara munu sjá um tónlistina en það eru Einar Valur Scheving, Kjartan Valdemarsson, Lára Bryndís Eggertsdóttir, Sigurður Flosason og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson.

Auk Háb flytur kórinn verk eftir baskneska tónskáldið Javier Busto og þrjú lög eftir Björn Ulveaus og Benny Anderson úr söngbók Abba. Stjórnandi kórsins hefur frá upphafi verið Jón Stefánsson.

- pbb

JOHN HÖYBY

SAGA Einar Sigurjónsson um borð í Garðari GK 25 árið 1936. Einar heldur um trollvír.
MYND LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/GUÐBJARTUR ÁSGEIRSSON

BÖRN Í VINNU Á SJÓ OG LANDI

Í dag er opnuð almenningi sýning ljósmynda frá síðustu öld á Þjóðminjasafninu. Hún ber heitið Þrælkun, þroski, þrá? og fjallar um börn við vinnu á sjó og landi.

Myndirnar á sýningunni eru frá þeim tíma þegar börn tóku virkan þátt í vinnu, bæði af háum og lágum standi. Ljósmyndunum er ætlað að opna umræðu og hvetja fólk til að skoða fortíðina í nýju samhengi. Þær vekja spurningar um barnavinnu, aðbúnað og vinnuskilyrði barna og samskipti sjómanna og barna. Hvenær breytast ævintýri og heilbrigð vinnumenning í þrælkun? Hvenær verða aðstæðurnar óyfirstíganlegar fyrir lítil börn, líkamlega og tilfinningalega? Hvar liggja mörkin? Sýningin kallar á endurskoðun á viðhorfum til vinnu barna á fyrri tíð. Sýningin Þrælkun, þroski, þrá? byggist á stærri rannsókn sem Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur vann í rannsóknarstöðu dr. Kristjáns Eldjárns við Þjóðminjasafn Íslands. Í tengslum við sýninguna gefur Þjóðminjasafnið út bókina Afturgöngur og afskipti af sannleikanum en í henni er fjallað um ljósmyndir sem menningarlegt greiningartæki og skoðað hvernig ljósmyndir móta sjálfsmynd, gildismat og viðhorf einstaklinga og þjóða. Ljósmyndir eftir íslenska samtímaljósmyndara eru settar í alþjóðlegt samhengi og fjallað um óljós mörk milli heimildaljósmyndunar og skapandi ljósmyndunar. Sigrún Sigurðardóttir er með BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og cand.mag.-próf í menningarfræði frá Kaupmannahafnarháskóla með ljósmyndafræði sem sérsvið.

Sýningin er opin á venjubundnum opnunartíma safnsins.

pbb@frettabladid.is

Fjögurra stjörnu
KRAKKAKILJUR

FÍASÓL ER FLOTTUST
★★★★
„Tryggir lesendur *Fíusólar* verða ekki fyrir vonbrigðum með nýju bókina."
HILDUR HEIMISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

GARÐURINN
★★★★
„Það er hraði og spenna í þessari sögu."
SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

KOMNAR í kilju

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Afleggjarinn í danskri útgáfu

Saga Auðar A. Ólafsdóttur, Afleggjarinn, er komin út í danskri þýðingu Erik Skyum Nielsen og fær mikið hrós hjá gagnrýnanda Politiken í liðinni viku. Tine Maria Winther gerir í blaðinu grein fyrir sögunni sem er tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og segir hana hafa skrifað sérstaka og fagra skáldsögu sem kallist á við Da Vinci-lykilinn. Sagan sé þess utan uppfull af trúarlegum vísunum, listsögulegri þekkingu og vangaveltum af tilvistarlegum toga. Mest sé þó vert að lesa sögu sem hafi ekki nokkra sögupersónu sem er ill. Gagnrýnandinn segir sjaldgæft að fá í hendurnar skáldsögu sem byggi á kristilegum gildum. Sagan kemur út hjá forlaginu Athene (Egmont) og hefur fengið titilinn Stiklingen á tungu frænda vorra. Gagnrýnandinn lýkur dómi sínum á orðunum: „En smuk, sær og måske værdig kandidat til Nordisk Råds Litteraturpris 2009 er hermed anbefalet. Amen."

- pbb

BÓKMENNTIR Auður A. Ólafsdóttir rithöfundur og listfræðingur fær hrós í Politiken.

BYLGJAN 989 KYNNIR

MAGNI VS QUEEN

ÁSAMT KÓR FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURLANDS

12. MARS
KL. 20:00
FIFUNNI

EINNIG KOMA FRAM:

DBS
&
HERA BJÖRK

INGÓ VEÐURGUÐ HITAR UPP
TÓNLISTARSTJÓRN: STEFÁN ÞORLEIFSSON

MIÐASALA HEFST Á MIÐI.IS 24. FEBRÚAR KL. 10:00

MIÐAVERÐ 3.900 KR

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

midi.is

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

Sunnudaginn 22. febrúar kl. 14-16
Kanntu að búa til öskupoka og bolluvendi?
Ókeypis tilsögn og efni í Gerðubergi.
Í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands

Miðvikudaginn 25. febrúar kl. 14-16 Aðgangur ókeypis
Öskudagsball í Gerðubergi
með Jóni Víðis, töframanni og hljómsveitinni Fjörkörlunum. Í samstarfi við frístundamiðstöðina Miðberg

Gallerý fiskur
Gallerý fiskur
hefur tekið við veitingarekstri í Gerðubergi! Komið í bollukaffi á sunnudaginn og saltkjöt og baunir á sprengidaginn! Kynnið ykkur matseðil og veislu-þjónustu á www.galleryfiskur.is

Vissir þú...
að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, fundi, námskeið og veislur! Salir og fundarherbergi fyrir 8-120 manns. Nánari upplýsingar á www.gerduberg.is

Sýningar:
EFRI HÆÐ: Heyrðist eins og harpan væri að gráta
NEÐRI HÆÐ: Þetta vilja börnin sjá
BOGINN: Úr högum og heimahögum

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa. Netfang: gerduberg@reykjavik.is s. 575 7700
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

Nýr ritstjóri TMM

Fyrsta hefti ársins af Tímariti Máls og menningar er komið út undir stjórn nýs ritstjóra, Guðmundar Andra Thorssonar, sem er lesendum Fréttablaðsins vel kunnur af hans beittu pistlum hér í blaðinu. Tekur hann við af Silju Aðalsteinsdóttur. Með heftinu hefst 70. árgangur tímaritsins. Í aðfararorðum sínum segir Guðmundur Andri: „Ekki stendur til að bylta efnistökum og áfram verður það vettvangur fyrir umræðu um bókmenntir, listir og þjóðfélagsmál“ auk þess sem hann heitir því hátíðlega að hrófla ekki við brotinu en því var breytt fyrir fáum árum áskrifendum ritsins til lítillar gleði. Tímaritið hefur í sjötíu ár verið mikilvægur vettvangur umræðu og skáldskaparmála.

Það verður þó ekki annað séð en að þjóðfélagsmálin séu meira áberandi í þessu fyrsta hefti heldur en verið hefur að síðustu – kannski í takt við tímann. Þannig prýðir t.d. mynd af óklárúðum turni við Höfðatorg forsíðuna sem kallast á við grein Hjálmars Sveinssonar um skipulagsmál.

Meðal efnis í heftinu má nefna grein eftir Vilmund heitinn Gylfason um íslenska stjórnmálaþróun frá 19. öld til okkar daga, grein eftir Hjálmar Sveinsson um stórhýsabyggingar á höfuðborgarsvæðinu og afleiðingar þeirrar samkeppni sem ríkt hefur milli sveitarfélaganna þar í skipulagsmálum. Lisa Hopkins, prófessor og Shakespearefræðingur, fjallar um Hamlet og 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason og Árni Óskarsson ræðir í kjölfarið við Hallgrím um bókina. Að auki má nefna grein eftir Halldór Guðmundsson um Helga Hálfdanarson, en hann var löngum drjúgur og gjöfull veitandi í tímaritinu með þýðingum sínum á ljóðmælum ýmsum, yfirlit um glæpasögur ársins eftir Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra, umfjöllun um skáldsagnaárið 2008 almennt eftir Jón Yngva Jóhannsson, leikhúspistil Silju Aðalsteinsdóttur og grein um íslenskar þjóðsögur og Harry Potter eftir Ármann Jakobsson. Loks eru ljóð, smásögur og ritdómar í tímaritinu að vanda.

Tímaritið kemur út fjórum sinnum á ári og standa vonir til að það verði í ritstjórn hins nýja ritstjóra stundvíst. **- pbb**

BÓKMENNTIR Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur og ritstjóri.

Myrkir músikdagar

Tónlistarhátíðin Myrkir músikdagar gekk vel en henni lauk um síðustu helgi. Aðsókn var sú besta sem Tónskáldafélagið hefur séð frá upphafi: tæplega tvö þúsund gestir komu á sextán tónleika á sjö dögum. Fjölbreytni var áberandi í dagskránni – gömul gildi eru að hverfa og íslensk tónskáld að feta sig inn á nýjar brautir í tónsköpun sinni. Aldursdreifng var mikil á tónhöfundum sem voru frá tvítugu upp í nírætt. Sem fyrr voru ungir áheyrendur áberandi en fólk á öllum aldri sótti tónleikana og hetjur úr poppbransanum sýndu á sér nýja hlið með metnaðarfullum tónverkum á MMD09. Raunar mátti líkja viðtökum á tónleikum sinfóníunnar með nýjum tónverkum og eldri við popptónleika slíkar voru viðtökurnar.

Sem fyrr voru erlendir gestir áberandi á MMD sem tóku þátt í hátíðinni með nýjum tónverkun og flutningi á þeim ásamt fyrirlestrum og kennslu á meistarastigi í samvinnu við Listaháskólann.

Meiri almennur áhugi er á hátíðinni hjá almenningi og jákvæðar viðtökur áheyrenda eru tónskáldum hvatning að halda áfram á sömu braut, þenja út svið þess sem í boði er og kalla áheyrendur til fundar við nýsmíði og nýgild verk. Mörg verka hátíðarinnar eru enn aðgengileg á hlaðvarpi RÚV.

- pbb

TÓNLIST Ragnhildur Gísladóttir var ein þeirra sem áttu verk á Myrkum músikdögum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 21. febrúar

Tónleikar

17.00 **Sunna Gunnlaugsdóttir** djasspíanisti verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

21.00 **JP3 tríóið** heldur djasstónleika á Kaffi Kúltúr við Hverfisgötu.

21.00 **Stórsveit Reykjavíkur** leikur tónlist **Thad Jones** á Café Rosenberg við Klapparstíg. Stjórnandi er **Sigurður Flosason**.

22.00 **200.000 Naglbítar** verða á Græna Hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri. Húsið opnar kl. 21.

22.00 Hljómsveitirnar **What about**, **Nögl** og **Mammút** verða á Dillon Rokkbar við Laugaveg 30.

Tónlist

Í tilefni af **Degi tónlistarskólanna** verður opið hús í Tónlistarskólanum á Akureyri við Hvannavelli 14, milli kl. 10-14. Dagskrá og nánari upplýsingar á www.tonak.is.

Dansleikir

Plötusnúðurinn **Stephan Bodzin** verður á NASA við Austurvöll.

Hljómsveitin **Mono** verður á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 22. febrúar

Tónleikar

20.00 **Gradualekór Langholtskirkju** við Sólheima verður með tónleika þar sem á efniskránni verða verk eftir **Høybye** og **Busto** auk þess sem flutt verða þrjú lög úr myndinni **Mamma Mia**.

21.00 **Stórsveit Reykjavíkur** leikur tónlist **Thad Jones** á Café Rosenberg við Klapparstíg. Stjórnandi er **Sigurður Flosason**.

Námskeið

Gerðuberg í samstarfi við Heimilisiðnarafélag Íslands verður með námskeið í **öskupoka- og bolluvandagerð** milli kl. 14 og 16. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis. Gerðuberg við Gerðuberg 3-5.

Listamannsspjall

15.00 **Á milli laga Þuríður Sigurðardóttir** verður með listamannaspjall á sýningu sinni í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

Dagskrá

14.00 Dagskrá verður í tilefni af **konudeginum** í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Þar mun m.a. lögreglukórinn syngja mansöngva og **Arngrímur Vídalín** flytja ástarljóð.

Leiðsögn

15.00 Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu **Textílfélagsins** í Gerðarsafni við Hamraborg í Kópavogi. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17

Tónlist

15.00 Í tilefni af **konudeginum** býður **Karlakórinn Þrestir** konum í Hásali við Srandgötu í Hafnarfirði, þar sem kórinn mun syngja og bjóða upp á kaffi og meðlæti.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 21/2 kl. 14:00 frums. U	Lau 14/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U
Lau 21/2 kl. 17:00 U	Sun 15/3 kl. 14:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U
Sun 22/2 kl. 14:00 U	Sun 15/3 kl. 17:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U
Sun 22/2 kl. 17:00 U	Lau 21/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 14:00 U
Lau 28/2 kl. 14:00 U	Lau 21/3 kl. 17:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U
Lau 28/2 kl. 17:00 U	Sun 22/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U
Sun 1/3 kl. 14:00 U	Sun 22/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U
Sun 1/3 kl. 17:00 U	Lau 28/3 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U
Lau 7/3 kl. 14:00 U	Lau 28/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U
Lau 7/3 kl. 17:00 U	Sun 29/3 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U
Sun 8/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U
Sun 8/3 kl. 17:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 26/2 kl. 20:00 Ö	Fim 5/3 kl. 20:00 aukasýn.	Lau 14/3 kl. 20:00 Ö
Fös 27/2 kl. 20:00 Ö	Fös 6/3 kl. 20:00 Ö	Mið 18/3 kl. 20:00 aukasýn.

Sýningum lýkur 18. mars

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00 U	Lau 14/3 kl. 13:00 Ö	Lau 28/3 kl. 13:00 U
Lau 7/3 kl. 13:00 U	Lau 21/3 kl. 13:00	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Heiður (Kassinn)

Lau 28/2 kl. 20:00 Ö		

Síðasta sýning

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um

starf háskólakennara í arkitektúr

Listaháskólinn auglýsir eftir umsóknum um starf háskólakennara í arkitektúr við hönnunar- og arkitektúrdeild með stöðuheiti lektors, dósents eða prófessors.

Umsækjandi skal vera starfandi arkitekt, hafa kennt umtalsvert við viðurkennda háskóla, og hafa meistaragráðu eða sambærilega háskólagráðu á sínu sviði, eða jafngilda þekkingu og reynslu.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins **16. mars 2009.**

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans

www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· Iceland Academy of the Arts ·

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um

starf háskólakennara í grafískri hönnun

Listaháskólinn auglýsir eftir umsóknum um starf háskólakennara í grafískri hönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild með stöðuheiti lektors, dósents eða prófessors.

Umsækjandi skal vera starfandi hönnuður, hafa kennt umtalsvert við viðurkennda háskóla, og hafa meistaragráðu eða sambærilega háskólagráðu á sínu sviði, eða jafngilda þekkingu og reynslu.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins **16. mars 2009.**

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans

www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· Iceland Academy of the Arts ·

NÝJAR BÆKUR

JPV-útgáfa hefur sent frá sér skáldsöguna Tilræðið. Sagan kom fyrst út á frönsku árið 2005 og er níunda skáldsaga Yasminu Khadra en sú fyrsta sem kemur út á íslensku. Yasmina Khadra er hins vegar dulnefni Mohammeds Moulessehoul.



Mohammed var hershöfðingi í alsírska hernum og skrifaði sex bækur undir eigin nafni til ársins 1988. Þá setti herinn honum skilyrði; annaðhvort hætti hann að skrifa eða öll handrit hans yrðu ritskoðuð af hernum. Mohammed sætti sig við hvorugan kostinn og hóf að skrifa undir nafni eiginkonu sinnar. Þegar Mohammed gat hætt í hernum árið 2001 fluttist hann til Frakklands og svipti hulunni af Yasminu Khadra. Tilræðið fjallar um Amin Jaafari sem er virtur skurðlæknir í Tel Avív. Hann og kona hans, Sihem, eru palestínsk að uppruna en ísraelskir ríkisborgarar, vel stæð og vinamörg í samfélagi gyðinga. Dag einn er veitingastaður sprengdur í loft upp og Amin sagt að Sihem sé meðal hinna látnu og bendi margt til að hún beri ábyrgð á tilræðinu. Karl Emil Gunnarsson þýddi úr ensku.

Bókin Hann er ekki nógu skotinn í þér kom fyrst út hjá Vöku-Helgafelli árið 2006 og seldist fljótlega upp. Hinn 20. febrúar nk. verður stjörnum prýdd kvikmynd byggð á þessari sérstöku og bráðskemmtilegu bók frumsýnd hérlendis og af því tilefni var ákveðið að endurprenta bókina. Hann er ekki nógu skotinn í þér er ögrandi, fyndin og frelsandi bók sem er eins og blanda af skáldsögu og sjálfshjálp í léttum dúr. Eftir lesturinn þurfa fallegar, klárar og fyndnar konur ekki lengur að eyða tíma í að finna afsakanir fyrir að halda vonlausu sambandi áfram. Þessi bók hjálpar þeim að finna hinn eina rétta … þann sem er raunverulega skotinn. Þýðandi er Þóra Sigurðardóttir. Vaka-Helgafell gefur út.

Út er komin í kilju metsölubókin Áfrýjunin eftir John Grisham á forlagi Veraldar. Kviðdómur í þéttsetnum réttarsal í Missisippi sakfellir risafyrirtæki fyrir að menga vatnsból smábæjar með eiturefnaúrgangi með þeim afleiðingum að fjöldi manns deyr úr krabbameini. Fyrirtækið áfrýjar til hæstaréttar Missisippi. Dag einn verða níu dómarar að taka afstöðu til málsins – máls sem getur knésett risafyrirtækið. Magnþrungin spennusaga um taumlausa græðgi auðmanna og spillingu stjórnmálamanna sem víla ekkert fyrir sér. John Grisham er einn vinsælasti spennusagnahöfundur allra tíma en bækur hans hafa selst í meira en 225 milljónum eintaka. Hann sló upphaflega í gegn með lögfræðitryllinum Fyrirtækinu sem sat á metsölulista New York Times í tæpt ár. Áfrýjunin fór beint á toppinn á metsölulistum vestan hafs þegar hún kom í innbundnu formi og aftur ári síðar í kilju. Áfrýjunin er 430 blaðsíður að lengd.



Tríó Sunnu í Salnum í dag

Sunna Gunnlaugsdóttir djasspíanisti heldur tónleika í Salnum ásamt Þorgrími Jónssyni og Scott McLemore í dag kl. 17. Tríóið flytur frumsamið efni í bland við útsetningar á íslenskum lögum s.s. „Stóð ég úti í tunglsljósi“ og „Það búa litlir dvergar“.

Sunna Gunnlaugsdóttir er lærð í djassfræðum frá Bandaríkjunum. Hún hefur gefið út 4 geisladiska með eigin tónsmíðum og komið fram í Kanada, Japan, víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Í erlendum tímaritum er hún sögð fella saman þokka evrópsks djass og eldmóð hins bandaríska með tónsmíðum sem höfða til fleiri en bara djassunnenda. Síðasti diskur Sunnu, Live in Europe, náði inn á topp-10 lista á djassútvarpsstöðvum í Bandaríkjunum 2003. Sunna kennir við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og í Tónheimum.

Trommarinn Scott McLemore útskrifaðist í djassfræðum frá William Paterson College 1997. Hann var virkur á djasssenunni í New York næstu ár og hefur komið fram í fjölmörgum löndum Evrópu, Kanada, Japan og víðs vegar um Bandaríkin. Hann fluttist búferlum til Íslands árið 2005 og starfar sem tónlistarmaður og kennari við Listaskóla Mosfellsbæjar. Scott hefur leikið inn á fjölda geisladiska með erlendum og íslenskum tónlistarmönnum.

Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari lauk burtfaraprófi úr djassdeild FÍH vorið 2001. Hóf klassískt nám á kontrabassa undir handleiðslu Gunnlaugs Stefánssonar í Tónlistarskóla Sigursveins. Fór í framhaldsnám til Haag í Hollandi og útskrifaðist með BM-gráðu vorið 2006. Auk þessa hefur hann leikið með helstu djassleikurum Íslands á hinum ýmsu stöðum. Þorgrímur kennir við Tónlistarskóla Árbæjar, Garðabæjar og Tónskóla Sigursveins.

- pbb

TÓNLIST Sunna Gunnlaugsdóttir djasspíanisti.

Ráð við kvefi

Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...
- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

Stíflaðar nasir má lina með því að...
- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...
- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun

Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!
- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

Strepsils, við særindum í hálsi!
Strepsils er fáanlegt með þremur bragðtegundum:
- Orginal
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Mentólbragði

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

STREPSILS töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Gemið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

> ER AGYNESS AÐ HÆTTA ?

Stærsta nafnið í fyrirsætuheiminum um þessar mundir er án efa hin breska Agyness Deyn. Hún er einungis tuttugu og fimm ára en sagði við tímaritið New York Magazine að hún hygðist brátt hætta störfum sem fyrisæta þar sem tískuheimurinn væri ekki upphaf og endir alls.

stíll

utlit@frettabladid.is

Dúndur hrukkubanann Prodigy RePlasty frá Helenu Rubinstein sem á að sýna árangur eftir aðeins nokkra daga.

Undurfagran kjól sem minnir á sumarið sem koma skal frá Henrik Vibskov. Fæst í Kron-Kron.

OKKUR LANGAR Í ...

Þvottaefni fyrir fínleg efni eins og kasmír, silki og ull frá The Laundress. Ilma dásamlega.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Rokk versus rósir

Þetta gerist alltaf með ákveðnu millibili. Blóm og blómamynstur birtast hjá tískuhönnuðum fyrir sumarið í ótal skrautlegum útgáfum. Þau minna mig á línuna úr kvikmyndinni The Devil wears Prada þar sem ritstýran, leikin af Meryl Streep, kastar hrúgu af fötum í stílistana og skammar þá fyrir skelfileg ófrumlegheit: „... blóm á sumrin eru svo AUGLJÓS.“ Auðvitað er ég hrifin af blómum, og hvaða kona er það ekki. Málið er bara að ég vil ekkert sjá þau á fötunum mínum. Ég get dáðst að öðrum konum í blómamynstrum og jafnvel líka þeim fáu hippalegu karlmönnum sem skarta blómaskyrtum. En um leið og ég er komin í blóm finnst mér eins og það sé búið að yfirdekkja allan innri styrk og svalleika með rósrauðu ilmandi skýi, eins konar ofgnótt og „óverdós“ af sykursætri sykurull. Allt er best þegar jafnvægis er gætt er hin gullna regla lífsins og auðvitað er það regla tískunnar um leið. Til dæmis eru óskrifuð lög um að konur með mikinn augnfarða eigi að spara varalitinn og öfugt. Því er eins farið með kvenleikann. Ég myndi áætla að blóm og svoleiðis dútl myndu fara karlmannlegum konum mjög vel. Þá á ég við svona töff mjónuspírur með stutt hár eins og Agyness Deyn sem myndu gæða bleiku rósirnar pönki og vænum skammti af „attitjúdi“. Á hinn bóginn er kvenlega vaxin kona með sítt hár orðin of mikið af því góða í blómahafi og nýtur sín betur í einföldum, jafnvel karlmannlegri fatnaði. Ég var einmitt að hugsa um þetta um daginn, að í raun yrði ég mjög sátt með strákafataskáp. Þar myndi ég ná mér daglega í svartar gallabuxur og jakka, stuttermaboli og klúta og einskis sakna nema einstaka mínípilsa. Lífið væri mun þægilegra í þessu nýja strákalíki mínu, það eina sem ég þyrfti að huga að væru nokkrir mismunandi bolir og támjóir skór til skiptanna. En fyrir allar hinar konurnar, ykkur bleiku dísir, þá eru auðvitað ótal aðferðir við að skjóta rokki í rósirnar. Til dæmis er töff að henda snjáðum leðurjakka eða strákalegum „blazer“ yfir blómakjóla, eða ganga í þeim yfir þröngu gallabuxunum. Þá breytast blómakjólarnir úr einhverju sem passar við breskt „high tea“ í eitthvað ívíð meira í anda The Kills. Annað sniðugt ráð er að ganga í þeim við pönkaralega háa hæla eða stígvél. En þið hafið að minnsta kosti verið varaðar við, sumar ástar, friðar og blóma er fram undan.

KANARÍFUGLSGULUR Skemmtilegur stuttur kjóll með svörtu belti.

SKÆRBLEIKT Kokkteilkjóll með dæmigerðu „eighties“ sniði.

MARC JACOBS FER AFTUR TIL NÍUNDA ÁRATUGARINS

Duran Duran klippingar, neonlitir og axlapúðar

Tískuvikunni í New York er að ljúka og óhætt er að segja að hönnuðurinn Marc Jacobs hafi vakið einna mesta athygli fyrir haustlínu sína. Hann sótti innblástur sinn stíft til níunda áratugarins og sendi fyrirsæturnar niður sýningarpallana klæddar í efnismiklar mussur og kjóla í glansandi neonlitum ásamt tilheyrandi greiðslu, förðun og axlapúðum. „Mér varð hugsað til gömlu góða daganna í New York,“ sagði Jacobs eftir sýningunna. „Þá var alltaf svo gaman að vera til og allir lögðu svo mikið í að dressa sig upp til að fara út á lífið.“ **- amb**

GIRLS ON FILM Skærblá herðaslá með svörtum bryddingum.

GYLLT Efnismikill gylltur og glansandi kjóll með púffermum.

TÍSKUVIKAN Í NEW YORK

Stjörnur settust á fremstu bekkina

Fyrstu tískuviku vorsins var að ljúka í New York-borg en í kjölfarið fylgja tískuborgirnar Mílanó, London og París. Eins og venjulega fjölmenntu leikarar, poppstjörnur og tískudrottningar á sýningarnar til þess að sýna sig og sjá aðra. Gagnrýnendur voru mishrifnir af því sem hönnuðir höfðu upp á að bjóða en það mátti greina sterk áhrif frá níunda áratugnum fyrir klæðnað næsta vetur. Það sem bar hæst í New York-tískunni voru mynstraðar leggings, snjáðir leðurjakkar, blómamynstur, svart og hvítt, hnésíð pils, skærbleikt og málmlitir. **- amb**

SÆTAR STÖLLUR Leikkonan Chloe Sevigny, söngkonan Ashley Olsen og leikkonan Milla Jovovich sitja hér saman á sýningu Miss Sixty.

HVERFANDI STJARNA OC Leikkonan Mischa Barton vekur mesta athygli þessa dagana fyrir að hafa grennst ótæpilega mikið. Hér er hún á sýningu Marc Jacobs.

ALLTAF FLOTT Leikkonan Demi Moore leikur á als oddi á sýningu Donnu Karan.

TÍSKUDROTTNING Ritstýra bandarísku Vogue, Anne Wintour, fylgist með sýningu Ralph Lauren.

BREIÐAR HERÐAR Túrkísblár mynstraður jakki við buxur í kvennabúrssniði.



MYNSTRAÐ Undir skærblárri kápu glittir í gult og blátt blómamynstur.

Opið hús

Næsta þriðjudag, 24. febrúar, verður opið hús
í Menntaskólanum Hraðbraut
frá kl. 8.30 - 16.30.

Allir sem vilja kynna sér skólann
eru velkomnir.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT
TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 517-5040 · www.hradbraut.is

> ÓTTAST ÁHÆTTUATRIÐI

Naomi Watts segist vera dauðhrædd við að framkvæma áhættuatriðin í bíómyndum sínum. Hún segir nógu slæmt að liggja á miðjum vegi og finnst það nægilega mikil áhætta, en nýlega slasaðist áhættuleikari lítillega við tökur á atriði í nýjustu mynd leikkonunnar. Naomi, sem er fertug, eignaðist son í desember og viðurkennir að erfitt sé að finna jafnvægi milli vinnunnar og móðurhlutverksins.

fólk

folk@frettabladid.is

Gullæði gripið um sig hjá Magnúsi

„Hérna er eiginlega bara allt á floti, það var allt brjálað eftir að fréttin birtist," segir gullsmiðurinn Magnús Steinþórsson hjá demantar.is í Pósthússtræti. Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að Magnús keypti gull af hinum venjulega Íslendingi á ágætis verði, eða þúsund krónur grammið. Magnús segir að hann hafi varla undan og hann grunar að fleiri gullsmiðir eigi eftir að taka þessa iðju upp. „Þetta hefur ekki tíðkast hér en þegar þeir sjá hversu vel þetta gengur hjá mér eiga þeir vafalítið eftir að feta í þessi fótspor."

Magnús nefnir sem dæmi að fyrir tveimur dögum hafi kona frá Selfossi hringt eftir að hafa einmitt lesið fréttina í Fréttablaðinu. Hún hafi verið með þrjá skartgripi sem hún var hætt að nota. Magnús bauð henni að koma til sín og sagðist vilja kíkja á gripina. Konan gerði sér lítið fyrir og gróf upp allar hálfar hálsfestar og hringa sem söfnuðu ryki í skartholunum. Þegar allt kom til alls fór hún aftur austur fyrir fjall með hundrað þúsund krónur fyrir gullið. „Hún mætti með syni sínum og hundi, strákurinn var alveg gáttaður á því að hægt væri að koma þessu öllu í verð," segir Magnús og bætir því við að fólk sé alveg ótrúlega þakklátt fyrir þessa þjónustu. „Sérstaklega að það sé einhver sem hafi öll tæki og tól og þekkingu og er þar að auki alveg stálheiðarlegur maður."

- fgg

UPPGRIP Í GULLI Sannkallað gullæði hefur ríkt í verslun Magnúsar í Pósthússtræti en þangað fara venjulegir Íslendingar með rykfallna skartgripi sem þeir eru hættir að nota.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónleikaplata með Björk á leiðinni

Voltaic nefnist væntanleg plata Bjarkar. Á plötunni verða upptökur frá síðustu tónleikaferð, nánar tiltekið frá tónleikum í París og Reykjavík. Einnig var tónleikaprógrammið tekið upp í hljóðveri í London.

Hægt verður að fá Voltaic í nokkrum útgáfum, sú viðamesta verður fjögurra diska pakki (geisladiskur með tónleikum í hljóðveri í London, annar með „the Volta mixes", dvd-diskur með tónleikum í París og Reykjavík og svo annar með Volta myndböndunum og myndbandakeppninni).

Útgáfudagur er óstaðfestur, en líklega kemur platan út í mars.

VOLTAIC Björk gefur út tónleikaplötu.

Bóhemstemning á Laugavegi

„Við viljum láta fólki líða eins það sé inni á stað í Prag í kringum 1900 þegar Kafka var á lífi," segir Nuno da Palma, rekstrarstjóri nýja veitinga- og skemmtistaðarins Kafka á Laugavegi 22. Staðurinn opnaði um síðustu helgi og heitir eftir rithöfundinum og bóhemnum Franz Kafka sem var uppi 1883-1924. „Agnieska Baranowska sér um að innrétta staðinn og við höfum fengið mjög góð viðbrögð við stemningunni sem þar ríkir. Frá og með mánudeginum munum við selja veitingar og verðum þá með tvo til þrjá rétti og súpu. Við ætlum að hafa minna úrval til að halda verðinu í lágmarki í kreppunni," segir Nuno. Aðspurður segir hann engin tengsl vera milli Kafka og skemmtistaðarins 22. „Í húsinu eru tveir aðskildir staðir. Klapparstígsmegin er gengið upp á efri hæð hússins þar sem 22 er til húsa, en það er gengið inn á Kafka af Laugavegi og það er ekki innangengt á milli staðanna," útskýrir Nuno. Spurður hvort haldnir verði tónleikar á staðnum segir hann fjölbreytta dagskrá vera fram undan. „Við verðum ekki með einsleita tónlistarstefnu heldur allt frá teknó til reggítónlistar. Á föstudagskvöldið spiluðu til dæmis Maggi Legó og Sudden Weather Change, en í kvöld spilar Jeff Who?," bætir hann við. „Hugmyndin er í raun að Kafka verði aldrei fullkomlega tilbúinn heldur haldi stöðugt áfram að þróast og breytast."

- ag

GAMALDAGS STEMNING Á Kafka er hægt að fá sér kaffibolla eða máltíð á meðan gluggað er í þýsk, frönsk eða ensk tímarit og sletta úr klaufunum um helgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslendingar hafa treyst AEG í meira en hálfa öld!

AEG heimilistækin uppfylla kröfur okkar um *endingu, gæði* og *klassíska hönnun*.

EÐAL ÞVOTTAVÉLAR & ÞURRKARAR

AEG LAVAMAT
52840
ÞVOTTAVÉL
Taumagn: 6 kg · 1200 snúningar
Þvottahæfni: A · Orkuflokkur: A+
Íslenskt stjórnborð
Notendahandbók á íslensku
Verð: 125.900 kr

AEG LAVAMAT
76850
ÞVOTTAVÉL
Taumagn: 7 kg · 1600 snúningar
Þvottahæfni: A · Orkuflokkur: A+
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslenskt stjórnborð
Notendahandbók á íslensku
Verð: 157.900 kr.

AEG LAVATHERM
58840
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg · Mjög hljóðlátur
Íslenskt stjórnborð
Notendahandbók á íslensku
Verð: 129.900 kr.

AEG LAVATHERM
T56740
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg · Mjög hljóðlátur
Íslenskt stjórnborð
Notendahandbók á íslensku
Verð: 119.900 kr.

Mikið úrval af AEG gashelluborðum
40% AFSLÁTTUR
meðan birgðir endast!

„Algjör HIMNASENDING!"

AEG FAVORIT
60871U-M
UPPÞVOTTAVÉL - STÁL
· Rúmar 12 manna stell
· 6 þvottakerfi · Orkunýtni: A
· Þvottahæfni: A · Þurrkhæfni: A
· 6 falt vatnsöryggiskerfi
· Mjög hljóðlát (aðeins 41db)
Íslenskt stjórnborð
Notendahandbók á íslensku
Verð: 162.900 kr.

Frábær stál skápur á TILBOÐSVERÐI!

AEG SANTO
70308-KG
KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR
Kælir: 221 L · Frystir: 82 L
Hæð: 185cm · Breidd: 60cm
· Dýpt: 62,5cm

Tilboðsverð kr.139.900.-
(Verðlistaverð 182.900.-)

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
SMÁRALIND · SÍMI 530 2900
UMBOÐSMENN OG VERSLANIR UM LAND ALLT

KVIKA

Dion elt á röndum

Celine Dion hefur verið elt á röndum upp á síðkastið af 41 árs gömlum karlmanni. Maðurinn er talinn hafa elt söngkonuna um nokkurt skeið, en síðasta föstudagskvöld hringdi hann bjöllunni á villu Celine og heimtaði að fá að tala við hana og eiginmann hennar Rene Angelil. Þegar hann neitaði að fara hringdu öryggisverðir á lögregluna. Maðurinn reyndi þá að flýja á hlaupum en var handtekinn þegar hann sneri aftur að húsi söngkonunnar stuttu síðar.

Eltihrellirinn var látinn gangast undir geðrannsókn og þurfti að svara til saka fyrir rétti, en Celine Dion hefur ekki tjáð sig um málið enn.

OF VINSÆL? Celine Dion er ein þeirra stórstjarna sem hafa orðið fyrir barðinu á eltihrelli, en 41 árs karlmaður hefur elt hana á röndum um nokkurt skeið.

Öflugri hamfarir en á Íslandi

Rætt verður um svarthol og sprengistjörnur í fyrirlestri Páls Jakobssonar stjarneðlisfræðings í Öskju í dag. Tilefnið er alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar sem nú er haldið hátíðlegt. Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, segir að tími sé til kominn fyrir almenning að hvíla sig á krepputalinu og horfa í átt til stjarnanna. „Það held ég og það er ekki verra að skella sér á fyrirlestur og fá að heyra um aðeins öflugri hamfarir en við erum að ganga í gegnum hérna," segir hann. „Það eru til hugmyndir um að svona sprengistjörnur valdi útdauða á jörðinni ef þær springa í innan við þúsund ára fjarlægð frá okkur."

Páll verður fyrsti fyrirlesarinn af fimm á þessu vormisseri. Á meðal annarra fyrirlesara verður stjörnulíffræðingurinn David Des Marais frá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, Nasa, sem kemur hingað 8. apríl. „Hann er einn fremsti sérfræðingur í heiminum á sínu sviði. Hann mun sennilega tala um Marsjeppana. Það er alltaf gaman að heyra frá mönnum sem eru í miðri hringiðunni," segir Sævar Helgi.

SKOÐA STJÖRNURNAR Sævar Helgi Bragason (til hægri) skoðar stjörnurnar ásamt félaga sínum, Sverri Guðmundssyni.

Á heimasíðunni www.2009.is eru fleiri upplýsingar um alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar, sem er haldið í tilefni þess að 400 ár eru liðin síðan Galíleó Galílei notaði sjónauka í fyrsta sinn til að rannsaka himingeiminn.

- fb

HEATH LEDGER Ledger fór á kostum í hlutverki Jókersins í The Dark Knight.

Matilda fær Óskarinn

Fari svo að hinn sálugi Heath Ledger hljóti Óskarinn aðfaranótt mánudags sem besti leikarinn í aukahlutverki, eins og margir búast við, mun þriggja ára dóttir hans Matilda eignast styttuna. Það verður þó ekki fyrr en árið 2023, eða þegar hún verður átján ára. Þangað til verður styttan í vörslu móður hennar, Michelle Williams.

Ekki hefur verið upplýst hver mun taka við Óskarnum ef Ledger vinnur. Annaðhvort verður það einhver úr fjölskyldu hans eða náinn samstarfsmaður hans í kvikmyndabransanum.

BEN STILLER Stiller verður í aðalhlutverki í þriðju Fockers-myndinni, Little Fockers.

Litlir Fockers á leiðinni

Þriðja gamanmyndin í Fockers-seríunni, Little Fockers, er í undirbúningi í Hollywood. Hún mun fjalla um börn Gregs Focker og eiginkonu hans Pam.

Ben Stiller, Robert De Niro og Owen Wilson eru allir í samningaviðræðum um að leika í myndinni og talið er að Wilson muni í þetta sinn leika stærra hlutverk en hingað til.

Jay Roach, sem hefur leikstýrt báðum Fockers-myndunum, verður ekki við stjórnvölinn í þetta sinn. Þrír leikstjórar koma til greina í starfið, þar á meðal Peyton Reed sem leikstýrði Yes Man.

Plötusnúður vill íslenskan fisk

Þjóðverjinn Stephan Bodzin, sem er einn þekktasti techno-plötusnúður heims, ætlar að gera allt vitlaust á Nasa í kvöld. Bodzin spilaði síðast hér á landi árið 2007 í einkapartíi CCP-tölvuleikjaframleiðandans á Nasa og tók hann vel í að kom hingað aftur og spila.

Í síðustu heimsókn sinni snæddi Bodzin á Fiskmarkaðinum og hefur hann óskað eftir því að borða þar á nýjan leik ásamt konu sinni sem verður með honum í för. Bodzin er sérlega hrifinn af íslenskum fiski og ætlar greinilega að njóta hans út í ystu æsar í heimsókn sinni. „Það er búið að panta borð fyrir hann og konuna," staðfestir Helgi Már Bjarnason hjá Party Zone sem skipuleggur tónleikana. Hann lofar hörkutónleikum á Nasa. „Það má gera ráð fyrir að það fjölmenni margir frá CCP til að endurupplifa dæmið. Hann er þekktur fyrir að vera með öfluga sviðsframkomu og er með mikið af græjum

STEPHAN BODZIN Þýski plötusnúðurinn, sem spilar á Nasa í kvöld, er sérlega hrifinn af íslenskum fiski.

með sér," segir hann. Meðal annars verða þrjú risastór breiðtjöld sett upp fyrir tónleikana þar sem Bodzin sýnir myndband sitt.

Karíus & Baktus, Hjalti Casanova, Biggi Veira (GusGus) og Oculus munu sjá um að hita dansþyrsta Íslendinga upp áður en Bodzin stígur á svið. -fb

Rodriguez leikstýrir Nerverackers

Næsta mynd leikstjórans Roberts Rodriguez verður framtíðartryllirinn Nerverackers, sem verður frumsýndur á næsta ári. Nerverackers gerist árið 2085 og fjallar um Joe Tezca sem er meðlimur sérsveitar sem reynir að stöðva glæpamenn í „fullkomnu" framtíðarsamfélagi.

Rodriguez er þekktastur fyrir Sin City, Spy Kids, From Dusk Till Dawn og Desperado. Síðasta mynd hans var Planet Terror, annar hlutinn af Grindehouse-verkinu. Hann undirbýr einnig Sin City 2 og 3 sem margir bíða spenntir eftir.

ROBERT RODRIGUEZ Framtíðartryllirinn Nerverackers er næstur á dagskrá hjá þessum vinsæla leikstjóra.

Þrennt íslenskt á By:Larm

Nú um helgina verða Hjaltalín, Retro Stefson og Ólafur Arnalds fulltrúar Íslands á By:Larm tónlistarhátíðinni í Ósló. Þarna koma fram um tvö hundruð listamenn og hljómsveitir frá öllum Norðurlöndunum. Sum nöfnin eru meira að segja orðin nokkuð þekkt alþjóðlega, til dæmis norsku poppstelpurnar Annie og Hanne Hukkelberg og The Whitest Boy Alive sem er aukaband Erlendar Øya úr Kings of Convenience. Hátíðin skiptist í tónleika og ráðstefnu. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni er gítarleikari Bruce Springsteen, Steve Van Zandt, sem einnig er þekktur sem útvarpsmaðurinn Little Steven.

ÓSLÓ UM HELGINA Högna í Hjaltalín spilar á tvennum tónleikum á By:Larm.

LÍKLEGUR TIL AFREKA Mickey Rourke þykir nánast öruggur um verðlaun fyrir frammistöðu sína í The Wrestler. Hinn látni Heath Ledger ætti að hljóta Óskarinn fyrir Jókerinn.

Óskarinn á þýsku fyrir Íslendinga

Óskarsverðlaunin verða afhent aðfaranótt mánudags. Stöð 2 verður ekki með beina útsendingu. Íslendingar geta fylgst með á þýsku stöðinni Pro Sieben.

„Í þessu árferði er útilokað að halda úti margmilljóna útsendingu um miðja nótt, það ætti að vera flestum ljóst," segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Hann viðurkennir að honum þyki þetta leitt enda eigi hátíðin sér dygga aðdáendur hér á landi. Þeir geta þó huggað sig við beina útsendingu afþreyingarstöðvarinnar E! frá rauða dreglinum en hún sýnir ekki beint frá verðlaunaafhendingunni sjálfri.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mun þýska stöðin Pro Sieben sýna beint frá hátíðinni um nóttina en þá verða áhorfendur væntanlega að sætta sig við þýskt tal alla nóttina. Þeir sem eru þýskumælandi Óskarsaðdáendur setja það væntanlega ekki fyrir sig en áskrifendur Skjásheims geta nálgast Pro Sieben á sinni fjarstýringu. Aðrir verða bara að bíta í það súra epli að nýta netið eða fylgjast grannt með fréttastöðvum CNN og Sky.

HELSTU TILNEFNINGAR

Besta myndin:
Slumdog Millionaire
The Curios Case of Benjamin Button
Milk
The Reader
Frost/Nixon

Besti leikstjóri:
Danny Boyle - Slumdog Millionaire
Stephen Daldry-The Reader
David Fincher - The Curios Case of Benjamin Button
Ron Howard - Frost/Nixon
Gus Van Sant - Milk

Besti leikari:
Richard Jenkins-The Visitor
Frank Langella - Frost/Nixon
Sean Penn - Milk
Brad Pitt - The Curious Case of Benjamin Button
Mickey Rourke - The Wrestler

Besta leikkona:
Anne Hathaway- Rachel Getting Married
Angelina Jolie - Changeling
Melissa Leo - Frozen River
Meryl Streep - Doubt
Kate Winslet - The Reader

Með tveimur kórum

„Ég hlakka meiriháttar til," segir Herbert Guðmundsson, sem kemur fram með sonum sínum tveimur á kvöldvöku í Fella- og Hólakirkju á sunnudagskvöld klukkan 20. Tveir kórar verða þeim til halds og trausts, eða kórar Fella- og Hólakirkju og Grafarvogskirkju. Kórstjóri fyrrnefnda kórsins verður Hilmar Agnarsson, fyrrverandi meðlimur í hljómsveitinni Þeyr.

„Þetta er önnur nálgun. Lögin fá öðruvísi fíling," segir Herbert en spiluð verða fimm lög af nýjustu plötu hans, Spegill sálarinnar. „Við hvetjum alla til að mæta. Það er frítt inn og síðan verður boðið upp á kaffi og kökur á eftir," segir hann.

Herbert hefur verið duglegur að syngja í kirkjum að undanförnu og ætti því að kunna vel við sig í Fella- og Hólakirkju. Meðal annars söng hann í poppmessu í Hafnarfirði og á fjáröflunartónleikum fyrir börn í Keníu í Njarðvíkurkirkju. - fb

FEÐGAR Herbert ásamt Svani og Guðmundi. Þeir spila í Fella- og Hólakirkju á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁRANGUR
ÞREKTÍMAR FYRIR KARLMENN

HEFST 23. FEBRÚAR

ÁRANGUR/KARLAR 6-VIKNA ÁTAKSHÓPUR

6-vikna átakshópur fyrir karla sem vilja komast í toppform.
- Fjölbreyttar æfingar fyrir karla á öllum aldri – einfaldar áhrifaríkar æfingar sem skila topp árangri.
- Vertu með í hressum hópi karla sem vilja komast í flott form og hafa gaman af
- Byggðu upp vöðvamassa og breyttu líkama þínum í „brennsluvél"
- Losnaðu við ístruna fyrir fullt og allt
- Styrktu hjarta og æðakerfið og auktu þol og þrek
- Auktu styrk, liðleika og almenna vellíðan

Innifalið:
- Lokaðir tímar 2x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Mælingar og vigtun

Verð 19.900 kr.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa
Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Konudagur í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

Ef þú kaupir einhverjar tvær vörur af þessum í Skífunni þá færðu ókeypis bíómiða á gamanmyndina Bride Wars í tilefni af konudeginum

VIÐ HÖFUM KONUDAGSGJÖFINA FYRIR ÞIG

Samdi villtan útvarpssöngleik

„Útvarpsleikrit er allt annað hugtak þarna úti," segir Símon Birgisson, sem leggur stund á fræði og framkvæmd við Listaháskóla Íslands. Síðastliðna fjóra mánuði hefur hann verið í skiptinámi í Þýskalandi þar sem hann samdi meðal annars útvarpsleikrit sem var frumflutt í Berlín í gær.

„Ég samdi leikritið með stelpu sem heitir Ana Berkenhoff þegar ég var í áfanga þar sem við vorum að vinna með útvarp og hljóð sem miðil. Samstarfið byrjaði á því að við vorum að semja tónlist í stúdíói og spila, en svo vatt það upp á sig og varð að söngleik í útvarpi sem kallast Im Himmel immer, eða alltaf á himnum. Í gær var hann svo fluttur í Hau-leikhúsinu á leiklistarhátíð sem heitir 100 gráður Berlín og er svona hátíð fjálsu senunnar," útskýrir Símon sem hefur sjálfur stigið á svið í leikhúsinu í verkinu Breaking News með leikhópnum Rimini Protokoll. „Útvarpssöngleikurinn var fluttur klukkan ellefu í gærkvöldi fyrir fullum sal, en því miður gat ég ekki sjálfur verið viðstaddur þar sem ég á að skila BA-ritgerð á mánudaginn," bætir hann við.

KLÁRAR BA-RITGERÐ Símon Örn Birgisson leggur nú lokahönd á BA-ritgerð sína í fræði og framkvæmd og gat því ekki verið viðstaddur frumflutning á eigin útvarpssöngleik í Berlín í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðspurður segist hann vera að ná tökum á þýskunni og hefur sótt um mastersnám í Þýskalandi, en hann útskrifast úr Listaháskólanum í vor. „Það stendur til að ég geri útvarpsverk í lokaverkefninu mínu. Á Íslandi eru útvarpsleikrit í mjög föstu formi, en úti er frelsi til að gera allt frá söngleik eða fyrirlestri yfir í hljóð án texta eða handrits. Ég ætla að halda svona hljóðleikritakynningu hérna heima og kynna útvarpssöngleikinn ásamt öðru útvarpsverki sem ég samdi um fjármálakrísuna og „Guð blessi Ísland"-ræðu Geirs Haarde. Útvarpssöngleikurinn er að vísu á þýsku, en hann er það villtur að ég held að það eigi ekki eftir að trufla neinn og það verður gaman að kynna möguleikana sem eru í þessum miðli fyrir Íslendingum." - ag

Stórskotalið minnist Rúnars

Dagskrá minningartónleikanna um Rúnar Júlíusson er nú óðum að skýrast. Óhætt er að fullyrða að annað eins stórskotalið íslenskra poppara hafi sjaldan áður komið saman á einum stað.

MINNST Í HÖLLINNI Landslið poppara flytur lögin hans Rúnars Júl á stórtónleikum 2. maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Við treystum Magnúsi Kjartanssyni og Gunnari Þórðarsyni fyrir að koma með gott Trúbrots-atriði. Þeir ráða nú ráðum sínum," segir Baldur, sem ásamt Júlíusi bróður sínum hefur skipulagt tónleikana til minningar um pabba sinn. „Gunnar liggur undir feldi og hefur verið að semja nýtt tónverk. Það hefur ekki náðst í hann dögum saman."

Baldur segir líklegast að Krummi verði staðgengill Rúnars í Trúbrotshluta tónleikanna. Hljóma-meðlimirnir Gunnar, Engilbert og Erlingur koma fram með húsbandinu sem Þórir Baldursson stjórnar. Eiríkur Hauksson mun syngja GCD-syrpu en Bubbi verður vant við látinn á sama tíma á eigin tónleikatúr úti á landi. Hljómsveitin Buff sér um Lónlí blú bojs lögin, Helgi Björns syngur lagið sem Rúnar gerði með Unun og Hjaltalín og Sálin hans Jóns míns taka Rúnars-lög. Fjölmargir fleiri koma fram.

„Svo höfðu Stuðmenn samband og verða með sérsamið Rúnars-tribute, skilst mér," segir Baldur. „Við erum að tala um orginal Stuðmennina. Í lokin verður smá „sound of music-stemning" og aldrei að vita nema pabbi taki undir í eins og einu viðlagi með hjálp tækninnar. Við erum samt ekki að tala um eitthvað heilmyndardæmi eins og Kanarnir hafa verið að gera."

Tónleikarnir fara fram í Laugardalshöll 2. maí og hefst miðasala fimmtudaginn 5. mars hjá Miði.is og á sölustöðum Miða.

drgunni@frettabladid.is



Listamaður mánaðarins

Listamaður febrúar mánaðar er

Megas

Megas er án efa einn allra merkasti tónlistarmaður þjóðarinnar. Útgáfuferill hans spannar nú 37 ár en fyrsta platan hans kom út árið 1972. Hann er dáður laga- og textasmiður og hefur átt farsælt samstarf með mörgum af helstu tónlistarmönnum landsins, ungum sem öldnum. Árið 2002 stóð Sena fyrir mikilli og vandaðri endurútgáfu á öllum verkum Megasar frá 1972 til 1988 auk veglegrar ferilsplötu. Árið 2006 bættust við plötur kappans frá árunum 1990 til 1994. Í kjölfar þessarar miklu endurútgáfu blés Megas á ný til sóknar með samstarfi sínu við Senuþjófana og útgáfu Frágangs, Hold er mold og Á morgun en saman fengu þær tvær fyrstnefndu Íslensku tónlistarverðlaunin sem hljómplötur ársins 2007.

Eftirtaldar plötur eru því á **tilboði** í næstu plötubúð út febrúar mánuð!

MEGAS

MILLILENDING

FRAM OG AFTUR BLINDGÖTUNA

Á BLEIKUM NÁTTKJÓLUM

NÚ ER ÉG KLÆDDUR OG KOMIN Á RÓL

Í GÓÐRI TRÚ

LOFTMYND

HÖFUÐLAUSNIR

ENGLARYK Í TÍMAGLASI

HÆTTULEG HLJÓMSVEIT OG GLÆPAKVENDIÐ STELLA

ÞRÍR BLÓÐDROPAR

DRÖG AÐ UPPRISU

FAR ... ÞINN VEG

HAUGBROT



1972 - 2002

GREINILEGUR PÚLS

FRÁGANGUR

HOLD ER MOLD

Á MORGUN

okkar heimur // *þín* skemmtun

sena

> Hefnir Keflavík líka bikartapsins?

Bikaúrslitaliðin í kvennaflokki, meistarar KR og silfurlið Keflavíkur, mætast í Iceland Express-deild kvenna í Keflavík dag. KR-konur hafa tapað níu leikjum í röð í Keflavík og hafa ekki unnið þar síðan 31. janúar 2005. Keflavíkurkonur hafa líka unnið sjö heimaleiki í röð í deild og bikar. Silfurlið KR náði að hefna bikartapsins á móti Stjörnunni með 29 stiga sigri á fimmtudagskvöldið og nú er að sjá hvort Keflavíkurkonur nái að leika sama leik í dag en leikurinn hefst klukkan 16.00 í Toyota-höllinni í Keflavík.

sport
sport@frettabladid.is

HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR MEIDD Á FÆTI: MISSIR AF ÖLLUM ÞREMUR STÓRU INNANHÚSSMÓTUNUM Í ÁR

Ég kem alveg brjáluð inn í utanhústímabilið

Ein besta frjálsíþróttakona landsins, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, verður fjarri góðu gamni á Bikarkeppni FRÍ um helgina alveg eins og hún hefur verið á MÍ í frjálsum og MÍ fjölþraut undanfarnar tvær helgar.

„Ég var í mjög góðu formi þannig að þetta var virkilega svekkjandi. Upphaflega hélt ég að það væri rifinn einhver hluti af sininni í ilboganum en við höldum núna að þetta sé rifinn távöðvi. Ég fann fyrir þessu á MÍ 15 til 22 ára en svo var ég að taka spretti á þriðjudeginum á eftir mótið þá fann ég eitthvað smella," segir Helga Margrét sem var aðeins búin að keppa á tveimur innanhúsmótum þegar hún meiddi sig. „Ég er búin að vera ótrúlega heppin hingað til og það hafa margir sagt við mig að þetta fylgi bara og að ég sé að taka út ákveðin meiðsli núna," segir Helga en hún gæti verið frá í meira en sex vikur. „Það voru tvær vikur frá þessu á þriðjudaginn og ég er ekki enn farin að skokka neitt. Þetta tekur tíma og getur tekið allt að sex vikum. Ég þarf ekki að fara í neina aðgerð og þetta jafnar sig," segir Helga en hún er að hlaupa í sundi, lyfta og labba í gegnum tæknigreinarnar þessa dagana og fer í kringum meiðslin í æfingunum. „Ég ætla fyrst að byrja á því að jafna mig á þessu. Ég er að æfa á fullu og er að gera allt nema það sem ég finn til við. Í sumar er EM 19 ára og yngri en svo eru líka Smáþjóðaleikar, Norðurlandamótið í fjölþraut og Evrópubikarkeppni landsliða," segir Helga sem segir Evrópumótið 19 ára yngri vera aðalmótið fyrir sig. „Þessi meiðsli gætu haft áhrif en ég reyni samt ekki að velta mér upp úr því þar sem að það er það langt í þetta ennþá. Auðvitað mun þetta hafa einhver áhrif en ég ætla bara að láta þetta ekki hafa nein áhrif," segir Helga en það er samt erfitt að missa af hverju mótinu á fætur öðru. „Auðvitað hugsar maður að ég sé búinn að leggja allan þennan tíma í æfinga og svo get ég ekki keppt í vetur. Þetta innanhústímabil skiptir ekki neinu máli með hvað ég ætla að gera í framtíðinni. Þetta verður ekkert mál og ég kem alveg brjáluð inn í utanhústímabilið."

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express karla

Keflavík-Grindavík	**82-85 (46-50)**

Stig Keflavíkur: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 22, Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Gunnar Einarsson 17, Sverrir Þór Sverrisson 15, Jón Norðdal Hafsteinsson 7, Axel Þór Margeirsson 1.
Stig Grindavíkur: Brenton Joe Birmingham 18, Páll Axel Vilbergsson 15, Nick Bradford 14, Þorleifur Ólafsson 13 (11 frák.), Arnar Freyr Jónsson 12, Páll Kristinsson 10, Guðlaugur Eyjólfsson 3

ÍR-Snæfell	**76-82 (39-42)**

Stigahæstir: Hreggviður Magnússon 22, Sveinbjörn Claessen 17, Eiríkur Önundarson 15 - Sigurður Þorvaldsson 20, Lucious Wagner 19, Hlynur Bæringsson 14 (13 frák.).

Breiðablik-FSu	**77-96**

N1 deild kvenna

Haukar-Fylkir	**42-26**

Markahæstar: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 17, Erna Þráinsdóttir 5- Sunna Jónsdóttir skoraði , Sunna María Einarsdóttir 6, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 5.

Bikarkeppni FRÍ innanhúss:

Verja ÍR-ingar bikarinn í dag?

FRJÁLSAR Það verður örugglega jöfn og spennandi keppni í 3. bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins innanhúss sem fram fer í Laugardalshöllinni í dag. Keppt verður í tólf greinum karla og kvenna og hefst keppnin kl. 13.00.

ÍR-ingar eru núverandi bikar-meistarar en hlutu einu stigi meira en FH í fyrra. FH, sem hefur verið mjög sigursælt í bikarkeppninni utanhúss, á enn eftir að vinna innanhússbikarinn því Breiðablik sigraði árið 2007. **- óój**

Langþráður en ljótur sigur

Grindavík er ennþá með í baráttunni um deildarmeistaratitilinn eftir þriggja stiga sigur í Keflavík í gær þann fyrsta þar síðan árið 2002. Nick Bradford fann sig aldrei á gamla heimavellinum sínum.

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar unnu sinn fyrsta sigur í Keflavík í sjö ár þegar þeir lögðu heimamenn 85-82 í Toyota-höllinni í Iceland Express deild karla í gærkvöldi. Sigurinn stóð tæpt í lokin en eftir hann er Grindavík aðeins tveimur stigum á eftir KR í baráttunni um deildarmeistaratitilinn.

„Þetta var verulega ljótur sigur. Þetta var basl allan leikinn, þeir komu alltaf til baka og við náðum aldrei að komast almennilega upp á tærnar í leiknum.Það eina sem ég tek jákvætt út úr þessum leik er að vinna hérna í Keflavík því Grindavík hefur ekki unnið hér í sjö ár," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur. Grindavíkurliðið hafði fyrir leikinn tapað ellefu leikjum í röð í Toyota-höllinni í Keflavík eða öllum leikjum síðan að liðið vann 97-92 í deildinni 15. nóvember 2002. Keflvíkingar voru hins vegar að tapa sínum þriðja leik í röð á heimavelli sem gerist ekki oft.

Grindvíkingar byrjuðu betur, rööðuðu niður þriggja stiga körfum og skoruðu mikið úr opnum skotum úr hraðaupphlaupum. Grindavík var mest komið tólf stigum yfir um miðjan annan leikhluta en Keflavíkurliðið kom sér aftur inn í leikinn með því að setja niður 8 stig í röð á 45 sekúndum þar af voru tveir þristar frá Herði Axel Vilhjálmssyni. Munurinn var þá fjögur stig og hélt þannig fram að hálfleik.

Grindvíkingar náðu aftur tökunum í seinni hálfleik en Keflvíkingar héldu sér alltaf inni í leiknum á góðri baráttu og svæðisvörn sem fór eitthvað illa í gestina úr Grindavík.

„Mestu vonbrigðin voru að við vorum búnir að búa okkur vel undir svæðisvörn en við höktum á móti henni. Grindavík á ekki að hökta á móti svæði. Við munum eyða næstu dögum í að laga sóknina á móti svæðisvörn því það á ekkert lið að geta spilað svæðisvörn á móti okkur," sagði Friðrik þjálfari Grindavíkur.

Arnar Freyr Jónsson átti góða innkomu í lokin en var síðan næstum því búinn að færa Keflvíkingum tækifæri á að jafna leikinn með því að klikka á þremur vítum í blálokin. Keflvíkingar nýttu hins vegar ekki tvær sóknir í kjölfarið og gestirnir sluppu með sigur.

„Við erum að spila við annað af tveimur bestum liðunum í deildinni og hefðum alveg getað tekið þetta. Það gekk ekki í kvöld en ég er samt bjartsýnn á framhaldið því við erum að gera flotta hluti og þetta er allt upp á við hjá okkur," sagði Keflvíkingurinn Sverrir Þór Sverrisson.

Ég var stressaður

Margra augu voru á Nick Bradford sem sneri aftur á sínar gömlu heimaslóðir. Hann fann sig hins vegar aldrei í leiknum en fagnaði samt enn á ný sigri í íþróttahúsinu í Keflavík. „Þetta var góður sigur en ég spilaði sjálfur ekki vel. Ég er mjög vonsvikinn með mína frammistöðu í kvöld. Ég held jafnvel að ég hafi verið svolítið stressaður fyrir þennan leik og ég er það aldrei," sagði Nick eftir leikinn en honum voru eitthvað mislagðar hendur á móti sínum gömlu félögum og var meðal annars með 12 tapaða bolta.

ooj@frettabladid.is

SIGUR Á GÖMLU FÉLÖGUNUM Arnar Freyr Jónsson var góður á upphafsmínútunum í sigri Grindavíkur á hans gömlu félögum úr Keflavík en lenti í villuvandræðum í upphafi seinni hálfleiks. Hann var með 12 stig og 7 stoðsendingar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikil stemning á öðru móti Meistaradeildar VÍS:

Sigurður varði fjórgangstitilinn

HESTAR Sigurður Sigurðarson vann annað árið í röð fjórgangskeppnina í Meistaradeild VÍS en annað mótið í mótaröðinni fór fram í Ölfushöll á fimmtudag. Fullt var út úr dyrum og þúsundir fylgdust með á Netinu.

Sigurður sigraði á Suðra frá Holtsmúla en annar var Jakob Sigurðsson á Auð frá Lundum. Hinrik Bragason á Náttfara frá Þorlákasstöðum varð þriðji.

Eyjólfur Þorsteinsson leiðir einstaklingskeppnina með 17 stig en Sigurður er annar með 12 stig. Næsta mót fer fram 5. mars og þá verður keppt í slaktaumtölti. **- hbg**

FJÓRGANGSMEISTARI Sigurður Sigurðarson sést hér á efsta þrepi ásamt þeim Jakobi Sigurðarsyni og Hinriki Bragasyni MYND/JENS EINARSSON

Hef flutt læknastofu mína í
Læknastöðina Glæsibæ

Sími 5356800

Sigurður Júlíusson
háls-, nef- og eyrnalæknir



Áhugaverðir leikir í ensku úrvalsdeildinni um helgina:

Hiddink byrjar í sex stiga leik gegn Villa

FÓTBOLTI Hollenski þjálfarinn Guus Hiddink þreytir frumraun sína með Chelsea um helgina. Hann byrjar á risavöxnu verkefni enda er Chelsea að fara í sex stiga leik gegn Aston Villa á Villa Park.

„Við erum tíu stigum á eftir Man. Utd og auðvitað verður þetta erfitt en við verðum að láta reyna á þetta. Við erum réttri leið í bikarnum og Meistaradeildinni en að ná þessum titli er verðu áskorun," sagði Hiddink sem ætlar aðeins að stýra Chelsea út þessa leiktíð. „Ég er samt ekki kominn hingað bara til þess að drepa tímann."

Topplið Man. Utd tekur á móti Blackburn og Edwin van der Sar getur haldið hreinu fimmtánda leikinn í röð. Edwin van der Sar hefur ekki fengið á sig mark í 1.302 mínútur í ensku úrvalsdeildinni. Ef Hollendingurinn heldur hreinu í 89 mínútur í dag mun hann slá Evrópumet Danny Verlinden sem spilaði með Club Brugge. Það met hefur staðið síðan 1990.

GUUS HIDDINK Hollendingurinn þarf sárlega á þremur stigum að halda gegn Aston Villa í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Á sunnudag er síðan athyglisverður slagur á Anfield þegar Liverpool tekur á móti Man. City. Steven Gerrard verður ekki með í leiknum en vonir stóðu til að hann gæti tekið þátt. Liverpool verður einnig án Xabi Alonso sem er í banni. **- hbg**

LÍNAN

Budong svefnsófi - Dýnustærð 120x200
Verð áður kr. 105.800 **Nú kr. 68.700**

Bono borðstofuborð - 166x100 + 2 x 50 cm stækkanir
Verð áður kr. 145.800 **Nú kr. 116.600**

ÚTSALA 20 - 60 % AF ÖLLUM VÖRUM

Wilson skenkur - bæsuð eik
Verð áður kr. 124.900 **Nú kr. 99.900**

Ice TV skenkur - Háglans 100x45
Verð áður kr. 56.900 **Nú kr. 45.500**

Wall TV skenkur - bæskuð eik 180x40
Verð áður kr. 56.900 **Nú kr. 45.500**
Litir: Koksgrátt - Hvítt

Verð áður kr. 145.800
Nú kr. 99.800
Litir: Hvitt - Svart

Bermeo svefnsófi - 190 x 95 l Springdýna 140x190
Verð áður kr. 199.700 **Nú kr. 159.700**
Litir: Blátt - Sand
**** Örfá eintök eftir***

3ja sæta leðursófi - áður kr. 272.800 **Nú kr. 163.600**
2ja sæta leðursófi - áður kr. 259.900 **Nú kr. 155.900**
Litir: Dökk brúnt - Hvítt

3ja sæta leðursófi - áður kr. 272.800 **Nú kr. 177.320**
2ja sæta leðursófi - áður kr. 259.900 **Nú kr. 168.870**
Leðurstóll - áður kr. 210.800 **Nú kr. 137.000**

Línan I Bæjarlind 6 I 201 Kópavogur I Sími 553 7100 I www.linan.is I Opið mán - fös 10 til 18 I Laugardaga 11 til 16

> Hugh Jackman

„Ég leik einn færasta töframann síns tíma. Sagan er mjög frumleg og umhugsunarverð. Handritið er hreint töfrabragð," segir Jackman sem fer með hlutverk töframannsins Robert Angier í kvikmyndinni The Prestige sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI FYLGDIST MEÐ AFHENDINGU ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA

Upp með hnífana þið sem hafið góðan smekk!

Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í sjónvarpssal í vikunni. Hátíðin hefur skroppið mjög saman, var áður í Þjóðleik- og Borgarleikhúsi, og gat verið vandræðaleg þegar tóm sætin blöstu við sjónvarpsáhorfendum. Úrslitin komu ekki mikið á óvart frekar en fyrri daginn. Sama sjö manna dómnefndin ákvað hverjir úr eigin tilnefningum ættu að vinna. Þetta fólk ber enn mikla virðingu fyrir Sigur Rós og því tók sveitin tvenn verðlaun með sér heim. Emilíana Torrini þótti syngja best, enn eitt árið, og svo framvegis. Verðlaunaáskrifendurnir Björk og Megas voru ekki tilnefnd svo einhverjir aðrir fengu þeirra verðlaun.

Þorgerður Ingólfsdóttir, dóttir heiðursverðlaunahafans Ingólfs Guðbrandssonar, talaði um síbylju og Arnar Eggert fékk hland fyrir hjartað í Mogganum í gær. Snerist poppinu til varnar. Samt held ég að Þorgerður hafi ekki verið að tala um hina gamaldags skiptingu á „æðri" og „óæðri" listum, heldur þá óæskilegu (að hennar mati) þróun að í nútímanum sé sífelldur hávaði. Hún lýsti fyrstu kynnum pabba síns af tónlist, eitthvað sem væri óhugsandi í dag, nema foreldrarnir flyttu í afdal og tækju engin viðtæki með.

Hinn fúli póstmódernismi segir að allt sé jafn rétthátt. Pú á það. Ef enn er til fólk sem telur sig þekkja muninn á æðri og óæðri tónlist á það ekki að vera feimið við að tjá sig. Ég myndi hlusta á vikulegan þátt þar sem „menntasnobbarar" hraunuðu yfir „síbylju" og „garg" og dásömuðu alvöru list. Í alvöru. Karlarnir sem rispuðu yfir „óæskileg" lög á vinýlplötum RÚV í gamla daga ættu aftur að komast á launaskrá ríkisins. Vera með innslög í Popplandi þar sem Óli Palli myndi reyna að bjarga óæskilegum lögum frá hnífum þeirra sem hafa alvöru smekk og vita betur. „Tónlistardómstóllinn" gæti innslagið heitið. Erfitt er að rispa yfir lög á cd og því mætti bara ganga á fordæmda diska með dúkahníf eða logsuðutæki. Topp skemmtiefni. Mun skemmtilegra en hið meinta umburðarlyndi.

TALAÐI UM SÍBYLJUNA Arnar Eggert heldur að Þorgerður Ingólfsdóttir þoli ekki popp. Sem hún gerir eflaust. Að minnsta kosti ef það er „vandað".

SUNNUDAGUR



20.00 Northern Trust Open, beint STÖÐ 2 SPORT

20.55 Sommer SJÓNVARPIÐ

21.15 Cold Case STÖÐ 2

21.35 Lucky Louie STÖÐ 2 EXTRA

22.00 Californication SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga ligga lá og Gæludýr úr geimnum.
11.00 Gettu betur (e)
12.00 Kastljós - Samantekt
12.30 Silfur Egils
14.00 Margt má læra með tímanum
14.55 Margt má læra með tímanum
15.55 Það liggur í loftinu (e)
16.30 Skólahreysti (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Frá Póllandi til Englands (e)
17.45 Litli draugurinn Labbi (6:6)
17.52 Sögurnar hennar Sölku (e)
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaugstofan (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Fréttaaukinn
20.10 Sjónleikur í átta þáttum
20.55 Sommer (Sommer) (12:20) Danskur myndaflokkur um viðburðaríkt líf læknisfjölskyldu í skugga alsheimersjúkdóms fjölskylduföðurins.
21.55 Gersemi (Hors du prix) Frönsk bíómynd frá 2004. Ung kona í auraleit fer á fjörurnar við barþjón sem hún heldur að sé auðkýfingur. Aðalhlutverk: Gad Elmaleh, Audrey Tautou, Marie-Christine Adam og Vernon Dobtcheff.
23.40 Silfur Egils (e)
01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.10 Home for the Holidays
10.00 Look Who's Talking
12.00 Sneakers
14.05 Home for the Holidays
16.00 Look Who's Talking
18.00 Sneakers
20.05 The Prestige Magnþrungin stórmynd sem skartar fjölda frábærra leikara á borð við Christian Bale, Hugh Jackman, Michael Caine og Scarlett Johansson.
22.15 Stander
00.10 Perfect Strangers
02.00 Ice Harvest
04.00 Stander
06.00 Fallen. The Destiny

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þakinu, The Flinstone Kids, Lalli.
08.00 Algjör Sveppi Blær, Doddi litli og Eyrnastór, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
09.55 Stóra teiknimyndastundin
10.20 Adventures of Jimmy Neutron
10.45 Kapteinn skögultönn
12.00 Neighbours
12.20 Neighbours
12.40 Neighbours
13.00 Neighbours
13.20 Neighbours
13.40 American Idol (10:40)
15.05 American Idol (11:40)
15.55 Worst Week (3:15)
16.20 The Daily Show. Global Edition
16.55 Logi í beinni
17.45 Oprah
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Veður
19.10 60 mínútur Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.
19.55 Sjálfstætt fólk (23:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
20.30 Réttur (6:6) Ný leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.
21.15 Cold Case (8:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
22.00 Mad Men (10:13) Þættir sem gerast snemma á 7. áratugnum og lýsa umhverfi bandarískra auglýsingabransans.
22.45 The Sopranos
23.30 Twenty Four (4:24)
00.15 Johnson County War
01.40 Johnson County War
03.10 Separate Lies
04.35 Worst Week (4:15)
05.00 Réttur (6:6)
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

09.00 Gillette World Sport 2009
09.30 Barcelona - Espanyol Útsending frá leik í spænska boltanum.
11.10 Real Madrid - Betis Útsending frá leik í spænska boltanum.
12.50 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
13.45 The Science of Golf Golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins" í golfi.
14.10 NBA All Star Game Útsending frá NBA stjörnuleiknum í körfubolta.
16.10 NBA tilþrif Bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
16.40 Atvinnumennirnir okkar Eiður Smári Guðjohnsen.
17.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
17.50 Real Madrid - Betis Útsending frá leik í spænska boltanum.
19.30 Inside the PGA Tour 2009
20.00 Northern Trust Open Bein útsending frá Northern Trust Open mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.
23.30 The Science of Golf Fjallað um uppsetningu golfvalla og hvernig þeir eru byggðir upp.
23.55 Barcelona - Espanyol Útsending frá leik í spænska boltanum.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.10 Stoke - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
09.50 Bolton - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
11.30 Premier League World
12.00 Man. Utd. - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
13.40 4 4 2
14.50 Liverpool - Man. City Bein útsending frá leik Liverpool og Man. City í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 kl 13.25. Fulham - WBA Sport 3 kl 15.55. Newcastle - Everton
17.00 Newcastle - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 Fulham - WBA Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.20 Aston Villa - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 4 4 2
23.10 Arsenal - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
11.50 Vörutorg
12.50 Rachael Ray (e)
13.35 Rachael Ray (e)
14.20 Málefnið (3:4) (e)
15.10 Spjallið með Sölva (1:6) (e)
16.10 Rules of Engagement (8:15) (e)
16.40 Britain's Next Top Model (6:10)
17.30 Káta maskínan (3:9) (e)
18.00 Top Design (7:10) (e)
18.50 The Biggest Loser (4:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fituboll ur berjast við bumbuna. (e)
19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir (1:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend. (e)
20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader? (27:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum.
21.00 Top Gear (5:6) Skemmtilegasti bílaþáttur í heimi. Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun.
22.00 Californication (3:12) Bandarísk þáttaröð um rithöfundinn Hank Moody sem er hinn mesti syndaselur. David Duchovny hlaut Golden Globe verðlaunin fyrir aðalhlutverkið. Hank byrjar að skrifa ævisögu tónlistarmógúls og málin flækjast þegar hóra sem þekkir þá báða segir að Hank sé betri í bólinu. Karen kynnist sjálfshjálpargúrú og Charlie vill verða umboðsmaður klámmyndaleikkonu.
22.35 CSI. Miami (19:21) (e)
23.25 The Dead Zone (10:12) (e)
00.15 Vörutorg
01.15 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 14.50

Liverpool – Manchester City, beint

Ein allra athyglisverðasta viðureignin í enska boltanum fer fram á Anfield í Liverpool þegar heimamenn taka á móti milljarðaliðinu Manchester City. Rafa Benitez, stjóri Liverpool, viðurkenndi fyrir helgi að ekkert minna en sigur dugi í leiknum því liðið verði að sigra nákvæmlega alla þá leiki sem eftir eru í deildinni eigi því að takast að vinna meistaratitilinn í fyrsta sinn í 19 ár. Liverpool er taplaust í 14 úrvalsdeildarleikjum en leikmenn liðsins þurfa mjög svo að halda á spöðunum ætli það sér að landa sigri án Steven Gerrard og Xavi Alonso sem klárlega hafa verið bestu menn liðsins í vetur en báðir verða frá vegna meiðsla. En staða Liverpool gagnvart Manchester City er engu síður góð því City hefur ekki tekist að sigra nágranna sína í síðustu sjö viðureignum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Réttur – lokaþáttur
Stöð 2 kl 20.35

Leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Ársól
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.05 Veðurfregnir
10.15 Horfinn heimur - aldamótin 1900
11.00 Guðsþjónusta í Vídalínskirkju
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Friður í höndum kvenna
14.00 Útvarpsleikhúsið: Yfirvofandi
15.00 Hvað er að heyra?
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu: Myrkir músíkdagar
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.50 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Öll þau klukknaköll
20.20 Tríó
21.10 Orð skulu standa
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.18 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (126:260)
16.25 Hollyoaks (127:260)
16.50 Hollyoaks (128:260)
17.15 Hollyoaks (129:260)
17.40 Hollyoaks (130:260)
18.00 Seinfeld (3:5)
18.25 Seinfeld (4:5)
18.50 Seinfeld (13:24)
19.15 Seinfeld (14:24)
19.40 Sjáðu
20.00 Idol - Stjörnuleit (2:14) Áheyrnarprufurnar á Hilton Nordica hótelinu halda áfram fyrir Idol Stjörnuleit. Í dómnefnd sitja Björn Jörundur Friðbjörnsson, Jón Ólafsson og Selma Björnsdóttir.
20.50 Chubby Children (6:6) Paul Gately er sérfræðingur í ofþyngd og offitu barna. Hann heimsækir eina fjölskyldu í hverjum þætti þar sem markmið hans er að breyta hugsunarhætti og lífmunstri þeirra svo að börnin fái heilbrigðari og bjartari framtíð.
▶**21.35 Lucky Louie** (5:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
22.00 Osbournes (1:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbournes fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar. Það er komin tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara frábæru karaktera.
22.25 Seinfeld (3:5)
22.50 Seinfeld (4:5)
23.15 Seinfeld (13:24)
23.40 Seinfeld (14:24)
00.05 Idol - Stjörnuleit (2:14)
00.50 ET Weekend
01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

18.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
19.00 Gestir Guðrúnar Guðrún Guðlaugsdóttir
19.30 Maturinn og lífið Fritz Már Jörgensson
20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
21.00 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir.
21.30 Íslands safarí Akeem Richard Oppong
22.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
23.00 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir
23.30 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm

DR 1

10.00 Georg Stage - halløj! **10.30** Godt arbejde **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Family Guy **11.55** Boogie Mix **12.00** Spam **12.30** Pigerne Mod Drengene **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Krøniken **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Peter Pedal **16.50** Gurli Gris **17.00** Når løveungen skruer bissen på **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Geniale dyr **18.25** Høvdingebold **19.00** Livvagterne **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt **20.50** Møde med Taleban **21.40** Traffic **23.10** Kærlighed og kaos

NRK 1

11.55 VM på ski **13.50** VM på ski **16.00** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Emil i Lønneberget **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.30** Himmelblå **20.15** The Sentinel **22.00** Kveldsnytt **22.15** Året det var så bratt - en dokumentar om Jon Tvedt **22.45** Melodi Grand Prix 2009 - nasjonal finale

SVT 1

10.05 Skidskytte **11.55** Skidor **13.20** Vinterstudion **13.40** Alpint **14.20** Vinterstudion **14.45** Bandy **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Djursjukhuset **17.45** Merlin **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Mia och Klara **19.30** Sportspegeln **20.15** Nip/Tuck **20.55** Modiga kvinnor **21.25** Genvägar **21.55** Brottskod. Försvunnen **22.40** Andra Avenyn **23.25** Sändningar från SVT24

dagskrá

> Jeff Goldblum

„Ef ég hefði skilning á því hvað ég er og hvað ég á að vera að gera og hver tilgangur lífsins er – þá held ég að ég hefði ekki mikið eftir til að lifa fyrir."
Goldblum leikur í myndinni Cats & Dogs sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

UM HELGINA
Barnaefni

Sjónvarp fyrir börn

Börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í sjónvarpinu um helgina. Á Stöð 2 vaknar Sveppi snemma með börnunum og sýnir þeim teiknimyndir. Á laugardaginn mun Stöð 2 bíó sýna fimmtu myndina um galdrastrákinn Harry Potter sem heitir Harry Potter and the Order of Phoenix. Í sjónvarpinu verður sýnt frá hinni geysivinsælu keppni Skólahreysti þar sem strákar og stelpur í 9. og 10. bekk keppa í upphífingum, armbeygjum, dýfum og hraðaþraut. Þá ber einnig að nefna fjölskyldumyndina Cats and Dogs sem sýnd er um kvöldið á Stöð 2 en þar beita kettir öllum brögðum til að koma í veg fyrir framleiðslu á bóluefni sem læknar fólk af ofnæmi fyrir hundum.

Á sunnudeginum verður sýndur á Skjáeinum spurningaþátturinn Are You Smarter Than a 5th Grader?, þar sem fullorðna fólkið reynir að svara spurningum úr skólabókum grunnskólabarna. Í Sjónvarpinu hefur Björgvin Franz Gíslason umsjón með Stundinni okkar þar sem hann hann fær til sín gesti og brallar eitthvað skemmtilegt. Og enn er óupptalið fjöldi þátta og teiknimynda sem einnig eru á dagskrá sjónvarpsstöðvanna um helgina.

LAUGARDAGUR

▶ **14.45 Arsenal – Sunderland, beint** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **19.55 Spjallið með Sölva** SKJÁREINN

▶ **20.05 Idol – Stjörnuleit** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.05 Gettu betur** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.05 The Things About My Folks** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Ævintýri Kötu kanínu, Arthúr, Millý og Mollý, Fræknir ferðalangar og Þessir grallaraspóar.
10.30 Leiðarljós (e)
11.55 Kastljós (e)
12.30 Kiljan (e)
13.15 Kirkjugarðsklúbburinn (The Cemetery Club)
15.00 Hvað veistu? - Sólkerfið 15.30 Íslensku tónlistarverðlaunin (e)
17.00 Útsvar (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Skólahreysti
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Spaugstofan
▶**20.05 Gettu betur** (Menntaskólinn við Hamrahlíð - Fjölbrautaskóli Suðurnesja) Spyrill er Eva María Jónsdóttir, dómari og spurningahöfundur er Davíð Þór Jónsson.
21.10 Gelgjurnar (Bratz) Bandarísk bíómynd frá 2007. Fjórar vinkonur sem eru að hefja nám í miðskóla takast á við formann skólafélagsins sem vill sundra hópnum.
23.00 Síðasti samúræinn (The Last Samurai) Bandarísk bíómynd frá 2003. Myndin gerist um 1870 og segir frá bandarískum hernaðarráðgjafa sem heillast af samúræjamenningunni sem hann var ráðinn til að uppræta.
01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Who Framed Roger Rabbit
10.00 Little Manhattan
12.00 Harry Potter and the Order of Phoenix
14.15 Failure to Launch
16.00 Who Framed Roger Rabbit
18.00 Little Manhattan
20.00 Harry Potter and the Order of Phoenix
22.15 Mýrin
00.00 Syriana
02.05 Man in the Iron Mask
04.15 Mýrin
06.00 The Prestige

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Hlaupin, Litla risaeðlan, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Refurinn Pablo.
08.00 Algjör Sveppi Þorlákur, Boowa and Kwala, Blær, Sumardalsmyllan, Kalli og Lóa, Gulla og grænjaxlarnir, Elías, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.
10.00 Stóra teiknimyndastundin
11.35 Njósnaraskólinn
12.00 Eldsnöggt með Jóa Fel (6:10)
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.15 Bold and the Beautiful
13.35 Bold and the Beautiful
13.55 Bold and the Beautiful
14.20 Idol - Stjörnuleit (2:14)
15.15 Gossip Girl (3:25)
16.05 The Big Bang Theory (12:17)
16.35 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
17.25 Sjálfstætt fólk (22:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Lottó
19.01 Ísland í dag
19.26 Veður
19.35 Cats & Dogs Það eru gömul sannindi og ný að litlir kærleikar eru með hundum og köttum. Á jörðinni berjast þessir fjórfætlingar af hörku og kettirnir eru staðráðnir í að koma í veg fyrir framleiðslu bóluefnis sem læknar fólk af ofnæmi fyrir hundum.
▶**21.05 The Things About My Folks** Pauls Reiser leikur mann sem skyndilega þarf að taka föður sinn inn á heimili sitt eftir að eiginkonan til 46 ára skilar honum.
22.40 Stay
00.15 Mar adentro
02.15 Fever Pitch
03.55 Sky Captain and the World of Tomorrow
05.40 The Big Bang Theory (12:17)
06.00 Fréttir
06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT *besta sætið*

08.45 Gillette World Sport 2009
09.15 Champions Tour 2009
10.10 Inside the PGA Tour 2009
10.35 NBA tilþrif
11.05 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Anaheim.
12.00 Atvinnumennirnir okkar Eiður Smári Guðjohnsen.
12.40 PGA Tour 2009 Útsending frá AT&T mótinu í golfi.
15.40 Houston - Dallas Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
17.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
18.20 Spænski boltinn Hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
18.50 Barcelona - Espanyol Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
20.50 Real Madrid - Betis Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
22.30 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
23.10 Box - Klitschko vs. Rahman

SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 Man. Utd. - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
10.40 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
11.10 PL Classic Matches Wimbledon - Newcastle, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
11.40 PL Classic Matches Everton - Manchester United, 1995.
12.10 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
▶**12.40 Aston Villa - Chelsea** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
14.45 Arsenal - Sunderland Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Bolton - West Ham Sport 4. Stoke - Portsmouth Sport 5. Middlesbrough - Wigan
17.15 Man. Utd. - Blackburn Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.30 4 4 2
22.20 4 4 2
23.30 4 4 2
00.40 4 4 2

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
12.20 Vörutorg
13.20 Rachael Ray (e)
14.05 Rachael Ray (e)
14.50 Rachael Ray (e)
15.35 Charmed (22:22) (e)
16.25 Are You Smarter Than a 5th Grader? (26:27) (e)
17.15 Top Gear (4:6) (e)
18.15 Game Tíví (3:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
18.55 The Office (6:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. (e)
19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir, NÝTT (1:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd.
▶**19.55 Spjallið með Sölva, NÝTT**(1:6) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Lífið, tilveran og þjóðmálin, Sölva er ekkert óviðkomandi. Alvara, grín og allt þar á milli.
20.55 90210 (7:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. (e)
21.45 Heroes (10:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. (e)
22.35 Flashpoint (6:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Stelpuklíka ræðst á unglingsstúlku í verslunarmiðstöð með skelfilegum afleiðingum. Sérsveitin lokar verslunarmiðstöðinni og leitar að stúlkunum í hópi hundruða búðargesta.
23.25 Battlestar Galactica (1:20) (e)
00.15 Painkiller Jane (3:22) (e)
01.05 Jay Leno (e)
01.55 Jay Leno (e)
02.45 Vörutorg
03.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.40

Stay

Dularfullur sálfræðitryllir með Ewan McGregor, Naomi Watts og Ryan Gosling í aðalhlutverkum. Sam er sálfræðingur og starfar í New York. Hann fær nýjan sjúkling til meðferðar sem hefur mikil áhrif á hann. Myndin er í leikstjórn Marcs Forsters sem leikstýrði auk þess Bond-myndinni Quantum of Solace, Finding Neverland og Monster's Ball.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Fyndnar fjölskyldumyndir, NÝTT

Skjáreinn kl. 19.40

Jónsi snýr aftur á skjáinn og sýnir nú bráðfyndin innlend og erlend myndbrot. Þátturinn er unninn í samstarfi við Disney sem einnig framleiðir America´s Funniest Home Videos. Þar sem upptökuvélar eru til á flestum íslenskum heimilum geta áhorfendur sem luma á fyndnum myndbrotum sent inn í þáttinn en besta íslenska myndbrotið fær vegleg verðlaun.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Stjörnukíkir
15.25 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir
19.00 Þrjár söngkonur á ólíkum tímum
20.00 Sagnaslóð
20.40 Heimurinn dansar
21.10 Friður í höndum kvenna
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Hvað er að heyra?
23.10 Stefnumót
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

17.00 Hollyoaks (126:260)
17.25 Hollyoaks (127:260)
17.50 Hollyoaks (128:260)
18.15 Hollyoaks (129:260)
18.40 Hollyoaks (130:260)
19.20 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
▶**20.05 Idol - Stjörnuleit** (2:14) Áheyrnarprufurnar á Hilton Nordica hótelinu halda áfram fyrir Idol Stjörnuleit. Í dómnefnd sitja Björn Jörundur Friðbjörnsson, Jón Ólafsson og Selma Björnsdóttir og kynnar eru sem fyrr félagarnir Simmi og Jói.
21.00 American Idol (10:40) Leitin af áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er hafin og til þess mæta til leiks sem fyrr Simon Cowell, Randy Jackson og Paula Abdul. En þeim til fulltingis í fyrsta sinn í sögu American Idol verður fjórði dómarinn en í hóp þeirra hefur nú bæst söngkonan, lagahöfundurinn og músíkmógúllinn Kara DioGuardi.
21.45 American Idol (11:40)
23.10 Sex and the City (17:18) Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
23.35 Sex and the City (18:18)
00.00 Réttur (5:6)
00.45 E.R. (24:25)
01.30 The Daily Show. Global Edition
01.55 Sex and the City (17:18)
02.20 Sex and the City (18:18)
02.45 E.R. (24:25)
03.30 The Daily Show. Global Edition
03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

iNN

18.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
19.00 Birkir Jón Birkir Jón Jónsson
19.30 Kristinn H. Kristinns H. Gunnarsson
20.00 Lífsblómið Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
21.00 Kolfinna Kolfinna Baldvinsdóttir.
22.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
23.00 Gestir Guðrúnar Guðrún Guðlaugsdóttir
23.30 Maturinn og lífið Fritz Már Jörgensson

DR 1

10.00 Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Family Guy **12.00** S, P eller K **12.10** Boogie Update **12.45** S, P eller K **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.30** Nordstjernen - et Sally Lockhart-mysterium **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea spiller teater **17.00** Radiserne **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Mille **19.00** Krøniken **20.00** Agent 007. Spioner dør ved daggry **22.05** Kodenavn. Jane Doe **23.25** Conviction

NRK 1

11.45 VM på ski **12.50** Snøbrett. TTR-serien **14.10** VM på ski **14.30** VM på ski **17.00** Kometkameratene **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lottotrekning **18.55** Melodi Grand Prix 2009 - nasjonal finale **19.50** VM-kveld **20.20** Melodi Grand Prix 2009 - nasjonal finale **21.20** Med hjartet på rette staden **22.05** Kveldsnytt **22.20** Skavlan møter Sverige **23.20** Andre omgang

SVT 1

10.05 Skidskytte **11.35** Vinterstudion **11.50** Skidor **13.00** Vinterstudion **14.50** Skidor **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Disneydags **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2009 **20.35** Brottskod. Försvunnen **21.20** Ridsport **22.20** Alla kungens män **00.10** Sändningar från SVT24

NÚ VELJUM VIÐ ÞÆR BESTU

Fjöldi skemmtilegra mynda hafa borist í ljósmyndasamkeppnina og nú getur þú tekið þátt í að velja 3 bestu.

Allar myndirnar eru til sýnis í Dýraríkinu Miðhrauni 2, stærstu og glæsilegustu gæludýraverslun landsins og þar fer kosningin fram.

Verðlaunin eru í formi úttektar hjá Dýraríkinu.

HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
DÝRARÍKIÐ
REYKJAVÍK

20% af Magic Clean kattasandi
20% af 8 kg, Compact Ultra kattasandi
20% af Bella náðhúsum
30% af Techni-Cal Adult 18 kg hundamat

DÝRARÍKIÐ
...fyrir dýravini!

Dýraríkið Miðhrauni 2 Dýraríkið Grensásvegi Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri Sími: 568 66 68

PERSÓNAN

Þorgrímur Haraldsson, Toggi

Aldur: 29 ára.
Starf: Tónlistarmaður.
Fjölskylda: Á konu og barn.
Foreldrar: Anna Guðmundsdóttir skrifstofukona og Haraldur Þorsteinsson sendibílstjóri.
Búseta: Grafarholt.
Stjörnumerki: Bogmaður.

Lag Togga, Þú komst við hjartað í mér, vann Íslensku tónlistarverðlaunin sem lag ársins.

Lögreglustjórinn í afmæli Hallgríms Helga

Ég ætla ekkert að tjá mig um þetta afmæli," segir Hallgrímur Helgason rithöfundur. Hann stóð á merkum tímamótum á miðvikudaginn þegar hann varð hálfrar aldar gamall. Og bauð af því tilefni vinum og velunnurum til mikillar veislu. Borðin ætluðu hreinlega að svigna undan kræsingunum og vafalítið er orðið langt síðan að elítan úr íslensku menningar- og athafnalífi safnaðist saman á einum stað.

Sérstaka athygli vakti að Stefán Eiríksson, lögreglustjóri í Reykjavík, var meðal þeirra sem heiðruðu afmælisbarnið með nærveru sinni en Hallgrímur var nokkuð áberandi í búsáhaldabyltingunni þegar hún stóð sem hæst. Þá var oft grunnt á því milli laganna varða og almennings. „Ég þekki hann bara vel," segir Hallgrímur sem var staddur í Ósló þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Auk Stefáns voru meðal gesta rithöfundarnir Guðmundur Andri Thorsson og Einar Kárason. Bræður Hallgríms, þeir Ási og Gunnar, stóðu fyrir sínu að venju í skemmtilegheitum og þá mátti sjá glitta í Kolfinnu Baldvinsdóttur og föður hennar, Jón Baldvin. Eva María Jónsdóttir, Helga Vala Helgadóttir og Jakob Frímann Magnússon voru einnig á gestalistanum og létu sig ekki vanta. Og sjálfur Bubbi Morthens sat við hlið skáldsins og óskaði honum til hamingju með tímamótin. **- fgg**

GÓÐIR VINIR Hallgrímur Helgason vildi ekkert tjá sig um afmælið en tvö þúsund Facebook-vinir hans gátu þó séð ítarlega myndasyrpu úr veislunni. Athygli vakti að Stefán Eiríksson var meðal gesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓN BJARKI MAGNÚSSON Oft nefndur Litli DV-maðurinn segir að þótt Reynir elski alla þessa „litlu menn" eigi það ekki við um sig.

REYNIR TRAUSTASON: ÉG BER ENGAN KALA TIL JÓNS BJARKA

LITLI DV-MAÐURINN FÆR BÓTAKRÖFU Í STAÐ LAUNA

„Þetta eru kaldar kveðjur. Sem koma á óvart. Reynir elskar alla þessa „litlu menn"! En ekki mig. Ég skil ekki af hverju," segir Jón Bjarki Magnússon, fyrrverandi blaðamaður DV.

Sérkennilegt mál er komið upp. Jón Bjarki lenti í stælum við Reyni Traustason, ritstjóra DV, hætti snögglega á blaðinu og birti í kjölfarið fræga og umdeilda segulbandsupptöku í Kastljósi þar sem heyra mátti samtal hans og Reynis sem Jón Bjarki tók upp að ritstjóranum forspurðum. Jón Bjarki hlaut í kjölfarið viðurnefnið Litli DV-maðurinn með vísan til „Litla Landsímamannsins" og „Litla Byko-mannsins" sem komu við sögu í frægum fréttum sem Reynir sjálfur skrifaði á sínum tíma.

Þegar Jón Bjarki leitaði eftir því að fá greidd tveggja vikna laun sem hann taldi sig eiga inni og uppgjör á orlofi og desemberuppbót var því mætt af nokkurri hörku: Í stað launagreiðslu var Jón Bjarki krafinn um sem nemur eins og hálfs mánaðar launum alls, (að frádregnum hálfum mánuði) sem skaðabótakröfu. Lögmaður Jóns Bjarka er Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og hann segir hér komið enn eitt málið á sitt borð sem snýr að útgáfufélagi DV Birtingi.

„Þau eru orðin býsna mörg. Efnislega er þetta þannig að þeir telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að Jón Bjarki hafi horfið fyrirvaralaust úr vinnu. Sé þessi krafa ekki greidd munu þeir höfða dómsmál til að ná fram rétti sínum. En þetta á ekki við. Jón Bjarki mun fá greidd laun sín," segir Vilhjálmur. Hann bendir á að ekki hafi verið farið fram á greiðslu fyrir uppsagnarfrest heldur bara vinnu sem innt hefur verið af hendi. Og svo sérkennilega vill til að arftaki Jóns Bjarka er bróðir Vilhjálms, Ingi, sem hefur mjög látið til sín taka á síðum DV sem blaðamaður.

„Ég á þetta ekki skilið en kem þarna algjörlega að lokuðum dyrum. Taldi mig eiga inni uppgjör. Undir skaðabótakröfuna skrifar meðal annarra Lögmanna Höfðabakka, stjórnarformaður Birtings, Hreinn Loftsson," segir Jón Bjarki. Upphæðin sem hann er krafinn um nemur um 230 þúsund krónum.

Reynir Traustason segir málið ekki innan sinnar lögsögu. „Allt varðandi uppgjör og launamál fer í gegnum framkvæmda- og starfsmannastjóra. Það eina sem ég get staðfest er að hann hvarf og þá verða menn bara að skoða vinnulöggjöfina í því sambandi." Þegar ummæli Jóns Bjarka hvað varða hinar köldu kveðjur eru bornar undir Reyni segist hann engan kala bera til Jóns Bjarka nema síður sé. „Ekki út af nokkrum sköpuðum hlut. Það tók mig tvo daga að hverfa frá sárindum og reiði sem komu upp í kjölfar þessara atburða. Ég hugsa til hans með hlýju en alls ekki kala."

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Atli Örvarsson, kvikmyndatónskáld í Hollywood, var tilnefndur sem besti nýliðinn á verðlaunahátíð sem alþjóðleg samtök kvikmyndatónlistargagnrýnenda héldu í vikunni. Atli var tilnefndur fyrir tónlist sína í myndunum Babylon A.D. og Vantage Point en varð að lúta í lægra haldi fyrir hinum kanadíska Andrew Lockington. Hann samdi tónlistina við City of Ember og Journey to the Center of the Earth þar sem annar Íslendingur, Anita Briem, var einmitt í stóru hlutverki.

DV greindi frá því í gær að Árni Johnsen teldi að sér hafi verið byrlað eitur út í fæðubótarefni sem hann tók og fengið staðfestingu á því þegar hann fór í detox-meðferð til Póllands nýverið. Eyjan, sem gengur út á að birta fréttir annarra fjölmiðla, tók þessa frétt til handargagns og þar undir spunnust nokkrar umræður Netverja sem voru heldur neikvæðar í garð Árna. **Jónína Benediktsdóttir** blandaði sér af krafti í þær umræður og reis upp til varnar sínum manni. Sagði þessi nafnlausu níðskrif með ólíkindum og til marks um hvernig fjölmiðlar geti lagt mannorð fólks í rúst.

Garðar Kjartansson, veitinga- og athafnamaður, sem meðal annars er þekktur fyrir að hafa rekið af miklum myndarskap staði á borð við Apótekið, Nasa og Þrastarlund lætur ekki kreppuna slá sig út af laginu. Hann ætlar sér að opna vínbar í Pósthússtræti þar sem áður var Red Chili-staðurinn og er fyrirhugað að hann verði opnaður eftir um tvær vikur.

- fb, jbg

Mugison biður þjóðina afsökunar

„Ég er bara styrkjakóngurinn," segir tónlistarmaðurinn Mugison sem hlaut sinn annan styrk á tiltölulega stuttum tíma er hann fékk 250 þúsund krónur frá Reykjavík Loftbrú á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Áður en bankahrunið varð fékk hann nefnilega fjögurra milljóna styrk frá Kraumi sem hann nýtti í tónleikaferð sína með Queens of the Stone Age. „Ég er búinn að vera helvíti heppinn undanfarið en það má lengi spýta í lófana og væla út meiri pening. Það er verst að þetta fer minnst á heimilið því maður eyðir þessu í flugfélögin og rútufyrirtækin," segir Mugison. Spurður hvort hann hafi fjarlægst rætur sínar og breyst í góðærisgaur, segir hann: „Ég fór langt fram úr mér og vil bara biðja þjóðina afsökunar. Ég er að íhuga að segja af mér og hætta sem rokkari, kynnast fólkinu aftur og fara í frystihúsið," segir hann í léttum dúr. „Ég reyndar keypti ekki flatskjá en ég keypti mér einbýlishús úti á landi eins og allir góðærispésarnir. Þetta er að koma í hausinn á mér núna."

Mugison hitti vinkonu sína, Dorrit Moussaieff, á Íslensku tónlistarverðlaununum og fór vel á með þeim. „Hún er hressasta pían í bænum. Hún er alltaf í stuði þegar ég hitti hana. Ég smellti á hana kossi og það fór vel á með okkur. Hún sat hjá ráðamönnunum en hefði átt að vera hjá okkur rokkurunum sem stöðum. Alla vega sé ég hana þannig," segir hann.

- fb

MUGISON OG DORRIT Vel fór á með Dorrit og Mugison á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. berjast, **6.** pfn., **8.** efni, **9.** veiðarfæri, **11.** tveir eins, **12.** erfiði, **14.** dans, **16.** skóli, **17.** skjön, **18.** umfram, **20.** tveir eins, **21.** snudda.

LÓÐRÉTT
1. umdæmis, **3.** tveir eins, **4.** asfalt, **5.** for, **7.** gáta, **10.** traust, **13.** bókstafur, **15.** sót, **16.** raus, **19.** mun.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. efja, **6.** ég, **8.** tau, **9.** net, **11.** rr, **12.** streð, **14.** rúmba, **16.** ma, **17.** mis, **18.** auk, **20.** kk, **21.** snuð.
LÓÐRÉTT: 1. lens, **3.** tt, **4.** jarðbik, **5.** aur, **7.** getraun, **10.** trú, **13.** emm, **15.** aska, **16.** mas, **19.** ku.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Lúðvík Bergvinsson.
2. Anders Fogh Rasmussen.
3. 29 stigum.

TBWAREYKJAVÍK \ SÍA



Dekurdagar
fyrir konur alla helgina

-5 kr.
af eldsneytis-
lítranum

990 kr.
blómvöndur

Frítt
kaffi og bakkelsi
fyrir konur

Í tilefni þess að konudagur er á sunnudaginn ætlar Olís að dekra við konur alla helgina.

Við höldum með þér!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VÍSIR.IS "...ég sá það á vísi"

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Guðmundar
Steingrímssonar

Fé og framtíð

Sem ég keyrði þjóðveginn um eitthvert kvöldmatarleytið í vikunni brast á með kvöldfréttum í útvarpinu. Ég hækkaði í tækinu. Þulurinn vatt sér beint að efninu og boðskapurinn var magnaður: Á Íslandi er engin framtíð. Ég var, auðvitað, eins og gefur að skilja, sleginn. Ja, hérna. Þetta voru aldeilis fréttir. Var Ísland hætt? Lífið tilgangslaust?

Í framhaldinu skýrðist myndin: Vangaveltur þessar, sem voru vel fram settar af hagfræðiprófessor og rökstuddar, lutu að mikilvægi þess að tryggja góðan aðgang Íslendinga að erlendu fé. Ef ekkert fengist fé, yrði framtíðin engin. Fyrirtækin færu á hausinn, ný yrðu ekki stofnuð og fólk flytti til útlanda.

ÉG get tekið undir þetta. Þjóðin þarf fé. Annars gerist ekki neitt. Enginn getur komið hugmyndum sínum í framkvæmd, stofnað til nýrrar uppbyggingar, án fjár. Ef til að mynda Íslandsbanki hefði ekki verið stofnaður í upphafi 20. aldar með dönsku fé hefði aldrei komið til skipakaupa og stórútgerðar á þeim tíma á Íslandi.

EN hvað sem sannleikskorninu líður velti ég þó fyrir mér hinu: Hér er trommað fram með ansi stóra yfirlýsingu í fréttatíma undir fyrirsögninni engin framtíð. Ógnin er jú til staðar. Viðfangsefnið er stórt. En er kannski mögulegt að dramatíkin í framsetningunni hafi verið full mikil? Aðgangur Íslendinga að fé. Er þetta ekki spurning um að bretta upp ermar? Vinda sér í verkið? Leysa málið? Og þótt Geir hafi klikkað á því: Hringja til útlanda?

SJÁLFUR get ég vel hrist haus og dæst. Ef til svartsýniskeppni kæmi gæti ég vel sett mig í gírinn. Ég gæti orðið mjög ofarlega í samkeppni um svörtustu framtíðarmyndina ef sá gállinn væri á mér. Hér er jú allt meira og minna að fara á hausinn. Er ekki næst á dagskrá að ganga í húsin í nepjunni og auglýsa fyrirhugaða brottför? Ding, dong, og svo rám rödd undan svörtum kufli: Góða kvöldið. Þjóðin flytur á mánudaginn. Bless.

EN það er líka sterkur þráður í mér og ég finn hann sem betur fer sterkan í fari annarra, að nú sé ekki tíminn til þess að hrópa „þetta er búið!“ í rokinu. Skref fyrir skref vinnum við okkur út úr þessu. Við vitum öll að vandinn er stór, en nú er tími aðgerða og lausna. Ég keyrði áfram þjóðveginn. Víst er framtíð.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 21. febrúar, 52. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.02	13.41	18.21
Akureyri	8.54	13.26	18.00

Heimild: Almanak Háskólans

Nú vantar bara kjötbollur og saltkjöt ...

HEAT pottastandar 3 í pk. Ø19cm. **495,-**

SKÄNKA steikarpanna m/loki Ø26cm. Grátt **3.390,-**

IDEALISK sigti Ø20cm. Ryðfrítt stál **995,-**

STABIL pottlok Ø22cm. Ryðfrítt stál/glært gler **795,-**
Fæst í fleiri stærðum

IKEA 365+ pottur m/loki 10l Ø22cm. Ryðfrítt stál **5.990,-**

SLIPAD 3 hnífar í setti Ýmsir litir **495,-**

495,-

STEKA steikarpanna Ø24cm. Dökkblátt

KONCIS ausa L36cm. Ryðfrítt stál **750,-**

2.290,-

KAVALKAD pottar 3 í setti. Svart

HAKE hnífastandur m/4 hnífum L11×B10, H33cm. Fura **495,-**

SKÄNKA skaftpottur 1l H8cm. Grátt **1.790,-**

LEGITIM skurðarbretti 2 stk. L35×B35cm. Hvítt **495,-**

IKEA 365+ steikarspaði L35cm. Grátt/svart **595,-**

IKEA 365+ steikarpanna Ø28cm. Ryðfrítt stál **3.490,-**

GRILLA grillpanna L36×B26cm. Svart **2.390,-**

KONCIS þeytari L32cm. Sílikonhúðað ryðfrítt stál **995,-**

595,-

DRÄLLA mjúk skurðarbretti 2 í pk. L37×B29cm. Ýmsir litir

PYRA wokpanna Ø35cm. Svart **995,-**

FAVORIT steikarpanna Ø28cm. Svart **6.490,-**

9.990,-

IKEA 365+ pottasett inniheldur 3 potta og 1 pönnu. Ryðfrítt stál

KONCIS töng L35cm. Sílikonhúðað ryðfrítt stál **795,-**

Rjómabolla & heitur drykkur

295,-

IKEA FOOD

Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

IKEA FOOD

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2009